**allt**


YLFA LIND GYLFADÓTTIR:
*Á heilan helling af kjólum*
• tíska • ferðir • heimili
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶





HÚS OG GARÐAR
SUMARIÐ ER KOMIÐ:
*Straumar og stefnur í garðrækt*
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


26. maí 2005 - 138. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


**FIMMTUDAGUR**



### Gísli og Freyr saman í útvarpi

Þekktir fjölmiðlamenn verða í KR-útvarpinu í sumar. Útsending númer 153 í kvöld.

FÓLK 54

### Sigur gegn Skotum



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu gerði góða ferð til Skotlands og lagði heimamenn 2-0 í gær. Valsstúlkan Dóra María Lárusdóttir skoraði bæði mörkin.

ÍÞRÓTTIR 34

### ASÍ fer á kostum

Sveinn Andri Sveinsson segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ, fara með dylgjur í garð verktaka sem sýknaðir voru í héraðsdómi á í dögunum.

SKOÐUN 24

### Michael Bolton til Íslands



Hjartaknúsarinn, rómantíkerinn og maðurinn með stóru röddina, Michael Bolton, mun halda tónleika í Laugardalshöll í september.

FÓLK 54

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART MEÐ KÖFLUM** Þykknar heldur upp síðdegis og þá hætt við síðdegisskúrum. Hiti 5-12 stig að deginum.

VEÐUR 4


**Meðallestur á tölublað***
**25-49 ára konur**




*Höfuðborgarsvæðið skv. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.


# Boris Spasskí á fund Fischers á Íslandi

**Boris Spasskí kom til Íslands í gær og fór beint á fund Fischers. Talið er að þeir séu að skipuleggja stórviðburð í skákinni, þar sem teflt yrði eftir þeim reglum sem Fischer hefur boðað. Slíkt mót gæti verið haldið hér á landi.**

**SKÁK** Boris Spasskí sem háði heimsmeistaraeinvígið við Bobby Fischer í Reykjavík árið 1972 kom til landsins klukkan fjögur í gærdag og fór hann rakleiðis á fund Bobby Fischer á Hótel Loftleiðum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þeir að ræða hugsanlegan stórviðburð þar sem teflt yrði eftir hinni svokallaðri random-aðferð en eins og kunnugt er hefur Fischer haldið þeirri tegund taflmennsku á lofti þar sem hann telur hefðbundna skák hafa gengið sér til þurrðar, hún sé orðin of kerfisbundin og fyrirsjáanleg. Líklegt er talið að þessi viðburður verði hér á landi ef af honum verður. Frekari fregna er að vænta snemma í dag en Spasskí mun halda af landi brott síðdegis.

Með Spasskí í Íslandsförinni er Joel Lautier, stofnandi Atvinnusambands stórmeistara, en hann á það sameiginlegt með Fischer að hafa gagnrýnt Alþjóðaskáksambandið harkalega. Af viðtölum við Lautier verður ekki annað séð en að hann sé Fischer sammála um að illa sé fyrir atvinnutaflmennskunni komið.

„Þeir eru bara að spjalla og endurnýja kynnin,“ sagði Einar S. Einarsson sem tók á móti Spasskí og fylgdi honum á fund Fischers en þeir Spasskí og Fischer hafa ekki sést í ellefu ár.

Einar segir að Spasskí hafi verið hress við komuna til landsins og að hann hafi lýst ánægju sinni með framtak Íslendinga við frelsun Fischers en hann taldi nokkuð víst að dauðinn hefði beðið skákmeistarans ef hann hefði verið framseldur til Bandaríkjanna.

„Það er skondið að sjá kynslóðamuninn því við sem eldri erum vitum allt um Boris Spasskí en öðru máli gegnir um yngra fólkið, það sá ég greinilega þegar afgreiðslustúlka á hótelinu bað hann vinsamlegast að stafa nafnið sitt,“ sagði Einar kankvís.

Einnig kom Alex Titomirov, stjórnarformaður líftæknifyrirtækisins Informax, með þeim Spasskí og Lautier en hann er annálaður skákáhugamaður. Helgi Ólafsson stórmeistari var einnig á fundi með köppunum á Hótel Loftleiðum í gær. **- jse**




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FAGNAÐ ÁKAFT** Stuðningsmenn Liverpool, sem saman komu á Players í gærkvöld, voru í skýjunum þegar pólski markvörðurinn Jerzy Dudek varði vítaspyrnu Úkraínumannsins Andriy Shevchenko og tryggði Liverpool um leið sigurinn í Meistaradeild Evrópu.

**Sjá síðu 34**

Stjórn Orkuveitunnar margklofin í afstöðu til álvers:

## Samfylking í lið með Vinstri-grænum

**ÁLVER** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er margklofin í afstöðu til þess hvort Orkuveitan eigi að taka þátt í orkusölu til álversins í Helguvík. Fulltrúi Samfylkingar mun að líkindum leggjast í lið með fulltrúa Vinstri-grænna í afstöðunni gegn álveri í Helguvík.

„Eftir eitt til tvö álver verður þak Kyoto-samkomulagsins fyllt. Ég hef sagt við mína félaga að við eigum ekki að blanda Orkuveitunni í það kapphlaup sem getur skapast vegna þeirra framkvæmda sem falla innan þess ramma sem samkomulagið gefur,“ segir Stefán Jón Hafstein, varamaður í stjórn Orkuveitunnar. Hann segir að skoða verði fleiri möguleika en Helguvík. „Við viljum helst ekki taka þátt í því að ákveða hvort eða hvar álver eigi að rísa,“ segir Stefán Jón.

Guðlaugur Þór Þórðarson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitunnar, segir ekkert ákveðið um afstöðu sjálfstæðismanna til málsins. „Við munum skoða málið þegar og ef það kemur upp á yfirborðið. Ég get ekkert sagt til um afstöðu okkar á þessari stundu,“ sagði Guðlaugur. **- hb**

**Sjá síðu 20**



**STRAW OG ROWHANI** Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, og Hassan Rowhani, erindreki Íransstjórnar, ávarpa blaðamenn eftir viðræðurnar í Genf í gær.

Kjarnorkuáætlun Írana:

## Fallast á kröfur ESB

**SVISS, AP** Fulltrúar Íransstjórnar endurnýjuðu í gær heit sitt um að stefna ekki að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Evrópuríkin höfðu þrýst mjög á Írana og í viðræðum tengslahóps Evrópusambandsins, skipuðum utanríkisráðherrum mestu þungavigtarríkja þess, við fulltrúa Írans í Genf í gær fékkst þessi niðurstaða, að því er breski utanríkisráðherrann Jack Straw greindi frá.

Til viðræðnanna var kallað með því fororði að féllust Íranar ekki á kröfurnar varðandi kjarnorkuvæðingaráætlun þeirra yrðu þeir látnir svara til saka fyrir Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, sem hefur vald til að dæma ríki til að sæta viðskiptaþvingunum. ■

Einkavæðing Símans:

## Kvennahópur vill kaupa

**VIÐSKIPTI** Hópur kvenna í atvinnulífinu sem nefnir sig D8 býður í Símann með erlendum samstarfsaðilum. Einn forsvarsmanna hópsins, Dagný Halldórsdóttir fyrrverandi aðstoðarforstjóri Íslandssíma, vildi í gær ekki gefa upp hverjir aðrir stæðu að félaginu.

Alls munu tólf hópar fjárfesta fá tækifæri til að bjóða í hlut ríkisins í Símanum. Í helmingi hópanna er íslensk fyrirtæki, en hóparnir hafa möguleika á því að starfa saman að bindandi tilboði. Bindandi tilboðum þarf að skila fyrir júlílok. **hh/þk**

**Sjá síðu 4**






## SPURNING DAGSINS

*Björk, er Alfreð orkufrekur?*

„Já, en hann á það líka til að virkja fólk.“

Björk Vilhelmsdóttir er fulltrúi Vinstri-grænna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Alfreð Þorsteinsson stjórnarformaður vill selja rafmagn til stóriðju í Helguvík en Vinstri-grænir eru á móti því.

ETA enn við sama heygarðshornið:

# Öflug bílsprengja sprengd í Madríd

**MADRÍD, AP** Aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, sprengdu öfluga bílsprengju í Madríd í gær. Átján særðust í tilræðinu en enginn mjög alvarlega. Þetta er sjötta árás ETA síðan forsætisráðherra Spánar sagðist reiðubúinn til að hefja viðræður við samtökin að vissum skilyrðum uppfylltum.

Bílsprengjan sprakk í verkamannahverfi í norðausturhluta höfuðborgarinnar snemma í gærmorgun. Áður hafði þó baskneska dagblaðinu Gara borist tilkynning um að tilræði væri í uppsiglingu og því gafst lögreglu svigrúm til að girða svæðið af.

Þrátt fyrir viðvörunina meiddust átján manns í tilræðinu. Öryggisvörður á nálægri bílasölu slasaðist sýnu mest enda þurfti að flytja hann á sjúkrahús.

Jose Luis Rodriguez Zapatero forsætisráðherra fordæmdi tilræðið í spænska þinginu í gærmorgun og sagði að „eini valkostur ETA væri að leggja niður vopn sín“.

Fyrr í þessum mánuði lýsti Zapatero því yfir að hann væri reiðubúinn til að hefja viðræður við ETA en aðeins ef samtökin afvopnuðust og létu af ofbeldisverkum. Síðan þá hefur ETA staðið fyrir sex sprengjutilræðum.

800 manns hafa fallið í árásum ETA síðan 1960 en frá því í maí 2003 hefur enginn beðið bana af þeirra völdum.


Mynd/AP

**ÓSKEMMTILEG LÍFSREYNSLA** Átján manns meiddust í tilræðinu en enginn mjög alvarlega.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KVEIKT Í SINU** Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu var tilkynnt um sinubruna í Breiðholti á áttunda tímanum í gærkvöld. Reyndist hafa verið kveikt í á þremur stöðum, á svæði milli Þorskabakka og Stekkjarbakka. Greiðlega gekk að slökkva eldinn en nokkrar gróðurskemmdir urðu, að sögn slökkviliðs. Nokkuð hefur borið á íkveikjum í sinu í borgarlandinu í þurrviðrinu að undanförnu.

**HRAÐAKSTUR Á REYKJANESBRAUT** Tveir ökumenn voru kærðir eftir að hafa verið gripnir við of hraðan akstur á Reykjanesbraut. Mældist sá sem hraðar ók á 121 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði er 90 km, að sögn lögreglu.


Fréttablaðið/Hari

**NÝKJÖRINN VARAFORMAÐUR** Samfylkingin hyggst rannsaka hvort ásakanir um kosningasvindl eigi sér stoð í raunveruleikanum.

Samfylking:

## Kosning verður skoðuð

**STJÓRNMÁL** „Fyrsti fundur framkvæmdastjórnar fer fram á mánudaginn kemur og þá verður þetta mál skoðað og ákvörðun tekin,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar.

Ásakanir hafa komið fram um meint kosningasvindl í kosningu um varaformannssæti flokksins en þar hafði Ágúst Ólafur Ágústsson sigur á Lúðvík Bergvinssyni.

Gunnar segir að kosningastjórn hafi ekki tilkynnt um neitt óeðlilegt og ekkert hafi heldur borist skrifstofu flokksins sem styðji ásakanir þær er fram hafa komið í fjölmiðlum. Engu að síður verður málið skoðað ofan í kjölinn.

- aöe

## BANDARÍKIN

**SMÁBARN FINNUR KANNABIS** Lögregla í Albuquerque í Nýju-Mexíkó fann rúm 800 kíló af marijúana í tengivagni í bílskúr þökk sé tveggja ára snáða. Drengurinn var læstur inni í Kádilják föður síns og ýtti fyrir slysni á svokallaðan OnStar-takka, sem er öryggishnappur sem sendir útvarpskall til lögreglu ef hjálpar er óskað. Lögreglan losaði drenginn úr prísundinni og fann í leiðinni efnin, sem eru rúmlega hálfrar milljónar dala virði.

# Fuglaflensuveiran í fuglum hér á landi

**Fuglaflensuveiran er án vafa til staðar í villtum fuglum hér á landi, segir sóttvarnalæknir. Hann segir þó nær útilokað að hér skapist hætta á faraldri eða að hún breiðist út. Tiltekin skilyrði þurfi til að slíkt geti gerst.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við munum væntanlega finna fuglaflensuveiruna hér, ef farið verður í rannsóknir á vatnafuglum,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir hjá Landlæknisembættinu. Hann segir að veiran sé án vafa til staðar í villtum fuglum hér á landi og hafi verið.

Yfirdýralæknisembættið hefur sótt um fjárveitingu upp á eina og hálfa milljón króna til að láta fara fram svokallaða skimun á alifuglum og vatnafuglum hérlendis. Þetta er ein af fjölmörgum varúðarráðstöfunum hér á landi til varnar fuglaflensunni. Landbúnaðarráðuneytið framlengdi í fyrradag bann við innflutningi á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá þeim löndum þar sem fuglaflensan hefur gert vart við sig.

Haraldur segir að þótt inflúensuveiran finnist í farfuglum hér á landi þýði það síður en svo að hér skapist hætta á faraldur eða að veiran eða vírusinn breiðist út. Til þess þurfi ákveðin skilyrði sem séu alls ekki til staðar hér.

„Þessi veira hefur fundist víða í fuglum sem eru ákjósanlegir hýslar fyrir hana, svo sem á norðurslóð jarðar og í Bandaríkjunum,“ segir hann. „Hún er í miklu magni í saur þeirra, einkum þegar þeir halda á suðurslóðir að hausti. Þar losa þeir sig að mestu við veiruna, en hún fer þó ekki alveg. Þegar þeir koma aftur að vori fer magnið aftur að aukast og svona gengur þetta í hringi eftir árstíðum.“

Haraldur bendir á að aðstæður veirunnar til að þróast séu allt aðrar í SA-Asíu heldur en hér. Þar séu alifuglar í miklu nábýli við manninn. Þeir séu gjarnan í þröngum bakgörðum og við slíkar aðstæður geti skapast skilyrði til að veiran fari að breyta sér, skepnur að drepast af völdum hennar og jafnvel að smit berist milli manna. Fuglaflensan sé nýtt vandamál í þessum löndum.

Hér séu villtir fuglar fjarri mönnum og alifuglar séu í lokuðum búum. Yrði einhverrar skæðrar pestar vart hér væri hægt að farga alifuglum fljótt og skipulega og þar með væri hættan úr sögunni. Miklu erfiðara er um vik með slíkan niðurskurð í Asíulöndunum.

jss@frettabladid.is

Sjá einnig síðu 8



**VATNAFUGLAR** Fuglaflensuveiran tekur sér einkum bólfestu í hænsnfuglum og vatnafuglum.

Mið-Afríkulýðveldið:

## Bozize kjörinn forseti

**BANGVÍ, AP** Jean-Francoise Bozize sigraði í síðari umferð forsetakosninganna í Mið-Afríkulýðveldinu og er því réttkjörinn forseti landsins. Bozize hlaut um 65 prósent atkvæða en helsti keppinautur hans, Martin Ziguele, fékk 35 prósent.

Bozize er reyndar nokkuð hagvanur í forsetaembættinu því fyrir rúmum tveimur árum rændi hann völdum af Ange-Felix Patasse, þáverandi forseta, en Ziguele var forsætisráðherra í valdatíð hans.

3,6 milljónir manna búa í Mið-Afríkulýðveldinu. Þrátt fyrir margvíslegar náttúruauðlindir er fátækt mikil í landinu. ■

Hermannaveikin í Noregi:

## Smithætta liðin hjá

**HERMANNAVEIKI** Norsk stjórnvöld telja sig hafa komist fyrir frekari útbreiðslu hermannaveikinnar sem kom upp á Østfoldsvæðinu sunnan við Osló um síðustu helgi. Milli 30 og 40 manns hafa sýkst og fimm hafa látist.

Uppspretta veikinnar er ófundin en talið er að búið sé að koma í veg fyrir frekara smit. Verið er að kortleggja ferðir þeirra sem smitast hafa og beinist athyglin sérstaklega að þremur einstaklingum sem voru í Friðriksstað og nágrenni um helgina en veiktust eftir að þeir komu heim, en þeir búa ekki á smitsvæðinu.

Bendir allt til þess að uppsprettu smitsins sé að finna í miðbæ Friðriksstaðar eða rétt sunnan við hann. Þá er verið að rannsaka hvort smit hafi borist með ánni Glommu sem er lengsta á Noregs og rennur til sjávar gegnum Østfold. ■




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Hermannaveiki á Íslandi:

# Íslenskur maður þungt haldinn

**HERMANNAVEIKI** Íslenskur karlmaður sem greinst hefur með hermannaveiki liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Að sögn vakthafandi læknis er ástand mannsins stöðugt.

Maðurinn kom heim frá Rómarborg í síðustu viku og veiktist fljótlega eftir heimkomuna. Ekki er vitað hvar maðurinn smitaðist og jafnvel ógjörningur að komast að því þar sem bakteríur sem valda hermannaveiki eru víða í umhverfinu. Grunur beinist þó að hóteli sem maðurinn dvaldi á. Ferðir mannsins verða kortlagðar af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum.

Hermannaveiki hefur áður komið upp hérlendis og að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis koma upp tilfelli af veikinni af og til en þau eru þó frekar sjaldgæf.

Eitt dæmi er um hópsýkingu en það var á Landspítalanum fyrir um 15 árum en sýkingin var rakin til vatns sem safnast hafði fyrir í sturtuhausum. Hiti og raki er helsta gróðrarstía baktería sem valda hermannaveiki.

- ssal



**LANDSPÍTALINN HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Eldri maður með hermannaveiki liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild spítalans.



## Sumartilboð á stjúpum

20 stk. hreinir litir
Verð 799

# Safaríkt sumar í Sigtúni



**nýr** trönuberjasafi 139

Safatilboð á Græna torginu í Sigtúni Verð frá 99/stk



Garðbekkir verð frá 5.990



Sólboði 499



**Petúnía** 3 stk. 599



Sýrena 40-50 sm í potti 499
Gullregn 100 sm í potti 999

blómaval
*heillandi heimur*

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 25.05.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,56 | 64,86 |
| Sterlingspund | GBP | 117,98 | 118,56 |
| Evra | EUR | 81,07 | 81,53 |
| Dönsk króna | DKK | 10,89 | 10,95 |
| Norsk króna | NOK | 10,05 | 10,11 |
| Sænsk króna | SEK | 8,83 | 8,89 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,94 | 96,52 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**112,64 +0,20%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjóðlendumörk á Norðausturlandi:

# Kröfurnar kynntar

**DÓMSMÁL** Frestur sem gefinn var til að setja fram kröfur um eignarréttindi vegna meðferðar þjóðlendumála á Norðausturlandi er runninn út. Kynning á kröfum fjármálaráðherra sem og annarra sem gert hafa kröfur eða gagnkröfur um eignarréttindi er hafin á vegum óbyggðanefndar hjá sýslumanninum á Seyðisfirði og Húsavík. Kynningin stendur til 30. júní næstkomandi og skorar óbyggðanefnd á þá sem hagsmuna eiga að gæta á svæðinu að kynna sér gögnin hjá sýslumannsembættunum, en athugasemdir verða að berast nefndinni fyrir 11. júlí næstkomandi.

Óbyggðanefnd veitti fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins frest til fyrsta ágúst í fyrra til að lýsa kröfum sínum á svonefndu fimmta svæði, en það nær til Öxarfjarðar- og Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, norðurhluta Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps. Þessi frestur var síðan framlengdur til síðustu áramóta.

Óbyggðanefnd kannar og sker úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda og úrskurðar um eignarréttindi innan þjóðlendna.

- jh



**ÞJÓÐLENDUMÖRK Á NORÐAUSTURLANDI** Þjóðlendukröfur ríkisins á Norðausturlandi eru umfangsmiklar.

Ný olíuleiðsla vígð:

# Olía til Miðjarðarhafs

**ASERBAÍDSJAN, AP** Forsetar Aserbaídsjans, Georgíu og Tyrklands opnuðu í gær, við hátíðlega athöfn í Sangachal suður af Bakú, fyrir flutning jarðolíu um nýja leiðslu frá olíulindunum við Kaspíahaf til útflutningshafnar á Miðjarðarhafsströnd Tyrklands.

Nýju leiðslunni, sem liggur um þessi þrjú lönd, er fagnað sem áfanga að því að gera Vesturlönd minna háð olíu frá Miðausturlöndum. Leiðslan er alls 1.760 kílómetrar að lengd og er þess vænst að um hana verði hægt að dæla allt að einni milljón olíutunna á dag. ■



**ABU FARAJ AL-LIBBI**

Al-Kaída-liði:

# Hefur gefið upplýsingar

**ISLAMABAD, AP** Pakistanskir embættismenn greindu frá því í gær að meintur al-Kaída-liði, Abu Faraj al-Libbi sem handtekinn var fyrr í mánuðinum, hefði þegar gefið mikilvægar upplýsingar sem leitt hefðu til handtöku um tíu manna.

Al-Libbi hefur ekki verið leiddur fyrir dómara og ekki er víst að meðferðin sem hann sætir sé í samræmi við alþjóðalög. Enn fremur hefur kvittur verið á kreiki um að al-Libbi sé ekki eins hátt settur í al-Kaída og yfirvöld segja heldur sé honum viljandi ruglað saman við annan mann, Anas al-Liby, til að sýna fram á árangur í stríðinu gegn hryðjuverkum. ■

Sænsk stjórnvöld:

# Brjóta gegn barnasáttmála

**SVÍÞJÓÐ** Hópur sænskra barnalækna heldur því fram að sænsk stjórnvöld brjóti iðulega gegn barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sömuleiðis gegn sænskum útlendingalögum.

Það er meðferð yfirvalda á börnum flóttafólks sem fer fyrir brjóstið á læknunum sem segja að yfirvöld hundsi æ oftar sjúkdómsgreiningar lækna þegar þessi börn eiga í hlut. Þeir segja stöðu sína óþolandi því annars vegar þrýsti yfirvöld á að þeir styðji kröfu þeirra um að vísa börnunum úr landi og hins vegar beri þeim að hlíta siðareglum lækna. ■

# Erlendir fjárfestar koma að meirihluta tilboða

**Tólf hópar munu fá tækifæri til að gera bindandi tilboð í Símann. Helmingur þeirra er erlendir fjárfestar, en erlendir aðilar koma að fleiri tilboðum. Hópur kvenna í atvinnulífinu er á meðal þeirra sem komust í aðra umferð.**

**VIÐSKIPTI** Tólf hópum fjárfesta hefur verið boðið að gera bindandi kauptilboð í Símann. Að þessum tólf hópum standa alls 34 fyrirtæki og einstaklingar.

Fátt kemur á óvart varðandi innlendu hópana. Almenningur ehf. er ekki meðal tilboðsgjafa þótt félagið styðji tilboð fjárfestahóps sem inniheldur Burðarás, KEA, Talsímafélagið, Tryggingamiðstöðina og Ólaf Jóhann Ólafsson.

KB banki tekur þátt í tilboði ásamt sjö öðrum fjárfestum, meðal annars Exista ehf. (sem áður hét Meiður), fyrirtæki Margeirs Péturssonar, MP verðbréfum, og fjórum stórum lífeyrissjóðum.

Þá býður hópur sem í eru Atorka, Frosti Bergsson, Jón Helgi Guðmundsson í Byko og bræðurnir Jón og Sturla Snorrasynir. Straumur gerir tilboð ásamt breska fjárfestingarbankanum Cinven. Þessir hópar munu hafa hug á að bjóða almennum fjárfestum bréf í Símanum að loknu útboðinu, en ekki er útlokað að fleiri hyggi á slíkt.

Íslandsbanki gerir tilboð í samvinnu við tvö bandarísk fjárfestingarfélög: Ripplewood og MidOcean. Ripplewood hefur meðal annars tekið þátt í fjárfestingum í fjarskiptageiranum, meðal annars með góðum árangri í Japan.

Straumur fjárfestingarbanki vinnur með breskum fjárfestingarbanka, Cinven að nafni.

Íslenskt félag sem heitir D8 ehf. býður einnig í Símann ásamt Hellman og Friedman Europe Limited og Warburg Pincus LLC. Dagný Halldórsdóttir, sem er í forsvari fyrir D8, vildi ekki gefa það upp við Fréttablaðið í gær hverjir stæðu að félaginu ásamt sér. „Það eina sem þarf að koma fram er að þetta félag gerir tilboð,“ sagði hún í gær. Dagný er náskyld þeim Engeyingum, Benedikt og Einari Sveinssonum, en samkvæmt heimildum standa á bak við D8 konur í atvinnulífinu. Dagný er fyrrverandi aðstoðarforstjóri Íslandssíma, en meðal þeirra sem nefndar hafa verið í tengslum við hópinn er Ásgerður ... — fjárfestinga Baugs í Bretlandi, og Arndís Kristjánsdóttir.

Hóparnir sem komust áfram hafa fullt leyfi til þess að vinna saman að tilboði í framhaldinu. Þeir hafa nú heimild til að kynna sér fyrirtækið frekar og gera bindandi tilboð í júlílok. Tilboðin verða síðan opnuð fyrir opnum tjöldum og verði minna en fimm prósenta munur milli hæstu tilboða munu menn fá að bjóða á ný sama dag. Sá sem býður hæst mun síðan setjast að samningaborði með einkavæðingarnefnd.

hafliði@frettabladid.is
thkjart@frettabladid.is



Einkavæðingarnefnd lauk í gær við að fara yfir óbindandi tilboð í eignarhlut ríkisins í Símanum.

**FJÁRFESTINGARHÓPARNIR SEM GERA TILBOÐ Í SÍMANN:**

**1. Advent International**
**2. Fjárfestahópurinn Altia sem í eru:**
- David Ross
- Capricorn Ventures BVI
- Sun Capital
- TDR Capital

**3. Apollo Management V, L.P**
**4. Fjárfestahópur sem í eru:**
- Atorka Group hf.
- Frosti Bergsson
- Jón Helgi Guðmundsson
- Jón Snorrason
- Sturla Snorrason

**5. Fjárfestahópur sem í eru:**
- Burðarás hf.
- Kaupfélag Eyfirðinga svf.
- Ólafur Jóhann Ólafsson LLC
- Talsímafélagið ehf.
- Tryggingamiðstöðin hf.

**6. Fjárfestahópur sem í eru:**
- Cinven Limited
- Straumur fjárfestingarbanki

**7. Fjárfestahópur sem í eru:**
- Exista ehf.
- KB banki hf.
- Lífeyrissjóður verslunarmanna
- Lífeyrissjóður sjómanna
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Samvinnulífeyrissjóðurinn
- MP fjárfestingarbanki
- Skúli Þorvaldsson

**8. Fjárfestahópur sem í eru:**
- Hellman og Friedman Europe Limited
- Warburg Pincus LLC
- D8 ehf.

**9. Madison Dearborn Partners LLC**
**10. Providence Equity Partners Ltd.**
**11. Fjárfestahópur sem í eru:**
- Ripplewood
- MidOcean
- Íslandsbanki

**12. Thomas H. Lee Partners L.P.**

Úrskurður samkeppisráðs:

# Barnaauglýsingar bannaðar

**SAMKEPPNISMÁL** Auglýsingar Umferðarstofu þar sem börn verða fyrir slysum voru úrskurðaðar ólöglegar af samkeppnisráði. Umboðsmaður barna kærði auglýsingarnar og taldi þær brot á 22. grein samkeppnislaga þar sem segir: „Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.“ Samkeppnisráð féllst á að auglýsingarnar brytu gegn þessari grein.

Umferðarstofa hafði þegar dregið auglýsingarnar til baka. -oá

## PERSAFLÓI

**ÆÐSTARÁÐIÐ SKIPTIR UM SKOÐUN** Æðstaráð klerka í Íran hefur ákveðið að heimila umbótasinnunum Mostafa Moin og Mohsen Mehralizde varaforseta að bjóða sig fram í forsetakosningunum 17. júní. Ráðið hafði áður aðeins heimilað sex af þúsund frambjóðendum að bjóða sig fram en Ali Khamenei æðstiklerkur hvatti það til að endurskoða afstöðu sína.

**STJÓRNARSKRÁRNEFND SKIPUÐ** Sjíinn Hummam Hammoudi tilkynnti íraska stjórnlagaþinginu í fyrradag að hann myndi leiða 55 manna nefnd sem hefði þann starfa að semja drög að nýrri stjórnarskrá landsins. Frestur til að vinna verkið rennur út um miðjan ágúst.

## GÍNEA-BISSÁ

**SKAMMGÓÐUR VERMIR** Skammvinn bylting var framin í Afríkuríkinu Gíneu-Bissá í gærmorgun. Kumba Yala, forseti landsins frá 2000 til 2003, lagði þá undir sig forsetahöllina með stuðningsmönnum sínum en þegar herinn, sem rændi af honum völdum á sínum tíma, sagði þeim að snauta burt yfirgáfu þeir höllina.




## VEÐRIÐ Í DAG

**HÆGVIÐRI UM HELGINA**
Veðurhorfur helgarinnar eru bara ágætar. Hægviðri og skýjað með köflum og hætt við síðdegisskúrum. Hitinn verður alveg bærilegur víða um land einkum að deginum. Þannig að menn ættu að geta farið í tjaldvagna sína og fellihýsi. Bara að búa sig vel.

**MJÖG HLÝTT VÍÐA UM ÁLFUNA**
Víðast í Evrópu er komið kraftmikið sumar með hita á bilinu 20-30 stig. Sé fyrir mér Íslendinga á leið út í heim til að fá hita í kroppinn!!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Hæg, breytileg átt.

### Laugardagur




Hæg, breytileg átt.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C | hálfskýjað | París | 29°C | skýjað | Alicante | 26°C | skýjað |
| Osló | 13°C | skúrir | Berlín | 27°C | heiðskírt | Milano | 29°C | skýjað |
| Stokkhólmur | 17°C | alskýjað | Frankfurt | 28°C | skýjað | New York | 17°C | rigning |
| Helsinki | 16°C | skýjað | Madrid | 29°C | skýjað | San Francisco | 19°C | þoka |
| London | 20°C | skýjað | Barcelona | 23°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 30°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


KOMDU Í PEPSI
PÖNNUBOLTA
Í SUMAR
Í fyrsta sinn á Íslandi!
Pepsi Pönnubolti
Laugardaginn 28. maí verður Pepsi-pannan á torginu fyrir utan Hard Rock í Kringlunni, frá kl. 13.00-17.00. Komdu og vertu með. Þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Englands í haust, á fótboltaleik að eigin vali!
Mættu á pönnumót og notaðu tappana þína í Pepsi sjoppunni!
Allar upplýsingar á Pepsi.is
PEPSI
MAX
ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR
0,5L
PEPSI
DARE FOR MORE
0,5L
Nestlé
KitKat
ENNEMM / SÍA / NM16482



## KJÖRKASSINN

*Telurðu að íslenskir kaupmenn leggi óeðlilega mikið á föt og skó?*

**Niðurstöður gærdagsins á** visir.is

Já 95,5%
Nei 4,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eigum við að byggja fleiri álver á Íslandi?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Ársskýrsla Amnesty International:

# Bandaríkin fá skömm í hattinn

**MANNRÉTTINDI** Bandarísk stjórnvöld fá skömm í hattinn í nýrri skýrslu Amnesty International fyrir árið 2004. Þar eru sérstaklega tiltekin mannréttindabrot á föngum í Guantanamo-flóa á Kúbu sem þar er haldið án dóms og laga.

Í skýrslunni segir að við árslok 2004 hafi fleiri en 500 föngum af um 35 þjóðernum verið haldið án ákæru eða dóms vegna óstaðfestra tengsla við al-Kaída-hryðjuverkasamtökin eða talíbanastjórnina í Afganistan.

Einnig er sértaklega tekið fram að bandarísk stjórnvöld hafi nú leyft yfirheyrsluaðferðir sem stríða gegn sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty, benti á að Bandaríkjamenn hefðu orðið uppvísir af því að flytja fanga til landa þar sem mannréttindi eru ekki virt til þess eins að geta farið á svig við alþjóðasáttmála án þess að eftir því sé tekið.

Amnesty berst nú fyrir því að fangar í Guantanamo verði kærðir og fái lagalega meðferð ellegar látnir lausir. Nánar verður fjallað um ársskýrslu Amnesty í Fréttablaðinu um helgina.

- oá



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International kynnti ársskýrslu samtakanna fyrir árið 2004.

## Umdeildar rannsóknir

**BANDARÍKIN** Á síðustu árum hefur áhugi vísindamanna á stofnfrumum vaxið hröðum skrefum en stofnfrumur eru ósérhæfðar frumstæðar frumur sem geta bæði fjölgað sér og breyst í sérhæfðar frumur, til dæmis brisfrumur og lifrarfrumur. Ef fundin verður leið til að rækta stofnfrumur og stýra þróun þeirra í sérhæfðar frumur binda menn vonir við að hægt verði að lækna ýmiss konar áverka og sjúkdóma á borð við brunasár, sykursýki og Alzheimer.

Vísindamenn hafa unnið bæði með dýrastofnfrumur og stofnfrumur úr mönnum. Af þeim síðarnefndu eru frumur sem eru unnar úr fósturvísum taldar heppilegri en þær sem finnast í beinmerg fullorðins fólks því þær eiga betri möguleika á að þróast í aðrar frumugerðir.

Fósturvísar sem frumurnar eru teknar úr eru yfirleitt aðeins 4-5 daga gamlir og eru búnir til á tilraunastofum úr gjafaeggjum og sæði. Engu að síður benda gagnrýnendur slíkra tilrauna á að í þeim sé fólginn möguleiki til mannlegs lífs og hann sé friðhelgur, jafnvel heilagur. ■

# Gengið þvert gegn vilja Bush

**George W. Bush gæti beitt neitunarvaldi sínu í fyrsta sinn ef Bandaríkjaþing samþykkir að afnema takmarkanir á opinberum fjárframlögum til stofnfrumurannsókna. Fulltrúadeildin hefur fyrir sitt leyti lagt blessun sína yfir það. Reiknað er með að öldungadeildin geri hið sama.**

**BANDARÍKIN** Fulltrúadeild Bandaríkjaþings hefur samþykkt að afnema takmarkanir á opinberum fjárframlögum til stofnfrumurannsókna. George W. Bush forseti hótar að beita neitunarvaldi sínu verði frumvarpið að lögum í meðförum öldungadeildarinnar.

Umræðurnar voru heitar í fulltrúadeildinni í fyrradag um hvort afnema ætti þær takmarkanir sem Bush forseti setti árið 2001 á opinber fjárframlög til rannsókna á stofnfrumum úr fósturvísum. Þótt þingmennirnir hefðu venju samkvæmt skipst í tvær fylkingar þá var skiptingin þverpólitísk. Þegar yfir lauk höfðu fimmtíu þingmenn úr röðum repúblikana snúist á sveif með þorra demókrata og frumvarpið var því samþykkt með 238 atkvæðum gegn 194.

Deilan snýst um hvort réttlætanlegt sé að nota vísi að mannslífi til að þróa lækningar við alvarlegum sjúkdómum á borð við Parkinsons-veiki og sykursýki. Því voru umræðurnar í þinginu óvenju persónulegar þar sem þingmenn létu óspart í ljós trúarskoðanir sínar og fjölskylduaðstæður.

„Í fyrsta sinn í sögu þjóðar okkar á að nota peninga skattborgarana til að eyða saklausum mannslífum,“ sagði Henry J. Hyde, repúblikani frá Illinois. Joe Barton, repúblikani frá Texas, kvaðst hins vegar styðja frumvarpið þar sem faðir hans hefði dáið úr sykursýki og bróðir úr lifrarsjúkdómi.

290 atkvæði fulltrúadeildarþingmanna þarf til að forseti geti ekki beitt neitunarvaldi sínu en George W. Bush hefur lýst því yfir að hann muni gera það nái frumvarpið fram að ganga. Þá skoðun lét hann í ljós á blaðamannafundi í fyrradag umkringdur börnum sem höfðu verið ættleidd þegar þau voru enn á fóstursstigi.

Fastlega er búist við að frumvarpið nái fram að ganga í öldungadeildinni en skoðanakannanir benda auk þess til að þorri almennings sé hlynntur stofnfrumurannsóknum. Það er ekki síst stuðningur Nancy Reagan við rannsóknirnar sem hefur aflað málinu fylgis hjá íhaldssamari hluta þjóðarinnar.

sveinng@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FYRRVERANDI FÓSTURVÍSAR** Blaðamannafundur var haldinn í Capitol Hill á þriðjudaginn um stofnfrumurannsóknir. Til hans mættu börn sem höfðu verið ættleidd á meðan þau voru enn „fyrrverandi fósturvísar“, eins og stendur á bolum þeirra. Fósturvísarnir sem notaðir eru til stofnfrumurannsókna eru hins vegar aldrei teknir úr móðurkviði.






Strandsiglingaskip í banni í Vesturbyggð:

## Hafa ekki borgað hafnargjöld

**VANSKIL** Hafnarstjórn Vesturbyggðar hefur ákveðið að hætta að þjónusta strandferðaskipið Jaxlinn, sem er í eigu Sæskipa ehf., vegna skulda útgerðarfélagsins við hafnir. Einnig er útgerðarfélagið sagt ekki hafa sýnt nein viðbrögð við samningaumleitunum Vesturbyggðar en hafnarstjórnin bauð Sæskipum að fella niður áfallna dráttarvexti ef samið yrði um greiðslu skulda fyrir lok marsmánaðar.

Málið var tekið upp á fundi hafnarstjórnar í síðustu viku þar sem ákveðið var, að sögn Guðmundar Guðlaugssonar hafnarstjóra, að leyfa Jaxlinum áfram að leggja að bryggju gegn innheimtu lögboðinna gjalda en starfsmenn hafnarinnar muni ekki þjónusta skipið. Guðmundur gefur ekki upp hvað Sæskip skulda mikið en fyrirtækið hefur frest til 10. júní til að gera upp eða semja um skuldina áður en hún verður send lögfræðingi til innheimtu. Jaxlinn skuldar einnig hafnargjöld í Ísafjarðarbæ.



**STRANDFERÐASKIPIÐ JAXLINN** Hafnarstjórn Vesturbyggðar hefur nú tekið fyrir það að hafnarstarfsmenn þar þjónusti strandferðaskipið Jaxlinn vegna vangoldinna hafnargjalda.

Forsvarsmenn Sæskipa gáfu blaðamanni ekki kost á því að spyrja um fyrirhugaðar aðgerðir af hálfu útgerðarfélagsins. - oá

Skattsviksmál:

## Bent á fjármálastjóra

**DÓMSMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur krafist refsingar til handa fyrrverandi eigendum og forsvarsmönnum Allrahanda – Ísferða vegna brota á lögum um virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Aðalmeðferð fór fram í gær en ákærðu er gefið að sök að hafa ekki staðið skil á tæplega fimmtán milljóna króna kröfu Tollstjórans í Reykjavík. Báru ákærðu fyrir sig sakleysi þar sem fjármálastjóri bæri ábyrgð á þeim vanskilum sem urðu en samkvæmt lagabókstafnum liggur ábyrgð í slíkum málum hjá framkvæmdastjóra og stjórnarformanni. - aöe

### TÖLVUTÆKNI

**ÍSLAND Í FJÓRÐA SÆTI** Ísland er í fjórða sæti í útbreiðslu breiðbands og njóta 18,3 prósent landsmanna þjónustunnar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Mest er breiðbandsvæðingin í Suður Kóreu, þar sem 29,4 prósent landsmanna eru áskrifendur.

# Blómamarkaður

## Hagkaupa Skeifu, Spöng, Eiðistorg, Garðabæ og Akureyri





299 kr/stk

Verð áður 489-

Tóbakshorn



2 fyrir 1

999 kr

2 stk. Cypris

Cypris



Lóbelía



Nellikka



Dalía



Stjúpur 10 stk.



Margarita

Gildir til 30. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýr bæjarstjóri Garðabæjar?*

2 *Hvað kallast veikin sem komin er upp í Noregi?*

3 *Hver er þjálfari hollenska kvennalandsliðsins í handbolta?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Samþykkt Alþjóðaheilbrigðisþingsins:

# Ný reglugerð gegn smitsjúkdómum

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðisþingið hefur samþykkt nýja heilbrigðisreglugerð. Markmiðið með henni er að hindra alþjóðlega útbreiðslu smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eiturefna og geislavirkra efna án þess að valda ónauðsynlegri röskun á alþjóðlegri umferð og viðskiptum.

Mörg ákvæði nýju reglugerðarinnar byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur á undanförnum 30 árum, að því er fram kemur á heimasíðu Landlæknisembættisins. Þörfin á nýjum alþjóðlegum reglum og samstilltum alþjóðaviðbrögðum varð þjóðum heims ljós þegar bráðalungnabólgan, HABL, reið yfir 2003 og fuglainflúensan hófst í Asíu 2004. Nýja reglugerðin tekur til allra sótta sem breiðst geta út og ógnað þjóðum heims. Hinar eldri tóku einungis til kóleru, svartadauða og gulusóttar, bólusóttar, rykkjasóttar og taugaveiki.

Endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar hefur tekið mörg ár. Frá því í nóvember 2004 hafa átt sér stað erfiðar samningaviðræður fulltrúa 192 aðildarríkja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um nýju reglugerðina. Fulltrúar Íslands í þeim samningum voru Haraldur Briem sóttvarnalæknir og Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.



**HARALDUR BRIEM** Annar tveggja fulltrúa Íslands.

Nýja reglugerðin tekur formlega gildi tveimur árum eftir að WHO samþykkti hana. ■

Milliuppgjör Orkuveitunnar:

# Tveir milljarðar í hagnað

**ORKUVEITAN** Orkuveita Reykjavíkur skilaði tæplega tveggja milljarða króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi samkvæmt árshlutauppgjöri sem birt var í gær.

Á sama tímabili á síðasta ári var hagnaður Orkuveitunnar 340 milljónir og skýrist þessi mikla aukning að miklu leyti af stórauknum gengishagnaði. Tekjur voru 4 milljarðar miðað við 3,6 milljarða í fyrra. Nú standa yfir miklar og dýrar framkvæmdir á vegum Orkuveitunnar og ber þar hæst framkvæmdir við Hellisheiðarvirkjun.

- oá








**ALIFUGLAR** Síðasta skimun fyrir smitsjúkdómum í alifuglum var gerð árið 2002.

# Mikilvægt að verja bæði fólk og dýr

**Beðið er fjárveitingar frá stjórnvöldum til að hægt sé að hefja skimun fyrir fuglaflensu í alifuglum og vatnafuglum hér á landi.**

**FUGLAFLENSA** Beiðni yfirdýralæknisembættisins um fjármagn til að skima alifugla og vatnafugla hér á landi til varnar fuglaflensu hefur enn ekki verið kynnt ríkisstjórninni, að sögn Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra.

Guðni var nýkominn frá útlöndum þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Hann kvaðst myndu fara yfir erindi yfirdýralæknis og kynna það síðan í ríkisstjórn.

„Það er mikilvægt að leggja áherslu á varnir fyrir fólk og dýr,“ sagði ráðherra.

Sigurðar Örn Hansson aðstoðaryfirdýralæknir segir að tillögur embættisins um að gerðar verði skimanir á alifuglum og villtum fuglum miði að því að athuga hvort fuglaflensa hafi borist til landsins. Tillögurnar hefðu verið lagðar fram í apríl.

„Tilgangurinn með skimuninni er að taka stöðuna til þess að átta sig á því hvaða aðgerða þarf hugsanlega að grípa til. Mikilvægast er að koma í veg fyrir að þetta berist í alifuglana því þeir eru viðkvæmari. Við settum síðast af stað svona rannsókn á alifuglum árið 2002. Þá var skimað fyrir mörgum smitsjúkdómum, svo sem fuglaflensu og Newcastle-veiki. Við þurfum að gera þetta reglulega í alifuglum og nú teljum við það tímabært og ástæða til þess að kanna þetta líka í villtum fuglum,“ sagði Sigurður Örn.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Kynnir erindi yfirdýralæknis í ríkisstjórn.

Hann sagði fregnirnar þess efnis að þessi skæða fuglaflensuveira hefði drepið villta fugla í Kína gæfu aukið tilefni til að kanna stöðuna hér á landi. Kostnaðurinn við könnun sem miðaðist einungis við fuglaflensu væri áætlaður um ein og hálf milljón króna.

„Við erum með margvíslegar varnir gegn þessum sjúkdómum,“ sagði Sigurður Örn enn fremur. Hann minnti á innflutningsbannið á fuglaafurðum sem nú hefur verið framlengt. Hann nefndi einnig viðbragðsáætlanir við alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum. Aðferðafræðin væri sú sama hvort sem um væri að ræða fuglaflensu eða gin – og klaufaveiki. Það væri því heilmikið varnarstarf í gangi, auk þess sem menn fylgdust náið með stöðunni í Asíulöndunum.

jss@frettabladid.is


FOCUS

Vönduð eikarhúsgögn.
Hönnuð og framleidd í Belgíu.

| | |
|---|---|
| Glerskápur | kr. 124.470 |
| Hurðaskápur | kr. 116.640 |
| Skenkur | kr. 94.230 |
| Borðstofuborð | kr. 125.280 |
| Stóll | kr. 22.410 |
| Bekkur | kr. 25.920 |



Líf&List HÚSGÖGN

Ármúla 44,
sími 553 2035


Flugfélag Íslands:

# Fagna ákvörðun ráðherra

**SAMGÖNGUR** Flugfélag Íslands fagnar þeirri ákvörðun samgönguráðherra að lengja flugbraut á Þingeyri þannig að hún nýtist sem þverbraut fyrir flugvöllinn á Ísafirði.

Hingað til hefur Þingeyrarflugvöllur verið notaður sem hliðarflugvöllur þegar ekki hefur verið hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. Hins vegar hefur ekki verið hægt að fara í loftið þaðan nema með hálffulla vél og því hafa margir farþegar þurft að sitja eftir.

Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands segir að á undanförnum þremur árum hafi flug á vegum Flugfélagsins til Ísafjarðar verið fellt niður 84 sinnum vegna veðurs og á sama tíma hafi 63 ferðir verið farnar til Þingeyrar. Endurbæturnar muni því greiða mjög fyrir farþegaflutningum á svæðinu.

- jse


SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI
Svefn & heilsa
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Veldu það besta!
SOFÐU VEL Í SUMAR
Chiropractic
NO FLIP
2005
Leðurhægindastólar
Svefnsófar
Verð frá 79.900.- stgr.
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Sleep Series
ÓTRÚLEG VERÐ
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Biflex
actilinea
WALLHUGGER
EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00




KB bankahús í Borgartúni 17 rifið:

# Öll starfsemin undir eitt þak

**BYGGINGARFRAMKVÆMDIR** Nú er unnið hörðum höndum að því að rífa hús KB banka í Borgartúni 17. Í framhaldinu verða núverandi höfuðstöðvar í Borgartúni 19 stækkaðar þannig að öll starfsemin verði undir einu þaki. Einnig er fyrirhugað að ýmsum deildum sem hafa aðstöðu víða um borgina verði komið fyrir í nýju húsakynnunum.

Að sögn Ásgeirs Ásgeirssonar hjá teiknistofunni Tark verður byggingin 8.407 fermetrar þegar allt verður tilbúið en hún er núna 3.800 fermetrar. Þar að auki verður bílakjallari undir nýbyggingunni. Stefnt er að því að nýju höfuðstöðvarnar verði tilbúnar eftir tvö ár.

Spurður hvers vegna þurfti að rífa gamla húsið í Borgartúni 17 segir Sigurður Guðmundsson hjá eignaumsýslu KB banka að húsið hafi einfaldlega verið barn síns tíma. Til dæmis hafi lofthæðin verið svo lítil að ekki var hægt að koma loftræstikerfi fyrir. Hann segir að hugleiddar hafi verið allar leiðir til að reyna að breyta þessu þannig að hægt væri að nýta húsið fyrir starfsemina en það hafi einfaldlega ekki verið mögulegt.

Ekki fengust upplýsingar um áætlaðan kostnað vegna framkæmdanna.

- jse



**HÖFUÐSTÖÐVAR KB BANKA** Svona munu höfuðstöðvar KB banka líta út eftir tvö ár ef allt gengur eftir. Nýja byggingin mun tengjast núverandi höfuðstöðvum og fyrirhugað er að starfsemi sem núna er dreifð um borgina verði komið fyrir í höfuðstöðvunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**STAÐAN RÆDD** Gerhard Schröder kanslari (fjær) og Franz Müntefering, formaður SPD, setja fund í flokksstjórninni í Berlín í gær.

# Boðar persónumiðaða kosningabaráttu

**Þýski kanslarinn Gerhard Schröder leggur mikið undir með því að flýta kosningum um ár. Hann vill heyja kosningabaráttu þar sem persóna hans og áskorandans verða í brennidepli.**

**ÞÝSK STJÓRNMÁL** Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, leggur mikið undir. Með því að flýta kosningum um heilt ár, á tímum þegar jafnaðarmannaflokkur hans mælist á landsvísu með um fimmtán prósenta minna fylgi en aðalkeppinauturinn, kristilegir demókratar, er líklegast að hann sé að stytta eigin valdatíma um heilt ár. Eftir niðurlægjandi ósigur jafnaðarmannaflokksins í sterkasta vígi hans, sambandslandinu Nordrhein-Westfalen, um síðustu helgi lítur hann svo á að sig skorti nægilega sterkt lýðræðislegt umboð til að koma efnahagsumbótastefnu sinni í framkvæmd. Hann verði því að sækja nýtt umboð til kjósenda – eða víkja fyrir öðrum sem kjósendur treysta betur.

Kanslarinn hefur samkvæmt þýsku stjórnarskránni ekki vald til að rjúfa þing og boða kosningar sjálfur – nema þingið hafi áður samþykkt vantraust á hann. Því mun þann 1. júlí fara fram atkvæðagreiðsla á Sambandsþinginu um vantraust á Schröder og ríkisstjórn hans, þar sem stjórnarliðar jafnaðarmanna og græningja munu sitja hjá. Sömu aðferð beitti Helmut Kohl er hann vildi boða til kosninga árið 1983, í kjölfar þess er hann tók við kanslarastólnum af jafnaðarmanninum Helmut Schmidt á miðju kjörtímabili.

Þess er vænst að kosningarnar fari fram hinn 18. september næstkomandi. Í fyrsta blaðaviðtalinu sem Schröder veitti eftir að hann lýsti því yfir að hann vildi flýta kosningunum segist hann vilja „mjög persónumiðaða“ kosningabaráttu. Í ljósi þess hve forskot stjórnarandstöðunnar er mikið í skoðanakönnunum er skiljanlegt að kanslarinn reyni að nýta þá styrkleika sem hann hefur í samanburði við væntanlegan keppinaut sinn um kanslarastólinn. Hann nýtur meira persónufylgis en hin frekar litlausa Angela Merkel, formaður kristilegra demókrata.

„Ég held að okkur sé ráðlegt að heyja mjög persónumiðaða kosningabaráttu, sniðna að kanslaraefnunum tveimur,“ segir Schröder í viðtali við vikublaðið Die Zeit.

audunn@frettabladid.is




Þýskt kafbátsflak við strendur Noregs:

# Með 64 tonn af kvikasilfri

**NOREGUR** Norski sjóherinn hefur staðfest að 64 tonn af kvikasilfri séu um borð í þýsku kafbátsflaki undan ströndum Noregs. Norsk náttúruverndarsamtök hafa krafist þess að kvikasilfrinu verði bjargað úr flakinu.

Þýski kafbáturinn U-864 liggur á hafsbotni á 150 metra dýpi skammt frá bænum Fedje rétt norðan við Björgvin. Breskt tundurskeyti sökkti bátnum árið 1945 en ekki var vitað fyrr en nýlega að svo mikið magn kvikasilfurs væri í flakinu.

Til samanburðar má geta þess að heildarmagn kvikasilfurs sem barst út í umhverfið við Noreg á síðasta ári var nálægt því eitt tonn.

Berist mikið magn af kvikasilfri út í hafið er hætta á að það berist upp fæðukeðjuna og mengi þannig sjávarfang sem notað er til manneldis. Hæstan styrk kvikasilfurs er jafnan að finna í ránfiskum, sem eru efstir í fæðukeðjunni og því meir sem þeir verða eldri. Kvikasilfur getur meðal annars valdið taugaskemmdum og misþroska hjá börnum.

- ssal



**ÞORSKI LANDAÐ** Kvikasilfur getur safnast fyrir í þorski og öðrum matfiski og gert hann óhæfan til manneldis.



LOKUM HRINGNUM
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
BJÖRGUNARBÁTAÁTAK 2005

# Hvað ef...?

Sjóbjörgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa á undanförnum árum bjargað fjölda mannslífa úr bráðum sjávarháska. Í mörgum þessara tilfella tókst svo giftusamlega til vegna öflugra og sérútbúinna björgunarbáta félagsins. Þessir björgunarbátar þola veður og sjó einstaklega vel og komast á vettvang þegar hreinasta óráð væri að fara þangað á venjulegum bátum.

Nú eru ellefu slíkir bátar staðsettir víða um land tilbúnir til björgunar um leið og kallið kemur. Enn vantar þrjá báta upp á að allir sjófarendur við Íslandsstrendur njóti fyllsta öryggis.

Gerðu okkur kleift að loka hringnum og kaupa þá þrjá báta sem upp á vantar.

**Ef út af bregður verða allir sjómenn að geta reitt sig á það öruggasta!**




Taktu þátt í þessu átaki með því að greiða heimsendan gíróseðil í banka eða heimabanka.

Þú getur einnig hringt í **905 5900**

og færast þá sjálfkrafa 2.000 krónur á næsta símareikning.

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar eftirtöldum aðilum stuðning við átakið:

SJÓVÁ SAMSKIP Esso

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
www.landsbjorg.is


Mynd/AP

**NEI EÐA JÁ?** Þinghús Evrópuþingsins í Strassborg í Frakklandi er þakið slagorðum þessa dagana sem hvetja Frakka til að greiða stjórnarskrársáttmála ESB atkvæði sitt á sunnudaginn. Ekki er þó víst að þeir leggi blessun sína yfir plaggið.

Eldgos hófst á mánudag í Colima-fjalli í Mexíkó:

# Öflugustu sprengingar í rúman áratug

**MEXÍKÓBORG, AP** Mikið eldgos hófst á mánudaginn í fjallinu Colima sem er 690 kílómetra norðvestur af Mexíkóborg. Enginn er þó talinn í hættu enda er mannabyggð fjarri fjallinu.

Mikil sprenging markaði upphaf gossins og í kjölfarið myndaðist glóandi flikrubergsský sem geystist niður fjallshlíðarnar. Öskustrókurinn stóð rúma þrjá kílómetra upp í loftið og finna mátti hraunbombur í fjögurra kílómetra fjarlægð

Enginn er talinn í hættu og ekki er vitað um neitt eignatjón af völdum öskufallsins enda eru næstu mannabústaðir langt í burtu.

„Þetta eru öflugustu sprengingar sem við höfum mælt síðan 1991,“ sagði Tonatiuh Dominguez, jarðeðlisfræðingur á rannsóknarstöð í Colima-borg.

Colima-fjall er 3.280 metra hátt. Það gýs með reglulegu millibili, síðast 1999. Árið 1913 varð í því gríðarmikið þeytigos og myndaðist þá rúmlega 500 metra djúpur gígur. Ösku rigndi þá í Guadalajara-borg sem er um 120 kílómetrum norðar. ■


MYND / AP

**FÖGUR SJÓN** Glóandi flikruberg geystist niður hlíðar Colima-fjalls þegar gosið hófst.

Skaðbrunnin ungmenni:

## Bjuggu sér til geislasverð

**LONDON ,AP** Tveir aðdáendur Stjörnustríðsmyndanna í Bretlandi, tvítugur piltur og 17 ára stúlka, liggja stórslasaðir á sjúkrahúsi eftir að hafa reynt að smíða sér geislasverð. Innblásið af ævintýrum Loga geimgengils og Svarthöfða ákvað parið að smíða sér geislasverð með því að fylla hylki af flúorljósaperum með bensíni. Ætlunin var að taka skylmingabardaga upp á myndband. Fólkið slasaðist hins vegar þegar annað „geislasverðið“ sprakk í loft upp. Fólkið var flutt á brunadeild til aðhlynningar og mun vera mikið slasað. Annar maður var á svæðinu og hefur verið yfirheyrður af lögreglu.

### KÍNA

**LAUMUFARÞEGI LÉST** Drengur beið bana þegar hann féll úr hjólaskáp flugvélar sem var að hefja sig til flugs í Gansu-héraði í vestanverðu Kína. Talið er að pilturinn hafi verið laumufarþegi í leit að betra lífi á austurströndinni.

### LÖGREGLUMÁL

**FLÝTTI SÉR UM OF** Rúmlega tvítugur karlmaður var tekinn á 156 kílómetra hraða á Ólafsfjarðarvegi á leið til Dalvíkur síðdegis í fyrradag. Nokkrir ökumenn til viðbótar voru teknir fyrir of hraðan akstur á Ólafsfjarðarvegi sama dag, en enginn á nándar nærri jafnmiklum hraða.

# Yfirdráttarlán hækka enn

**Einkaneysla hefur aukist mikið að undanförnu og yfirdráttarlánin hækkað. Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir þetta endurspegla bjartsýni fólks á að endurgreiða lánin. Óvíst sé að um varanlega aukningu sé að ræða.**

**EFNAHAGSMÁL** Yfirdráttarlán hafa aukist um 2,2 milljarða síðan í febrúar. Þetta kemur fram í nýjasta vegvísi Landsbankans. Aukningin kom að mestu leyti fram í mars, en aðeins lítillega í apríl. Þegar bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn lækkuðu yfirdráttarlán nokkuð og urðu lægst í desember. „Sú hagræðing sem heimilin náðu fram með uppgreiðslu yfirdráttarlána í tengslum við endurfjármögnun fasteignalána virðist því vera orðin að engu,“ segir í Vegvísinum. Vextir á yfirdráttarlánum einstaklinga eru nú 18,70 prósent hjá bönkunum, nema KB þar sem þeir eru 18,20 prósent.


**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR** Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, sagði mikilvægt að hafa í huga að yfirdráttarlán sveiflist mikið. Einkaneysla hafi verið í miklum vexti að undanförnu og aukin yfirdráttarlán séu hluti af þeirri þróun. Hún vonar að þetta sé tímabundið ástand og óvíst að um varanlega aukningu sé að ræða. „Þetta endurspeglar bjartsýni fólks og trú á að það geti greitt lánin upp,“ sagði Edda. Hún bendir á að tveir toppar hafi verið á yfirdráttarlánum síðustu misseri, annars vegar í ágúst og september og hins vegar í apríl, eða rétt um páskana. Það sé mögulegt að vegna hás gengis hafi fólk í miklum mæli notað tækifærið í fríinu og tekið yfirdráttarlán til að ferðast til útlanda.

Ásta S. Helgadóttur, forstöðumaður Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, telur aukningu yfirdráttarlána fyrst og fremst vera vísbendingu um aukna neyslu. „Bílar hafa selst mjög mikið að undanförnu og það stefnir í metár í utanlandsferðum.“

Bæði Edda og Ásta bentu á að yfirdráttarlánin væru þægilegur lánamöguleiki. Það þyrfti aðeins eitt símtal, sjaldnast ábyrgðarmann og þinglýsing er óþörf. Enn fremur losna menn við stimpilgjaldið. - grs


**VASARNIR TÓMIR** Yfirdráttarlán eru nú yfir 60 milljarðar og að meðaltali um 206 þúsund krónur á hvern Íslending.





NIN Í SJÁLFHELDU Móðirin ætlaði
a syni sínum til bjargar.

Björgun á Langasandi:

# Mæðgin á flæðiskeri stödd

**BJÖRGUN** Björgunarfélag Akraness fékk tilkynningu seinni part þriðjudags um að mæðgin væru í sjálfheldu rétt utan við Langasand á Akranesi.

Ungur piltur mun hafa verið að leik með félögum sínum við ströndina og vaðið út í sker rétt við land þegar falla fór að. Honum leist ekki á blikuna og ætlaði móðir hans að koma honum til bjargar og óð út í annað sker en náði ekki til drengsins þaðan. Lenti hún einnig í sjálfheldu. Kvöddu því nærstaddir björgunarsveit bæjarins til hjálpar. Björgunarbátur var kominn úr húsi björgunarsveitarinnar aðeins sex mínútum eftir að útkallið barst og voru mæðginin komin í land um tíu mínútum síðar.

Atvikið varð á svipuðum tíma og knattspyrnuleikur unglinga fór fram á Akranesvelli og var fjöldi barna og unglinga að leik við ströndina. Móður og syni varð ekki meint af. **- hb**



FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR SIGVALDASON

**BJÖRGUNARSVEITIN KEMUR AÐ** Bjargaði mæðginunum í land örfáum mínútum eftir að útkallið barst.



Mynd/AP

**LOKAST LUNDÚNAAUGAÐ?** Síðustu ár hafa ferðamenn skemmt sér í parísarhjólinu Auga Lundúna sem stendur á bökkum Thames-ár. Breska stjórnin vísaði í gær fréttum á bug að til stæði að loka hjólinu vegna deilna um lóðina sem það stendur á.



BJARNASON Sigurvegari Frelsis-
nnar.

sdeild SUS:

## örn sigrar

**MÁL** Birni Bjarnasyni dóms-
áðherra tókst að gera flest
ð frumvörp, að mati Sam-
ungra sjálfstæðismanna, að
og sigraði því í Frelsisdeild
veturinn 2004-2005. Hlaut
farandbikar að launum í
em ungir sjálfstæðismenn
til á dögunum.
ðru sæti varð þingmaðurinn
H. Blöndal en hann hafði
af setið á toppi deildarinn-
Björn skaust fram úr honum
asprettinum. Lestina rak
Böðvarsson samgönguráð-
**- hb**

l í Noregi:

## itar að olíu ð Færeyjar

**AR** Norski olíurisinn Statoil
ýr nú frekari leit að olíu við
jar. Þrjú skip munu stunda
knir á hafsbotninum við
ar í sumar og er eitt þeirra
komið á vettvang.
reyska Landsþingið veitti á
tíma heimild til að bora átta
naholur á svæðinu milli
ja og Bretlands og segir
ska blaðið Sósíalurinn að
muni bora fjórar holur í
. Enn sem komið er hefur
fundist olía í einni af þeim
naholum sem boraðar hafa

## NAM

**ANDI KOSNINGAR** Forseta-
gar voru haldnar í Suður-
kulýðveldinu Súrínam í
veir menn eru taldir sigur-
legastir: Ronald Venetiaan,
li forseti, og Desi Bouterse,
randi einræðisherra í land-
dæmdur kókaínsmyglari.
er við að hvorugur fái 2/3
kjörmanna en það er nauð-
t til að ná kjöri. Því munu
þreifingar fara í gang að
ndi loknum. Nái Boutrese
r hætta á að vestrænni
gsaðstoð við landið verði

## JÓÐ

**RI SLEPPUR MEÐ SKREKK-**
enskur hæstaréttardómari
ðurkennt hefur kaup á
sþjónustu af ungum pilti,
halda starfi sínu.
nálayfirvöld hafa ákveðið
i verði höfðað mál gegn
anum heldur fái hann sekt
tæpa hálfa milljón ís-
a króna fyrir athæfið.





**MÆÐGININ Í SJÁLFHELDU** Móðirin ætlaði að koma syni sínum til bjargar.

Björgun á Langasandi:

# Mæðgin á flæðiskeri stödd

**BJÖRGUN** Björgunarfélag Akraness fékk tilkynningu seinni part þriðjudags um að mæðgin væru í sjálfheldu rétt utan við Langasand á Akranesi.

Ungur piltur mun hafa verið að leik með félögum sínum við ströndina og vaðið út í sker rétt við land þegar falla fór að. Honum leist ekki á blikuna og ætlaði móðir hans að koma honum til bjargar og óð út í annað sker en náði ekki til drengsins þaðan. Lenti hún einnig í sjálfheldu. Kvöddu því nærstaddir björgunarsveit bæjarins til hjálpar. Björgunarbátur var kominn úr húsi björgunarsveitarinnar aðeins sex mínútum eftir að útkallið barst og voru mæðginin komin í land um tíu mínútum síðar.

Atvikið varð á svipuðum tíma og knattspyrnuleikur unglinga fór fram á Akranesvelli og var fjöldi barna og unglinga að leik við ströndina. Móður og syni varð ekki meint af. **- hb**

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR SIGVALDASON



**BJÖRGUNARSVEITIN KEMUR AÐ** Bjargaði mæðginunum í land örfáum mínútum eftir að útkallið barst.

Mynd/AP



**LOKAST LUNDÚNAAUGAÐ?** Síðustu ár hafa ferðamenn skemmt sér í parísarhjólinu Auga Lundúna sem stendur á bökkum Thames-ár. Breska stjórnin vísaði í gær fréttum á bug að til stæði að loka hjólinu vegna deilna um lóðina sem það stendur á.



**BJÖRN BJARNASON** Sigurvegari Frelsisdeildarinnar.

Frelsisdeild SUS:

# Björn sigrar

**STJÓRNMÁL** Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra tókst að gera flest jákvæð frumvörp, að mati Sambands ungra sjálfstæðismanna, að lögum og sigraði því í Frelsisdeild þeirra veturinn 2004-2005. Hlaut Björn farandbikar að launum í hófi sem ungir sjálfstæðismenn efndu til á dögunum.

Í öðru sæti varð þingmaðurinn Pétur H. Blöndal en hann hafði lengst af setið á toppi deildarinnar en Björn skaust fram úr honum á lokasprettinum. Lestina rak Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. **- hb**

Statoil í Noregi:

# Leitar að olíu við Færeyjar

**FÆREYJAR** Norski olíurisinn Statoil undirbýr nú frekari leit að olíu við Færeyjar. Þrjú skip munu stunda rannsóknir á hafsbotninum við eyjarnar í sumar og er eitt þeirra þegar komið á vettvang.

Færeyska Landsþingið veitti á sínum tíma heimild til að bora átta tilraunaholur á svæðinu milli Færeyja og Bretlands og segir færeyska blaðið Sósíalurinn að Statoil muni bora fjórar holur í sumar. Enn sem komið er hefur aðeins fundist olía í einni af þeim tilraunaholum sem boraðar hafa verið.

## SÚRÍNAM

**SPENNANDI KOSNINGAR** Forsetakosningar voru haldnar í Suður-Ameríkulýðveldinu Súrínam í gær. Tveir menn eru taldir sigurstranglegastir: Ronald Venetiaan, sitjandi forseti, og Desi Bouterse, fyrrverandi einræðisherra í landinu og dæmdur kókaínsmyglari. Búist er við að hvorugur fái 2/3 hluta kjörmanna en það er nauðsynlegt til að ná kjöri. Því munu miklar þreifingar fara í gang að kjörfundi loknum. Nái Boutrese kjöri er hætta á að vestrænni efnahagsaðstoð við landið verði hætt.

## SVÍÞJÓÐ

**DÓMARI SLEPPUR MEÐ SKREKKINN** Sænskur hæstaréttardómari sem viðurkennt hefur kaup á kynlífsþjónustu af ungum pilti, fær að halda starfi sínu. Dómsmálayfirvöld hafa ákveðið að ekki verði höfðað mál gegn dómaranum heldur fái hann sekt upp á tæpa hálfa milljón íslenskra króna fyrir athæfið.



# Tjaldaland er flutt við hliðina á Glæsibæ

## 30 uppsett tjöld til sýnis!



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 28490 05/2005



**Vigo Plus 6 manna**
*Fjölskyldu- kúlutjald með þremur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk milli svefntjaldanna.*
Verð **34.990** kr.



**Aztek Plus 4ra manna**
*Rúmgott kúlutjald. Stórt fortjald með þremur gluggum.*
Verð **24.990** kr.

**Njót**



**Nevada 3ja manna**
*Sígilt kúlutjald.*
Verð **6.990** kr.

**í g**



**Coho 2ja manna**
*Létt göngutjald*
Verð **12.990** kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580





## Taranto Plus 6 manna
*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.*
*Stórt fortjald með dúk milli svefntjaldanna.*
*Opnast á tvo vegu.*

Verð **39.990** kr.





## Malta Plus 5 manna
*Kúlutjald.*
*Stórt fortjald með dúk.*

Verð **29.990** kr.

# tu sumarsins



## Kira 3ja og 4ra manna
*Kúlutjald með fortjaldi.*

Verð **10.990/12.990** kr.



## Fraser 3ja manna
*Lítið og létt braggatjald*
*með góðu fortjaldi.*

Verð **14.990** kr.



## Wiluna 4ra manna
*Létt braggatjald með tveimur*
*inngöngum og góðu fortjaldi.*

Verð **18.990** kr.

# óðu tjaldi



## Vektor 2ja manna
*Göngu-kúlutjald.*

Verð **29.990** kr.



## Tadpole 2ja manna
*Göngutjald.*

Verð **25.990** kr.



## Omega Base 2ja og 3ja manna
*Þriggja árstíða göngu-braggatjald*
*frá Salewa með góðu fortjaldi.*
*Inngangur á hlið. Loftræstitúður.*

Verð **19.990/23.990** kr.

# ÚTILÍF

24 stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HRÖNN PÉTURSDÓTTIR UPPLÝSINGAFULLTRÚI

# *Keppist við að ráða fólk austur*

„Það er brjálaður uppgangur, allt á fullu, mikil orka og kraftur," segir Hrönn Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa á Reyðarfirði sem er önnum kafin þessa dagana. „Það er hrein mannekla hér fyrir austan og okkur bráðvantar fólk. Allir eru kvaddir út sem vettlingi geta valdið. Það má segja að ég sé í vinnunni allan sólarhringinn."

Þrátt fyrir annríkið gerir Hrönn ráð fyrir að taka sér sumarfrí, hún á jú líf utan vinnunnar. Ýmislegt kemur til greina þó ekkert hafi verið ákveðið. „Best væri að verja hluta leyfisins hér heima og hluta í útlöndum. Ég er svo lánsöm að búa á þessu fallega svæði fyrir austan. Ég hafði nokkrum sinnum komið á Austfirði sem ferðamaður áður en ég byrjaði hjá Alcoa, en er búin að kynnast svæðinu mun betur eftir að ég flutti hingað."



Hrönn segist vera lítil sólarstrandamanneskja þótt hún kunni vel við sig í hita. „Ég er nýkomin frá Ástralíu og kolféll fyrir því landi. Best líður mér þó á gangi í þjóðgörðum eða á fjöllum."

Hrönn gerir ráð fyrir að koma tvíefld til starfa í haust. „Þá þarf að ráða fullt af fólki í vinnu. Okkur vantar hundruð manna og ég á von á að það verði handagangur í öskjunni," segir Hrönn hin hressasta.

## SVONA ERUM VIÐ:



Árið 2003 voru 2.747 vélhjól til í landinu.

HEIMILD: HAGSTOFAN

DV

Starfsmaður Landspítala liggur þungt haldinn af hermannaveiki



– FIMM LÁTNIR VEGNA VEIKINNAR Í NOREGI
– BYRJAÐI AÐ VEIKJAST Á HÓTELI Á ÍTALÍU
– YFIRLÆKNIR SEGIR LÍÐAN HANS STÖÐUGA

DV – hefur þú séð DV í dag?



Náðu í eintak á næsta sölustað



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**UMVAFIN HUNDUM** Sannkallað fjölskylduboð var hjá Önnu Jónu Halldórsdóttur í gær þar sem chihuahua-hundar hennar léku sér ásamt barnabarni og barnabarnabarni sínu í garði Önnu á Álftanesinu. Þá fengu einnig shih-tzu-hvolpar dóttur Önnu að taka þátt í fjörinu.

# Smáhundaæði á Íslandi

**Smáhundum hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár. Þeir þykja sætir, auðveldir í meðförum og þurfa ekki eins mikla hreyfingu og stærri hundar.**

Þeir eru litlir og sætir og passa vel í handtösku. Nei, hér er ekki átt við nýjustu tegund gsm-síma heldur smáhunda eða selskapshunda eins og þeir eru stundum kallaðir; Hunda eins og chihuahua, japanskan chin, cavalier og marga fleiri sem hafa átt vaxandi vinsældum að fagna undanfarin ár á Íslandi.

„Fyrir fólk sem býr í borg er lítill hundur þægilegri en stór. Þú getur farið með hann allt með þér, hvort sem er í útilegu, í bæinn eða í heimsókn," segir Helga Þórðardóttir sem er yfir smáhundadeild Hundaræktarfélags Íslands. Hún telur að rekja megi ótrúlegar vinsældir smáhundakynsins til þess að fólki finnist mun auðveldara að halda lítinn hund. En auk þess hafi verið mikið af nýjum tegundum í boði og allt nýtt þyki spennandi.

Ekki eru nema tólf ár síðan byrjað var að flytja inn smáhunda til landsins að einhverju marki. Þegar cavalierinn kom náði hann miklum vinsældum og er stór deild innan HRFÍ, segir Helga sem áætlar að um þrjú þúsund smáhundar séu á Íslandi í dag.

Helga segir smáhunda ekki frábrugðna öðrum hundum í skapi. Þeir séu hvorki blíðari né grimmari en stærri hundar. Hins vegar finni hún fyrir mjög mismunandi viðhorfi fólks gagnvart stórum og smáum hundum. Fólk með litla hunda verði fyrir mun minna áreiti og viðhorfið yfirleitt jákvætt, enda þyki sniðugt og sætt að vera með hund í tösku.

Hanna Björk Kristinsdóttir hjá HRFÍ segir hundamenningu almennt vera að aukast í landinu. Þó hafi smáhundum fjölgað talsvert á undanförnum árum. Algengt sé til dæmis að fólk sem áður hafi átt kött en vilji fá sér hund, fái sér frekar lítinn hund en stóran. Smáhundar geri ekki eins mikla kröfu til eigandans um hreyfingu og auðveldara að sleppa því að fara í lengri gönguferðir daglega.

Verð á slíkum hundum er alfarið ákveðið af ræktendum sjálfum, segir Hanna. Algengt verð er þó frá um 120 til 180 þúsund krónur, þó að Hanna hafi heyrt fleygt að til séu dæmi um mun hærra verð.

solveig@frettabladid.is

Úlfar Eysteinsson eldar hval í stórum stíl:

# Grænfriðungar gæða sér á hrefnu

**NEYTENDAMÁL** „Ég er að selja 30 til 40 kíló af hval á viku," segir Úlfar Eysteinsson kokkur og meðeigandi á veitingastaðnum Þrír frakkar. Hann hefur boðið upp á hvalkjöt frá árinu 1989. „Ég hef tekið eftir því að fólk kemur hingað beint úr hvalaskoðun til að gæða sér á hvalkjöti. Nokkrum sinnum hef ég svo fengið fólk frá Greenpeace sem vill endilega smakka hval," bætir Úlfar við.

Sólmundur Oddsson innkaupastjóri Kaupáss segir hinsvegar að hvalkjötið hafi ekki staðið undir væntingum, það eigi sér mjög lítinn neytendahóp og erfitt sé að fá nýja neytendur. „Hinsvegar hef ég heyrt að til standi að leita nýrra leiða í markaðssetningu hvalkjötsins og það verður spennandi að sjá hvað gerist þá," segir hann. Sveinn Kjartansson, kokkur og meðeigandi í fiskbúðinni Fylgifiskar, segir að þeir hafi rokið til og boðið upp á hvalkjöt árið 2003, þar sem látið var í veðri vaka að allir væru vitlausir það. Eftirspurnin reyndist hins vegar svo lítil að þeir hafi hætt að bjóða upp á hval.

Úlfar segir að salan hjá sér hafi einnig verið nokkuð treg þar til verðið var lækkað í fyrra sumar. Eftir það hafi eftirspurnin ekki látið á sér standa og hann hafi ekki undan við að steikja hvalkjöt fyrir ævintýragjarna matgæðinga, en Úlfar giskar á að sjö af hverjum tíu sem panta hval séu útlendingar. -jse



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

**ÚLFAR EYSTEINSSON**
Tilbúinn að matreiða hvalkjötið á veitingastað sínum Þrír frakkar.


EKKERT BRUÐL
Skynsemin velur Bónus
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
KÍLÓBRAUÐ
99 kg KR.
Kíló brauð
10 drykkir í kassa
259 KR.
Capri-Sonne
ÍSL. SJÁVARFANG FROSINN LAX
699 KR.
BITAR BEIN- OG ROÐLAUSIR
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 999kr.
Danskt kaffi millibrennt
159 500g poki KR.
Guld Kaffe
GOÐA PYLSUPAKKI (10 STK.)
279 KR.
Merkt verð 428kr.
35% afsláttur við kassann
139 270 ml KR.
Piparsósa
Hvítlaukssósa
FROSINN LAX ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Laxabitar
ROÐLAUSIR OG BEINLAUSIR
5 GRILLBAKKAR
99 5 bakkar KR.
Bezt Álegg
Bónus býður betur!
KLETTASALAT * SALATBLANDA * SMÁSPÍNAT
BÓNUS Furuhnetur
129 100g poki KR.
159 100g poki KR.
2 naan brauð
159 260g KR.
Villibráðarkryddað læri
899 kg KR.
ALLTAF GOTT
KJARNAFÆÐI
Lúxus Lambalæri
PESTOKRYDDUÐ/VILLIKRYDDUÐ
1099 KR.
BEINLAUS LAMBASTEIK
BEINLAUS PESTOKRYDDUÐ
Lambasteik
BEINLAUS VILLIBRÁÐARKRYDDUÐ
PESTOKRYDDUÐ/VILLIKRYDDUÐ
1099 KR.
BEINLAUS LAMBASTEIK
Vanillu ís 2 lítrar
Súkkulaði ís 2
BÓNUS
2 LÍTRAR
198 KR.
Hrásalat
Kartöflusalat
KF salöt
95 350g KR.
Tilboðin gilda til sunnudags 29. maí eða meðan birgðir endast

360 gráður

**FBL GREINING:** SKANDINAVÍA

# Ríflega 23 milljónir í fjórum löndum

Íslendingar hafa löngum sótt bæði menntun og atvinnu til Skandinavíu og eru árlega þúsundum saman hjá okkar elsku norrænu vinum. En hvaða lönd eru þetta og hvernig er þar umhorfs.

**Noregur**
Noregur er vestast á meginlandi Skandinavíu og er þar að mörgu leyti svipað umhorfs og hér heima á Fróni. Vogskornar strendur og háir fjallatindar norður eftir öllu. Landið er 323 þúsund ferkílómetrar eða rúmlega þrefalt stærra en Ísland og íbúar þar eru 4,5 milljónir. Höfuðborgin Osló stendur við samnefndan fjörð sunnarlega í landinu og segja gárungarnir ýmist í gamni eða alvöru að Osló sé stærsta sveitaþorp í heimi. Norðmenn hafa hagnast gríðarlega undanfarna áratugi á olíunni sem leynist í Norðursjó.



**Svíþjóð**
Hej alla i hoppa, Svíþjóð er bæði fjölmennast og stærst allra Norðurlandanna, 450 þúsund ferkílómetrar og með 8,5 milljónir íbúa. Höfuðborgin Stokkhólmur stendur á austurströnd landsins við Eystrasaltið. Syðst eru miklar frjósamar sléttur og nyrst eru strjábýl freðmýri. Vötnin Vänern, Vättern og Mälaren eru með stærstu vötnum Evrópu og með hjálp skipaskurða er hægt að sigla þvert yfir landið frá Stokkhólmi til Gautaborgar.

**Danmörk**
Danir eru Íslendingum vel kunnir enda vorum við í konungssambandi við þá þangað til fyrir rúmum 60 árum. Landið er einungis 43 þúsund ferkílómetrar eða rétt um þriðjungur af Íslandi. Engu að síður eru Danir nær 5,5 milljónir og með ríkustu þjóðum heims þótt þeir hafi ekki úr neinum náttúruauðlindum að spila. Höfuðborgin Kaupmannahöfn stendur á Sjálandi og Amager og þar búa fleiri Íslendingar en í flestum íslenskum þorpum samanlagt.

**Finnland**
Fjarskyldustu frændur okkar í Skandinavíu eru Finnar en þeir eru rúmlega 5 milljónir. Flestir búa þeir í höfuðborginni Helsinki. Landið er 340 þúsund ferkílómetrar og skógi vaxið að stórum hluta. Landið er oft nefnt þúsund vatna landið og þar er ekkert verið að ýkja enda eru þar nær 600 þúsund nafngreind stöðuvötn.

## SPURT & SVARAÐ

**HVERNIG ER AÐ BÚA Í SKANDINAVÍU?**

### *Stórmál að heimækja Svía*

Séra Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfirði, er einn fjölmargra Íslendinga sem búið hafa í Skandinavíu en hann hefur bæði búið í Danmörku og Svíþjóð og lætur vel af.


ÞÓRHALLUR HEIMISSON

Hvers vegna búa svo margir Íslendingar í Skandinavíu?
Fyrir því eru margar ástæður, þjóðfélögin eru að mörgu leyti svipuð okkar og við því fljót að setja okkur inn í hlutina og aðlagast samfélaginu. Samt er munur á þjóðum, þannig eru Svíar seinteknari en kannski tryggari. Danir eru kátari og léttari í lund.
Hvort er betra að búa í Svíþjóð eða Danmörku?
Það er að mörgu leyti betra að búa sem Íslendingur í Svíþjóð en í Danmörku. Danir líta svolítið á okkur sem litla bróður þó það sé ekki illa meint. Það gera Svíar hins vegar ekki, heldur líta þeir upp til Íslendinga, tala um sögurnar og dugnað þjóðarinnar.
En það er líka margt sem skilur þá frá okkur, til dæmis skipulagsárátta og nákvæmni. Það getur verið stórmál að heimsækja fólk í Svíþjóð og verður að skipuleggja með löngum fyrirvara. Og þeir eiga til að spyrja hvort maður ætli að drekka einn eða tvo kaffibolla, til að hella ekki upp á of mikið kaffi að óþörfu. - ssal

# Ein Akureyri býr í Skandinavíu

**Allt frá því að norrænir bændur og víkingar tóku sig til fyrir rúmum þúsund árum og héldu til Íslands og gerðust Íslendingar með tímanum, hafa afkomendur þeirra haft mikil samskipti við hinar fornu heimaslóðir. Er óhætt að segja að Íslendingar hafa ekki haft meiri samskipti við nokkur önnur lönd í heiminum gegnum tíðina en Noreg, Danmörku og Svíþjóð.**




**FJÖLDI ÍSLENDINGA Í SKANDINAVÍU Í LOK SÍÐASTA ÁRS** Íslendingum búsettum í Skandinavíu hefur fjölgað mjög á síðustu árum.



**FRÉTTASKÝRING**
ÍSLENDINGAR Í SKANDINAVÍU

**SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Þessi norrænu samskipti hafa náð til allra sviða mannlegrar tilveru: viðskipta, menningar og menntunar svo eitthvað sé nefnt. Þannig sóttu Íslendingar eins og kunnugt er alla æðri menntun sína til Danmerkur um mörg hundruð ára skeið. Menningarsamskipti við önnur Norðurlönd hafa sömuleiðis verið mjög mikil og sama er að segja um viðskiptin en þar höfðum við reyndar ekki margra kosta völ um langan aldur þar sem Danir höfðu einkarétt á viðskiptum við Ísland. Það landslag hefur síðan breyst verulega þó að enn séu önnur Norðurlönd í hópi helstu viðskiptalanda Íslendinga.

**Mikil fjölgun upp úr 1970**
Mikil og tíð samskipti Íslendinga við Skandinavíu hafa líka leitt til þess að stórir hópar Íslendinga hafa sest að í löndum frændþjóðanna í lengri eða skemmri tíma. Má því gera skóna að hvergi í heiminum utan Íslands sé fleira fólk af íslensku bergi brotið búsett en í Skandinavíu, nema ef vera skyldi í Kanada.

Lengst af fóru langflestir Íslendingar sem settust að í Skandinavíu, til Danmerkur eða öllu heldur Kaupmannahafnar, enda tengslin við Dani sterkust og mest. Þetta mynstur fór að breytast undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar, þegar hallæri brast á hér á landi í kjölfar þess að síldin hvarf. Stórfellt atvinnuleysi varð til þess að fólk flúði land í stórum stíl og settust margir að í Svíþjóð, þar sem næga vinnu var enn að hafa í skipasmíðastöðvum í Malmö og Gautaborg sérstaklega, aukinheldur sem margir fengu vinnu í bifreiðaverksmiðjum Volvo í Gautaborg.

Margt fólk sem fór úr landi á þessum tíma býr enn ytra, svo og afkomendur þess sem margir hverjir hafa tekið upp nýtt ríkisfang.

**Ein Akureyri ytra**
Um svipað leyti og þetta gerðist fjölgaði mjög íslenskum námsmönnum sem leituðu framhaldsmenntunar í Skandinavíu og lá mestur straumurinn til Danmerkur og Svíþjóðar en margir fóru einnig til Noregs og þá fyrst og fremst til Oslóar. Síðan hefur Íslendingum í Skandinavíu fjölgað jafnt og þétt eins og taflan hér á síðunni ber með sér og voru orðnir nærri 16 þúsund manns í lok síðasta árs, en það samsvarar nálægt öllum íbúum Akureyrar.

Í raun er talan þó ívið hærri því hún nær einungis til þeirra sem hafa íslenskt ríkisfang en ljóst er að töluverður hópur fólks af íslensku uppruna hefur skipt um ríkisfang á umliðnum árum.

**Stöðugur straumur til Danmerkur**
Eins og taflan ber með sér tekur straumur fólks héðan til Skandinavíu mikinn kipp milli 1970 og 1980 þegar fjöldinn nærri þrefaldast. Og sérstaklega fjölgar þeim sem flytja til Svíþjóðar en 1980 eru þeir orðnir mun fleiri en í Danmörku sem fram að því hafði verið fjölmennasta Íslendinganýlendan.

Næstu fimm árin fækkar Íslendingum hins vegar talsvert í Svíþjóð meðan enn heldur áfram að fjölga bæði í Danmörku og Noregi.

Á árunum 1985-1990 fjölgar svo verulega á ný í Svíþjóð og nær hámarki 1990 en eftir það hefur greinilega dregið úr búferlaflutningum Íslendinga þangað.

Aftur á móti hefur haldið áfram að fjölga í Danmörku jafnt og þétt og sama er að segja um Noreg nema hvað eilítil fækkun verður þar frá 2003-2004. Og 2003 eru í fyrsta sinn fleiri Íslendingar búsettir í Noregi en Svíþjóð. Straumurinn liggur samt augljóslega til Danmerkur undanfarin ár og nálgast fjöldinn þar að vera samanlagður fjöldi Íslendinga í Noregi og Svíþjóð. ■



**ÍSLENSKIR RÍKISBORGARAR BÚSETTIR Á ÖÐRUM NORÐURLÖNDUM**

| | Alls | Danmörk | Finnland | Noregur | Svíþjóð |
|---|---|---|---|---|---|
| 1970 | 2.763 | 1.196 | 1 | 380 | 1.186 |
| 1975 | 3.655 | 1.686 | 13 | 648 | 1.308 |
| 1980 | 7.481 | 2.705 | 31 | 1.265 | 3.480 |
| 1985 | 8.639 | 3.433 | 38 | 1.847 | 3.321 |
| 1990 | 10.921 | 3.415 | 93 | 2.119 | 5.294 |
| 1995 | 11.393 | 3.922 | 116 | 3.983 | 4.102 |
| 2001 | 14.085 | 5.965 | 133 | 3.930 | 4.057 |
| 2002 | 14.398 | 6.137 | 133 | 3.992 | 4.136 |
| 2003 | 15.449 | 6.892 | 130 | 4.219 | 4.208 |
| 2004 | 15.916 | 7.433 | 137 | 4.114 | 4.232 |

**Heimildir: Hagstofa Íslands og Nordic Statistical Yearbook**

KYNNINGARFUNDUR 27. MAÍ 2005

BAKKAVÖR GROUP HF.



Bakkavör Group hf. boðar til kynningarfundar í tilefni af yfirtöku félagsins á Geest í Leikhússal Iðnó, Vonarstræti 3, kl. 16:30 föstudaginn 27. maí 2005.

Á fundinum fara Ágúst Guðmundsson stjórnarformaður og Lýður Guðmundsson forstjóri yfir breytta ásýnd félagsins í kjölfar yfirtökunnar.

Að fundi loknum verður boðið upp á léttar veitingar frá félaginu. Hluthafar og aðrir fjárfestar eru velkomnir.

Stjórn Bakkavör Group hf.

BAKKAVÖR

bakkavor.com

TUNGLIÐ




Gildir til 1. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa Kringlu og Smáralind.

360 gráður

**FBL-GREINING:** ÁLVER OG ATVINNA

# Fjögur hundruð störf í Helguvík?

Nýtt álver Norðuráls í Helguvík á Reykjanesi myndi án efa skapa fjölda nýrra starfa. Álver Norðuráls á Grundartanga hefur veitt fjölda fólks atvinnu en flestir starfsmenn koma frá nágrannasveitarfélögunum Borgarnesi og Akranesi. Álver og stóriðja eru hagsmunamál fyrir hinn almenna þegn ekki síður en fyrir þjóðarbúið. Ríkið og sveitarfélögin innheimta skatta og gjöld og einstaklingarnir fá atvinnu. Það eru því ekki aðeins þjóðartekjur og hagstærðir sem skipta máli heldur einnig kjör og lífsskilyrði hins venjulega manns. Á endanum eiga allir að græða svo framarlega sem skilyrðum hins opinbera um umhverfisáhrif sé fullnægt en um þau snúast líklega mestu deilurnar og andstaðan sýnist hvað hörðust um.



**Fjögur hundruð störf**

Fyrirhugað álver í Helguvík mun eiga að geta framleitt um hundrað og fimmtíu til tvö hundruð þúsund tonn af áli á ári. Til samanburðar má geta þess að álver Norðuráls á Grundartanga framleiðir í dag um níutíu þúsund tonn og þar starfa um tvö hundruð manns. Fjöldi starfa helst ekki í hendur alveg í réttu hlutfalli við aukna framleiðslu en gera má ráð fyrir því að álverið myndi skapa um 350-400 ný störf. Orkuþörfin fyrir álverið í Helguvík er um 350 megavött sem jafngildir um þremur Nesjavallarvirkjunum en uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar er 690 megavött.

**Framkvæmdir á árinu 2008**

Nú er verið að stækka álverið á Grundartanga og má ætla að þeim framkvæmdum verði að mestu lokið á árinu 2008. Hugsa mætti sér að það tæki um tvö ár að huga að þeim þáttum sem snúa að umhverfisáhrifum álversins í Helguvík. Þannig gætu framkvæmdir við Helguvík hafist á svipuðum tíma og þeirri stækkun lyki sem er í takt við þær yfirlýsingar sem fram hafa komið að álverið geti hafið framleiðslu á árunum 2010-2015.

Vinstri-grænir í Reykjavík:

# Segja Alfreð hóta að slíta samstarfinu

**ÁLVER** Ummæli Alfreðs Þorsteinssonar í Fréttablaðinu í gær um mögulegan meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Orkuveitu Reykjavíkur hafa vakið hörð viðbrögð hjá Vinstri-grænum. Stjórn Vinstri-grænna í Reykjavík kom saman til fundar í gær og harmaði afstöðu Alfreðs til málsins.

Tryggvi Friðjónsson, fulltrúi Vinstri-grænna í stjórn Orkuveitunnar, hefur sagt að hann og sinn flokkur leggist gegn orkusölu til stóriðju í gegnum Orkuveitu Reykjavíkur. Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir honum að hann hygðist greiða atkvæði gegn slíkri tillögu innan stjórnarinnar.

Í ályktuninni segja Vinstri-grænir að Alfreð hafi með orðum sínum hótað að slíta meirihlutasamstarfinu í Reykjavík og í ljósi þess að nú fari fram viðræður um áframhald R-lista-samstarfsins, hafi Alfreð mögulega spillt fyrir viðræðunum og sett framtíð R-listans í uppnám. **- hb**



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Skrifar undir samning fyrir hönd Orkuveitunnar vegna stækkunar Norðuráls á Grundartanga.



**AÐSTÆÐUR Í HELGUVÍK SKOÐAÐAR Í GÆR** Hjálmar Árnason, þingmaður í suðurkjördæmi, Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.




# Margklofin stjórn Orkuveitunnar

**Oddviti Samfylkingarinnar í R-lista samstarfinu segist ekki vilja blanda Orkuveitunni í kapphlaup vegna álvers í Helguvík.**

**ÁLVER** Ef fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar leggst gegn orkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík þarf stuðning sjálfstæðismanna til þess að málið hljóti meirihlutasamþykki í stjórninni svo framarlega sem þeir sitja ekki hjá við atkvæðagreiðslu. Þegar er ljóst að Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, mun vera hlynntur orkusölu til álvers en hann hefur tvöfalt vægi í stjórninni.

Alls sitja sex í stjórn Orkuveitunnar og þar af eru fimm kjörnir fulltrúar Reykjavíkurborgar en einn, Guðmundur Páll Jónsson, er kjörinn af bæjarráði Akraneskaupstaðar. Hann segist jákvæður á orkusölu til álvers.

„Ég mun taka ákvörðun í þessu máli þannig að hagsmunir Orkuveitunnar verði sem mestir. Ég tel að við höfum gert vel með því að selja raforku til stækkunar álversins á Grundartanga og er því jákvæður á fyrirhugað álver í Helguvík,“ segir Guðmundur. Þannig standa því þrjú atkvæði gegn tveimur ef til atkvæðagreiðslu kemur og til að hljóta afgerandi stuðning þarf atkvæði sjálfstæðismanna. Þeir hafa hins vegar ekki tekið opinbera afstöðu í málinu enda hefur það ekki enn verið kynnt í stjórninni.

**Hitaveitan býst við samstarfi**

Júlíus Jón Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, segist ekki búast við öðru en að til samstarfs við Orkuveitu Reykjavíkur komi. „Við gerum ekki ráð fyrir öðru en að Orkuveita Reykjavíkur muni vilja starfa með okkur að því að uppfylla orkuþörf álversins í Helguvík ef til þess kemur. Við höfum að minnsta kosti ekki fengið skilaboð um annað. Við erum að framkvæma núna og munum geta framleitt um 145 megavött eftir stækkun en sú orka er öll seld þannig við þurfum að leita samstarfs við aðra aðila þar sem gert er ráð fyrir því að hið nýja álver muni þurfa um 350 megavött,“ segir Júlíus.

Hann segir koma til greina að eiga samstarf við Landsvirkjun en Hitaveita Suðurnesja standi ekki í annarri trú en af samstarfinu við Orkuveituna verði.

**Iðnaðarráðherra kannar aðstæður**

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, átti í gær fund með Árna Sigfússyni, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, og kannaði aðstæður í Helguvík. Ljóst er að álver í Helguvík er mikið kappsmál fyrir Reykjanesbæ og hagsmunir bæjarins miklir. Allt ræðst þó ákvörðunin að því hvort tekst að fá þá orku sem þarf til verkefnisins og slíkt kann að ráðast í stjórn Orkuveitunnar sem fundar um málið 1. júní. **– hb**

**Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur**

| Já x2 | ? | Já | Nei | Nei | ? |
|---|---|---|---|---|---|
| **Alfreð Þorsteinsson** Framsókn Rvk | **Guðlaugur Þór Þórðarson** Sjálfstæðisfl. Rvk | **Guðmundur Páll Jónsson** Framsókn Akran. | **Sigrún Elsa Smáradóttir** Samfylk. Rvk | **Tryggvi Friðjónsson** VG Rvk | **Þorbjörg Vigfúsdóttir** Sjálfstæðisfl. Rvk |



# Tilboð helgarinnar

## á frábæru verði




frábær helgarsteik

**1.119** kr.kg.

Borgarnes helgargrís með sólþurrkuðum og basil



Íslensk kjötsúpa klikkar aldrei

**449** kr.kg.

Súpukjöt frampartur




**359** kr.stk.

Nagga kjötbollur




**989** kr.kg.

Grísahnakkasneiðar




Starbucks kaffi Loksins á Íslandi!



ferskt og gott

**35** kr.

Íslenskar agúrkur



**189** kr.stk.

Lambhagasalat




42% afsláttur

**399** kr.kg

Ferskur kjúklingur

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 20. til 22. maí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

# skoðun

## SJÓNARMIÐ
**KÁRI JÓNASSON**

Framboðsmál fyrir borgarstjórnarkosningar á næsta ári setja svip sinn á umræðuna.

# Sviptingar í borgarstjórnarflokkum

Borgarmálaumræðan hefur tekið mikinn kipp undanfarna daga og er greinilegt að titrings er farið að gæta í herbúðum bæði Reykjavíkurlistans og sjálfstæðismanna fyrir borgarstjórnarkosningarnar að ári. Allt er þetta spurning um völd og áhrif.

Það er ekkert nýtt að einhver núningur sé milli fulltrúa Vinstri-grænna og annarra í Rlistanum, en þrátt fyrir töluverð átök hafa menn náð saman á endanum, með einhverskonar málamiðlunum, þannig að borgarfulltrúar hafa getað sæmilega vel við unað. Uppákoman núna varðandi hugsanlega raforkusölu Orkuveitu Reykjavíkur til álvers í Helguvík kemur á viðkvæmum tíma, einmitt þegar flokkarnir í meirihlutasamstarfinu í Reykjavík eru að ræða saman um áframhaldandi samstarf.

Innan Sjálfstæðisflokksins eru líka merki um átök varðandi framboðslistann á næsta ári. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur verið í forystu fyrir listann, frá því að Björn Bjarnason gaf hana frá sér. Vilhjálmur hefur sagt að hann sé reiðubúinn að leiða listann áfram, enda með gífurlega reynslu og þekkingu á borgarmálum og sveitarstjórnarmálum almennt. Unga órólega fólkið á listanum vill hins vegar greinilega breytingar, en það er bara spurning hvort kjósendur séu sama sinnis. Það eru þeir sem ráða niðurstöðu kosninganna, en ekki einhverjar flokksklíkur vítt og breitt um borgina.

Bæði Reykjavíkurlistinn og sjálfstæðismenn hafa á liðnum árum gengið í gegnum miklar hremmingar hvað varðar skipan borgarstjóra, þannig að það er jafnt á komið með fylkingunum í þeim efnum. Segja má að Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sé nú í svipaðri stöðu og þegar Árni Sigfússon tók skyndilega við leiðtogahlutverki sjálfstæðismanna nokkrum mánuðum fyrir borgarstjórnarkosningar á sínum tíma og tapaði kosningunum. Að vísu hefur Steinunn Valdís nú lengri tíma til að sanna sig í embætti en Árni á sínum tíma, en engu að síður er staða þeirra svipuð.

Ef reist verður álver í Helguvík er ljóst að það dugar ekki að semja aðeins við Hitaveitu Suðurnesja um orkukaup, heldur verða bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur að koma að því máli, miðað við þá stærð af álveri sem nú er talað um. Það þarf því bæði meirihlutasamþykki stjórnar Landsvirkjunar og Orkuveitunnar svo hægt sé að halda áfram undirbúningi fyrir álver í Helguvík. Sjálfstæðismenn í stjórnum beggja þessara fyrirtækja geta varla farið að bregða fæti fyrir flokksbræður sína á Suðurnesjum í þessu máli, þótt þeir muni notfæra sér það til hins ýtrasta til að gera Reykjavíkurlistanum erfitt fyrir nú á viðkvæmum tímum. Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, hefur yfirleitt komið standandi niður í átökum innan Reykjavíkurlistans og nú kann ef til vill enn og aftur að koma í ljós náinn vinskapur og samvinna þeirra Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í borgarmálum, þannig að báðir hafi hag af. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gagnrýnir ekki

Í umræðum manna á meðal þessa dagana eru ýmsir nefndir í sambandi við sendiherraembætti. Hæst hefur borið nafn Guðmundar Árna Stefánssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, sem talað er um að verði innan tíðar skipaður sendiherra í Kaupmannahöfn eða Stokkhólmi. Þó að nýr formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, segist ætla að skera upp herör gegn klíkuskap og fordæmi pólitískar ráðningar má treysta því að hún mun ekki gagnrýna skipun Guðmundar Árna. Hvernig er líka hægt að ætlast til þess að maður sé með einhver leiðindi út í flokksbróður sinn? Og ekki bendir yfirstjórnin í ráðhúsinu frá tíð Ingibjargar Sólrúnar beinlínis til þess að lögmál klíkuskaparins hafi verið sniðgengin hjá R-listanum fremur en öðrum stjórnmálaflokkum.



### Ekki Jóhanna

Egill Helgason skrifar á Vísi í gær: „Þegar Guðmundi Árna Stefánssyni er úthlutað sendiherrastöðu tekur ein klíkan til starfa. Þetta er *the old boy's network*. Guðmundur er talinn verðugur þessa embættis vegna þess að hann hefur alltaf verið einn af strákunum. Samt sat hann ekki sem ráðherra nema í nokkra mánuði. Þurfti að hverfa úr embætti við lítinn orðstír. Jóhönnu Sigurðardóttur er hins vegar ekki boðið sendiherraembætti. Hún var þó ráðherra í sjö ár. En hún er ekki í klíkunni – og hún er kona."

### Sigríður Dúna?

Í heitum pottum sundlauganna eru fleiri að verða sendiherrar. Einhverjir þurfa jú að taka við þegar kempur eins og Þorsteinn Pálsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Ingimundur Sigfússon snúa heim. Júlíus Hafstein er einn þeirra sem nefndir eru til sögu, annar er Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri og þriðja nafnið sem heyrðist í vikunni er Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur háskólakennara. Nútímalegir stjórnmálamenn sem ráða í sendiherraembætti gleyma auðvitað ekki kvenþjóðinni. En fari Sigríður Dúna utan vaknar spurning um það hvort eiginmaður hennar, Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar, fylgir henni. Og þá losnar eftirsótt forstjórastaða. Það gæti verið skemmtilegur kapall fram undan!

**gm@frettabladid.is**

# Svona eiga sýslumenn að vera

Nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar hefur á ferli sínum markað sér ýmislega sérstöðu meðal íslenzkra stjórnmálamanna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varð t.d. einna fyrst alþingismanna, þá fulltrúi Kvennalistans á þingi, til að ljá máls á inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Málflutningur hennar hefur verið í góðu samræmi við sjónarmið þeirra, sem aðhyllast lýðræði, framtak og frjálsan markaðsbúskap – og það er meira en hægt er að segja um orð og athafnir ýmissa andstæðinga hennar í öðrum flokkum.

Málið er samt ekki mjög einfalt frá mínum bæjardyrum séð. Langlífi núverandi ríkisstjórnar – hún hefur setið síðan 1995, næstlengst allra í lýðveldissögunni – á sér ýmsar skýringar. Ein þeirra er sú, að stjórnarandstaðan hefur verið veik, mjög veik. Langlífi dáðlausra ríkisstjórna er yfirleitt til marks um það, að stjórnarandstaðan nýtur ekki nægs trausts meðal almennings. Samfylkingin og hinir andstöðuflokkarnir tveir á Alþingi hafa ekki reynzt nógu vel í ýmsum mikilvægum málum. Látum eitt dæmi duga. Andstaða Samfylkingarinnar og flokkanna þriggja, sem hún spratt af (Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Kvennalista), gegn ókeypis afhendingu fiskikvótans í hendur útvegsmanna var fálmkennd og veik frá fyrstu tíð, eins og t.a.m. Sverrir Hermannsson, stofnandi Frjálslynda flokksins, hefur rakið í mörgum Morgunblaðsgreinum, og hún var í litlu samræmi við eindregna andúð almennings á þeirri skipan, sem Alþingi samþykkti. Samfylkingin og fyrirrennarar hennar náðu ekki áttum fyrr en stormurinn var að mestu um garð genginn. Þetta er þó auðvitað ekki sök Ingibjargar Sólrúnar í fyrsta lagi, enda hefur hún starfað mest að borgarmálum, heldur margra annarra. Þau kveiktu of seint.

Væri Reykjavíkurflugvöllur enn á sama stað, hefði Ingibjörg Sólrún tekið það mál fastari tökum sem borgarstjóri Reykjavíkur? Hún stýrði borginni í 9 ár og hafði drjúgan tíma til að sannfæra Reykvíkinga og aðra um nauðsyn þess að flytja flugvöllinn. Hún lét sér nægja að reyna að þoka málinu áleiðis á lokuðum fundum og komst hvorki lönd né strönd fyrir Framsóknarflokknum. Hún fékk því þó ráðið á endanum, að efnt var til almennrar atkvæðagreiðslu meðal borgarbúa um málið. Reykjavíkurlistinn komst upp með þennan hægagang m.a. vegna þess, að sjálfstæðismenn veittu honum ekkert aðhald í málinu, öðru nær. Sjálfstæðisflokkurinn virðist vilja, líkt og Framsóknarflokkurinn, að Reykjavík sé framlengdur armur dreifbýlisins: eitt allsherjarúthverfi, þar sem menn aka langar leiðir milli húsa líkt og í sveitinni. Við, sem viljum fjarlægja flugvöllinn án frekari tafar, við viljum, að Reykjavík fái frið til að breytast í hávaxna, þéttbýla heimsborg með brosandi brýr út í Viðey og Engey og yfir sundin, svo að sveitirnar og sjávarþorpin fái þá einnig að varðveita fagra sérstöðu sína.

## Í DAG
SAMFYLKINGIN



**ÞORVALDUR GYLFASON**

*Samfylkingin og hinir andstöðuflokkarnir tveir á Alþingi hafa ekki reynzt nógu vel í ýmsum mikilvægum málum.*

Ingibjörg Sólrún ber léttan farangur inn á formannsskrifstofu Samfylkingarinnar og inn í stjórnarráðið, þegar þar að kemur. Hún verður ekki sökuð um sérdrægni. Styrkur hennar sem stjórnmálamanns er m.a. fólginn í því, að hún hefur ekki bundið trúss sitt við hagsmunahópa og ekki heldur við jafnaðarflokka í öðrum löndum eða aðra strauma og stjórnmálastefnur. Þessi staða gæti átt eftir að reynast henni og flokki hennar vel að því leyti, að Samfylkingin undir hennar forustu er þá e.t.v. ólíklegri en ella til að endurtaka ýmis mistök jafnaðarmanna í öðrum löndum frá fyrri tíð – mistök, sem hafa t.d. orðið til þess, að Svíþjóð hefur smám saman dregizt aftur úr öðrum OECD-löndum í efnahagslegu tilliti síðan 1970 og Þýzkaland er í kröggum. Þannig gætu t.d. vel útfærðar markaðslausnir í menntamálum eins og þær, sem Verkamannaflokkurinn brezki hefur beitt sér fyrir í neyð, e.t.v. náð fram að ganga fyrir atbeina Samfylkingarinnar undir forustu Ingibjargar, enda virðist engin önnur leið fær til að ná endum saman á þeim vettvangi. Svipað á að sönnu við um heilbrigðismálin, og vandinn þar er enn meiri en í menntamálum. Þessir málaflokkar skipta sköpum. Hvort vill Samfylkingin heldur: að hún innleiði sjálf á eigin forsendum nauðsynleg úrræði í heilbrigðis- og menntamálum eða andstæðingar hennar?

Ingibjörg Sólrún sagði á landsfundi flokks síns, að íslenzkt samfélag þyldi ekki lengri bið eftir breytingum. Ég segi eins og Skugga-Sveinn: „Svona eiga sýslumenn að vera." ■










FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# 20% afsláttur af Nicotinell Classic

## frá 25. maí - 5. júní í öllum verslunum Lyfju




## Reyklausi dagurinn er 31. maí.

**Nýtum tilefnið og losum okkur við reykinn fyrir fullt og allt.**

**FÆST ÁN LYFSEÐILS**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 28453 05/2005

**Nicotinell** tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað á meðgöngu/brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd

KAUPTHING MANAGEMENT COMPANY S.A.

Management Company of Kaupthing Investment Funds
**Registered office: 39, Allée Scheffer**
**L-2520 Luxembourg**
**RC Luxembourg B 66 681**

**NOTICE TO THE UNITHOLDERS**

*******************

We are pleased to inform you of the change of the investment policy of the following sub-funds:

– The investment policy of the Sub-Fund Kaupthing Investment Funds-Manager Selection Global Equity will be changed as follows:

"By investing in a portfolio holding **securities of open-ended and closed-ended international equity funds, geographical funds as well as enhanced index funds**, the policy of this Sub-Fund is to invest principally in open-ended funds. The Sub-Fund will on an accessory basis invest in closed-ended funds. This Sub-Fund will at any time invest at least 20 % of its net assets in shares/units of other open-ended funds.

In this context, notwithstanding what is provided for under Chapter G, II, a, b, c of the IML Circular 91/75 of January 21, 1991, as well as to those provided under Chapter VI - "Investment Restrictions", the Sub-Fund will not invest more than 20% of its net assets in shares/units of the same regulated open-ended investment fund and will not invest more than 10% of its net assets in shares/ units of the same non-regulated open-ended investment fund. This Sub-Fund may hold liquidities on an ancillary basis.

The objective is to secure long term capital growth by investing in a world-wide portfolio of shares of international equity funds, geographical funds and enhanced index funds as well as in equities principally drawn from the world's major stock markets.

Equity options and futures contracts may be utilised in the management of market risk. Forward foreign exchange contracts, equity futures and options may also be used for hedging purposes and equity futures and options may also be used in conjunction with cash and short-term money market securities in order to create combinations of securities whose market behaviour is similar to conventional equity securities.

The benchmark will be the MSCI World Equity Index."

– The investment policy of the Sub-Fund Kaupthing Investment Funds-Manager Selection Global Sector will be changed as follows:

"By investing in a portfolio holding **securities of open-ended and closed-ended international equity funds, geographical funds as well as enhanced index funds**, the policy of this Sub-Fund is to invest principally in open-ended funds. The Sub-Fund will on an accessory basis invest in closed-ended funds. This Sub-Fund will invest at any time at least 20 % of its net assets in shares/units of other open-ended funds.In this context, notwithstanding what is provided for under Chapter G, II, a, b, c of the IML Circular 91/75 of January 21, 1991, as well as to those provided under Chapter VI - "Investment Restrictions", the Sub-Fund will not invest more than 20% of its net assets in shares/units of the same regulated open-ended investment fund and will not invest more than 10% of its net assets in shares/ units of the same non-regulated open-ended investment fund. This Sub-Fund may hold liquidities on an ancillary basis.
The objective is to secure long term capital growth by investing in a world-wide portfolio of shares of international equity funds, geographical funds and enhanced index funds as well as in equities principally drawn from privatisation situations within various sectors of the economy, newly industrialised markets and any other opportunities within different sectors of the economy.
Potential investors in the Sub-Fund are warned that investment in the Sub-Fund is subject to a high degree of risk. Units of the Sub-Fund are only suitable for investors who can fully evaluate the risks involved. Indeed the risks inherent in investment in Emerging countries' securities are significant, and differ in kind and degree from the risks presented by investments in the world's major stock markets. These risks, which in addition to the usual risks associated with equity investments, include political, regulatory and economic risks that may be substantially greater than those associated with other financial markets. Although stock markets in certain Emerging countries have provided substantial returns in recent years, there can be no assurance that such performance will continue.

Equity options and futures contracts may be utilised in the management of market risk. Forward foreign exchange contracts, equity futures and options may also be used for hedging purposes and equity futures and options may also be used in conjunction with cash and short-term money market securities in order to create combinations of securities whose market behaviour is similar to conventional equity securities.

The benchmark will be the MSCI World Equity Index."

**These changes will be effective as from June 24, 2005.**

**The articles 1 and 5 of the management regulations of the Fund will be amended according to these changes.**

**Copy of the prospectus dated June 2005 can be obtained free of charge at the registered office of the Management Company.**

The Board of Directors

# Alþýðusambandið fer á kostum

**UMRÆÐAN**
STARFSMANNALEIGUR



**SVEINN ANDRI SVEINSSON**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

*Hefði aðstoðarframkvæmdastjórinn ómakað sig og fylgst með réttarhöldunum hefði hann séð að það var í raun ekki fyrr en vinnuveitandi Lettanna var yfirheyrður að kjör mannanna og ráðningarsamband skýrðist. Fram að því hafði þetta verið í þoku enda þessir ágætu menn ekki með sín mál mjög á hreinu.*

Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ fer í fjölmiðlum gersamlega á kostum í tilefni af því að þrír Lettar og íslenskt verktakafyrirtæki voru nýverið sýknuð í Héraðsdómi Austurlands af ákæru um brot á lögum um útlendinga. Halldór úthúðar ágætum verjanda GT-verktaka, Marteini Mássyni hdl, og sakar hann um að hafa hannað atburðarás málsins eftir á. Hefði aðstoðarframkvæmdastjórinn ómakað sig og fylgst með réttarhöldunum hefði hann áttað sig á að þessu var þveröfugt farið. Halldór hellir sér yfir sækjanda málsins fyrir austan og segir hann ekki hafa spurt ýmissa lykilspurninga, til dæmis hvort Vislande, vinnuveitandi hinna ákærðu Letta, væri yfirhöfuð til. Hefði aðstoðarframkvæmdastjórinn ómakað sig og fylgst með réttarhöldunum hefði hann heyrt fyrirsvarsmann Vislande einmitt gefa allar þessar upplýsingar og séð að sækjandi málsins leysti af hendi sitt starf með sóma og af samviskusemi.

Í grein í Fréttablaðinu þann 23. maí sl. segir Halldór að ákærðu hafi verið sýknaðir þó að þeir hafi verið margsaga í málinu og að lengi framan af hafi ekkert legið fyrir í málinu um starfskjör þeirra eða ráðningarsamband. Hefði aðstoðarframkvæmdastjórinn ómakað sig og fylgst með réttarhöldunum hefði hann séð að það var í raun ekki fyrr en vinnuveitandi Lettanna var yfirheyrður að kjör mannanna og ráðningarsamband skýrðist. Fram að því hafði þetta verið í þoku enda þessir ágætu menn ekki með sín mál mjög á hreinu. Í sömu grein segist Halldór vilja leiðrétta „þá villu“ sem komið hafi fram hjá undirrituðum að ríkisborgarar frá nýjum aðildarríkjum ESB þurfi ekki atvinnuleyfi hyggist þeir dveljast og starfa hér á landi í 3 mánuði. Vegna þessa er ekki úr vegi að birta í Fréttablaðinu orðrétt dómsniðurstöðu Héraðsdóms Austurlands: „Samkvæmt a-lið 14. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga er meginreglan sú að ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðrir útlendingar sem falla undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu séu undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Lettland er eitt hinna nýju ríkja sem bættust í hóp aðildarríkja með samningnum um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem tók gildi 1. maí 2004. Stækkunarsamningurinn kvað á um heimild til að beita sérstökum aðlögunarákvæðum að því er varðar frjálsa för launafólks frá hinum nýju ríkjum, öðrum en Möltu og Kýpur, og fresta þannig fullum aðgangi launafólks frá þessum ríkjum að íslenskum vinnumarkaði. Í því skyni að nýta aðlögunarheimildir stækkunarsamningsins var gerð breyting á lögum nr. 96/2002 um útlendinga. Með 17. gr. breytingarlaga nr. 20/2004 var bætt við lögin ákvæði til bráðabirgða þar sem lögfest var að til 1. maí 2006 gildi ákvæði 1. mgr. 35. gr. um heimild EES-útlendings til dvalar án sérstaks leyfis í sex mánuði ef hann er í atvinnuleit, ekki um launþega frá hinum nýju ríkjum Evrópusambandsins, að Möltu og Kýpur frátöldum. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 96/2002 má útlendingur sem fellur undir reglur EES-samningsins eða stofnsamnings EFTA koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Þykir ljóst af orðalagi bráðabirgðaákvæðisins að með því sé einungis frestað gildistöku hins tilvitnaða ákvæðis 1. mgr. 35. gr. Önnur ákvæði 1. mgr. 35. gr. gildi hins vegar gagnvart ríkisborgurum hinna nýju ríkja, þ.á m. Lettlands frá og með 1. maí 2004. Þeim sé því heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér eða starfa í allt að þrjá mánuði frá komu til landsins. Var ákærðu, sem eru frá Lettlandi, því heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér eða starfa, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 96/2002.“

Ekki veit ég hvaða störfum aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ gegnir eða hvaða hæfniskröfur eru gerðar til þeirra sem starfinu gegna, en er ekki lágmarkskrafa launþega í landinu sem stritað hafa fyrir félagsgjöldunum sem þangað renna, að fulltrúar þeirra annars vegar kunni að lesa og hins vegar að þeir séu ekki að dylgja staðlausa stafi? ■

# Árás á kjör og stöðu öryrkja

**UMRÆÐAN**
KJÖR ALDRAÐRA



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

*Þeir launþegar, sem eru fyrir neðan meðallag til vinnu, eru miskunnarlaust reknir. Þeir lenda á atvinnuleysisskrá og brotna niður, þar eð þeir fá ekki vinnu á ný. Það er búið að skapa hér peningagræðgisþjóðfélag, sem ýtir öllum til hliðar, sem ekki standa sig 100%.*

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til þess að reikna út hvað öryrkjum hefði fjölgað mikið á tilteknu árabili og hvað heildarupphæð örorkulífeyris hefði hækkað mikið á því tímabili. Síðan er haldinn blaðamannafundur og tilkynnt að öryrkjum hafi fjölgað mjög mikið! Maður hefði nú haldið að starfsmenn heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins hefðu getað lagt saman fjölgun öryrkja á umræddu tímabili. Varla hefur þurft að fá aðstoð Háskólans í því efni. Auk þess liggur þetta allt fyrir í ársskýrslum Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta er ekkert annað en sjónarspil. Ráðamönnum er mikið í mun að draga fram aukin útgjöld ríkisins vegna fjölgunar öryrkja. Og í þeirri áróðursherferð þykir vænlegt að beita Hagfræðistofnun Háskólans. Tölur um fjölgun öryrkja eiga að vigta eitthvað meira ef sú stofnun birtir þær en ef Tryggingastofun eða heilbrigðisráðuneyti birtir þær. Síðan rekur Hagfræðistofnun upp mikið óp og segir, að örorkubætur séu mjög háar og hvetji menn til þess að vera frekar á örorkubótum en atvinnuleysisbótum! Fróðlegt væri að bera saman laun forstöðumanns Hagfræðistofnunar og dæmigerðs öryrkja. Ég reikna ekki með að forstöðumaðurinn mundi vilja skipta og reyna að lifa af launum öryrkjans.

Það komu engin ný sannindi fram í skýrslu Hagfræðistofnunar um fjölgun öryrkja. Garðar Sverrisson, fyrrverandi formaður Öryrkjabandalagsins, hefur margoft rætt þessa fjölgun og skýrt orsakir hennar. Hann hefur bent á, að atvinnuleysið og aukin harka atvinnulífsins gegn launafólki sé aðalorsök fjölgunar öryrkja. Atvinnurekendur vilja ekki lengur vinnukraft, sem ekki stendur sig 100%. Þeir launþegar, sem eru fyrir neðan meðallag til vinnu, eru miskunnarlaust reknir. Þeir lenda á atvinnuleysisskrá og brotna niður, þar eð þeir fá ekki vinnu á ný. Það er búið að skapa hér peningagræðgisþjóðfélag, sem ýtir öllum til hliðar, sem ekki standa sig 100%. Áður höfðu atvinnurekendur manneskjuleg sjónarmið við mannaráðningar og mat á starfsfólki. Það er liðin tíð. Þess vegna verða nú margir að öryrkjum, sem áður gátu verið á vinnumarkaðnum. Stjórnvöld hafa skapað þetta ástand. Þau eiga við sig sjálf að sakast í því efni.

Lífeyrir einhleypra öryrkja er aðeins um 90 þús. kr. á mánuði eftir skatta og rúmlega það hjá þeim sem urðu ungir örykjar. Það lifir enginn mannsæmandi lífi af því eins og húsnæðiskostnaður er hér nú. Það er út í hött fyrir Hagfræðistofnun Háskólans að kalla þetta háar örorkubætur. Þetta eru smánarlega lágar bætur. Það réttlætir ekki þessar lágu bætur, að atvinnuleysisbætur skuli vera enn lægri. Það þarf að leiðrétta verulega atvinnuleysisbætur. Þær eru til skammar. Það er einnig ósmekklegt að halda því fram, að öryrkjar svindli á kerfinu og fái hærri bætur en þeir eigi rétt á eða fái bætur á röngum forsendum. Það fær enginn örorkulífeyri nema hann fari í læknisskoðun og fái örorkumat hjá tryggingaryfirlækni. Ef menn eru óánægðir með það hvað margir fá örorkulífeyri og telja þá of marga er við tryggingayfirlækni og lækna að sakast en ekki við öryrkja. Einnig geta menn verið óánægðir með reglurnar. Þær eru ekki settar af öryrkjum. Því hefur lengi verið haldið fram, að sumir misnoti tryggingakerfið. Í því sambandi hefur mikið verið rætt um einstæðar mæður, sem sagt er, að haldi bótum sem slíkar eftir að þær eru komnar í sambúð o.s.frv. Það hefur oft verið ráðist á einstæðar mæður á þessum forsendum. Nú er ráðist harkalega á öryrkja með aðstoð Hagfræðistofnunar Háskólans. Það er verið að draga athyglina frá hinni raunverulegu orsök vandans, sem er atvinnuleysið og miskunnarlaus hörkustefna atvinnurekenda gagnvart launþegum.

Stjórnvöldum væri nær að afnema sérréttindi ráðherra og æðstu embættismanna, sem eru á margföldum eftirlaunum og geta jafnvel tekið há eftirlaun þó þeir séu á fullum launum í nýjum störfum. Það er hróplegt ranglæti sem leiðir í ljós stórfellt misrétti. Það eiga að gilda sömu reglur um eftirlaun fyrir alla þegna þjóðfélagsins.

Stjórnarskráin kveður á um jafnrétti. Forsætisráðherra þóttist ætla að leiðrétta efirlaunamálin en fyrrverandi forsætisráðherra stoppaði hann af. Það gleymdist að fá leyfi hjá Davíð! Í stað þess að ráðast á öryrkja eins og gert er með skýrslu Hagfræðistofnunar ættu stjórnvöld að sjá sóma sinn í því að leiðrétta kjör öryrkja, hækka örorkulífeyri þannig að öryrkjar geti lifað sómasamlegu lífi af honum. ■

## AF NETINU

### Styðst við þrýsti- og sérhagsmunahópa

Af flokksþingi Samfylkingarinnar verður ráðið, að þar hafi allt snúist um menn en málefni hafi skipað annað sæti. Sé dregin ályktun um stefnu af áherslum Ingibjargar Sólrúnar í stjórnmálum, hvað sem líður flokksformennsku hennar, er einsýnt, að til forystu hefur verið valinn vinstrisinnaður stjórnmálamaður, sem hefur leitast við að leggja rækt við það, sem er lífvænlegast í vinstrimennsku samtímans og tileinkað sér þá aðferð að styðjast frekar við heimatilbúna þrýsti- og sérhagsmunahópa en almenna pólitíska skírskotun á hugsjónalegum grunni. Þess vegna hlýtur að koma í opna skjöldu, að við slit flokksþingsins segist hún ætla að helga sig baráttu gegn „klíkumyndun“.

**Björn Bjarnason á bjorn.is**

### Mér leið illa

Það fór hrollur um mig við að fylgjast með Elínu G. Ólafsdóttur í Silfri Egils [á sunnudaginn]. Er mikið af svona fólki í Samfylkingunni? Ótakmarkað yfirlæti í búningi mannúðar, sjúkleg persónudýrkun, þokukenndur málflutningur sem á sér upptök einhvers staðar hátt uppi í skýjunum þegar maður er búinn að horfa lengi á sólina og er þar að auki milli svefns og vöku þar sem maður liggur í grasinu; fyrirlitning á stjórnmálamönnum (saltstólpar og pokar sem hafa ekkert að segja), karlfyrirlitning, öfgafullur feminismi. Athyglisvert í þessum þætti þar sem menn eru gjarnir á að grípa frammi hver fyrir öðrum svo oft heyrast ekki orðaskil langtímum saman: Það sló vandræðalega þögn á alla í hvert skipti sem þessi foringjadýrkandi hafði mælt. Mér leið illa.

**Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com**

### Þjóðhverfa dagsins

Þjoðhverfu dagsins er að finna í litla fréttamoladálki Guðmundar Magnússonar í Fréttablaðinu. Þar er fjallað um heimsókn ÓRG til Kína og hvernig forsetinn sé langflottastur – nánast á pari við Nixon í heimsókninni hjá Maó formanni um árið.Í greininni skammast Guðmundur yfir því að heimspressan fjalli ekki um heimsóknina – hvernig standi á því að einungis íslensk blöð og stöku kínverskir fjölmiðlar hafi áhuga á ferðinni? Heimsókn íslensks stjórnmálamanns til Kína sé augljóslega heimsviðburður og þögnin verði ekki skýrð með öðru en ritskoðun kínverskra kommúnista á erlendum fréttastofum...Ef ég vissi ekki hversu einlægur aðdáandi forsetans Guðmundur Magnússon er, myndi ég hallast að því að hér væri um kaldhæðni að ræða, en sú getur varla verið raunin!

**Stefán Pálsson á kaninka.net/stefan**

### Flottur flokkur með flottu fólki

Ég er mjög ánægð með Samfylkinguna. Flottur flokkur með flottu fólki. Og með þessa líka flottu málefnavinnu. Nýju skilagreinarnar sjö frá framtíðarhópnum eru hver annarri betri. Lýðræðisplaggið er frábært og menningarplaggið kveikir í manni svo um munar. Þau eru öll mjög góð og það er spennandi að eiga eftir að fjalla um þau með skemmtilegu og kláru fólki.

**Svanfríður Jónasdóttir á jafnadarmenn.is/svanfridur**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

HP TÖLVUR Á TILBOÐSVERÐI Í PENNANUM





+ S102 skrifborðsstóll



+ 256 Mb minnislykill



+ Þráðlaust lyklaborð / mús



+ Hátalarar Harman / Kardon

HP DC7100 heimilistölva með 19" flötum skjá

**Turntölva (Convertible Minitower)**
Intel P4 540 (3,2GHz)/1MB L2 Cache
800 MHz FSB og Hyper-Threading tækni
Intel 915G Express kubbasett
**Minni:** 1GB (2X512) PC3200
**Harður diskur:** 160GB Serial ATA
**Drif:** 16X DVD+/-RW Skrifari (Double Layer/Dual Format)

**Skjákort:** ATI RNX300SE 128MB
**Hljóðkort:** SoundMax Digital AC97 með innbyggðum hátalara
**Netkort:** 10/100/1000 ethernet controller (Broadcom NetXtreme)
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Home
**Ábyrgð:** 3ja ára á vinnu og varahlutum

*Vörunúmer: 1000PKHEIMILIS2*

Tilboðsverð 159.900 kr.
Verð á mánuði: 8.883 kr.
*Vaxtalaust í 18 mánuði*
VISA MasterCard
Almennt verð 189.900 kr.

HP fartölvur á betra verði í Pennanum – Brother ljósmyndaprentari fylgir fyrir 2000 kr.

HP Compaq nx7010 fartölva



**Örgjörvi:** Intel Pentium M - 1.7 GHz
**Skjár:** 15.4" Wide Screen WXGA skjár, 1200x800 upplausn
**Minni:** 512MB DDR
**Harður diskur:** 60GB
**Drif:** DVD+RW (DVD skrifari)
**Skjákort:** ATI Radeon 9200, 64MB
Innbyggt þráðlaust 802.11b/g netkort og Bluetooth
Rafhlöðuending allt að: 5 klst.
Microsoft Windows XP Pro
2ja ára neytendaábyrgð
Verð áður: 179.900
Tilboðsverð: 139.900

*Vörunúmer: 1000PKPY430ES*

Tilboðsverð 139.900 kr.
Verð á mánuði: 3.495 kr.*
Almennt verð 179.900 kr.



+ Brother BHDCP-110 ljósmyndaprentari fylgir fartölvum hjá Pennanum – Þú greiðir aðeins 2000 kr. meira

*Vörunúmer: BHDCP-110*

brother At your side.



+ 256 Mb minnislykill

Penninn

*Um er að ræða námsmannakjör á tölvukaupalánum S24 sem býðst öllum til 17.06 2005 eða á meðan birgðir endast. Miðað við 9.75% vexti (vaxtatafla S24 11.04 2005) í 48 mánuði og að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2060, **Reykjavík**
Penninn, Hafnarstræti 91-93, sími 461 5050, **Akureyri** • **www.penninn.is**

OPINBERA.IS

Fínir bílar
Gerðu góð kaup!



1.570 þ.

RENAULT LAGUNA II
Nýskr. 08.2002 1800cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 42 þ.



1.490 þ.

RENAULT MEGANE II
Nýskr. 01.2004, 1400cc,
5 dyra, bsk., ekinn 26 þ.



1.390 þ.

RENAULT MEGANE II
Nýskr. 02.2003 1600cc,
5 dyra, bsk., ekinn 43 þ.



2.290 þ.

MERCEDES CLK
Nýskr. 06.1997, 2300 cc.
2 dyra, sjsk., ekinn 97 þ.



2.750 þ.

HYUNDAI STAREX
Nýskr. 02.2004 2500cc,
4 dyra, bsk., ekinn 62 þ.



1.250 þ.

KIA SPORTAGE
Nýskr. 05.2001 2000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 66 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opi mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.008* **-0,11%**

**Fjöldi viðskipta:** 139
**Velta:** 2.158 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 0,89% | **Actavis** | -1,16% |
| **FL Group** | 0,70% | **Og fjarskipti** | -0,96% |
| **Straumur** | 0,43% | **Burðarás** | -0,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,50 -1,16% ... Atorka 5,96 -0,67% ... Bakkavör 33,80 -0,59% ... Burðarás 14,00 -0,71% ... FL Group 14,40 +0,70% ... Flaga 5,00 – ... Íslandsbanki 13,15 – ... KB banki 523,00 +0,19% ... Kögun 61,70 -0,16% ... Landsbankinn 16,10 – ... Marel 56,50 +0,89% ... Og fjarskipti 4,12 -0,96% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,75 +0,43% ... Össur 79,00 -

* TÖLUR FRÁ 15,40 Í GÆR. NÝJUSTU TÖLUR Á VÍSI.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Á húsnæðisláni eða yfirdrætti

Ef einhverjir héldu að með nýjum húsnæðismöguleikum og endurfjármögnun óhagstæðra lána myndu Íslendingar ná stjórn á fjármálum sínum, þá var það misskilningur. Yfirdrátturinn sem þurrkaður var út með endurfjármögnun húsnæðislána er aftur kominn í fyrra horf og landinn lifir sem fyrr um efni fram.



Á sama tíma eru bílar auglýstir sem aldrei fyrr og seljast vel og var þó bílaeign á fólk á bílprófsaldri með því hæsta sem gerist í heiminum. Þar sem fleiri en einn bíll er á heimili hljómar nú: „Ég ætla að skreppa á bílnum. Hvort á ég að fara á húsnæðisláninu eða yfirdrættinum?“

### KB banki orðaður við kaup

Hlutabréf í verðbréfamiðlunarfyrirtækinu WH Ireland tóku stökk eftir að 8,17 prósenta hlutur skipti um hendur. Grunur var á breska markaðnum um að keppinautur félagsins, Charles Stanley, væri á bak við kaupin. Næstur á lista grunaðra var svo Kaupþing banki, en bankinn leitar að verðbréfafyrirtæki til þess að styrkja þann þátt starfseminnar í London.

WH Ireland er sjálfstætt miðlunarfyrirtæki og á að baki 150 ára sögu í Manchester. Slíkum fyrirtækjum hefur farið fækkandi. Teather and Greenwood var keypt af Landsbankanum og ekki ólíklegt að KB banki bæti einu slíku í safnið sitt fljótlega.

### MARKAÐSFRÉTTIR...

Aðalfundur **Tryggingamiðstöðvarinnar** var haldinn í gær. **Páll Þór Magnússon** og **Kjartan Broddi Bragason** voru kjörnir nýir í stjórn. Þau **Geir Zoega**, **Guðbjörg M. Matthíasdóttir** og **Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson** voru endurkjörin.

**Ragnar Marteinsson** lætur af störfum sem framkvæmdastjóri **Teymis** í lok mánaðarins. Við starfinu tekur **Sigþór Samúelsson,** sem hefur verið framkvæmdastjóri félagsins.

Hlutabréf í Japan lækkuðu í gær. **Nikkei**-vísitalan féll um 1,07 prósent í Tókíó.

Verð á sjávarafurðum á heimsmarkaði lækkaði um 0,8 prósent milli mars og apríl. Áður hafði verðið hækkað átta mánuði í röð. Greint var frá þessu í **Morgunkorni Íslandsbanka**.

# Meiri vaxtahækkanir líklegar

**Áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir myndu hafa veruleg áhrif á efnahagslífið.**

Greiningardeild Íslandsbanka segir í Morgunkorni í gær að fréttir af hugsanlegum stóriðjuframkvæmdum muni hafa áhrif á aðgerðir Seðlabankans í peningamálum. Líklegast er að bankinn hækki stýrivexti meira en áður var búist við.

„Spurningin er hvernig en ekki hvort væntanlegar stóriðjuframkvæmdir hafi áhrif á peningastjórnunina á næstunni,“ segir í Morgunkorninu. Seðlabankinn mun þó ekki reikna með slíkum framkvæmdum í spám sínum fyrr en allri óvissu um þær hefur verið eytt. Hins vegar hafa væntingar um framkvæmdirnar áhrif á hegðun annarra á markaði, eins og þegar hefur komið fram í um fjögurra prósenta gengishækkun krónunnar frá því í upphafi síðustu viku.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir að áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir hafi bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar fyrir hagkerfið. „Við höfum margoft bent á að hið neikvæða í þessu er að raungengi krónunnar stendur hátt og það skerðir verulega samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem keppa við erlend,“ segir hann.

Hann segir hættuna við áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir meðal annars felast í því að útflutningsiðnaðurinn veikist meðan á þeim standi og það geti orðið til þess að við lok slíkra framkvæmda ríki atvinnuleysi og samdráttur í efnahagslífinu.

- þk



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**INGÓLFUR BENDER** Forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka segir áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif.

# Gengishagnaður vegur upp rekstrartap

**Gjöld FL Group aukast meira en tekjur félagsins fyrstu þrjá mánuði ársins. FL Group stefnir að því að selja þrjár Boeing 757 flugvélar og leigja þær aftur. Verðmæti þeirra er rúmlega þrír milljarðar króna.**

Hagnaður FL Group nam 25 milljónum króna fyrstu þrjá mánuði ársins og var yfir væntingum meðaltalsspá bankanna, sem gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu að upphæð 193 milljónir króna. Í tilkynningu frá félaginu segir að þetta sé næstbesta afkoman á þessum ársfjórðungi í sögu félagsins. Bæði velta félagsins og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði er minni en spár bankanna gerðu ráð fyrir.

Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi FL Group var 1,8 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi og vega bréf félagsins í easyJet þar þyngst. Gengishagnaður félagsins af easyJet er orðinn meiri en milljarður á yfirstandandi ársfjórðungi.

Velta félagsins jókst um rúmlega sjö prósent á ársfjórðungnum frá fyrra ári og voru rekstrartekjur tæpir átta milljarðar króna. Veltuaukningin er fyrst og fremst tilkomin vegna aukningar í farþegaflugi Icelandair og starfsemi Ferðaskrifstofu Íslands.



**SPÁR OG AFKOMA FL GROUP**

| Hagnaður | 25 |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | -11 |
| Spá KB banka | -341 |
| Spá Landsbanka | -226 |
| Meðaltalsspá | -193 |

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR FORSTJÓRI FL GROUP** Næstbesta afkoma FL Group á fyrsta ársfjórðungi í sögu félagsins.

Rekstrargjöld jukust um tæp 11 prósent milli ára og orsakast fyrst og fremst af hærri launakostnaði og hærri eldsneytiskostnaði. Rekstrargjöld félagsins námu tæpum níu milljörðum króna. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði nam tæpum 1,6 milljörðum króna.

Flugvélakaup FL Group á fyrsta ársfjórðungi breyta efnahagsreikningi félagsins mikið og námu eignir félagsins 61 milljarði króna í lok mars. Áhrif af þessum kaupum eru ekki komin inn í rekstrarreikning félagsins að neinu marki.

Handbært fé frá rekstri var 1,4 milljarðar króna á fyrstu þremur mánuðum ársins og er handbært fé í lok tímabilsins 9,3 milljarðar króna. Að auki átti félagið markaðsverðbréf fyrir tæpa 13 milljarða króna.

FL Group stefnir að því að selja fjórar 757 Boeing flugvélar til félaga sem verða að hluta til í eigu félagsins sjálfs. Þrjár af fjórum verða svo leigðar aftur til FL Group. Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri FL Group, segir söluna þó ekki fullfrágengna. Ráðgert er að selja þrjár eldri flugvélar sem nú þegar eru í eigu FL Group og að ein vél verði keypt til viðbótar. Vélarnar eru metnar á rúma þrjá milljarða í efnahagsreikningi félagsins.

**dogg@frettabladid.is**


# Ársfundur 2005

Ársfundur **Lífeyrissjóðsins Lífiðnar 2005** verður haldinn föstudaginn 27 maí, kl. 16:00 á Grand Hotel, Sigtúni.

## Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.
2. Tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál löglega upp borin.
4. Kynning á sameiningarviðræðum.

Aðildarfélögum sjóðsins hafa verið send fundarboð og eru þau beðin að tilkynna skrifstofu sjóðsins fyrir 24. maí n.k. hverjir verða fulltrúar þeirra á fundinum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með tillögu- og málfrelsi.

Reykjavík, 16. mars 2005.
Stjórn Lífeyrissjóðsins Lífiðnar



Næst

LÍFEYRISSJÓÐURINN Lífiðn

Stórhöfði 31 · 110 Reykjavík
Sími: 580 5200 · Fax 580 5230
www.lifidn.is




**FLEIRI ÁHUGASAMIR** Talið er að fleiri en Old Mutual hafi áhuga á að eignast Skandia að öllu leyti eða að hluta til. Þar hefur Nordea verið nefnt til sögunnar.

# Vilja fleiri Skandia?

Fleiri fjármálafélög kynnu að hafa áhuga á að eignast Skandia að öllu leyti eða að hluta til en eins og kunnugt er á Old Mutual í viðræðum við stjórn Skandia. Talið er að Nordea, stærsti banki Norðurlandanna, hafi áhuga að eignast starfsemi Skandia á Norðurlöndunum, einkum líftryggingahlutann og jafnvel Skandia-bankann, en bæði Old Mutual og Friends Provident líta girndaraugum á bresku starfsemina. Fjármálastarfsemi Skandia á Bretlandseyjum er sögð vera um 180 milljarða króna virði, samkvæmt heimildum Reuters-fréttastofunnar, en 60 prósent af hagnaði Skandia koma þaðan.

Einnig er orðrómur á kreiki um að Morgan Stanley sé að vinna að skýrslu fyrir Skandia um þrjú meginsvið fyrirtækisins. Gæti það bent til þess að stjórn Skandia ætli sér að búta félagið niður.

Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, hefur útilokað það við finnska dagblaðið Kauppalehti að Sampo hafi áhuga á að eignast Skandia.

- eþa

## Nú geta allir eignast

# Rúm með vaxtalausum greiðslum

**Dupen rúmin fást eingöngu í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**



- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

COLCHON DUPEN

**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999*kr | 35.988.- |
| 120 x 200 | 3.999*kr | 47.988.- |
| 150 x 200 | 4.999*kr | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999*kr | 71.988.- |
| Stillanleg rúm | 5.999*kr | 71.988.- |

**Sængurverasett**
100% bómullarsatín
hvítt, drapp, vínrautt, d.blátt
**2.699kr**

# 25% afsláttur

## af rúmgöflum og rúmgrindum








Gildir til 30. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**MARTIN HEIDEGGER (1889-1976)**
lést þennan dag.



*„Maðurinn er ekki drottnari tilverunnar. Maðurinn er verndari tilverunnar.“*

***Þjóðverjinn Martin Heidegger var einn af áhrifamestu heimspekingum tuttugustu aldarinnar. Hann var umdeildur á sínum ferli, ekki síst fyrir tengsl sín við nasistahreyfinguna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Þjóðhöfðingjar mynda bandalag*

Þennan dag árið 1963 mynduðu 32 Afríkuríki bandalag til að setja aukinn kraft í mannréttindabaráttu svartra í Afríku.
Meginmarkmið ríkjanna var að afnema stjórn hvítra víðs vegar um álfuna. Aðildarríki bandalagsins lögðust á eitt um að styðja með vopnum og fjármunum baráttu svartra fyrir frelsi og eðlilegum réttindum í allri álfunni.
Haile Selassie Eþíópíukeisari var helsti hvatamaður að stofnun samtakanna. „Megi þetta bandalag vaxa og dafna í þúsund ár,“ sagði Selassie við fundarmenn að loknum árangursríkum umræðum. Á þessum fundi barst bág staða svartra í Bandaríkjunum einnig í tal og lýsti bandalagið yfir vonbrigðum með framgöngu lögreglu og stjórnvalda þar í landi.
Stofnun þessara samtaka skapaði mikla samstöðu meðal almennings í Afríku, sem síðar leiddi til gríðarlegra breytinga á stjórnskipan í allri álfunni. Angóla, Suður-Afríka og Mosambík þurftu sérstaklega á miklum umbótum að halda.
Höfuðstöðvar samtakanna voru í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, þar sem Haile Selassie, sem réttu nafni hét Ras Tafari Makonnen, sat á valdastóli og stjórnaði samtökunum.



**26. MAÍ 1963**

## MERKISATBURÐIR

**1056** Fyrsti biskup Íslands, Ísleifur Gissurarson, er vígður. Hann sat í Skálholti.

**1847** Jónas Hallgrímsson skáld og náttúrufræðingur lést, þá 37 ára að aldri. Hann var einn Fjölnismanna og brautryðjandi rómantísku stefnunnar í bókmenntum á Íslandi.

**1923** Vikublaðið Vörður kemur út í fyrsta sinn. Lengst af var það gefið út af Íhaldsflokknum en var sameinað Ísafold árið 1929.

**1968** Hægri umferð er tekin upp á Íslandi.

**1981** Ríkisstjórn Arnaldo Forlandi, forsætisráðherra Ítalíu, klofnar og hættir í kjölfar spillingarmála sem koma upp á yfirborðið.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Sæmundsson**

tæknifræðingur, Álftamýri 25, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 1. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsfélagið.

**Elínborg Sveinbjarnardóttir**
**Sæmundur Guðmundsson** **Bryndís Auðardóttir**
**Þórhildur Guðmundsdóttir** **Ásberg K. Ingólfsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Mikael Ragnarsson**

Hátúni 10a, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 21. maí. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 30. maí kl. 13.30. Minningarathöfn verður í Laugarneskirkju föstudaginn 27. maí kl. 13.00.

**Kristín Jóhanna Mikaelsdóttir**
**Birgir Mikaelsson** **Valborg Sveinsdóttir**
**Egill Mikael Ólafsson**
**Sveinn Búi Birgisson**
**Auður Elísabet Ólína Ólafsdóttir**
**Emil Ragnarsson** **Gunnlaug H. Ragnarsdóttir**
**Brynja Ragnarsdóttir** **Ragna Kristín Ragnarsdóttir**



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Erla Kristjánsdóttir**

ástkær móðir og uppeldismóðir, amma og langamma, til heimilis að Bakkastöðum 5a, áður að Hjallalandi 22,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi á hvítasunnudag 15. maí sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. maí kl. 13.00. Jarðsett verður í nýja kirkjugarðinum að Mosfelli í Mosfellsdal.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á stuðning við eitthvað af eftirfarandi verkefnum Húmanistahreyfingarinnar: 1) Vinir Afríku, reikningsnúmer: 313-26-67003, kt. 670599-2059, 2)Vinir Indlands, reikningsnúmer: 582-26-6030, kt. 440900-2750, 3) Lestrarátak á Haiti, reikningsnúmer: 1195-05-403072, kt. 480980-0349.

**Hafsteinn Erlendsson**
**Eyrún Björg Hafsteinsdóttir** **Neil Clark**
**Þórður Hafsteinsson**
**Jón Grétar Hafsteinsson** **Dóróthea Siglaugsdóttir**
**Sigrún Hafsteinsdóttir** **Úlfar Finnbjörnsson**
**Emil Róbert Karlsson**
**Ásta Einarsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

**TÍMAMÓT:** KNÚTUR G. HAUKSSON TEKUR VIÐ FORSTJÓRASTÖÐU Í HEKLU

# Bíladellukarl í dótakassa

„Ég er mikill bíladellukarl og hef alltaf verið,“ segir Knútur G. Hauksson, fráfarandi forstjóri Samskipa og verðandi forstjóri Heklu, sem líkir því að vinna í Heklu við að vinna í dótakassa.

Fyrir stuttu var komið á tal við Knút og honum boðið að ganga í eigendahóp Heklu og taka þar yfir sem forstjóri. „Af hverju ekki að slá til,“ segir Knútur glaðlega og hlakkar greinilega til að takast á við nýtt verkefni.

Hann segist þó munu sakna Samskipa, enda búinn að vera skemmtilegur tími þar að hans sögn. „Þegar ég kom inn árið 2000 var velta fyrirtækisins ellefu milljarðar. Hún verður að minnsta kosti 45 milljarðar á þessu ári,“ segir Knútur stoltur af uppbyggingu innanlandskerfisins, vörumiðstöðvarinnar og því að skipum fyrirtækisins fjölgaði úr tveimur í fjögur. Ótrúlega margt hafi gerst síðustu ár og hann hafi unnið með frábæru fólki. „Auðvitað mun maður sakna alls þessa, en ég á ekki von á öðru en að það sé líka frábært fólk hjá Heklu,“ segir Knútur sem ætlar að taka fyrstu mánuðina í það að prófa sem flesta bíla sem Hekla hefur upp á að bjóða. Knútur hefur keyrt jeppa síðustu fimmtán árin en segist þó alltaf hafa verið „svag“ fyrir sportbílum. Þeir hafi þó ekki hentað fjölskyldumanni. Nú þegar börnin eru vaxin úr grasi getur Knútur þó vel hugsað sér að keyra um á einum slíkum.

Knútur boðar engar róttækar breytingar í rekstri fyrirtækisins, enda brenni engir eldar. „Auðvitað ætla ég að setja mark mitt á þetta fyrirtæki þegar fram líða stundir,“ segir hann og segist feginn að þurfa ekki að ferðast jafn mikið og hann þurfti í sínu fyrra starfi.

Sumarið er ekki þaulskipulagt hjá Knúti, enda riðluðust öll plön þegar þessi ákvörðun var tekin. Fyrstu tvo mánuðina ætlar hann þó að nota til að koma sér inn í reksturinn og í ágúst ætlar hann í frí með fjölskyldunni. ■




**VERÐANDI FORSTJORI** Knútur ætlar að nota fyrstu mánuðina í að prófa flesta þá bíla sem Hekla hefur uppá að bjóða.

## JARÐARFARIR

13.00 **Þorsteinn Stefánsson** frá Vattarnesi við Reyðarfjörð, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Neskirkju.

13.00 **Hrönn Jónsdóttir**, Krummahólum 29, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

14.00 **Bjarki Þórlindsson**, Árskógum 26b, Egilsstöðum, fyrrum bóndi í Gautavík, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju.

15.00 **Ingimundur Elimundarson** frá Stakkabergi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Garðar Ingólfsson**, Þinghólsbraut 14, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

## ANDLÁT

**Leifur Einarsson**, frá Geithellum, lést á heimili sínu, Svöluhrauni 19 í Hafnarfirði, mánudaginn 23. maí.

**Kristinn Ingvar Ásmundsson** (Ninni), pípulagningamaður, Heiðarbæ 7, Reykjavík, lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi laugardaginn 14. maí.

**Margrét H. Randversdóttir**, Lindarsíðu 3, Akureyri, lést á gjörgæsludeild FSA föstudaginn 20. maí.

**Mikael Ragnarsson**, Hátúni 10a, Reykjavík, lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 21. maí.

**Jóhannes Pálsson**, Grundargerði 3c, Akureyri, lést á heimili sínu sunndaginn 22. maí.

**Ottó Níelsson**, Hrafnistu, Reykjavík, lést á heimili sínu mánudaginn 23. maí.

**Guðrún Auðunsdóttir**, Langholtsvegi 156, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 7. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðríður Stefanía Vilmundsdóttir**, Hraunsvegi 17, Njarðvík, lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, sunnudaginn 22. maí.

## AFMÆLI



**Ragnar Heiðar Sigtryggsson (Gógó)** er 80 ára. Hann verður að heiman í dag.

**Ólafur Tómasson,** fyrrverandi póst- og símamálastjóri, er 77 ára.



**Ragnhildur Helgadóttir,** fyrrverandi ráðherra, er 75 ára.



**Jóhanna Vigdís Arnardóttir** leikkona er 37 ára.

**Gunnar Hansson** leikari er 34 ára.



**Kristinn Björnsson** skíðamaður er 33 ára.

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 3.39 | 13.25 | 23.13 |
| AKUREYRI 2.56 | 13.09 | 23.26 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

**heimili o.fl.**
Frísklegur borðbúnaður í tísku
bls. 2



FRÉTTABLAÐIÐ

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

## Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 26. maí, 146. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN




## Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 9

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ylfa á heila hrúgu af kjólum en fyrir utan fermingarkjólinn er græni kjóllinn í algjöru uppáhaldi.

# Gaman að breyta og bæta

***Flestir þekkja Ylfu Lind Gylfadóttur úr Idol-keppninni síðustu en þar vakti hún athygli fyrir óvenjulega og flotta rödd. Færstir vita þó að Ylfa er algjör kjólakona og ansi handlagin þegar hún tekur sig til.***

„Það er voðalega erfitt fyrir mig að velja eitthvað eitt. Ég á svo mikið af fötum og glingri. Ég fer mikið í Kolaportið og finn oft eitthvað flott þar,“ segir Ylfa.

„Uppáhaldskjóllinn minn er eiginlega fermingarkjóllinn minn. Ég passa meira að segja ennþá í hann og er mjög stolt af því en hann er týndur. Hann er inderskur og rauður og rosalega flottur,“ segir Ylfa, sem er algjör kjólakona og eftir dágóða umhugsun nær hún að finna annan kjól sem er algjörlega ómissandi.

„Ég á einn kjól sem er eldgamall en ég fékk hann í gjöf frá konu sem ég var að passa fyrir. Hann er grænn með silfri í og ég held meira að segja að amma og mamma konunnar hafi átt hann á undan mér. Hann er rosalega vel með farinn og ég fer auðvitað að líka vel með hann og var að setja fóður í hann um daginn. Annars á ég helling af kjólum og fötum og mér finnst voðalega gaman að breyta fötum og betrumbæta. Ég keypti til dæmis einu sinni kjól í Kolaportinu sem var allt of lítill og setti í hann reimar svo hann passaði,“ segir Ylfa, sem hefur þó ekkert lært í saumaskap. „Nei, ég er bara að fikta enda eru þetta ekki beint fagmannleg vinnubrögð.“

*lilja@frettabladid.is*

## Gwen færir út kvíarnar

GWEN STEFANI BÆTIR SÍFELLT FLEIRU VIÐ TÍSKULÍNU SÍNA, LAMB.

Söngkonan og tískudísin Gwen Stefani er að færa út kvíarnar þessa dagana. Hún hefur tilkynnt að hún ætli að bæta símafylgihlutum, töskum, bolum og höttum við tískulínu sína LAMB. Einnig ganga sögur um að hún ætli að bæta heilli skólínu við LAMB-línuna. Gwen lætur ekki staðar numið þar og hefur hannað stafræna myndavél í stíl við litina á nærfötunum í LAMB-línunni. Nýja hönnunin mun koma í verslanir 15. júní en Gwen er þekkt fyrir fríkaðan og léttgeggjaðan fatasmekk.




Gwen fer ótroðnar slóðir og hefur iðulega fylgdarlið austurlenskra dansara, Harajukastelpurnar, með sér á ýmsa atburði og í viðtöl.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í ferðum*

**Sex daga sumarauki** með Úrvali-Útsýn býðst nú á tilboði tveir fyrir einn til Albufeira í Portúgal 31. maí. Albufeira er gamall fiskimannabær og einn þekktasti ferðamannastaðurinn í Algarve-héraði. Heimamenn eru þekktir fyrir góða þjónustu og ljúft viðmót. Verð frá 45.595 krónum.



**Ferðafélagið Útivist** ætlar í ferð til Flateyjar á Breiðafirði um helgina. Brottför er frá Stykkishólmi klukkan 13.30 og siglt með Baldri út í Flatey og dvalið þar. Flatey hefur oft verið nefnd perla Breiðafjarðar, en þar er iðandi fuglalíf, náttúrufegurð, friðsæld og einstakt mannlíf. Fararstjóri er Anna Soffía Óskarsdóttir.

**Iðandi mannlíf** í Barcelona bíður þeirra sem stökkva með Heimsferðum 27. maí til 1. júní. Í borginni er að finna marga af framsæknustu og mest spennandi veitingastöðum Spánar og frábært er að versla í borginni. Verð á flugmiða ásamt sköttum er frá 19.900 krónum.

**Ferðafélag Íslands** efnir til dagsferðar um Borgarfjörð laugardaginn 28. maí. Farið verður á slóðir Egils sögu, Gunnlaugs sögu ormstungu og Snorra Sturlusonar. Lagt verður af stað frá Mörkinni 6 klukkan níu og ekið beint upp á Borg á Mýrum og landnám Skalla-Gríms skoðað. Á leið upp Mýrarnar verður komið við hjá Krummskeldu og síðan Þinghól, þar sem héraðsþing Mýramanna var. Þá verður haldið upp í Hvítársíðu og komið við á Gilsbakka, fæðingarbæ Gunnlaugs ormstungu. Þá verður haldið í Reykholt og skoðað höfuðból Snorra Sturlusonar. Áætlaður komutími til Reykjavíkur er klukkan 21 og fararstjóri er Kjartan Ragnarsson.



*ferdir@frettabladid.is*



**Óróar**
Óróar eru afar vinsælir núna inn á heimilið og þykir sérstaklega smart að hafa óróa við gluggann eða úti á pallinum í sumar og fylgjast með þeim dansa í golunni.





Stigar, allar gerðir
Innihurðir
Parket
Verkstæðisþjónusta
Trésmíði og lökkun
Imex ehf.
Lynghálsi 3
Árbæjarhverfi
Sími 567 1300
www.imex.is


Hnífaparapokarnir komnir.
Verð kr. 1.500
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.
einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

Kristalsljósakrónur

6 ljósa 46.900 kr.
8 ljósa 47.900 kr.
12 ljósa 73.900 kr.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) · Sími 567 2133 · www.arinn.is

Íslensk list
er góð gjöf

Gallerí
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

Grilltilboð!
Esja kjötvinnsla býður **einstaklingum, starfsmannafélögum** og **fyrirtækjum** upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.
**Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.**
Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.
Verð frá 798 kr. á mann

ESJA Kjötvinnsla
Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640 Fax 567 6614
www.esja.is




Unnur María Bergsveinsdóttir lætur fara vel um sig í græna stólnum með kögrinu að neðan.

# Veik fyrir stólum og sófum með kögri

***Unnur María Bergsveinsdóttir datt niður á stóran og myndarlegan grænan stól í Góða hirðinum og er hann í miklu uppáhaldi hjá henni.***

„Ég á voða fínan grænan stól sem ég keypti upprunalega til að sitja í og spila tölvuleiki, en ég færði hann til og nú stendur hann við hornglugga þar sem sólin skín á hann,“ segir Unnur María Bergsveinsdóttir, bassaleikari Brúðarbandsins. „Það er svo gott að sitja í honum og lesa eða vera í tölvunni, við sólarljósið og með blómin allt í kring,“ segir Unnur María, sem getur reyndar lítið setið í honum þessa dagana þar sem hún datt í Esjunni nýverið og fótbraut sig illa, en er á batavegi. „Ég keypti þennan stól í Góða hirðinum á sínum tíma og mér finnst æðislegt að hann er með kögri að neðan, en ég er mjög hrifin af stólum og sófum með kögri. Amma átti svoleiðis og mér fannst það svo flott þegar ég var lítil,“ segir Unnur María. Reyndar segir hún að oft standi hörð barátta um stólinn góða því þetta sé eftirlætisstóll kattanna hennar tveggja, sem liggja þar og sóla sig allan daginn. „Þeir liggja þarna og flatmaga þegar ég kem heim á daginn og þarf oft mikið til að koma þeim í burtu,“ segir Unnur María.

*kristineva@frettabladid.is*

# Talandi útvarpstæki og tannburstar

***Verslunin Tiger býður upp á skemmtilegar og ódýrar vörur.***

Verslunin Tiger er dönsk að uppruna og á að bera nafnið fram nákvæmlega eins og það er skrifað þó svo að við Íslendingar höfum fallið í þá gryfju að bera nafnið fram á ensku og segjum „tæger“. Verslunin er ansi skemmtileg en hún hefur að geyma mikinn ævintýraheim af smávörum og er þar að finna allt frá tannburstum og glerskálum upp í talandi útvarpstæki og syngjandi fuglabúr. Hennar helsti kostur er verðið þar sem allir hlutir kosta annaðhvort 200 kr. eða 400 kr. og oftar en ekki eru tveir hlutir innifaldir í verðinu. Verslunin setur upp vissar gæðakröfur því hún vill ekki bjóða viðskiptavinum sínum upp á eitthvert skran, en þær koma hvaðanæva úr heiminum sem endurspeglast í fjölbreyttu og skemmtilegu úrvali.

Uppsetning búðarinnar er mjög einföld og er hún nokkurskonar sambland af snyrtilegri geymslu og útimarkaði og gilda svipaðar reglur þar sem maður þarf að skoða vel til að finna gersemar, en í Tiger leynast þær víða.



**Fallegir bakkar** undir morgunverðinn.



**Sæt og blómleg** geisladiskamappa og stílabók.



**Appelsínugulur kaffibolli** í anda sjöunda áratugarins.




**Snagi** sem myndi prýða sér vel í eldhúsinu undir svuntuna.



**Lítill plómapottur** sem tilvalinn er undir kryddjurtirnar.



**Glasabakki** sem myndi jafnvel sóma sér vel sem veggskraut.



**Púði með ljósmynd** af fallegu blómi.



Krúttlegur lítill kertastjaki.




**Segull á ísskápinn**



Dádýrið er úr krossvið og raðað saman eins og púsluspili.

## Uppstoppað viðarhöfuð

NÝSTÁRLEG HÖNNUN Á DÁDÝRSHÖFÐI SEM FER EKKI FYRIR BRJÓSTIÐ Á DÝRAVERNDUNARFÓLKI.

Ungur hönnuður að nafni Augustin Scott de Martinville hefur hannað skemmtilegt dádýrahöfuð úr krossvið sem vakið hefur athygli. Fyrirmyndin er þau dýrahöfuð sem veiðimenn hafa látið stoppa upp og hengja upp á vegg til marks um góða veiði. Slík höfuð hafa farið fyrir brjóstið á dýraverndunarsinnum, sem ættu að taka höfðinu hans Augustin fagnandi þar sem engin dýr eru sköðuð við framleiðsluna. Sjálfur segist hann hafa gert dádýrið til að leggja áherslu á hversu alvarleg athöfn það er að afhöfða bráðina og uppstoppa höfuðið til að hengja á vegg. Ásamt dádýrinu hannaði Augustin elg og má sjá höfuðin á vefsíðunni www.vla-emsch.be þar sem einnig er hægt að kaupa þau.

## [ HOLLRÁÐ ]



**Vel steytt krydd**

Eigi að steyta krydd (kardemommu, pipar, engifer o.fl.) reglulega vel er gott að hita kryddið í ofninum áður en það er steytt í mortéli. Þá verður það að fíngerðu dufti.

**Skökk steik**

Oft er steikin skökk, það er að segja hærri í annan endann, og er því hætt við að hún brúnist ekki jafnt í ofnsteikingunni. Þennan vanda leysum við með pappír og álþynnu, brjótum það saman undir þynnri enda steikarinnar og þá verður áferð hennar jöfn.

**Steikt í olíu**

Þegar steikt er í olíu þarf að gæta þess að olían hitni ekki um of. Besti steikingarhiti er um 170° C. Hafa ber plötuna einu þrepi neðar en þegar steikt er í smjörlíki.

**Eggjahvítan í trekt**

Auðvelt er að skilja að hvítu og rauðu með því að hella egginu í trekt. Hvítan rennur niður en rauðan verður eftir.

**Húð í kristalskönnu**

Ef húð hefur myndast innan í kristalskönnunni þarf að fara að öllu með gát. Kristall er það mjúkur að hann getur rispast. Láttu mulið eggjaskurn í könnuna, helltu síðan vænum ediks-sopa í hana og gutlaðu því innan um hana. Húðin hverfur eftir smástund og er þá kannan skoluð vandlega.

*Úr 500 Hollráð heimilisins*



SOMMAR kökubox 3 stk. í IKEA á 690 kr.



Origo skálar í Kokku, verð frá 1.250 kr.



Origo grillhanski í Kokku á 1.650 kr.



Skrautleg glös í Kokku, 4 saman á 2.500 kr.

# Matarborð í sumarblóma

***Frísklegur og litríkur borðbúnaður er í tísku um þessar mundir og tímabært að færa borðhaldið í sumarbúning.***

Matarborðið er sá staður þar sem mikið er að gerast og hlutirnir breytast hratt. Borðdúkar eru teknir af og nýir settir í staðinn, hnífapör staldra stutt við og klingjandi glös í bland við mas og brakandi steikur skapa lifandi heimilistóna sem lifna við og fjara út eftir að borðhaldi lýkur. Við matarborðið mætist fjölskyldan og á góðri sitja þar vinir og snæða dýrindis máltíð. Nú þegar sumarið er á næsta leiti er upplagt að taka því fagnandi með skrautlegri sumarveislu við matarborðið. Einfalt er að færa borðstofuna eða eldhúsið í sumarbúning þar sem tískan í borðbúnaði er litrík, frískleg og sumarleg og með smá áherslubreytingum getur heimilið staðið í blóma á svipstundu.



**Vörur úr Sipa.**
Servíetta **600 kr.**
Bakki á **990 kr.**
Skálar **350 kr. stk.**
Servíettuhringur **á 990 kr.**

**Eldhúsáhöld úr Sipa.**
Ausa og fiskispaði **490 kr.**
Servíetta á **600 kr.**



**Vörur úr Sipa.**
Kanna á **3.980 kr.**
Glös á **1.200 kr.**
Pipar og salt á **1.750 kr.**
Bakki á **1.780 kr.**



**Vörur úr Sipa.**
Kælibox í Sipa
á **2.900 kr.**



**Borðbúnaður úr Sipa.**
Stór diskur á **990 kr.**
Minni diskur á **790 kr.**
Glas á **480 kr.**



















## Nesti

Á ferðalagi er tilvalið að smyrja sér hollt og gott nesti og borða það úti í guðsgrænni náttúrunni. Hægt er að stoppa hvenær sem hungrið sækir að, því oft getur verið langt í næstu vegasjoppu.






FRÉTTABLAÐIÐ/SVANBORG



**GOLDEN GATE-BRÚIN** Er eitt helsta kennimerki San Francisco. Þaðan er gott útsýni yfir borgina.

# Blómaborgin er alltaf í tísku

***Eftir rúmlega átta klukkustunda ferð frá Keflavík er lent á San Francisco-flugvelli. Við tekur hlýleg borg og eins og sagt er í dægurlagatextanum er vonast til að gestir hitti fyrir innilegt fólk.***

Íslendingum mun finnast San Francisco, nýjasti áfangastaður Icelandair, vera þægileg borg, að minnsta kosti á bandarískan mælikvarða. Í borginni sjálfri búa ekki nema um 750 þúsund manns og því virðist allt næstum vera í göngufæri. Þegar blaðamaður fór þangað fyrir fimmtán árum var gengið á milli hverfa eins og ekkert væri. Nú er mælt með sporvögnunum sem ganga upp og niður allar helstu hæðirnar. Það getur nefnilega reynt á lungu og kálfa að ætla sér að ganga um þessa hæðóttu borg.

Hvort sem ferðast er með börn eða ekki er margt að sjá og gera í borginni og næsta nágrenni. Það sem þykir alveg ómissandi er skoðunarferð að Golden Gate-brúnni, einni frægustu brú í heimi, að rölta um Fisherman's Wharf, bryggjuhverfi San Francisco-búa, og gæða sér á nýveiddum krabba. Þar er einnig sædýrasafn sem gaman er að skoða. Frá nokkrum bryggjum eru reglulegar siglingar um flóann, og þaðan er einnig siglt út að hinu fræga eylandsfangelsi Alcatraz.

Fyrir þá sem hafa áhuga á menningu og eru á ferðinni snemma árs er hægt að skella sér á sýningu hjá San Francisco-ballettinum, sem er undir stjórn Helga Tómassonar. Sýningar standa frá janúar til maíbyrjunar ár hvert. Söfn eru mörg í borginni, og hægt að byrja á flugvellinum þar sem ávallt er einhver myndlistarsýning í gangi. Þá er hægt að kíkja í San Francisco Museum of Modern Art eða vísindasafnið Exploratorium, þar sem fiktarar á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

**Til að skoða nánar hvað er í gangi í San Francisco er mælt með vefsíðunni onlysf.sfvisitor.org/ Þar má finna allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að skipuleggja heimsókn sína til San Francisco og nágrennis.**

Þó að hátt í fjórir áratugir séu liðnir frá hippasumrinu 1967 er ágætislíf í hippahverfinu Haight-Ashbury. Mælt er með að tekinn sé leigubíll þangað til að upplifa annars konar mannlíf en finnst við aðra helstu áfangastaði ferðamanna í borginni. Í verslunum í þessu hverfi má finna allt frá lífrænu fæði í villtustu hárkollur og dragfatnað í öllum stærðum. Efst á Haight-stræti má svo finna almenningsgarð þar sem börnin í hverfinu æfa fótbolta og heimilislausir koma saman til að hvíla sig, spjalla og spila músík. Flestir kjósa samt að versla við Union Square, þar sem helstu verslanirnar eru.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi einhvers staðar í borginni, ekki síst þegar sólin skín og stutt er í næstu ísbúð.

Blaðamaður flaug til San Francisco á vegum Icelandair.

*svanborg@frettabladid.is*



**HAIGHT-ASHBURY** Heilsufæði er alls staðar að finna í San Francisco og er sérstaklega mælt með ferskum berjum og ávöxtum. Hipparnir í Haight-Ashbury halla sér að heilsufæðinu eins og svo margir aðrir í borginni.



**ALCATRAZ** Einungis þrír menn eru taldir hafa sloppið frá Alcatraz-fangelsinu. Hvort þeir hafa sloppið í raun er ekki vitað, þar sem hvorki þeir né lík þeirra hafa fundist.

**SAN FRANCISCO MEÐ ICELANDAIR:**

Flogið er á miðvikudögum og laugardögum í maí en eftir það er flogið á mánudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og laugardögum.
Icelandair kynnir sérstaklega níu hótel í San Francisco á heimasíðu sinni. Fleiri gististaði er hægt að finna á onlysf.sfvisitor.org. Ef ferðast er á síðustu stundu er oft gott að kíkja á vefsíður eins og lastminutetravel.com eða ratestogo.com
Allar upplýsingar Icelandair er hægt að finna á síðunni icelandair.is

## Golfkylfurnar teknar með

Golfáhugamenn ættu að taka kylfurnar með sér til San Francisco. Hópurinn sem ferðast var með skellti sér í golf á Presidio-golfvellinum, átján holu golfvelli sem er í 10 mínútna akstursfjarlægð frá miðborginni.
Samkvæmt lýsingu þeirra var þetta „golfvöllur eins og maður sér bara í sjónvarpinu“ og var sterklega mælt með honum.
Golfvöllurinn liggur nálægt sjónum og þótti ekki verra að fá hafgoluna til að kæla sig niður í hitanum þegar þurfti að einbeita sér að púttinu.
Frekari upplýsingar um Presidio má finna á presidio-golf.com

## Dagur í vínsmökkun

Fyrir þá sem hafa tíma og áhuga á góðum vínum er mælt með vínsmökkunarferð um Napa-dalinn eða Sonoma. Í slíkri ferð er hægt að fá að fræðast um allt ferli vínsins, frá því að vera lítil blóm, þar til vínið sjálft hefur gerjast í að minnsta kosti átján mánuði og er tilbúið til neyslu. Að sjálfsögðu er einnig hægt að fá að smakka helstu vín þeirrar vínekru sem heimsótt er.
Ferðin til Napa tekur um klukkustund frá San Francisco, og er keyrt yfir hina frægu Golden Gate-brú. Á winetrain.com er hægt að finna upplýsingar um Napa Valley-vínlestina, lest sem fer um Napa Valley á meðan gestir um borð læra um vínsmökkun.



Kynning á EF málaskólum um allan heim!

Stúdentaferðir verða með kynningu á EF málaskólunum fimmtudaginn 26. maí kl. 17.30 á Café Sólon 2. hæð. Við hvetjum eindregið þá sem eiga bókað í EF málaskóla til að mæta.

EF

STÚDENTAFERÐIR exit.is

Bankastræti 10 - 101 Reykjavík – Sími 562 23 62 – info@exit.is




Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000.-**
2ja ára verksmiðjuábyrgð

X4 ehf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**



## VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein
VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

# Vorveiðin víðast slök vegna kulda

Veiðimenn eru óhressir með vorið, apríl var slarksamur á sjóbirtingsslóðum og margir áttu erfiðar stundir á bökkunum innan um íshröngl og jakaburð. Vatnamótin voru þó gjöful, þar veiddust á sjötta hundrað fiskar, en þar er öllum sjóbirtingi sleppt.Það er áberandi hve fáum sögum fer af öðrum veiðislóðum. Maímánuður hefur verið svo kaldur að vötnin við höfuðborgina koma seint til og fáir hafa hörku til að vera lengi að. Elliðavatn og Þingvallavatn hafa því ekki boðið upp á næðisstundir sem hörðustu unnendur stangveiða gerðu sér vonir um í vetur. Fátt var við Elliðavatn um síðustu helgi, en ef allt hefði verið með felldu hefði staðið þar maður við mann. Hlíðarvatn gaf þó skot á dögunum og þokkalega væna fiska. Sogið hefur verið mjög mishittið í vorveiðinni, Bíldsfellið lofaði góðu í nokkra daga en datt svo alveg niður. Norðurland hefur verið hrikalegt, en einn náði góðri bleikju í tjörn við Akureyri þegar línan fauk óvart út! Ef veðurspáin rætist kann að glaðna yfir um næstu helgi og þá fer allt af stað.

### Stórar „opnanir“ í vændum!

Urriðasvæðið í Mývatnsveit verður opnað næsta laugardag og verður sami harði kjarninn mættur þar, sem mætir alltaf óháð veðri og vindum. Norðurá verður opnuð 1. júní af stjórn SVFR í viðurvist allra helstu fjölmiðlanna. Nú mælast margir félagsmanna til þess að stjórnarmenn sleppi fiskum, sérstaklega stórfiskum, í opnuninni! Verður vandlega fylgst með því hvernig stjórnin hegðar sér á bakkanum.

### Heilræði vikunnar: Bestu veiðitækifærin á næstunni?

Fyrir alla almenna veiðimenn eru bestu tækifærin til veiða á næstunni í Elliðavatni, Vífilsstaðavatni og Þingvallavatni ef hlýnar um nokkrar gráður. Í Þingvallavatni er nauðsynlegt að nota þungar flugur (púpur, kúluhausa, bobba og „killera“) og draga hægt með botni, gefa flugunni nægan tíma til að sökkva. Í Elliðavatni þarf að leita að fiskinum þar sem hann er í æti, niður við botn eða rétt undir yfirborðinu. Flotlína dugar með löngum taumi (12 fet) en misþungar flugur sjá um að veiða á mismunandi dýpi. Á flugur.is má finna ítarlegar veiðileiðbeiningar um bæði vötnin, kort, heilræði og myndir af flugum sem reynst hafa vel. Almennt má segja um alla vorveiði, hvort heldur um er að ræða silung eða lax, þegar sú veiði byrjar, að stórar flugur veiði betur í köldu vatni, að gefa verði flugunni færi á að sökkva vel, og draga hægt eða láta reka hægt undan straumi.

*Fleiri veiðifréttir daglega og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufréttir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.*



Sigurður G. Tómasson náði einni bleikju þrátt fyrir kuldann.

## Sumarið á Vestfjörðum

ÚT ER KOMIÐ VEGLEGT RIT UM SUMARIÐ Á VESTFJÖRÐUM FYRIR FERÐAFÓLK.




Frétta- og þjónustublaðið Vestfirðir sumarið 2005 er komið út ellefta sumarið í röð. Útgefandi blaðsins er H-prent ehf. á Ísafirði en blaðið liggur frammi á öllum helstu upplýsingamiðstöðum landsins. Í ritinu er að finna allar helstu upplýsingar sem ferðafólk á Vestfjörðum þarf að vita um þessa náttúruperlu, hvort sem það er erlent eða innlent ferðafólk.




www.mountainguide.is

Ford KA eða sambærilegur
Vika í Hahn/Frankfurt
18.450* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
Hertz
hertzerlendis@hertz.is




Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku
Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS FERÐASKRIFSTOFA — Bestir í Danmörku
Sími 456-3745






Viva Cala Mesquida - Park og Resort ★★★★
2 vikur: 50.250,-
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnh. 29.6.-13.7; m.v. 2 fullorðna 70.500,-



Fjölskylduparadísin Cala Ratjada er á norðausturodda Mallorca. Hér er sjórinn kristaltær og margar af fegurstu ströndum eyjarinnar. Viva Cala Mesquida er heill heimur útaf fyrir sig með endalausri afþreyingu fyrir börn á öllum aldri. Þjónustan er dæmigerð fyrir Viva-hótelin og allur aðbúnaður fyrsta flokks.

- 280 íbúðir og svítur
- Gestamóttaka 24 klst.
- Bar, matvöruverslun
- Barnadagskrá
- Barnalaug, innilaug, sauna
- 50 m frá strönd
- Svalir/verönd, garður, sólbekkir
- Sundlaugagarður og sólbekkir
- Handklæði við sundlaug
- Heilsurækt
- Leiksvæði fyrir börn
- Matvöruverslun
- Skemmtidagsrá
- Hárþurrka og öryggishólf
- Gervihnattasjónvarp

Mallorca í sumar
25. maí UPPSELT
1. júní UPPSELT
8. júní UPPSELT
15. júní UPPSELT
22. júní 3 sæti laus
29. júní – 7. september
Enn eru laus sæti með gistingu á Viva Mesquida og fleiri frábærum hótelum og íbúðum.





Verð m.v. bókun á sumarferdir.is. *Innifalið:* Flug, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.
www.sumarferdir.is
575 1515 ▶ BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN
SUMAR FERÐIR

**Skór**
Skór með fjölþjóðlegu yfirbragði og fínlegir skór með fiðrildum og blómum verða áberandi í sumar. Skórnir eru flatbotna eða með litlum hæl, en fyrst og fremst þægilegir.




























Ásgrímur ætlar að reyna fyrir sér í London í haust en ætlar í framtíðinni að læra meira í fatahönnun.



Eygló segir lokaverkefni hönnunarnema hafa fengið góðar viðtökur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Djúpa laugin í útlöndum heillar

***Ásgrímur Már Friðriksson og Eygló Margrét Lárusdóttir eru nýútskrifaðir fatahönnuðir frá Listaháskóla Íslands. Þau sýna fatalínur sínar á Kjarvalsstöðum.***

Lokaverkefni fatahönnunarnemanna fólst í því að hanna og búa til fatalínur sem nú eru til sýnis á útskriftarsýningu Listaháskólans á Kjarvalsstöðum. Eygló segir að ferlið hafi verið mjög skemmtilegt og gaman að sjá hvernig hugmyndirnar þróuðust og breyttust. „Ég var sjálf búin að reyna mikið að fá góða hugmynd en endaði svo á því að hanna fötin út frá munstri sem ég sá á netinu og myndum af fallhlífarstökkvurum. Ég skissaði eiginlega ekki neitt. Þetta þróaðist bara út frá þessum myndum.“

Föt Eyglóar eru grafísk og skemmtileg og þar má sjá áhrif frá búningum fallhlífarstökkvara. Eygló segir að hún sæki hugmyndir hingað og þangað en eigi sér engar beinar fyrirmyndir. „Maður lærir auðvitað mikið af þeim sem maður vinnur hjá og verður fyrir áhrifum af þeim.“

Ásgrímur tekur í sama streng og segir að hann fái hugmyndir víða. „Það má kannski helst segja að fatalínan mín sé dálítið japönsk. Litirnir eru sumarlegir og það er mikið flæði í þessum fötum. Mikið um fellingar og skemmtileg munstur. Ég blanda ýmsu saman, til dæmis latexi, silki og ull.“

Eygló og Ásgrímur eru ánægð með námið í Listaháskólanum og segjast hafa fengið mikið út úr því. Þau segja kennsluna góða og benda á að erlend samskipti skólans séu mikil. „Hluti af náminu fólst í því að dvelja um tíma erlendis og vinna hjá fatahönnuði. Það var mjög lærdómsríkt og líka gott til að mynda sambönd.“ segir Eygló.



Munstrið á fatnaði Eyglóar er unnið út frá mynd sem hún fann á netinu.

Ásgrímur og Eygló eru sammála um að ekki sé mikið að gera fyrir fatahönnuði hér á landi og því nauðsynlegt að fara eitthvert út til að ná lengra í faginu. Eygló heldur til Los Angeles í haust og ætlar að dvelja þar í þrjá mánuði sem lærlingur hjá fatahönnuðinum Jeremy Scott. Hún segir það gott tækifæri til að afla sér reynslu og komast í samband við tískuheiminn. Ásgrímur stefnir líka út og flytur til London með haustinu. „Ég veit ekki hvað ég ætla að gera þar. Ætla bara að demba mér út í djúpu laugina og sjá hvort ég finni ekki einhver spennandi tækifæri. Svo er stefnan tekin á framhaldsnám haustið 2006.“ ■

## Stjörnurnar skarta sínu fegursta

Í CANNES FÁ FÖT FRÆGA FÓLKSINS EKKI SÍÐUR ATHYGLI EN KVIKMYNDIRNAR.

Hinni árlegu kvikmyndahátíð í Cannes í Frakklandi lauk á dögunum en hún var haldin í 58. skiptið í ár.
Cannes er mekka kvikmyndaiðnaðarins og þangað mæta leikarar, kvikmyndagerðarmenn, leikstjórar og flestir þeir sem tengjast kvikmyndabransanum til að sýna sig, sjá aðra og kynna kvikmyndir sínar.
Eins og á rauða dreglinum á helstu verðlaunahátíðunum vestanhafs eru það ekki bara kvikmyndir sem eru í aðalhlutverki heldur vekur fatnaður stjarnanna mjög mikla athygli – stundum jafnvel meiri en kvikmyndirnar sem fræga fólkið er að kynna. Fréttablaðið kíkti á hvað var heitast í Cannes í ár.


1


2


3


4


5

1 Leikkonan Salma Hayek virðist kunna þá list að finna föt sem klæða hana og hún klikkaði alls ekki í Cannes.
2 Yuan Yuan Gao vakti mikla athygli í þessum frábæra og fríkaða kjól.
3 Stuttir, frekar víðir kjólar voru áberandi í Cannes og Penelope Cruz skellti sér í einn slíkan. Pífan neðst bætir um betur!
4 Ofurtöffarinn Tommy Lee Jones mætti með konu sinni, Dawn Laurel, og voru þau bæði afar glæsileg.
5 Brittany Murphy var dúkkulísuleg í Cannes.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Bólstruð Chanel-taska í gröfina

Er nokkuð mikilvægara fyrir konu en handtaskan hennar? Í handtöskunni er allt hennar líf eins og ein vinkona mín sagði við mig á dögunum og ég hugsaði að það væri eins gott að hún týndi ekki töskunni! Í gegnum tíðina hafa töskur komið og farið en þó eru nokkrar sem lifa enn áratugum eftir að þær komu fyrst á markað. Það má til dæmis segja um Kelly-töskuna frá Hermès sem fær nafn sitt frá Grace prinsessu af Mónakó – en hún fékk töskuna 1958 og selst þessi gerð vel enn í dag, fjörutíu árum síðar. Önnur klassísk frá Hermès er Birkin-taskan sem Jane Birkin gerði meðal annars fræga og er margra ára biðlisti eftir henni (hún kemur við sögu í „Sex and the City" fjórða árgangi – Samantha Jones fær eina fyrir Lucy Liu). Það hafa ekki ekki öll fyrirtæki hannað klassískar töskur sem hafa notið vinsælda árum saman en sumum tískuhúsum hefur tekist á síðustu árum að skapa sér þannig sérstöðu og má nefna Dior-tískuhúsið og söðultöskuna „Saddle" sem hefur selst í hundruðum þúsunda ef ekki milljóna eintökum. Til þess að ná sem mestum árangri býður tískuhúsið upp á margar gerðir af þessari tösku, úr leðri, og striga og með upphafsstöfunum CD. Töskurnar úr striganum eru ódýrari og þannig er tryggt að efnaminni viðskiptavinir geta keypt töskuna.

Sama hefur Gucci gert með góður árangri auk þess að bæta nýjum töskum við eins og hauskúputaskan fyrir tveimur árum. Nýjasta æðið er svo njósnataska frá Fendi en eftir er að sjá hvort þessar nýju töskur lifi nútímann af. Miuccia Prada tók við leðurvörufyrirtæki fjölskyldu sinnar og breytti því í stórveldi. Þekktustu töskur Prada eru líklega nælontöskurnar sem fyrst voru svartar en hafa svo verið framleiddar í fleiri litum. Nælonstriginn sem Prada notar tók Miuccia upp frá ítalska hernum og er einstaklega sterkur. Það skýrir að einhverju leyti verðið á töskunum, en meðalstór taska kostar um þrjátíu þúsund krónur. Chanel-tískuhúsið hefur lengi gert það gott með bólstruðu ferköntuðu leðurtöskunni sem er með keðju í stað axlarólar, og framleidd er úr ýmsum efnum. Eftirlíkingarnar eru ófáar og hefur fyrirtækið H & M búið þær ófáar til.

Ein fyrrverandi samstarfskona mín frá H & M sem eins og ég fór svo yfir í lúxusbúðirnar sagði þegar við fórum í lautarferð í Butt Chaumont garðinn í vorsólinni að hún vildi eignast tvær töskur, Kelly frá Hermès og bólstraða Chaneltösku. Og fái hún ekki bólstraða Chaneltösku á meðan hún er lifandi vill hún láta jarða sig með eina slíka. Mikilvægi handtöskunnar fyrir konuna nær því út yfir gröf og dauða.

# Vill hönnun sem dugir til eilífðar

SEXTÁN UPPRENNANDI FATAHÖNNUÐIR KEPPA UM STARF HJÁ HILFIGER.

Hinn heimsþekkti tískuhönnuður Tommy Hilfiger ætlar að taka þátt í nýjum raunveraleikaþætti sem ber heitið The Cut. Í byrjun þáttanna munu sextán upprennandi hönnuðir búa saman í risíbúð í Soho í New York. Vikulega fá keppendur verkefni og sá sem stendur sig verst eða nær ekki að ljúka verkinu er sendur heim. Sem sagt dæmigerður raunveruleikaþáttar.

Verðlaunin eru ekki af verri endanum enda eru þau starf við að hanna fatalínu fyrir Tommy Hilfiger sem sjálfur tryggir sigurvegaranum 250 þúsund dala árslaun – eða ríflega sextán milljónir króna.






















# allt - sem þig vantar

**[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]**

**SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18**
**FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19**
**LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16**










Frjáls íbúðalán 4,15% vextir

100% veðsetningarhlutfall

## Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtryggð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna).
Hægt er að nota lánin til íbúðarkaupa, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
|---|---|---|---|
| 4,15% vextir | 18.485 | 5.361 | 4.273 |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

Hólmgeir Hólmgeirsson
rekstrarfræðingur er lánafulltrúi
á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir
viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Himinn og haf

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is




# Hús eru menningarfyrirbæri

***Þegar einu sinni er búið að byggja hús verður það ekki svo auðveldlega fjarlægt. Þegar sú staðreynd er höfð í huga skiptir miklu máli að vanda vel til verks. Eins og í öllum greinum er ákveðin framþróun í þekkingu, það besta er reynt að gera á hverjum tíma.***

„Hús eru alltaf nytjahlutir og mótast af þörfum fólks á hverjum tíma. Þau eru einnig hluti af ákveðnum stað og þess vegna eru þau bundin í tíma og rúmi. Gerð þeirra ræðst af viðhorfum, gildismati og þörfum á hverjum tíma,“ segir Pétur Ármannsson, arkitekt hjá Listasafni Reykjavíkur, sem þekkir vel til sögu byggingarlistar á Íslandi.

„Út frá því er það mjög áhugavert að skoða hús og þau segja mikið um manninn og sögu hans þar sem þrívíð form koma mikið við sögu. Á hverjum tíma leitast menn við að leysa viðfangsefnið fyrir ákveðnar þarfir og fyrir ákveðna fjármuni.

Þegar kemur að fagurfræðilega þættinum getur að líta ákveðna hringrás eða sveiflur. Ef litið er til sögunnar hefur pendúllinn verið að sveiflast frá agaðri skynsemishyggju eða naumhyggju yfir í andstöðu hans, rómantík og barokk, jugend og art noveau. Í fyrra tilvikinu voru menn að leita að einfaldleikanum og leita einfaldra leiða, en þegar sama hugsun er í gangi lengi verða menn leiðir á henni. Arkitektúr er jú nytjalist og menn móta húsin fyrst og svo móta húsin mennina.

Það skiptir miklu máli að byggingar eldist vel, því arkitektúr er ekki list augnabliksins, byggingar þarfnast þess að verða betri með aldrinum. Góðar byggingar verða menn aldrei leiðir á að sjá, þó svo að þær séu skapaðar út frá tísku hvers tíma. Ef við tölum um þróunina á Íslandi, þá bendi ég á þá miklu breytingu sem orðið hefur á samfélaginu á einni öld. Torfhúsin eru sennilega okkar merkilegasti arkitektúr og hafa ef til vill ekki verið kynnt nægilega erlendis. Okkur hefur kannski ekki í húsum nútímans tekist að finna aftur sálina sem var í þeim.

Seint á 19. öld kom alda þar sem menn náðu tökum á byggingu íslensk grjóts en steinsteypan kom í upphafi 20. aldar. Hún er endingargóð og tiltölulega ódýr. Það er ástæðan fyrir því að steypan verður okkar aðalbyggingarefni. Menn leituðu oft fyrirmynda í steinsteypuhúsum erlendis í byggingarstílnum í upphafi. Á fjórða áratug aldarinnar rísa heilu hverfin í funkis-stíl. Síðan hafa ýmsar sveiflur og tilbrigði gengið hér. Það urðu ákveðin þáttaskíl 1930 þegar klassíski tíminn vék fyrir funksjónalisma. Um 1970 verður ákveðin viðhorfsbreyting sem tengja má ‘68-kynslóðinni. Þá fara menn að meta gömul hús og það kemur tímabil þar sem menn verða fráhverfir fagurfræði funksjónalismanns. Um líkt leyti kemur í ljós að steinsteypa var gölluð á tímabili og farið var að klæða hús.

Á síðustu 10 árum hefur byggingarstíllinn hins vegar verið að fikra sig aftur að funksjónalismanum, hvort sem menn telja þá þróun í átt til góðs eða ills. Mér finnst að Íslendingar séu kannski ekki komnir nægilega langt í byggingarlist, hún er ekki tekin nógu alvarlega. Byggingarlist er viðfangsefni komandi ára og hér gefst okkur tækifæri til að búa til sérstakan stíl,“ segir Pétur.








# Tískusveiflur í hellulögnum

***Byggingarstíll húsa nútímans einkennist af funkisstílnum, sem kallar á frekar einfalda hellulögn og minni gróðursvæði.***

„Síðastliðin 20 ár hefur BM Vallá hannað útlit garða fyrir fólk án endurgjalds með hjálp landslagsarkitekts. Með tilkomu þess hagræðis má segja að garðar fólks á höfuðborgarsvæðinu hafi tekið miklum breytingum frá því sem áður gerðist,“ segir Gunnar Þór Ólafsson, sölustjóri hjá BM Vallá.

„Í dag erum við farnir að bjóða upp á þessa þjónustu á öllu landinu og við sendum garðarkitekta hvert á land sem er til þess að gera tillögur um hönnun garða. Garðarkitektarnir gera útlitsteikningu sem síðan er útfærð í tölvu og sýnd eigendum. Að vonum eru verktakar mjög ánægðir með að fá fullunnin gögn í hendurnar þegar útfæra þarf hugmyndir. Segja má að þegar hellulagnir í görðum fólks fóru að taka breytingum hafi gætt nokkuð rómantískra áhrifa, margir völdu brotinn stein eða lögðu hellur í hringi í stað hefðbundinna beinna lína. Um leið má segja að hellum í görðum hafi almennt fjölgað á kostnað gróinna svæða. Fólk er ekki lengur spennt fyrir því að eyða öllu sumrinu í garðvinnu, það vill viðhaldslétta eða viðhaldsfría garða og geta farið frá þeim í sumarfríið.“

Gunnar Þór gat þess að í dag gæti að nokkru leyti afturhvarfs til eldri tíma í hellulögnum. „Í byggingarstíl húsa nú, þar sem funkis-stíllinn er áberandi, kýs fólk frekar einfaldari hellur, minni gróður og jafnvel möl á stórum hluta garðs síns. Ég verð einnig var við að eigendur íbúðarhúsa velta því meira fyrir sér að hellulagnirnar í garðinum séu í takti við byggingarstíl hússins. Einnig er algengara að fólk noti hellur í bakgarða sína. Hellurnar koma þá oft í staðinn fyrir palla, sem þurfa mun meira viðhald. BM Vallá hefur verið með hellusölu undanfarin 20 ár og á þessum tíma hefur myndast mikið úrval, sem gerir eigendunum auðveldara um vik að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Gunnar Þór.

# Slökun fyrir líkama og sál
# í heitum nuddpotti





MASTER SPAS®

**Master Spas** nuddpottarnir eru sérhannaðir til að taka á öllum líkamanum
frá hálsi niður í tær. Nuddstútarnir eru í mismunandi útfærslum og
eru hannaðir til að gefa kraftmikið nudd á rétta staði.
Gefur góða meðferð, eykur blóðstreymi, losar um vöðvabólgu og streitu.
Master Spas nuddpottarnir eru hlaðnir búnaði og þægindum.
Margar stærðir og gerðir, frá 3 - 4 manna upp í 8 manna. **Besta verðið?**

**LS 700**
214 x 214 x 92



**LSX**
239 x 239 x 92





Master Spas LS 750FST hlaut
viðurkenninguna “Best Buy”
Þessi frábæri nuddpottur er með
15” flatskjá, DVD / CD spilara,
útvarpi og hljómkerfi.



**LS 750FST**
214 x 214 x 92






Nuddstútar fyrir
Háls, Herðar
og Axlir






4 Þrepa ECO PUR
hreinsikerfi sem er
samsett af, Forsíu
Stórri Hreinsisíu,
smásíu og Ozon.

## Handklæðaofnar



MHS
RADIATORS






## Garðhýsi og fylgihlutir



***Mojave***
Lokað skjólhús fyrir
t.d nuddpotta

***Mini Bel Aire***
Barborð með stólum
og þrepi





***Coranado***
Opið skjólhús með
bar og 3 stólum

www.ofnasmidja.is

OFNASMIÐJA
REYKJAVÍKUR

Vagnhöfða 11 110 Reykjavík

✆ 577 5177 fax. 577 5178

## ÞAKKLÁT lítil svæði

**Hringtorgum hefur fjölgað verulega á höfuðborgarsvæðinu og frágangur þeirra hefur tekið miklum framförum á undanförnum árum.**

„Frágangur hringtorga í Reykjavík er í sameiginlegri ábyrgð Garðyrkjudeildar og Gatnadeildar Reykjavíkurborgar og okkur hefur tekist bærilega að hafa við framkvæmdum undanfarið. Það getur oft verið erfitt að hafa við þegar ný hverfi blása upp og það getur komið fyrir að við drögumst tímabundið aftur úr. Fólk sættir sig einfaldlega ekki við að svæði séu ófrágengin í einhvern tíma ef það er að flytja í sína framtíðareign,“ segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar.

„Segja má að hringtorgin séu þakklát lítil svæði, þau eru yfirleitt frekar lítil en blasa þó við öllum. Fólk tekur því vel eftir því þegar vel er frá þeim gengið. Það er einnig í okkar hlutverki hjá garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar að halda þessum svæðum við.“



Hringtorgið í Spönginni er dæmi um vel heppnaðan frágang Reykjavíkurborgar.



Þessi rafmagnsnuddpottur er í eigu Kristjáns Jónssonar og er í íbúð hans í Mosfellsbæ.

# Bylting í sölu nuddpotta á undanförnum tíu árum

***Rafmagnspottar sem hita kalda vatnið eru farnir að njóta meiri vinsælda í dag en þeir sem nota hitaveituvatn. Rafmagnspottarnir koma flestir frá Kanada og Bandaríkjunum.***

„Það er tiltölulega stutt síðan fólk taldi nuddpotta til lúxuss. Á áttunda áratugnum var eitthvað um að fólk byggði sundlaugar, svo sem í Mosfellsbæ og Hveragerði þar sem nóg var af heitu vatni. Í dag eru margir af þeim að fylla upp í gömlu sundlaugarnar og setja potta þar í staðinn og jafnvel gufubað því til viðbótar,“ segir Kristján Jónsson, sölustjóri hjá Poulsen, sem hefur verið umsvifamikið við sölu nuddpotta síðastliðin fjögur ár.

Kristján telur að bylting hafi orðið á undanförnum tíu árum í sölu á nuddpottum. „Salan á einu ári á Íslandi er örugglega farin að nálgast þúsundið. Fyrir tíu árum var salan örugglega ekki nema einn tíundi af því sem nú er. Það kæmi mér ekki á óvart að fjölskyldur með garða krefðust þess í framtíðinni að nuddpottar yrðu staðalbúnaður. Nuddpottar eru að verða hluti af lífi fólks hér á Íslandi.

Segja má að sala á nuddpottum hafi tekið kipp frá árinu 1985, þegar fólk fór að kaupa skeljar og tengja þær við heita vatnið. Hins vegar er áherslan í dag að færast yfir á rafmagnsnuddpotta, sem eru tilbúin stykki og ekki eins mikil vinna að koma þeim fyrir. Það er þó fyrst nú í ár sem rafmagnsnuddpottarnir eru að verða vinsælli en skeljarnar. Rafmagnsnuddpottar komu til sögunnar fyrir um tíu árum síðan og hafa alltaf verið að færast í aukana. Þeir koma flestir frá Kanada og Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum hefur sala á nuddpottum náð hámarki, en hún á örugglega eftir að vaxa mikið í Evrópulöndum. Að mínu áliti er langt í að íslenski markaðurinn verði mettaður,“ segir Kristján.


TÆKNIHREINSUN
Tækni í stað erfiðis

Nú er rétti tíminn!
Þrífum allar gerðir rimla og strimlagluggatjalda

50% kynningarafsláttur
ef þú kemur með og sækir út júní

Smiðjuvegi 22, rauð gata, Kópavogi. Sími: 577-4900


# Blokkaríbúðir þykja fínar í dag

***Íbúðablokkir í dag eru allt aðrar og betri en þær blokkir sem byggðar voru hérlendis fyrir nokkrum áratugum. Segja má að þessar breytingar hafi að mörgu leyti komið til vegna breytts landslags í því velmegunarþjóðfélagi nútímans sem nú er við lýði.***

„Í nýjum húsum er algengt að íbúðir í blokkum teljist til lúxuss. Fjölbýlishús eru í mörgum tilfellum byggð fyrir fólk sem er 50 ára og eldra en það er þó ekki algild regla, oft er markhópurinn yngra fólk. Eldra fólk hefur í mörgum tilfellum gengið í gegnum ákveðið ferli, byrjar ungt í smáum íbúðum, stækkar smám saman við sig íbúðarhúsnæðið þar til það er komið í einbýlishús,“ segir Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt FAI hjá arkitektastofunni Archus ehf.

„Þegar börnin stækka og flytja burt og íbúarnir nálgast eftirlaunaaldur eða eru komnir á hann flytur fólk í minna húsnæði með litlu sem engu viðhaldi með öllum þægindum til staðar, niðurgröfnum bílskýlum og háu þjónustustigi svo sem mötuneyti, öryggisbjöllum, stórum hurðum og engum þröskuldum milli herbergja. Fyrir þá sem kjósa að flytja í blokkir með háu þjónustustigi getur slík búseta aukið allt öryggi. Nýjum blokkum fylgir oft öryggisgæsla, jafnvel húsverðir og myndavélakerfi fyrir hvert hús, og íbúar þeirra sleppa við allt viðhald, bæði garðvinnu og við íbúðirnar sjálfar.

Ekki má gleyma útsýnisþættinum, sem getur skipt verulega máli við val á íbúðum. Efstu íbúðirnar í nýjum blokkum seljast yfirleitt fyrst og eru verðlagðar dýrastar. Í blokkum nútímans er ekki alltaf verið að miða á eldri íbúa, heldur kýs fólk á miðjum aldri eða þaðan af yngra oft að flytja í lúxusblokkir ef það hefur lítinn áhuga á því að eyða miklum tíma í viðhald. Oft eru viðkomandi einfaldlega að leita að góðu útsýni eða ákjósanlegu hverfi.



Uppbygging miðborgarinnar í Reykjavík einkennist í dag af því að reistar eru blokkir á 4-5 hæðum fyrir fólk á öllum aldurshópum. Þær eru oft með niðurgröfnum bílastæðum, myndsímum og öllum öðrum nútíma þægindum. Til þeirrar skilgreiningar má telja t.d. Skuggahverfið í Reykjavík. Það er til dæmis eftirsóknarvert að geta fengið heitan pott úti á verönd. Í blokkum nútímans eru einnig gerðar miklar kröfur um hljóðeinangrun. Í mörgum af eldri blokkaríbúðum er svo hljóðbært að þú heyrir það greinilega þegar íbúi í næstu íbúð fer á klósettið.“


Geymslu-
og dekkjahillur



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is


allt að
50%
ódýrari
ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR
SÚPERBYGG
Öll helstu merkin í verkfærum. Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skúfum og saum. Sjón er sögu ríkari.
Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.
69.900 kr
LOFTPRESSA 200 l.
13.490 kr.
BÚTSÖG F. JÁRN
19.890 kr.
GREINATÆTARI BLACK & DECKER
5.980 kr.
HEKKKLIPPA
2.500 kr.
RAFMAGNS-HEFILL
verð frá 5.900 kr.
HITASTÝRT STURTUTÆKI
79.990 kr.
BORÐSÖG 2200 W
5.450 kr.
LETTAVAGN
verð frá 2.950 kr.
SLÁTTURORF
11.990 kr.
BÚTSÖG Á SLEÐA
18.490 kr.
DEWALT SDS PLUS BORHAMAR 650W
verð frá 1.096 kr
AXA FLEX STORMJÁRN
verð frá 2.190 kr.
FLÍSASÖG
9.990 kr.
FJÖLNOTA STIGI VINNUPALLUR
4.490 kr.
HANDLAUG Á VEGG 58X46
699 kr.
HANDSÖG JACK 550 MM
verð frá 390 kr.
SKÚFUBOX VERKFÆRABOX
1.950 kr
BÓNVÉL
1.390 kr. pr.stk
STUNGUSKÓFLA GAFFALL
verð frá 290 kr.
LAUFAHRÍFUR
390 kr. pr.stk
PLÖNTUSKÓFLUR GAFFALL OG KLÓRA FISKARS
9.990 kr.
MOSATÆTARI
1 9.999 kr.
BÍLSKÚRS-HURÐAOPNARI MOTORLIFT 4000
1.090 kr
GREINA-KLIPPUSETT
430 kr.
STRÁKÚSTUR
15.600 kr.
GASHITIARI 13kw hæð 220cm
2.190 kr.
SKÓFLA OG STRÁKÚSTUR
390 kr.
GARÐKANNA 10 l.
3.690 kr.
HJÓLBÖRUR 80 l.
VERÐ FRÁ 150 kr.
MÚRBALAR OG MÚRFÖTUR
Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15
Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080
SÚPERBYGG
– meira fyrir minna



Hjónin Þórhallur Jónsson og Ásrún Ólafsdóttir eiga verulega fallegan garð í Árbænum.

# Uppbygging af einskærum áhuga

***Hjónin Þórhallur Jónsson og Ásrún Ólafsdóttir í Vorsabæ 11 í Árbænum hafa alla tíð haft mikinn áhuga á umhverfi sínu og fallegur garður þeirra ber vitni um það.***

„Lóðin var algerlega óstandsett þegar við hjónin fluttum hingað fyrir um 36 árum síðan og því mikið verk fyrir höndum. Þó að við hjónin höfum mikinn áhuga á garðrækt hef ég aldrei leitað til garðarkitekta um ráðgjöf. Við erum bara búin að dunda sjálf við garðræktina og þannig hefur þetta undið sjálft upp á sig,“ segir Þórhallur Jónsson, íbúi að Vorsabæ 11. Þórhallur og eiginkona hans, Ásrún Ólafsdóttir, eru þekkt orðin fyrir fallegan garð sinn.

„Ég hef meira tíma í garðinn núorðið síðan ég hætti að vinna fyrir tveimur árum síðan,“ segir Þórhallur, sem verður 78 ára í haust. „Ég neyddist til að fella blágrenið hérna í garðinum fyrir nokkrum árum, því það var orðið illa farið af sitkalúsinni. En það hafa aðrar plöntur komið í stað blágrenisins og garðurinn var fljótur að jafna sig.“

# Grasið á undanhaldi

***Garðar fólks hafa verið að breytast síðustu áratugi og í dag er mun meira um að fólk vilji losna við grasið að hluta eða öllu leyti, hafa meira af möl, stóra sólpalla eða hellulagnir.***

„Meginástæða þess að fólk vill minna hlutfall grass í görðum sínum er sú að fólk vill miklu síður eyða mikilli vinnu í garðinn. Þó hefur þeim fjölgað sem hafa áttað sig á því að það er eftirsóknarvert að koma út í garð og sinna þar afslappandi störfum til að fá tilbreytingu frá daglegu amstri. Ég hef tekið eftir því að það er helst unga fólkið sem kýs frekar viðhaldslétta eða viðhaldsfría garða, það vill eyða tíma sínum í annað en viðhald,“ segir Stanislac Bohic garðyrkjufræðingur, sem búið hefur hérlendis í meir en aldarfjórðung og er með diplómapróf í landslagsarkitektúr.

„Fyrir nokkrum tugum ára einkenndust garðar fólks miklu fremur af skipulagðri gróðursetningu þar sem beinar línur voru áberandi. Óregluleg gróðursetning er algengari í dag í görðum fólks, fólk kýs að garðarnir séu nær náttúrulegu umhverfi.

Ég hef starfað að garðyrkjumálum í 26 ár á Íslandi og verð áþreifanlega var við að það er í tísku nú að minnka hlutfall grassins í görðum. Hönnun þeirra miðar að minna viðhaldi og sólpallarnir eru áberandi stærri í dag en áður tíðkaðist. Sólpallarnir eru sjaldnast byggðir í beinum línum, eru oft í nokkrum hæðum og helst hannaðir í bogalínum. Ég verð að geta þess að margir eru gjarnir til þess að byggja allt of stór bílaplön fyrir marga bíla, sem oft verða á kostnað garðsins. Sumir vilja jafnvel hafa bílastæði fyrir allt að 4-5 bíla á kostnað garðsins og ég er ekki hrifinn af því.“



Óregluleg hönnun og fráhvarf frá beinum línum er áberandi í görðum fólks í dag.



## Birtan MISÆSKILEG



Sumar plöntur þrífast best í mikilli birtu.

Margar laufríkar plöntur þurfa mikla birtu til að ná góðum vexti og sumar garðplöntur þrífast best ef þær snúa beint að sólarljósinu.

Til eru tegundir plantna sem þola illa of mikið sólarljós, kunna best við sig í forsælu. Þar má til dæmis nefna hörpulauf. Ávaxtaplöntur og grænmetistegundir svo sem rósir eða plöntur sem upprunnar eru í Miðjarðarhafslöndum þrífast best í miklu sólskini. Þó getur sólarbreyskja sviðið blóm og laufblöð plantna, einkum skömmu eftir vökvun. Í sumum tilfellum þarf að skýla viðkvæmum plöntum með sólhlífum yfir hásumarið, sérstaklega þeim sem standa í sólstofum eða gróðurreitum.

# Hæfileg átroðsla er garðinum holl

***Fjölmargir þeir sem stunda garðrækt glíma við mosa í görðum sínum. Ýmsum aðferðum er hægt að beita til að vinna gegn honum.***

„Við ráðleggjum þeim sem glíma við mosamyndun í görðum sínum að setja töluvert af kalki í garðana. Kalkið vinnur gegn mosamyndun með því að breyta sýrustigi jarðvegsins. Eigendur garða eru einnig hvattir til þess að leyfa börnum að leika sér í garðinum, hæfileg átroðsla gerir honum gott og fær grasflatirnar til að líta betur út,“ segir Steinunn Reynisdóttir, deildarstjóri garðyrkjudeildar hjá Garðheimum.

„Graskorn sem fyrsta áburðargjöf á grasflötina hefur einnig dugað ágætlega til að halda grasinu í lagi. Kalk setur maður í hlutfallinu 25 kg á hverja 100 fermetra og gott að setja 4 kg af áburði á hverja 100 fermetra. Það gerir garðinum gott að vökva flatirnar eftir áburðar- og kalkdreifingu því að þessi efni taka ekki við sér fyrr en vætan kemur til. Mikilvægt er að velja góða staði í görðunum fyrir viðkvæmari plöntur ef þær eru gróðursettar á annað borð. Almennt við gróðursetningu er gott að nota lífræn efni eins og hænsnaskít eða moltu. Við ráðleggjum fólki eindregið að safna gróðurúrgangi og nota hann síðar sem lífrænan áburð. Eitur í görðum er stundum nauðsynlegt að nota í illa förnum görðum, en fara verður sparlega í þeim efnum.“



Það sést varla fallegra gras en hjá Jóhannesi Kristinssyni, vallarstjóra Laugardalsvallar, þrátt fyrir að það verði fyrir mikilli átroðslu.







Þegar gæðin skipta máli
RC HÚS
www.rchus.is

Trjáplöntusalan
Mosskógur Mosfellsdal
Opið 9 – 19 alla daga • símar: 5668121 og 6636173
Mikið úrval af víðiplöntum og öðrum trjám
Grænmetismarkaðurinn opnar um miðjan júlí

Garðplöntusala Ísleifs Sumarliðasonar
Bjarkarholti 2 Mosfellsbæ
Sumarblóm bakkaplöntur
tré rósir og runnar
Blátoppur 490
Geislasópur 890
Hansarósir 490
Lingrósir 1890
Stórar Bergfurur Stafafurur og lerki frá hallormstað
s.566-7315 Opið 10-19

Signature húsgögn
Kirkjulundi17, v/Vífilstaðaveg, 210 Garðabær
S-565-3399 www.signature.is

Viltu skjól á svalirnar þínar ?
Með svalagleri frá LUMON færð þú:
Skjól
Öryggi
Auðveld þrif
Hita
Hljóðeinangrun
Mikið fyrir lítið
Fáðu tilboð frá sölumönnum okkar!
formaco
Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055 • formaco@formaco.is • www.formaco.is

Garðplöntustöðin NÁTTHAGI
Beygt 3 km austan við Hveragerði
Fallegar og harðgerðar plöntur í úrvali
Tré og runnar í garða, skógrækt og skjólbelti.
Einnig alparósir, klifurplöntur, berjarunnar, sígrænir dvergrunnar, fjölær blóm og sumarblóm.
Opið alla daga frá kl. 10 til 19
Sími: 483 4840
Fax: 483 4802
Veffang: http://www.natthagi.is
Netfang: natthagi@centrum.is
Nátthagi
Reykjavík
Hveragerði
Ölfusborgir
Þjóðvegur 1
Þorlákshöfn
374
3 km
1
4 km
Selfoss



Fréttablaðið/GVA

Laugardalurinn er talinn til mannvistarumhverfis.

# Fjölbreytt starfsemi og andrými fyrir íbúana á grænum svæðum

***Svæðin eru nú mun betur skilgreind en áður.***

„Ef tala má um breytingu á skipulagi grænna svæða eða útivistarsvæða miðað við það sem gilti fyrir nokkrum tugum ára mætti segja að þau séu mun betur skilgreind í dag og að á þeim fari fram fjölbreyttari starfsemi. Hvert slíkt svæði hefur sitt sérkenni og við viljum að íbúar geti gengið að þeim vísum. Í nútíma skipulagi er mikil áhersla lögð á að tryggja góða tengingu milli útististarsvæða borgarinnar. Íbúum sé gert auðvelt að ferðast á milli þeirra án þess að lenda á umferðaræðum bifreiða. Þegar sú er raunin er vandinn oft leystur með göngubrúm,“ segir Björn Axelsson, umhverfisstjóri á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.

„Oft hefur verið kvartað undan því að útivistarsvæði séu eða hafi verið vannýtt í Reykjavík. Útivistarsvæði eru ekki statísk fyrirbæri sem ekki má breyta eða lítið gera á þeim. Að mínu áliti eru mörg þeirra svæða í Reykjavík of stór og margt hægt að gera til þess að gefa þeim líf. Settar hafa verið fram hugmyndir um betri nýtingu þeirra í þemahefti og fylgiskjali með aðalskipulagi Reykjavíkurborgar fyrir árin 1996-2116. Í því eru mörg græn svæði skilgreind betur frá því sem áður var. Laugardalur er til dæmis talinn til mannvistarumhverfis, Elliðaárdalur náttúrulegt umhverfi og Fossvogurinn skilgreindur sem manngert umhverfi. Græn svæði eða útivistarsvæði gegna því hlutverki að skapa andrými fyrir íbúana.

Þessi svæði hafa verið að opnast með virkum tengingum á milli þeirra undanfarin ár. Unnið hefur verið markvisst að því að koma öllum tengingum í lag og gert stórátak í merkingu þeirra með skiltum. Nokkuð hefur verið kvartað undan því að ekki sé nægileg tenging á milli bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega frá Reykjavík í Kópavog. Unnið er markvisst að því að bæta þetta.

Í nútímanum eru settar fram kröfur um að boðið sé upp á aðstöðu svo sem fyrir BMX-hjól eða hjólabretti, lagðar fjallahjólabrautir eða ámóta svæði. Í mörgum tilfellum er hægt að verða við þeim kröfum með betri nýtingu útivistarsvæða sem þegar eru til staðar.“

# Limgerðum fækkar á kostnað trjáþyrpinga

***Skjólveggir eða girðingar hafa gert það að verkum að fólk telur minni þörf á limgerðum í görðum sínum. Í staðinn hefur færst í vöxt að koma af stað trjá- eða blómþyrpingum.***

„Í limgerðum hefur víðirinn alltaf verið nokkuð vinsæll en það sem er að hverfa úr görðum er gljávíðirinn, sem hefur nánast dáið út á Íslandi vegna ryðsveppsins. Í staðinn hafa menn oft kosið viðju, víðitegund sem er mjög harðger og gott að klippa hana. Hún hefur verið nokkuð laus við sýkingar. Fólk hefur einnig valið gljámispil í minni görðum eða heggstaðavíði þar sem vinda og seltu gætir, hún er töluvert veðurþolin planta,“ segir Lára Jónsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Blómavali. „Plöntunotkun hefur breyst mikið á Íslandi á undanförnum árum vegna þess hve mikið er komið af skjólveggjum og girðingum ýmiss konar. Í stað limgerðanna hefur fólk búið til trjáþyrpingar eins og sírenur, kvisti af ýmsum tegundum eða toppa eins og blátopp og gultopp. Runnarósin hefur einnig náð vinsældum vegna þess hve harðger planta hún er.“

Lára gat þess að í grónum görðum gæti að líta ýmsar sígrænar plöntur sem fyrir tíu árum voru garðskálaplöntur. „Hlýnandi veðurfar hefur þar eflaust eitthvað að segja. Einnig eru rósakirsuberjatré að sækja á en þau blómstra á vorin. Þau eru ættuð frá Kúrileyjum norðan við Japan. Mikil fjölbreytni er einnig í ræktun í pottum á veröndum eða sólpöllum. Þar má nefna geislasópinn og gullregn, sígrænar plöntur eins og fagursýprus sem er mikið notað í pottum,“ segir Lára.



Segja má að garðar af þessari tegund tilheyri fortíðinni.

Gæði glersins skipta öllu máli
Með notkun Suncool™ HP gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútstreymi er lítið.
GLERBORG
Dalshrauni 5 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 3333 | www.glerborg.is

# Gróðursetja trjá-plöntur allt sumarið

***Mikilvægt er að gæta þess við gróðursetningu trjáplantna að trén sem gróðursett eru hafi verið tekin upp fyrir laufgun.***

„Það er fyrst nú þessa dagana sem eitthvert vit er í því að setja niður blóm því einu blómin sem þola næturfrost eru stjúpur. Nú er loks að renna upp sá tími að ekki er lengur hætta á næturfrosti," segir Einar Þorgeirsson, skrúðgarðameistari hjá Birkihlíð í Kópavogi.

„Því má segja að rétti tíminn til að gróðursetja blóm sé á næstu vikum. En tré er hægt að gróðursetja allt sumarið fram á haustið, svo fremi sem plöntur hafa verið teknar upp fyrir laufgun. Það er því alls ekkert of seint að planta trjám núna eða jafnvel síðar í sumar. Gæta verður þess að vökva vel, bæði tré og blóm, sérstaklega ef himininn hefur verið spar á rigningar. Eftir gróðursetningu er mikilvægt að vökva vel næsta hálfa mánuðinn, sérstaklega berrótarplöntur. Æskilegt er að fá leiðbeiningar um gróðursetningu hjá garðyrkjufræðingum eða gróðrarstöðvunum. Passa verður einnig að ekki sé notaður of mikill tilbúinn áburður því hann getur hreinlega drepið plönturnar."

Fréttablaðið/GVA



Mikilvægt er að vökva vel fyrsta hálfa mánuðinn eftir að blómum er plantað.



## GRÓÐURHÚS TIL ÝMISSA HLUTA NYTSAMLEG

Það er útbreiddur misskilningur að það sé kostnaðarsamt að reisa og viðhalda gróðurhúsi í garði sínum eða mikla kunnáttu þurfi til.

Gróðurhúsi fylgja ýmsir kostir. Hægt er að vinna þar í öllum veðrum allt árið um kring og mögulegt að koma plöntum í rækt sem áformað er að gróðursettar verði í garðinum síðar. Í stórum görðum er skynsamlegt að afmarka gróðurhúsin með runnum eða trjám en í minni görðum er oft nauðsynlegt að beita útsjónarsemi við staðsetningu gróðurhússins. Það þarf að falla vel að skipulagi garðsins og getur verið leiðinlegt ef gróðurhúsið skyggir á aðra hluti garðsins.

Mikilvægt er að staðsetja gróðurhúsið þannig í garðinum að það falli vel að heildarsvip hans og öllu skipulagi. Það þarf að standa á skjólsælum stað en í góðri birtu svo að plönturnar í því nái örugglega að vaxa og dafna. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hlutverki gróðurhússins í garðinum. Gróðurhús sem einnig á að þjóna því hlutverki að vera garðskáli eða sólstofa, verður allt öðruvísi en það sem eingöngu á að hýsa plöntur.

Menn ættu að hafa það í huga að gróðurhús þarfnast miklu minna viðhalds og endast mun lengur ef vel er gengið frá þeim strax í upphafi. Undirstaða gróðurhússins þarf að uppfylla þrenns konar skilyrði. Hún þarf að halda húsinu niðri í vindi og vera svo traust að húsið verði hvorki fyrir missigi né haggist af völdum frostþenslu í jörð. Víðast hvar á landinu er nægilegt að grafa 70-80 cm niður en þó getur verið ástæða á stöku stað til að fara enn dýpra, allt að 120 cm.



Verið velkomin í sýningarsal okkar Faxafeni 10, Húsi Framtíðarinnar



Bjóðum upp á
-Sumarhús
-Kamínur
-Parket
-Dúka
-Dúkaflísar
-Pallaolíu
-Sturtuklefa

Gólfefnaval Faxafeni 10, 108 Reykjavík. S. 517-8000
Gunnar s. 696-5700, gunnar@golfefnaval.is

félag íslenskra parketmanna

ekki taka óþarfa áhættu
veldu fagmann til verksins

Bæklingur með nánari upplýsingum og félagatali liggur frammi hjá helstu söluaðilum parkets.

FÍP

Erum með margar gerðir af mjög vönduðum heilsárshúsum frá Svíþjóð



Húsin eru með bjálkaklæðningu, einangruð og með panil að innan. Einng geymslu- og gestahús við sumarbústaðinn eða á lóðina 4.6m2 – 10m2. Þessi hús hafa reynst afburðavel við íslenskar aðstæður. Kynntu þér húsin á www.bjalkabustadir.is
Síminn er 581-4070

Elgur bjálkabústaðir, Ármúla 36, Selmúlamegin

ÞARFT ÞÚ AÐ LÁTA MÁLA INNAN – EÐA UTANHÚSS?

Tökum að okkur verk, bæði stór og smá, inni og úti.
Vönduð vinna – vanir menn

blær
Blær ehf – sími 820-4183

Bílskúrshurðir
Fyrir íslenskar aðstæður.
Staðlaðar stærðir fyrirliggjandi.

HÉÐINN
Stórás 6 • 210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101



Hiti í bústaðinn

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

# Aldur eða hæð eru ráðandi þættir

***Fjölmörg tré hérlendis hafa náð miklum aldri eða mikilli stærð og ástæða er til að koma í veg fyrir að þau verði felld eða grisjuð.***

„Mismunandi er hér á landi eftir sveitarfélögum hvernig verndun trjáa er háttað. Í sumum hlutum landsins eru engar reglur um vernd fyrir hendi en í Reykjavík eru forsendurnar þær að sækja þarf um leyfi til að fella tré sem eru átta metra há eða 60 ára og eldri. Allur gangur er á því hvort leyfið fæst. Í gegnum tíðina hafa menn fellt mikið af öspum, þær geta orðið ansi fyrirferðarmiklar þegar þær eldast. Forsendan sem við gefum okkur fyrir friðun trjáa er að koma í veg fyrir að sjaldgæf tré hverfi eða felling þeirra muni breyta ásýnd götu eða hverfis,“ segir Kristinn H. Þorsteinsson, formaður Garðyrkjufélags Íslands.

„Besta leiðin fyrir þá sem vita ekki hvort þeir megi fella tré er að taka stafrænar myndir og leggja þær inn hjá garðyrkjustjóra. Fólk tekur almennt vel í tilmæli okkar um verndun því oft er það hugsunar- og þekkingarleysi sem ræður för. Ábendingar frá okkur verða oft til þess að fólk fer að hugsa sig tvisvar um. Þegar fólk stígur það skref að ætla að fara að fækka trjám eða gera aðrar umbætur í garði sínum ætti það að hugsa sig vel um og skoða hvaða trjágróður það er með í höndunum. Mörg dæmi eru um að vaðið hafi verið í fellingar án fyrirhyggju og fólk stendur uppi skjóllaust eða hefur eyðilagt ásýnd garðsins hjá sér. Þá er ekki lengur mögulegt að taka skrefið til baka. Komið hefur til tals að vernda heilu garðana og hérlendis er búið að varðveita einn slíkan, Skrúð í Dýrafirði sem byggður var 1906. Hins vegar hefur garður í heild sinni aldrei verið friðlýstur á höfuðborgarsvæðinu, hvað sem síðar verður.“



Þetta verndaða hlyntré er á horni Vonarstrætis og Suðurgötu og er í eigu Háskóla Íslands.



Mikilvægt er að gróðursetja aðeins plöntur sem þola íslenskt veðurfar.

# Ekki sama hverju plantað er

***Garðyrkjufræðingur hafa margvíslegar skoðanir á útliti garða og sumir eru mjög hlynntir því að nota alls konar nýjungar. Það er hins vegar ekki sama hvaða plöntur eru valdar, margar þola hreinlega ekki íslenskt veðurfar.***

„Íslendingar eru mjög nýjungagjarnir og þess vegna er oft auðvelt að fá þá til þess að reyna eitthvað nýtt, jafnvel þó að viðkomandi tegundir eigi sér ekki mikla lífsvon í því veðurfari sem hér ríkir. Þá er verið að fara illa með peninga fólks,“ segir Rósa Ragnarsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Birkihlíð í Kópavogi.

„Til dæmis hafa margir mælt með viðkvæmum sígrænum plöntum svo sem thuju eða einitegundum sem hafa verið settar í ker, en það getur verið vafasöm ráðlegging. Fólk er að vonum svekkt yfir því þegar þessar plöntur taka upp á því að deyja. Við garðyrkjufræðingar verðum oft vitni að því að sjá slíkar tegundir sem hafa aldrei náð sér á strik. Þá er oft betra að treysta á þessar venjulegu harðgeru tegundir sem hafa sannað sig á Íslandi. Með því styður þú einnig íslenska garðplönturæktendur sem rækta plöntur fyrir íslenskar aðstæður og þekkja best hvað hentar í íslensku veðurfari. Fólk sem velur sér viðkvæmar plöntur verður að hugsa um þær svipað og afskorin blóm, eins og þær séu í raun og veru einnota.

Íslenskt veðurfar er mjög rysjótt, eins og veðrið á síðustu vikum hefur sannað. Það hefur verið mjög kalt og þurrt undanfarið og mestallur gróður skrælnar í kerjum og kössum sé ekki hugsað vel um hann.“

# Algeng mistök í garðrækt

***Þegar menn gera mistök í garðrækt er oft auðvelt að bæta úr þeim, en í sumum tilfellum geta mistök kostað mikla vinnu.***

Það hafa ekki allir svokallaða græna fingur og algengt er að gerð séu mistök í garðræktinni. En mistök í garðrækt er oft hægt að leiðrétta, jafnvel með litilli fyrirhöfn. Algeng mistök í garðrækt skipta þó tugum. Algengt er að fólk velji rangar plöntur í garðinn hjá sér eða komi þeim fyrir á röngum stöðum. Sumar eru veikari gegn hvers kyns sjúkdómum, aðrar veðurþolnar, sumar þrífast best í mikilli birtu eða góðu skjóli. Í þessum tilfellum er hentugt að ráðfæra sig við sérfræðinga, garðyrkjufræðinga eða fólk með reynslu af garðrækt.

Margir garðræktendur verða að gjalda þess að planta á röngum tíma, of snemma eða of seint á árinu. Þegar slík mistök eru gerð verður það oft til þess að plönturnar eiga í erfiðleikum með að ná sér á strik. Einnig er algengt að plantað sé of þétt. Þegar plöntur vaxa verður oft þröngt á þingi.

Gæta verður þess að bæta garðflatir reglubundið með áburði, 3-4 sinnum á ári hverju, og vert að geta þess að lífrænn áburður er bestur til þess. Flestir garðræktendur láta sér nægja að setja áburð í garðinn sinn einu sinni á ári. Til samanburðar má geta þess að flatir eins og þær sem eru á golfvöllum fá áburð í hverjum mánuði.

Skordýr af mörgum tegundum er að finna í görðum og ræktendur eru oft fullfljótir á sér að eitra ef þeir verða varir við skordýr í garðinum hjá sér. Sum skordýr eru skaðleg, en önnur geta verið til góðs fyrir garðinn. Það kann ekki góðri lukku að stýra að fjarlægja nytsöm skordýr úr garðinum.

Garðræktendur ættu einnig að vera vakandi fyrir því að nýta sér lífrænan úrgang úr garði sínum í rotkassa til að gera safnhaug og búa til næringarríka mold. Vel gerð garðmold getur skipt sköpum fyrir ræktun í garðinum. Garðmold er fullstaðin eða rotnuð þegar hráefnið er orðið óþekkjanlegt og hún á að vera dökk á lit og laus í sér.



Sumar plöntur þurfa mikla vökvun.



## GARÐYRKJA Á ÍSLANDI

Fyrstu áreiðanlegu sögur af garðyrkju á Íslandi eru frá því um miðja 17. öld þegar Gísli Magnússon, sýslumaður í Fljótshlíð, hóf tilraunir með ræktun á korni, kúmeni og grænmeti.

Upphaf garðyrkju miða margir við fyrstu skipulögðu jarðeplatilraunir Björns Halldórssonar á Sauðlauksdal á ofanverðri 18. öld. Snemma á 19. öld fóru bændur við Eyjafjörð að planta trjám við bæi sína og á árunum 1820-30 voru gróðursett birkitré og reyniviðir á Skriðu, Lóni og Fornhaga í Hörgárdal. Upp úr 19. öld fóru ýmsir áhugamenn um trjárækt að rækta innfluttar tegundir í görðum við heimili sín, jafnan sunnan undir húsvegg þar sem sólar naut í ríkasta mæli. Elsti skrúðgarður sem varðveist hefur hér á landi, er Landfógetagarðurinn í Reykjavík. Á fyrstu áratugum 20. aldar fór þeim fjölgandi sem lögðu stund á trjárækt og garðyrkju og sömuleiðis fjölgaði þeim sem lögðu stund á nám í þeim fræðum. Í dag skipta þeir þúsundum garðræktendurnir á Íslandi, áhugamenn jafnt sem atvinnumenn.

TÆKJA & VERKFÆRA ÞJÓNUSTAN

Alhliða viðgerðaþjónusta fyrir iðnaðarmanninn

Súðarvogi 20 • 104 Reykjavík
Sími: 577 3050 • Gsm: 897 4417
tv@btnet.is

Álklæðning er augnayndi




Umhverfisvænt

Ál grátt
Svart granít
Hvítt
Hvítur marmari

Álklæðningar frá ALPOLIC er góð lausn á klæðningum, úti sem inni.
**Ýmsir litir og steinalíki.**

**Kynnið ykkur verð og liti**

ÁLTAK

**Stórhöfða 33**
**Sími: 577 4100**


Sumar-
húsalán
til 15 ára!
SPRON býður þér hagstætt sumarhúsalán til allt að 15 ára*.
Lánið getur þú t.d. nýtt til að:
• kaupa sumarhúsalóð
• kaupa sumarhús
• byggja sumarhús
• gera endurbætur á sumarhúsi
Þú færð nánari upplýsingar á spron.is, hjá þjónustufulltrúa í síma 550 1200,
þjónustuveri í síma 550 1400 eða í næsta útibúi SPRON.
Himinn og haf / SÍA
* Útlán eru háð útlánareglum SPRON.
spron



Toyota Hilux Double Cab '96 sk. '06 er í toppástandi. V. 1.100 þ. S. 869 4892.

Cherokee árg. '88. Lítið ekinn. Verð 180.000. Góð dekk og fl. Uppl. í s. 897 9252.

## Hópferðabílar



Ford Econoline 7,3 dísel, ekinn 150.000 km. 11 manna. Verð 1690,000. Ath. bílaskipti. Uppl. í s. 893 0462.

## Vörubílar



Volvo FH12 6x4 Nýskráður 04/2003 Km 475.000 460hö, I-Shift, VEB mótorbremsa Vökvakerfi fyrir sturtur

## Húsbílar

Óska eftir litlum húsbíl, lágþekju, 1-3ja ára. Staðgreiðsla. Uppl. í s. 565 7684.

## Mótorhjól



Kawasaki Vulcan 1600 Mean Streak 2005, ekið 400 km. Uppl. í s. 898 4988.



Yamaha YZ 85 árg 2004 NýttHonda CRF 450 árg. 2005 Nýtt og Yamaha YZ 250 árg. 2005 Nýtt.Yamaha WR 450F árg. 2005 Nýtt. Ný hjól á góðu verði Plus Gallery ehf 894 4005 og 898 2811.

Öku- og bifhjólakennsla. Ný hjól nýjar áherslur. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181. www.simnet.is/dso

Til sölu KTM-450 EXC árg 2004. Ekið 2500 km, á númerum. Verð 740 þús. Uppl. í s. 869 3943.

2 hjól til sölu. Suzuki Intruder 750 árg. '87, flott hjól. Honda SLR 650 árg. '99 Enduro. Bæði hjólin þarfnast smávægilegra viðgerða. Tilboð óskast. Uppl. í s. 663 2961 & 663 2962.

## Hjólhýsi



HYMER NOVA 540 Árg 04 Svefnpláss f 4 Fullkomin eldhúsinnrétting Fullkomnasta einangrun á markaðnum Fortjald Sólarsella 2 gaskútar verð 2.4. Ákv bílalán ca.1.7 Uppl. í s 660 1304.



Stern Wilk 560 stórt fortjald, mjög gott. 2ja öxla. Upplýsingar í síma 699 4329.



Fend 530 nýtt fortjald, mjög gott. 2ja öxla. Upplýsingar í síma 699 4329.

Hjólhýsi af stærri gerðinni til sölu. Uppl. í síma 891 8853 & 897 0214, Hjólhýsasalan ehf.

## Fellihýsi

Coleman Santa fe '99, upphækkað, miðstöð, ísskápur, fortjaldshiminn. Uppl. í s. 694 4939.

Nýtt Coleman fellihýsi ásamt aukahlutum til sölu. Fortjald, skyggni, ísskápur, miðstöð, heitt og kalt vatn og fl. S. 892 7040.

Óska eftir fellihýsi á ca. 500 til 800 þús. í skiptum fyrir bíl, Daewoo Nubira stw. árg. '99 ek. 120 þ. km. á ca 400 þús. + pening. Uppl. í s. 892 3318.

Palomino Yerling 4120 '04 12 feta til sölu. Vagn með öllum þægindum, heitu og köldu vatni, ísskáp, sólskyggni, gaskútafesting & 2x kútar, 2x rafgeymar+festingar, rafmagnslifting. Uppl. í síma 896 8991.

Af sérstökum ástæðum er til sölu fellihýsi Fleedwood Victory 2005. Vagninn er nýr innfluttur af Evro með heitu og köldu vatni innbyggðri sturtu og Wc, sólarsellu, upphækkaður, Tv loftnet, útvarp m/Cd og MP3 spilara, þessi er alveg tilbúinn í ferðina. Upplýsingar í síma 892 0063.

Óska eftir 7 feta Camper. Uppl. í s. 861 2115.

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi. KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.

Óska eftir Camplet tjaldvagni, vel með förnum á verðbilinu 150-250.000. Upplýsingar í síma 868 2717 & 846 6228.

Tjaldvagnar til leigu. Nýir Compi Camp. Uppl. í s. 462 6512 & 897 9999. Austurhlíð, Akureyri.

Compi Camp family tjaldvagn '96, mjög vel með farinn. Ýmis útileigubúnaður getur fylgt. Verð 290 þús. Er á Akureyri. Uppl. í s. 863 1506.

Til sölu tjaldvagn, gamall en góður. Háfættur, m/fortjaldi. Verð 150 þús., eða tilboð. S. 861 2682 Steinn.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.

Vélaborg ehf



**Drifskaftaefni**

Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.












JCB 240LC árgerð 1996, snyrtileg grafa á góðu verði. Kr. 3.990.000 án vsk. Upplýsingar hjá Sölumönnum Merkúr hf. 824-6071, 824-6071.



Til sölu 5 tonna BobCat beltagrafa árg. '04. Er í verksmiðjuábyrgð. Fast track. Verð 3.75 milj. + vsk. Uppl. s. 899 3004.



Til sölu ónotuð grafa Terex Fermec 860, árgerð 2005. Fæst á hagstæðu verði. Uppl. í síma 892 5616.

## Lyftarar




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700.



Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700.

Vélaborg ehf




**Jungheinrich pallettutjakkar**

Máláðir eða galvaniseraðir, báðar gerðir með "quick lift". verð frá 46.586- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

Vélaborg ehf



**Lyftarahjólbarðar frá Trelleborg**

í úrvali. Á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafrír. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

Vélaborg ehf




**Lyftaravarahlutir**

Varahlutir í flestar tegundir lyftara. Keðjur, mastursslegur, dekk, gafflar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




## Bátar




**Bátaland, allt til báta.**

Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

Óska eftir kaupa notaðan utanborðsmótor 6 til 8 hö. með stuttum legg, helst ekki eldri en 4 ára. Uppl. í s. 478 1314 & 893 0628.

## Bílaþjónusta

**Bílaverkstæðið Skúffan ehf**
Allar almennar bílaviðgerðir og sprautun
**Smiðjuvegur 11e, 200 Kópavogur.**
**S. 564 1420.**

## Hjólbarðar




Til sölu GoodYear Vetrarhjólbarðar 31" og sumard. 265+70+16. 8 dekk allt á felgum. Einnig Izuzu Trooper '90 þarfnast lagfæringar á vél, góð vél getur fylgt. S. 897 5978.

Dekk: 4 stk. 235/60 16" á 10 þ. 4 stk. 12" á felgum á 8 þ. 4 stk. 215/60 16" á 10 þ. 4 stk. 30x9,5 15" á álf. á 20 þ. 4 stk. 14" Sonata felgur á 6 þ. S. 896 8568.

## Varahlutir




Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Alternatorar-startarar**

Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf. Helluhr. 4, s. 555 4900.

**bilapartar.is**

Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Peugeot-Citroen.**

Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**

Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**

Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Partaland, Stórhöfða 18, s. 567 4100. Varahlutir í Pajero og Lancer '89-'00, Trooper '99-'03, Terrano II '00 ofl. teg.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, Touring '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Sonata '92. Kaupi bíla. S. 896 8568.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Elegance poolborð**

Poolborð + borðplötur = glæsilegt veisluborð! Frábært tilboð,Cavalier 9 ft + borðplötur kr 284.900 Hámarksgæðilágmarksverð www.147.is/jb s.6980400



Ný sending komin af vinsælu viðarkaminunum á aðeins 43.900kr Norme-x Auðbrekku 6 sími 565-8899 og 821-6920. Söluaðilar Ísafjörður s. 456 3345 og Hornafjörður sími 691 0231.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is










Seltjörn 1/2 dagur veiðileyfi 1.950 kr. Uppl. í 822 5300 og www.seltjorn.net

Lausar 3 stangir á silungasvæði Vatnsdalsár 25.-28. júní. Áhugasamir hafið samband við Jón s. 898 4945.

Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

## Hestamennska



**Fáksfélagar**
Almennur félagsfundur verður haldinn í félagsheimilinu mánudaginn 30. maí kl. 20, fundarefni deiliskipulag Fákssvæðis. Stjórnin.



**Reiðskólinn Hrauni**
www.mmedia.is/hrauni Uppl. 897 1992 10-15ára Bókið fyrir sumarið.

**Heiðursverðlaunahestur**
Óður frá Brún er klár í slaginn. Húsnotkun til 15. júní á suðurlandi. Hesturinn verður á vestfjörðum í sumar. Uppl. í síma 893 1038.

## Ljósmyndun

Nikon: F65 vél, 28-80mm 1:3,3-5,6 & 70-300mm 1:4-5,6 G AF NIKKOR linsur til sölu. S. 659 6091.

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Íbúð í Gbæ á 70.000 100fm, 3ja herb. íbúð við Asparás til leigu 1/6-31/7. S. 865 6027 sigrsve@hotmail.com

2ja herbergja 75 fm kjallaraíbúð. Til leigu í Mosfellsbæ. Sérinngangur, laus strax. Uppl. í s. 557 2806, 862 1523 & 849 7532.

Einst.herb. með baði til leigu við Hlemm. Óska eftir kvenkynsleigjenda. Uppl. í s. 845 1575.

## Húsnæði óskast

Konu vantar 2ja herb. íbúð. Sími 587 0054.

Herbergi óskast, helst miðsvæðis. Verðhugmynd 20-30 þús. Uppl. í síma 868 5856.

Karlmaður óskar eftir herbergi með aðgang að eldhúsi á Rvk-svæðinu. Uppl. í s. 893 4718.

Reglusamur og reykl. karlm. óskar eftir íbúð á 101, 107 og 105. Greiðslug. 30-50 þ. Pétur s. 820 7720.

Reglusamur karlmaður óskar eftir lítilli íbúð eða stóru herbergi í Kópavogi. Sími 894 1145.

Erum reyklaust og reglusamt par og óskum eftir íbúð miðsvæðis í Rvk. til leigu. Drekkum ekki og erum skilvís. Uppl. í s. 692 3361.

Hjón sem búa erlendis óska eftir 2ja til 4ra herb. íbúð á Reykjavíkursvæðinu í 3-4 mán. frá 1. jún. Uppl. í síma 695 7147.

Óska eftir herbergi með aðstöðu frá 1. júní. Uppl. í s. 587 0485.

Ungt reglusamt par að norðan bráðvantar íbúð strax! Helst í 101 RVK. Meðmæli fylgja. S. 867 0975 & 865 2001.

Ungu pari bráðvantar 3ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu strax. Greiðslugeta allt að 85 þús á mán. S. 661 4772.

**Snyrtimennska í fyrirúmi!**
Óska eftir 2. herb snyrtilegri íbúð sem fyrst, kem til með að hugsa um hana eins og mína eigin. Uppl í S 691-5536.

28 ára karlmaður óskar eftir stódíó/2ja herbergja íbúð. Helst á svæði 105, 107 eða 101. S. 899 0420.

## Sumarbústaðir



**Nú er rétti tíminn !**
Vönduð bjalkahus 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com




**Rimlahlið**
Rimlahlið í vegi, tvær staðlaðar stærðir, 3,66x2,50m, burðargeta 20 tonn, verð kr. 109.000- án vsk./ 4,50x2,55m, burðargeta 40 tonn, verð kr. 246.000- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



Til sölu WindRider seglbátar Frábær afþreying við sumarbústaðinn. Nánari uppl. merkilegt.is og í s.896 4341/897 9999

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Atvinnuhúsnæði til leigu. Við sund: 90 fm verslunar/þjónustuhúsn á 1. hæð, 45 fm. Vinnustofa á 2. hæð og 14 og 9 fm. geymslur í kjallara. Hólmaslóð: 36, 74 og 125 fm skrifstofur á 2. hæð Sími 894 1022 og 553 9820 leiguval.is

## Geymsluhúsnæði




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Morgunverður Hótelstarf.**
Óskum eftir að ráða starfskraft til framreiðslu og tiltektar á morgunverði.
Í boði er fjölbreytt, ágætlega launað uþb. 80% starf á góðum og traustum vinnustað, þar sem góð þjónusta skiftir höfuðmáli.
Við leitum að morgun-hressum, stundvísum einstaklingi, sem helst býr í nágrenni við Hótelið, á gott með mannleg samskifti og hefur áhuga eða amk. einhverja þekkingu á matagerð.
Daglegur vinnutími er frá kl. 07.00 til 15.00, jafnt virka daga og helgar, unnið er á vöktum, frí aðra hverja helgi.
**Allar nánari upplýsingar veitir Bjarni á staðnum eða í síma 511 6200.Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1, við Óðinstorg. Sími 511 6200.**

**Samstarf um sprautuverkstæði**
Fyrirtæki á Reykjarvíkursvæðinu óskar eftir samstarfsaðila um rekstur sprautuverkstæðis með vinnuvélar í huga.
**Áhugasamir sendið póst á smaar@frettabladid merkt "samstarf"**

**Fiskvinnsla Hafnarfirði Flokksstjóri**
Við viljum ráða mann til að vinna við og hafa umsjón með frystitækjum og frystiklefa. Þarf að geta unnið yfirvinnu og helst að hafa próf á lyftara.
**Upplýsingar hjá verkstjóra í síma 565 0516.**

**Furðufiskar ehf.**
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf:
Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni. Einnig til afleysingar í fisk og kjötborð Hagkaupa.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17.**
**Furðufiskar ehf**
**Fiskislóð 81a**
**101 Reykjavík**



BÍLSTJÓRI óskast. Óskum eftir að ráða bílstjóra til afleysinga í 1 mánuð frá 4/7 til 5/8. Upplýsingar gefur Hilmar í síma 895 9600 eða á hilmar@svinvirkar.is



Stjörnugrís hf. óskar eftir að taka á leigu 3 - 4 herbergja húsnæði í a.m.k. 6 mánuði fyrir starfsmenn sína. Helst á Kjalarnesi eða í Mosfellsbæ. Upplýsingar gefur Sigurður í síma 566 6110 eða á ssp@svinvirkar.is

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Papinos Pizza. Okkur vantar fólk til starfa, nánari uppl. í Núpalind 1 og Reykjavíkurvegi 62.

Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn og frá kl. 13 til 18. Einnig vantar í sumarafleysingar. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "strokleður"

Bp Hótelíbúðir óska eftir starfsfólki í mótttöku og næturvörð unnið er á vöktum Hæfniskröfur. Þú ert með góða framkomu og þjónustulund. Einhverja tölvukunáttu. Talar og skrifar ensku og eitt norðulandamál/þýsku. Við bjóðum spennandi starf á nýju Hóteli og laun eftir samkomulagi. Upplýsingar hjá hótelstjóra í síma 540 9700 eða 863 0403 .

Vantar starfskraft í lagnavinnu/jarðvinnu. S. 896 4570.

**Jamesbönd/Heimabíó**
Óska eftir starfsfólki, 20 ára og eldri í kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum virka daga milli 9 og 18, Jamesbönd Skipholti 9 eða Heimabíó Njálsgötu 49.

**Pizza Höllin í Mjódd**
Óskar eftir bílstjóra - bakara í fullt starf og hlutarstarf. Umsóknareyðublöð liggja á staðnum.

**Pizza Höllin Dalbraut**
Óskar eftir að ráða starfsfólk á síma og í útkeyrslu. Umsóknareyðublöð á staðnum Pizzahöllin Dalbraut 1.

**Pizza Höllin JL Húsinu**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu og bakara til að sjá um aðra hvorra helgi. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Verkafólk**
í byggingariðnaði óskast. Mikil vinna. Getum einnig tekið sumarfólk. Sími 896 1018.

**Helgarvinna**
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar í verslanir um helgar. Æskilegur aldur 18 ára og eldri. Bílpróf skilyrði. Þarf að geta hafið störf strax. Áhugasamir sendi umsóknir á birgir@egils.is.

Háseta vantar á 140 tonna dragnótarbát. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 eða 894 1638.

**Sumarvinna**
Óskar eftir vönu fólki á dráttarvél í slátt, réttindi ekki skilyrði. Umsóknir á http://www.gardlist.is

Vantar vanan starfskraft í byggingavinnu. Góð laun í boði. Uppl. í síma 616 1569.

Óska eftir vönum starfskrafti í hlutastarf í blómaverslun. Uppl. í síma 862 7808.

Óska eftir snyrtifræðing til starfa á snyrtistofu Hótel Sögu. Einnig óskum við eftir nagladömu. Upplýsingar í síma 866 7728.

**Lagerstarf**
Prentsmiðja í örum vexti óskar eftir starfsmanni sem fyrst. Starfið felst í lagerhaldi, og önnur tilfallandi verkefni, tölvukunnátta æskileg. Reykleysi og stundvísi skilyrði. Framtíðarstarf fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi upplýsingar á sala@midaprentun.is

Hlöllabátar Höfðanum óska eftir starfsfólki til að vinna helgarvaktir. Uppl. gefur Kolla í s. 892 9846 eftir kl. 14.

**Bakarí**
Aðstoðarmaður óskast í bakarí í Breiðholti uppl. í s. 893 7370 og 820 7370.

Hrói Höttur Fákafeni 11 óskar eftir duglegu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Okkur vantar bakara, bílstjóra (á eigin bíl) og afgreiðslufólk. Reglusemi og stundvísi. Upplýsingar gefur Arnar á Fákafeni 11 S:533 3555

Leita eftir pizzabakara og grillara. Uppl. í s. 849 4546.

Húsfélagaþjónustan ehf óskar eftir að ráða starfsmann við ræstingar á stór Rvk. svæðinu. Umsóknir sendist á husfelag@husfelag.is eða uppl. í s. 863 8855.

**Verkstæðisvinna**
Vörubíla- og Vinnuvélaverkstæðið óskar eftir góðum starfsmanni vönum viðgerðurm á stórum tækjum. Vögnum, lyfturum og sambærilegum tækjum. Þarf að hafa meirapróf, vera stundvís, áreiðanlegur og geta unnið sjálfstætt. Uppl. gefur Björn í s. 588 4970 & 893 8681.

**Ræsting/dagvinna**
Vantar fólk í ræstingu í dagvinnu. Umsóknir í síma 897-1012 og 533-6020 og á netfanginu rosa@raestir.is

**Starfsmaður óskast**
á Laugavatn í afgreiðslu, grill o.fl. 18 ára og eldri. Húsnæði á staðnum. S. 486 8730, 898 7972.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**10 ára stúdentar**

Endurfundir í Viðey 28. maí nk. Nánari upplýsingar gefur Heiða Dögg Jónsdóttir (6Y) s. 698 9045 http://mr95.galdrar.com


**Breyttur opnunartími í afgreiðslu**

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ birta DV Talstöðin vísir

# NÓTASKIPSTJÓRI

**Vanur nótaskipstjóri óskast til starfa á nótaskip sem fer til veiða í sunnanverðri Afríku.**

Nánari upplýsingar gefur Guðjón hjá Sæblómi ehf. Sími 540 6388.

# Forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

**Á nýliðnu vorþingi voru samþykkt á Alþingi ný samkeppnislög, nr. 44/2005. Samkvæmt þeim er Samkeppnisstofnun lögð niður og verkefni hennar færð til nýrra stofnana, Samkeppniseftirlitsins og Neytendastofu. Gildistaka laganna er 1. júlí næstkomandi. Þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins. Hún hefur m. a. það hlutverk að undirbúa gildistöku laganna og ráða forstjóra Samkeppniseftirlitsins.**

Stjórn Samkeppniseftirlitsins auglýsir hér með starf forstjóra Samkeppniseftirlitsins laust til umsóknar.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar. Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála. Þá þarf forstjóri að hafa stjórnunarreynslu og æskilegt er að hann hafi þekkingu á opinberri stjórnsýslu. Forstjóri þarf að sýna frumkvæði í starfi og lipurð í mannlegum samskipum. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

**Æskilegt er að forstjóri geti hafið störf sem fyrst.**

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Magnússon, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins, í síma: 525 45 72. Umsóknir, ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsferil, skulu hafa borist fyrir kl. 16:00 9. júní nk. til Gylfa Magnússonar, formanns stjórnar, Miðbraut 10, 170 Seltjarnarnesi.

**Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

# Setbergsskóli

## Staða skólastjóra við Setbergsskóla er laus til umsóknar

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram gott faglegt samstarf í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott skólastarf má ávallt bæta. Setbergsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur nú 660. Skólinn hefur í áraraðir haft á að skipa góðu fagfólki og þar ríkir jákvæðni og góður starfsandi.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.

Þá er æskilegt að með umsókn fylgi greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og þær áherslur sem hann vill leggja í starfi Setbergsskóla til framtíðar.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5800, magnusb@hafnarfjordur.is

Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður og er umsóknarfrestur til og með 30. maí.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Hafnarfjarðarbær

# Laust starf

## á umhverfis- og tæknisviði

**Umhverfis- og tæknisvið óskar að ráða ritara til afleysingar á tímabilinu 1. júlí 2005 til 1.september 2006. Um er að ræða fullt starf.**

Helstu verkefni ritara, auk almennra ritarastarfa, eru m.a. skráning í verkefnabókhald sviðsins og umsjón með gögnum, útsending fundarboða og bréfaskriftir vegna afgreiðslu mála, umsjón með skipulagsauglýsingum og fleira því tengt. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Æskileg er reynsla af sambærilegum störfum og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið veita Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs og Tina Holm ritari á umhverfis- og tæknisviði.

Umsóknum skal skila til umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en mánudaginn 13. júní.

Í samræmi við jafnréttisáætlun bæjarins eru karlar hvattir til að sækja um jafnt sem konur.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

FUNDIR

# Flugöryggisfundur

**Fimmtudag 26. maí 2005**
**Hótel Loftleiðum kl. 20.00**

Fundarstjóri: Arngrímur Jóhannsson

**I Frá flugöryggissviði**
a) Ávarp Pétur K. Maack framkvæmdastjóri

**b) EASA – einkaflug**
Sigurjón Sigurjónsson, deildarstjóri

**c) Þjálfunar- og skírteinamál**
Einar Örn Héðinsson, deildarstjóri

**II**
**Áhersluatriði vegna komandi flugsumars,**
æfingasvæðin, flugáætlanir og fleira
Sigurleifur Kristjánsson, deildarstjóri
Flugmálastjórn Íslands

**III**
**Svæðin við Úlfarsfell og Kamba**
Ágúst Guðmundsson
Fisfélag Reykjavíkur

**IV Kvikmynd Fyrsta flugsýningin 1938**
auk myndar um flugöryggi í einkaflugi.

Fyrirspurnir í lok hvers dagskrárliðar
Kaffiveitingar í boði Flugmálastjórnar.

Allt áhugafólk um flugmál velkomið.
FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS
Rannsóknarnefnd Flugslysa
Öryggisnefnd FÍA
Flugbjörgunarsveitin
Flugmálastjórn Íslands

TILKYNNINGAR

## Samstarf um sprautuverkstæði

Fyrirtæki á Reykjarvíkursvæðinu óskar eftir samstarfsaðila um rekstur sprautuverkstæðis með vinnuvélar í huga.
Áhugasamir sendið inn upplýsingar á netfangið box@frett.is eða til Fréttablaðsins merkt „verkst. – 02“

FASTEIGNIR

# OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 18 - 19
# UNUFELL 25 • 111 REYKJAVÍK

Heimilisfang: Unufell 25
Stærð eignar: 112,1 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1972
Brunab.mat: 13,4 millj.
Bílskúr: 46,4fm



Íbúð á jarðhæð í fallegu ný klæddu fjölbýli m/rólóvöll í sjónmáli frá eldhús glugga. Andyri, fatahengi, parket að hluta, parket flísar að hluta. 3 svefnherb. m/ parket og skápum. Baðherb., ný tekið í gegn, flísalagt í hólf og gólf, sturtuklefi, mahony innréttingar m/ sprautulökkuðum hvítum skáphurðum, ný blöndunartæki.
Eldhús, parketflísar, hvítar viðarinnréttingar, gott skápapláss, opið inn í stofu. Þvottahús/búr, inn af eldhúsi, parketflísar, gott hillupláss. Stofa, björt, parket. Sér 6,7 fm geymsla með mjög góðu hillupláss.

Sölufulltrúi :
Sigurður Sigurbjörnsson
693-2080 siggi



RE/MAX Búi
Sigurður Guðmundsson Hdl, lögg. fasteignasali

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9

# 100% Spánn





## Kynning á fasteignum

Norður-Costa Blanca • Suður-Costa Blanca • Costa Calida • Costa Almeria

**Laugardag og sunnudag**
**28 -29 maí kl: 12-17**

**Í húsi**
**Ferðafélags Íslands**
**Mörkinni 6**




- 25 ára reynsla
- Sérsniðin fasteignaþjónusta
- Nýjar og eldri fasteignir
- Eignir frá 7 milljónum króna

sales@atlasiceland.com
Sími: 696 1960
www.atlasinternational.com

ATLAS INTERNATIONAL















# Kólguvað og Krókavað

Vorum að fá í sölu efri og neðri sérhæðir í tvíbýlishúsum á frábærum stað við Kólguvað og Krókavað í Norðlingaholtinu. Neðri hæðirnar eru 127,5 fm 4ra herbergja og efri hæðirnar eru 4ra herbergja 164,9 fm þar af 37,4 fm bílskúr. Húsin eru með góðu útsýni og skilast tilbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttingar að innan, þ.e.a.s. allir úttveggir íbúðar eru múrhúðaðir svo og í bílageymslu. Engir innveggir verða komnir. Þak íbúðarhúss er einangrað og plastað. Þak bílageymslu er einangrað að ofan Húsið er hitað með vatnsofnum og verða allir ofnar uppsettir fyrir utan þá ofna er koma í innveggi en þeir fylgja. Að utan eru hús múrhúðað og steinað í ljósum lit. Lóð tyrfð og hellulagt bílaplan og með snjóbræðslu.. Að öðru leyti skilast eignin skv. skilalýsingu byggingaraðila.
Afhending eigna er frá september til desember 2005

**Til að skoða nánar má fara á vefslóðina *www.husid.is/krokavad2***

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
533 4300

Salómon Jónsson löggiltur fasteignasali
Vilhjálmur Bjarnason löggiltur fasteignasali

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
564 6655

# SJÓNARHORN



Þessir undurfögru túlípanar hættu ekki á að blómstra fyrr en þingstörfum var lokið enda ekki öllum þingmönnum jafn vel við litbrigði þeirra. / Ljósmynd: GVA

## Vissir þú ...

...að Dipak Syal í Indlandi hlóð hæstu súlu sem hlaðin hefur verið úr mynt ofan á rönd penings 3. maí árið 1991 þegar hann hlóð 253 indverskum einnar rúpíu peningum ofan á lóðrétta fimm rúpíu mynt?

...að Chris Allum frá Nýja-Sjálandi hefur stokkið hæsta teygjustökk úr mannvirki eða 251 metra úr Nýárgljúfur-brúnni í Bandaríkjunum árið 1992?

...að næsta reikistjarna utan sólkerfisins er á sporbraut um stjörnuna Epsilon Eridani og aðeins 10,5 ljósár í burtu?

...að Sargassohaf í Norður-Atlantshafi er 6,2 milljónir ferkílómetra og er að mestu kyrrsævi?

...að hægasti fiskurinn er sæhesturinn, sem hreyfir sig í upprétti stöðu og nær aldrei meiri hraða en 0,016 kílómetrum á klukkustund? Hann getur ekki synt á móti straumi og hengir sig með gripsporði sínum í kórala og sjávarplöntur til að berast ekki með straumnum.

...að fljótasta slanga á landi er hin árásargjarna svarta mamba, eða Dendroaspis polylepis, frá regnskógum í suðausturhluta Afríku sem getur náð sextán til nítján kílómetra hraða?

...að strjálbýlasta ríki heims er Mongólía en árið 2001 bjuggu þar 2.435.000 manns á 1.564.160 ferkílómetra svæði sem þýðir að þar hafi búið 1,6 manns á hverjum ferkílómetra?

...að Sómalía ver aðeins 0,4 prósentum af þjóðartekjum til grunn- og menntaskóla?

...að mest seldi GameCube-leikurinn er „Mario Sunshine“ sem hafði selst í 3,5 milljónum eintaka í desember árið 2003?



ÍS HESTAR
info@ishestar.is
www.ishestar.is

NÝ UPPLIFUN

EITTHVAÐ FYRIR ALLA, ALLA DAGA VIKUNNAR

HESTAMIÐSTÖÐ ÍSHESTA Í HAFNARFIRÐI BÝÐUR UPP Á FJÖLBREYTTA AFÞREYINGU FYRIR ALLA, HRINGDU Í SÍMA 555 7000 OG FÁÐU FREKARI UPPLÝSINGAR

REIÐSKÓLI - INNRITUN HAFIN 1

Bjóðum upp á námskeið fyrir börn og fullorðna, byrjendur og lengra komna. Menntaður reiðkennari sér um alla kennslu. Nemendur á barna og unglinganámskeiðum, taka próf í lok námskeiðs og halda sýningu fyrir foreldra.

KÚREKAFERÐIR 2

Örfáir dagar lausir í júní í margumtöluðu Kúrekaferðirnar okkar. Yfir þrjú þúsund manns hafa stigið línudansinn í hlöðunni, keppt í skeifukasti og skvett úr hófunum í kúrekastuði. Ætlar þú að bætast í hópinn?

FJÖLSKYLDUDAGAR 3

Allir sunnudagar eru fjölskyldudagar hjá Íshestum. Tilboð í klukkutímaferð kl. 15:00, teymt undir börnum, kaffi og kökur í Jósölum. Allir velkomnir.

JÓSALIR 4

Jósalir er veitingastaður í Hestamiðstöðinni. Allt í kring eru fallegar gönguleiðir og tilvalið að kíkja inn, alltaf heitt á könnunni og léttar veitingar. Fullbúinn bar er á staðnum og alltaf opið í hádegismat. Borðapantanir fyrir kvöldmat einnig mögulegar fyrir a.m.k. 10 manns.







NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ TRYGGJA SÉR SÆTI Í ÆVINTÝRALEGUM HÁLENDISFERÐUM OKKAR. BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 555 7000 EÐA info@ishestar.is



**FIMMTÍU ÁRA FJALLGANGA** Breski fjallgöngumaðurinn George Band var heiðraður í gær í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því hann kleif Kanchenjunga-fjall í Nepal. Kanchenjunga er þriðja stærsta fjall heims og eitt það illkleifasta.



**MARÍA HRÖNN GUNNARSDÓTTIR HELDUR Á NÝJU SÍMASKRÁNNI**

# María Hrönn sigraði

Nýja símaskráin var kynnt með viðhöfn á Nýlistasafninu í gær. Forsíðu hennar prýðir nú listaverk eftir Maríu Hrönn Gunnarsdóttur, nemanda í myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Var verk hennar valið úr yfir hundrað tillögum sem bárust í samkeppnina.

Þrír nemendur fengu peningaverðlaun að upphæð 200 þúsund krónur fyrir sínar tillögur, en það voru auk Maríu Hrannar, þær Agla Egilsdóttir myndlistarnemi í Listaháskólanum og Arnhildur Pálmadóttir, nemi í arkitektúr við sama skóla. Þær fengu einnig afhentar símaskrár með forsíðumynd af tillögum þeirra.

Að sögn Antons Arnar Kærnested, ritstjóra símaskrárinnar, halda vinsældir bókarinnar sér þótt þjónusta símaskrárinnar sé í sífellt meira mæli notuð á netinu og í þjónustusímanum 118. „Bókin er prentuð í 230 þúsund eintökum og ganga þau öll út án þess að við þurfum að hafa mikið fyrir því," segir Anton. Hann nefnir einnig að könnun sem gerð var í fyrra sýni þessar vinsældir svart á hvítu. „Stór hluti þjóðarinnar, eða 93%, sagðist nota bókina reglulega, sem sannar það alveg að gildi hennar fyrir landsmenn hefur ekkert minnkað," segir Anton. ■

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1907** John Wayne, leikari



**1923** Horst Tappert, leikari



**1964** Lenny Kravitz, söngvari









## Heyrst hefur ...

... að Tony Pulis, stjóri Stoke, hafi svo litla trú á íslenskum knattspyrnumönnum að hann sé tilbúinn að leita alls staðar annars staðar en á Íslandi eftir liðsstyrk. Til að mynda fór hann í leikmannaleit til Póllands um síðustu helgi og segir sagan að áhorfendur í Landsbankadeildinni muni ekki rekast á Pulis á vellinum í sumar.

# sport

sport@frettabladid.is

**HANDKNATTLEIKSKAPPINN SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON:** FER Á KOSTUM Í ÞÝSKU ÚRVALSDEILDINNI

# *Snorri fetar í fótspor Ólafs Stefánssonar*



Handboltamaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson hefur farið hamförum í þýsku deildinni að undanförnu og var valinn í lið vikunnar í deildinni af tímaritinu Handball Woche. Þetta er í fjórða sinn sem hann er valinn í lið vikunnar á tímabilinu.

„Ég hef aldrei verið í betra formi en núna. Sjálfstraustið er í botni og ég er rosalega vel stemmdur, ég hef aldrei spilað betur en ég hef gert upp á síðkastið.“ sagði Snorri Steinn þegar Fréttablaðið hafði samband við hann til Þýskalands. Nú fer tímabilinu í Þýskalandi að ljúka en í lok janúar var honum tilkynnt af liði sínu, Grosswallstadt, að ekki væri á áætlun að framlengja samningi hans. „Það var að sjálfsögðu áfall því mér hefur liðið vel hjá liðinu, þjálfarinn er sá besti sem ég hef haft og á ég honum mjög mikið að þakka. Hann er samt að fara að hætta eftir tímabilið og sá sem tekur við af honum vildi mig ekki.“

Bak við tjöldin hefur stjórn liðsins þó rætt um það að endurskoða þá ákvörðun sína að hleypa Snorra í burtu. „Málið er bara það að félagið er búið að kaupa marga leikmenn sem koma fyrir næsta tímabil og ég held að það hafi ekki efni á að halda mér líka,“ sagði Snorri, sem hefur að sjálfsögðu fengið fyrirspurnir frá ýmsum liðum. „Það er flókin staða í Þýskalandi og óvissa með marga leikmenn, þar á meðal mig. En ég hef fengið fyrirspurnir frá mörgum misgóðum liðum en ekkert tilboð enn sem komið er. Meðal þeirra liða sem hafa haft samband eru toppliðbæði í Þýskalandi og á Spáni en of snemmt er að segja hvaða lið það eru.“

Snorri Steinn er fyrsti íslendingurinn sem fetar í fótspor Ólafs Stefánssonar með því að vera valinn í lið vikunnar fjórum sinnum. Stuðningsmenn Grosswallstadt eru ekki sáttir við það að Snorri sé á förum enda hefur hann verið besti maður liðsins síðustu leiki og skoraði tólf mörk og fiskaði fjögur vítaköst í 36-34 sigri á Wetzlar í síðasta leik.

## > Við hrósum ...

... Ólafi Þórðarsyni fyrir að draga vafasamar yfirlýsingar sínar um Garðar Örn Hinriksson til baka og fyrir að biðja Garðar Örn afsökunar á hegðun sinni. Ólafur er maður að meiri fyrir vikið og vonandi lærir hann af þessum mistökum sínum.



## > Við fögnum ...

.... endurkomu Sigfúsar Sigurðssonar í íslenska handboltalandsliðið. Hans var sárt saknað í Túnis og varnarleikurinn ætti að batna verulega með hann innanborðs. Ekki er síður ánægjulegt að Sigfús sé orðinn heilsuhraustur á ný.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

23 24 25 **26** 27 28 29

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Fylkir** og **Valur** mætast á Fylkisvelli í Landsbankadeild karla í fótbolta.
- 19.15 **Keflavík** og **KR** mætast á Keflavíkurvelli í Landsbankadeild karla í fótbolta.
- 19.15 **ÍA** og **Grindavík** mætast á Akranesvelli í Landsbankadeild karla í fótbolta.
- 19.15 **FH** og **ÍBV** mætast á Kaplakrikavelli í Landsbankadeild karla í fótbolta.
- 20.00 **Breiðablik** og **Fjölnir** mætast á Kópavogsvelli í 1. deild karla í fótbolta.
- 20.00 **HK/Víkingur** og **ÍR** mætast á Víkingsvelli í VISA-bikarkeppni kvenna í fótbolta.
- 20.00 **Þróttur** og **Grindavík** mætast á Þróttarvelli í VISA-bikarkeppni kvenna í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýnt fjórum sinnum.
- 16.40 **Formúlukvöld** á RÚV. Endursýndur þáttur.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 19.00 **Golf** á Sýn. Sýnt frá Liberty-mótinu.
- 20.00 **Golf** á Sýn. Bandaríska mótaröðin.
- 20.30 **Þú ert í beinni!** á Sýn. Þáttur þar sem áhorfendur fá að taka þátt í umræðunum.
- 21.30 **Fitness** á Sýn. Grunnskólamót UMSK í fitness.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Bein útsending.
- 23.05 **Fótboltakvöld** á RÚV. Leikir kvöldsins í Landsbankadeildinni.

ALLT Á GRILLIÐ!!

Grillspjót-Grillspjót-Grillspjót

Smjörkrydduð lúðusteik..................1.690,-

Hlýrasteik með hvítlauk og piparblöndu

........................................................ 1.290,-

Túnfisksteik fersk og flott............. 1.990,-

Blálanga picante.......................... 1.290,-

Risarækjurnar vinsælu með skel

HUMAR eigum allar stærðir.

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Sigfús aftur í landsliðið

**Línumaðurinn Sigfús Sigurðsson er kominn á ný í íslenska handboltalandsliðið og hann verður með í leikjunum mikilvægu gegn Hvít-Rússum í júní.**

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari tilkynnti átján manna landsliðshóp á blaðamannafundi í gær en fram undan eru tveir æfingaleikir gegn Svíum og svo tveir leikir gegn Hvít-Rússum um laust sæti á EM í janúar. Fátt kom á óvart fyrir utan valið á Sigfúsi Sigurðssyni, sem hefur glímt við erfið meiðsl undanfarna mánuði. Það eru verulega góð tíðindi fyrir liðið að hann sé aftur orðinn leikfær.

„Sigfús segist vera fullfrískur og kennir sér einskis meins,“ sagði Viggó glaðbeittur en honum veitir ekki af Sigfúsi til þess að stoppa upp í vörnina, sem var hriplek á HM í Túnis. „Sigfús kemur fyrst og fremst inn í vörnina en Róbert Gunnarsson er klárlega okkar fyrsti kostur á línuna í sókninni. Það fer enginn í skóna hans í dag. Sigfús fær samt eitthvað að spila í sókninni.“

Roland Valur Eradze er í hópnum þótt hann sé búinn að vera mikið meiddur en Viggó segir að hann sé ekki alveg leikfær eins og staðan er í dag.

„Hann er í eilífum vandræðum með hnéð á sér en það er brjóskeyðing í hnénu á honum. Hann segist vera orðinn góður enda búinn að vera í fínni pásu. Annars hefur Birkir Ívar verið í frábæru formi þannig að það slær á áhyggjurnar,“ sagði Viggó. Það er ekkert pláss fyrir Ragnar Óskarsson í leikmannahópi Viggós eins og áður og hornamaðurinn Einar Örn Jónsson hlaut heldur ekki náð fyrir augum landsliðsþjálfarans.

„Einar hefur fengið tækifæri á tveim mótum sem hann nýtti ekki sem skildi. Þórir hefur leikið frábærlega í vetur og Alexander var mjög góður í Túnis. Þeir tveir eru einfaldlega betri en Einar í dag og því eru þeir valdir en ekki Einar,“ sagði Viggó. **henry@frettabladid.is**

**LANDSLIÐSHÓPURINN**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukar |
| Roland Valur Eradze | ÍBV |
| Björgvin Páll Gústavsson | HK |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Haukar |
| Þórir Ólafsson | Haukar |
| Einar Hólmgeirsson | Grosswallstadt |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real |
| Alexander Peterson | Dusseldorf |
| Dagur Sigurðsson | Bregenz |
| Arnór Atlason | Magdeburg |
| Snorri S. Guðjónsson | Grosswallstadt |
| Jaliesky Garcia Padron | Göppingen |
| Markús Máni Michaelsson | Dusseldorf |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Tusem Essen |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Róbert Gunnarsson | Aarhus |
| Vignir Svavarsson | Haukar |
| Sigfús Sigurðsson | Magdeburg |



**SEM KLETTUR Í VÖRNINNI** Sigfús Sigurðsson verður mættur á ný í vörn íslenska liðsins gegn Hvít-Rússum. Sigfús sést hér taka á Spánverjanum Talant Dujshebaev á Ólympíuleikunum í Aþenu síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Úrslitakeppni NBA er í fullum gangi:

# Spurs með góða stöðu



**NASH SJÓÐHEITUR** Stórleikir Steve Nash hafa ekki dugað til sigurs gegn Spurs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**KÖRFUBOLTI** San Antonio Spurs er að minna rækilega á sig í NBA-deildinni þessa dagana og í fyrrinótt lagði liðið Phoenix Suns 111-108 í undanúrslitum vesturdeildarinnar. Spurs hefur því unnið fyrstu tvo leiki liðanna í Arizona og er því komið í ansi vænlega stöðu í einvíginu.

Annar leikur liðanna var frábær skemmtun fyrir áhorfendur eins og sá fyrri og leikmenn liðanna sýndu á sér sparihliðarnar í sóknarleiknum.

Steve Nash heldur áfram að fara hamförum fyrir Suns og í fyrrinótt komst hann í sögubækurnar með því að verða fyrsti leikmaðurinn í sögu NBA til að skora yfir 25 stig og gefa yfir 10 stoðsendingar fjórða leikinn í röð. Það var Amare Stoudemire sem var atkvæðamestur Suns í stigaskorun með 37 stig, en Nash skoraði 29 stig og gaf 15 stoðsendingar.

Það dugði heimamönnum þó ekki til í gær og reynsla gestanna í San Antonio tryggði þeim sigurinn í lokin. Tim Duncan skoraði 25 af 30 stigum sínum í síðari hálfleiknum og þeir Manu Ginobili og gamla kempan Robert Horry gerðu út um leikinn með góðum skotum í lokin.

Phoenix er því komið undir í einvíginu, 2-0, og engu liði í úrslitum deilda í sögunni hefur tekist að komast áfram eftir að hafa tapað fyrstu tveimur leikjunum á heimavelli. Þrátt fyrir að vera ekki með sagnfræðina á sínu bandi er lið Phoenix áreiðanlega hvergi nærri búið að leggja árar í bát og hefur allt að vinna og engu að tapa í leikjunum tveimur sem fram undan eru í San Antonio. **baldur@frettabladid.is**

# Ódýrari HP verslun



Ótrúlegt tilboð!

Gæði á góðu verði

## Skjávarpi

HP vp6120 digital projector

L1596A

- Upplausn : 1024x768
- Birta ANSI lumens: 2000
- Skerpa: 2000:1
- Tækni: DLP
- Hljóð: 36dB
- Ummál: 30,8 x 23,8 x 9,5cm
- Þyngd: 3kg
- Tengi: VGA, S-Video, Component
- Composite Video, hljóð
- Lampaending: 2000 klst. í Standard mode
- 3000 klst. í Saver mode
- Annað: Fjarstýring með músarbendli
- Ábyrgð: 2ja ára

**129.900,-**

*Verð áður 169.900,-*



## Fartölva

HP Compaq nx7010

**139.900,-**

*Verð áður 189.900,-*

- Örgjörvi: Intel Pentium M 1,5 GHz Centrino
- Minni: 512MB DDR
- Harður diskur: 60GB
- DVD skrifari
- Skjár: 15,4" WXGA breiðtjaldsskjár
- Skjákort: ATI RADEON 9200 skjástýring 64MB

## Laserprentari

HP laserjet 1020

Q5911A

- Prenttækni: Monochrome laser
- Hraði: 14 bls. á mín.
- 10 sek.í fyrstu síðu út eftir kaldræsingu
- Örgjörfi: 234 MHz RISC
- Upplausn: 1200x1200 dpi
- Tungumál: Host-based printing
- Sparnaðarstilling: 50% duftsparnaður
- Mánaðarnotkun: 5.000 bls.
- Innbakki: 150 bls. + 1 bls. forgangsbakki
- Útbakki: 100 bls.
- Tengi: USB

NÝTT



**16.900,-**

NETTUR Á SKRIF-BORÐIÐ!

## Fjölnotatæki

HP OfficeJet 4255 All-in-one- Q5611A

- Bleksprautufjölnotatæki, prentari, fax, skanni, ljósritun og sími
- Prenttækni: HP Thermal Inkjet
- Allt að 17 í svörtu, 12 í lit á mínútu
- 1200x1200dpi í svörtu, 4800x1200dpi í lit
- Mánaðarnotkun: 1.500 bls.
- Tungumál: Lightweight Imaging Device Interface - language (LIDIL)

**Skanni:**

- Upplausn: 600x1200dpi

**Ljósritun:**

- Hraði bls. á mín.: 17 í svörtu, 12 í lit
- Upplausn: allt að 600x1200dpi í svörtu, 2400x1200dpi í lit
- Minnkun/stækkun: 25 til 200%

ALLT Í 1 TÆKI!

VINSÆLASTA FJÖLNOTA-TÆKIÐ!



**17.900,-**

## 15%

*afsláttur af bleki frá HP, EPSON og CANON!*

Canon EPSON



## DVD-R diskar

10 DVD-R diskar með hulstrum

ÓDÝRT



30% AFSLÁTTUR!

**1.395,-**

*Verð áður 1.995,-*

## USB 2.0 minnislyklar



**2.900,-** 256 MB

**5.200,-** 512 MB

**9.900,-** 1 GB

Engir diskar!

## Geisladiskar

10 geisladiskar með hulstrum

Vörunúmer: MMM27132X

40% AFSLÁTTUR!



*Verð áður 990,-*

**595,-**

**Afgreiðslutímar verslana!**

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

*Office 1 Akureyri*

*Office 1 Egilsstöðum*
Virka daga frá 11-18,
laugardaga frá 11-14

# Office 1 Superstore

Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is

„Gull, silfur og brons" -stærstu fjölmiðlar landsins.*




Íslendingar 12-80 ára




Fréttablaðið er stærsti fjölmiðill landsins.

Yfir 90% landsmanna lesa blaðið yfir vikuna. Þetta er í annað sinn á hálfu ári sem Fréttablaðið tekur þetta sæti af Ríkissjónvarpinu. Stöð 2 er í þriðja sæti og helsti keppinautur Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði , Morgunblaðið, er nokkuð á eftir í 5. sæti

FRÉTTABLAÐIÐ

-stærsti fjölmiðillinn

*Uppsöfnuð dekkun vikunnar

# FH-ingar í hóp góðra liða

**FH-ingar eru sjöunda liðið í sögu tíu liða efstu deildar sem hefur fullt hús og sex mörk eða meira í plús eftir fyrstu tvær umferðir Íslandsmótsins.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar hafa byrjað Landsbankadeild karla með sannfærandi hætti í sumar. Hafnfirðingar hafa unnið báða leiki sína á útivelli og hafa fullt hús stiga og markatöluna 8-1 úr fyrstu tveimur leikjum sínum, sem báðir fóru fram á Suðurnesjum. Það má búast við því að hinum níu liðunum í deildinni sé ekki farið að lítast á blikuna enda eru nokkrir í leikmannahópi FH sem myndu labba inn í lykilhlutverk hjá flestum liðum deildarinnar en eru stundum jafnvel ekki í 16 manna hópi FH á leikdegi.

FH-ingar eru sjöunda liðið í sögu tíu liða efstu deildar sem hefur náð slíkri draumabyrjun og öll hin sex hafa unnið titil á því tímabili. Fimm af þessum sex liðum hafa enn fremur orðið Íslandsmeistarar um haustið og tvö þeirra unnu tvöfalt á tímabilinu sem þau byrjuðu svona vel.

Meðal þessarra liða eru Valsmenn frá 1978, sem töpuðu ekki deildarleik á tímabilinu, tvöfaldir meistarara Skagamanna sem unnu 20 leiki af 22 í deild og bikar og skoruðu 62 deildarmörk í 18 leikjum sumarið 1993 og svo Skagaliðið sem vann tvöfalt sumarið 1996. Hin þrjú liðin eru Íslandsmeistarar Valsmanna 1980, Íslandsmeistarar Framara 1990 og svo bikarmeistarar KR-inga 1994.

Aðeins eitt þessara liða lék báða leiki sína á útivelli líkt og FH-liðið nú en KR-ingar byrjuðu Íslandsmótið 1994 með tveimur leikjum á útivelli, unnu 5-0 sigur á Breiðabliki á Kópavogsvelli í 1. umferð og sóttu síðan 2-0 sigur í Garðabæ þremur dögum síðar. James Bett, faðir Baldurs Bett, núverandi leikmanns FH, lék einmitt með KR-liðinu þetta sumar og skoraði meðal annars tvö mörk í fyrsta leiknum.

Baldur kom inn á sem varamaður í Grindavík og skoraði þá fimmta og síðasta mark FH-liðsins í leiknum. KR-ingar unnu reyndar aðeins einn af næstu átta leikjum og enduðu í fimmta sætinu um haustið en öll hin liðin tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn.

Þetta er líka í fyrsta sinn síðan 1990 sem lið sem nær svona frábærri byrjun á Íslandsmótinu er ekki undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar, en ÍA 1993, KR 1994 og ÍA 1996 voru öll undir hans stjórn. Ásgeir Elíasson var því síðastur á undan Guðjóni að taka Íslandsmótið með trompi í fyrstu tveimur umferðunum en Fram vann báða fyrstu leiki sína sumarið 1990, 4-0.

Næst á dagskrá hjá FH er fyrsti heimaleikur sumarsins þegar Eyjamenn koma í heimsókn í Kaplakrikann en aðeins þrjú af umræddum sex liðum unnu þrjá fyrstu leiki tímabilsins; Valur 1978 og 1980 og ÍA 1993.

ooj@frettabladid.is

**SJÖ LIÐ HAFA BYRJAÐ SEX OG SEX Í 10 LIÐA DEILD**

| | |
|---|---|
| Valur 1978 | (6 stig, markatala 8-2, +6) |
| Valur 1980 | (6 stig, markatala 7-0, +7) |
| Fram 1990 | (6 stig, markatala 8-0, +8) |
| ÍA 1993 | (6 stig, markatala 6-0, +6) |
| KR 1994 | (6 stig, markatala 7-0, +7) |
| ÍA 1996 | (6 stig, markatala 8-1, +7) |
| FH 2005 | (6 stig, markatala 8-1, +7) |



**EINU AF ÁTTA MÖRKUM FAGNAÐ** FH-ingar hafa skorað átta mörk í fyrstu tveimur leikjum sínum í Landsbankadeild karla og hér fagna þeir einu af fimm mörkum sínum í Grindavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, bað dómarann Garðar Örn Hinriksson afsökunar:

# Ólafur dregur ummæli sín til baka

**FÓTBOLTI** Ólafur Þórðarson, þjálfari Skagamanna í knattspyrnu, hefur dregið ummæli sín um Garðar Örn Hinriksson, dómara í efstu deild, til baka. Ólafur hélt því fram í fjölmiðlum í gær að Garðar Örn hataði ákveðna leikmenn ÍA og sakaði hann um hlutdrægni í dómgæslu sinni. Síðar um daginn sá hann að sér og hringdi persónulega í Garðar Örn, þar sem málin voru útkljáð.

„Ég bað hann afsökunar á að láta þessi ummæli falla. Ég geri mér grein fyrir því að þau áttu engan veginn heima í fjölmiðlum. Og ég bað hann innilega afsökunar á því," sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær.

Garðar Örn staðfesti að hann og Ólafur hefðu rætt saman og að hann hefði samþykkt afsökunarbeiðni hans. Ólafur hefði dregið til baka hvert orð og hefði að auki viðurkennt að vítaspyrnudómur Garðars í leik Vals og ÍA á mánudagskvöldið hefði líklega verið réttur. Málið væri því afgreitt af beggja hálfu.

vignir@frettabladid.is



**TÓK ÖRÐ SÍN AFTUR** Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, hringdi í Garðar Örn Hinriksson dómara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fannar Ólafsson og Pálmi Freyr Sigurgeirsson hafa samið við KR-liðið:

# Kennum KR-liðinu að vinna næsta vetur

**KÖRFUBOLTI** Á blaðamannafundi í gær var formlega tilkynnt að Fannar og Pálmi myndu leika með Vesturbæjarliðinu í úrvalsdeildinni næsta vetur, en Fréttablaðið greindi frá þessu fyrir nokkru. Blaðamaður spurði Fannar hvernig tilfinning það væri að koma í Vesturbæinn og hvort liðið ætti möguleika á að vera í toppbaráttunni í vetur.

„Það er mjög gott að vera kominn í KR og ég hlakka mikið til að vinna með þessum strákum hérna. Mér skilst að menn séu að hugsa um að fá jafnvel fleiri sterka leikmenn til liðs við okkur og við ætlum að vera í baráttunni um titilinn, annars myndi ég ekki koma hingað og spila. Við erum að vísu með mjög ungt lið og nýir menn að koma í það, svo það tekur væntanlega tíma að slípa hlutina saman hjá okkur. Við þurfum að aðlagast strákunum sem eru hérna fyrir og þeir þurfa að aðlagast okkar leik, þannig að ég á nú ekki von á því að við komum fljúgandi inn í tímabilið. Ég held hins vegar að að við eigum eftir að verða sterkir og alveg örugglega eitt af topp fjórum í deildinni þegar við erum búnir að finna taktinn. KR er með gott lið sem sýndi það í fyrra að það getur alveg unnið hvaða lið sem er, en skortir bara reynsluna held ég. Við Pálmi þurfum að miðla þeirri reynslu sem við höfum til yngri leikmanna og kenna þeim hvað til þarf og kenna þeim að vinna," sagði Fannar.

baldur@frettabladid.is



**NÚMER 15 OG 8 HJÁ KR NÆSTA VETUR** Fannar Ólafsson (15) og Pálmi Freyr Sigurgeirsson (8) sjást hér með Böðvari Guðjónssyni, formanni Körfuknattleiksdeildar KR, eftir að þeir undirrituðu samning við Vesturbæjarliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Turtle wax

# Extreme
## hraðbón

### Háþróað Trilicone™ efni

Inniheldur þrjár sílikon sameindir sem saman veita dýpsta mögulega gljáa og vernd og binda bónið þannig að meðferðin endist í langan tíma. EXTREME bónið hefur einstaka hreinsieiginleika, hrindir sérstaklega vel frá sér vatni, verndar lakkið og gefur því djúpan gljáa með mikla endingu. Inniheldur UV vernd. Auðvelt í notkun og má nota á allt lakk, einnig metal og glæru.




Bílanaust

Sími 535 9000

Fæst einnig á bensínstöðvum Skeljungs



**KSÍ.IS** Nýtt og glæsilegt útlit.

Bylting hjá KSÍ:

# KSI.is líka fyrir blinda

**FÓTBOLTI** Heimasíða Knattspyrnusambands Íslands hefur nú fengið nýtt og betra útlit en eldri útgáfan hafði þjónað sínu undanfarin fimm ár. Skipulag síðunnar hefur verið tekið í gegn, sem og útlit, viðmót og virkni.

Glæsilegt myndasafn hefur einnig verið tekið í gagnið en eins og Ómar Smárason, kynningarfulltrúi KSÍ, sagði við opnun síðunnar í gær að á henni teldi þúsundir og þúsundir mynda. Ná þær allt aftur til ársins 1940. Þá þjónustar nýja útgáfan einnig blinda með tækni sem blindir netverjar geta nýtt sér. - esá




# Eins og í Liverpool-sögu

**Liverpool varð Evrópumeistari í gær þegar það sigraði AC Milan í dramatískum úrslitaleik í Istanbúl. Liverpool var 3-0 undir í leikhléi en sneri töpuðu tafli sér í hag á ótrúlegan hátt og vann í vítakeppni.**

**FÓTBOLTI** Það er óhætt að segja að úrslitaleikur Liverpool og AC Milan í Meistaradeild Evrópu hafi farið fram úr björtustu vonum allra knattspyrnuáhugamanna. Fyrirfram var búist við leiðinlegum leik tveggja varnarsinnaðra liða en sú átti aldeilis ekki eftir að verða raunin. Þess í stað var boðið upp á einhverja mestu flugeldasýningu sem sést hefur lengi og mörkin í úrslitaleik keppninnar hafa ekki verið svona mörg í 43 ár.

Milan fékk sannkallaða draumabyrjun í leiknum því hinn 36 ára gamli fyrirliði þeirra, Paolo Maldini, kom þeim yfir eftir aðeins 53 sekúndur. Leikmenn Liverpool voru eins og rotaðir eftir mark Maldinis enda kom það eins og blaut tuska í andlit þeirra.

Milan átti fyrri hálfleikinn og hélt áfram að þjarma að Liverpool. Sú pressa bar árangur á 39. mínútu þegar Argentínumaðurinn Hernan Crespo, sem er lánsmaður frá Chelsea, skoraði annað mark ítalska liðsins. Crespo lét ekki þar við sitja heldur skoraði hann annað mark fjórum mínútum síðar. Staðan 3-0 og enginn átti von á því að Liverpool myndi gera nokkurn skapaðan hlut í síðari hálfleik.

Það breyttist allt á 54. mínútu þegar Steven Gerrard minnkaði muninn fyrir Liverpool. Þá fengu leikmenn liðsins allt í einu trú á því sem þeir voru að gera og upphófst mikil sóknarlota drengjanna frá Bítlaborginni. Hún bar árangur strax tveim mínútum síðar þegar Tékkinn Vladimir Smicer skoraði með góðu skoti. Endurkoma Rauða hersins var síðan fullkomnuð á 60. mínútu þegar Steven Gerrard fiskaði vítaspyrnu. Hana tók Xabi Alonso, Dida varði en Alonso náði frákastinu og jafnaði leikinn fyrir Liverpool. Hreint ótrúleg endurkoma og áhorfendur trúðu vart sínum eigin augum.

Bæði lið áttu ágætis færi það sem eftir lifði leiks en tókst samt ekki að skora. Varð því að grípa til framlengingar. Bæði lið fóru varlega af stað í framlengingunni og leyndi sér ekki að nokkur þreyta var kominn í liðsmenn beggja liða. Eftir fyrri hálfleik framlengingarinnar var enn jafnt og taugar allra voru þandar til hins ýtrasta þegar seinni hálfleikur framlengingarinnar byrjaði.

Síðari hluti framlengingarinnar var tiltölulega rólegur en Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko fékk tvöfalt dauðafæri rétt undir lokin en Dudek varði í bæði skiptin á hreint ótrúlegan hátt. Því varð að grípa til vítaspyrnukeppni til að knýja fram úrslit.

Þar reyndist Dudek aftur hetja Liverpool því hann varði tvær spyrnur frá leikmönnum Milan. Fyrst frá Andrea Pirlo og svo gegn Andriy Shevchenko sem skaut kæruleysislega úr fjórðu spyrnu Milan í mitt mark Liverpool. Leikmenn Liverpool, að John Arne Riise undanskildum, voru aftur á móti öryggið uppmálað.



**BIKARINN Á LOFT** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, lyftir hér bikarnum eftir sigur í Meistaradeild Evrópu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Liverpool fagnaði hreint ógurlega í leikslok enda áttu fáir von á því að þeir myndu sigra í þessari keppni. Sú trú var heldur ekki sterk þegar aðeins 45 mínútur voru eftir af leiknum í gær en kraftaverkin gerast enn og Liverpool er komið aftur á kortið. Það er ekkert sem breytir því.

henry@frettabladid.is



**HETJA 2003, SKÚRKUR 2005** Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko lætur Jerzy Dudek verja frá sér og um leið tryggja Liverpool sigur í Meistaradeildinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GLEÐI** Leikmenn Liverpool slepptu sér í fagnaðarlátunum í leikslok.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ísland vann 2–0 í vináttulandsleik í Skotlandi í gær:

# Tvö glæsimörk frá Dóru Maríu tryggðu sigurinn

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu byrjaði vel undir stjórn Jörundar Áka Sveinsssonar en liðið vann 2-0 sigur á Skotum í vináttulandsleik þjóðannna í Perth í gær. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik, en íslenska liðið var mun sterkara í þeim síðari og var sigurinn fyllilega verðskuldaður.

Það var Dóra María Lárusdóttir sem skoraði bæði mörk íslenska liðsins í seinni hálfleik, það fyrra með skoti utan af kanti á 68. mínútu og það seinna með laglegu skoti upp í samskeytin frá vítateig níu mínútum síðar.

„Við byrjuðum leikinn kannski ekki nægilega vel og það voru hnökrar á leik okkar í upphafi. Við unnum okkur hinsvegar inn í hann og þetta var betra og betra eftir því sem leið á leikinn. Ég fór líka vel yfir stöðuna í hálfleik með stelpunum og þær komu mjög beittar inn í seinni hálfleikinn. Þá skoruðum við tvö glæsileg mörk og vörðumst einnig mjög vel. Það tóku allar þátt í leiknum og það voru allar stelpurnar að spila vel,“ sagði Jörundur Áki sem stjórnaði íslenska liðinu í fyrsta sinn síðan 2003. Ásthildur Helgadóttir lék á ný með landsliðinu, lék sinn 58. landsleik og bætti við leikjametið sitt en nú lék hún í framlínunni.



**TVÖ MÖRK** Dóra María Lárusdóttir skoraði bæði mörk Íslands í Skotlandi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Ásthildi gekk ágætlega í nýrri stöðu. Völlurinn var mjög blautur og það rigndi stanslaust meðan á leiknum stóð og við ákváðum að skipta henni útaf í stöðunni 2-0. Það var sálfræðilega mjög sterkt fyrir hana að koma heil út úr þessum fyrsta leik og hún stóð sig mjög vel líkt og allt liðið,“ sagði Jörundur Áki en hvað gefur þessi sigur liðinu? „Það voru engin stig í boði en þessi sigur gefur okkur hins vegar sjálfstraust fyrir næstu verkefni. Við lærum af þessum leik og reynum að laga það sem miður fór fyrir leikina í undankeppninni í haust,“ sagði Jörundur að lokum. - ooj



**SVEKKTIR MEÐ SILFUR** Róbert Gunnarsson og Sturla Ásgeirsson sjást hér með silfurpeninga eftir leikinn í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Róbert og Sturla misstu af danska titlinum:

# Öruggur sigur hjá Kolding

**HANDBOLTI** Kolding tryggði sér danska meistaratitilinn í gær með öruggum sigri á Aarhus, 31-27, í oddaleik. Kolding var mikið mun betra í leiknum og svo gott sem tryggði sér sigur í leiknum í fyrri hálfleik en hálfleikstölur voru 16-8.

Róbert Gunnarsson skoraði níu mörk fyrir Aarhus í leiknum og þar af eitt úr víti. Hann fiskaði einnig fjögur víti. Róbert var slakur framan af leik og komst ekki í gang fyrr en leikurinn var svo gott sem búinn enda skoraði hann átta marka sinna í síðari hálfleik. Sturla Ásgeirsson komst aldrei í gang og skoraði aðeins eitt mark.

Hjá Kolding fór norski markvörðurinn Sindre Vahlstadt á kostum en hann varði 27 skot og þar af 17 í fyrri hálfleik. Miðjumaðurinn Sebastian Seifert var einnig stórkostlegur með fjögur mörk og tólf stoðsendingar en þetta var annar leikurinn í röð sem hann gefur tólf stoðsendingar.

„Þetta byrjaði ágætlega en svo gerðum við alveg í buxurnar,“ sagði Róbert við Fréttablaðið eftir leikinn. „Það vantaði alla ógnun og hraða í spilið. Við töpuðum fyrir betra liði, það verður bara að segjast eins og er. Engu að síður erum við mjög sáttir við tímabilið enda komumst við í Meistaradeild sem er árangur sem enginn átti von á,“ sagði Róbert Gunnarsson sem var að kveðja Aarhus. - hbg



**ALVARLEGIR** Það hefur oft verið léttara yfir landsliðsþjálfurunum Ásgeiri Sigurvinssyni og Loga Ólafssyni en á fundinum í gær. Það er mikið undir hjá þeim félögum enda telja margir að þeir fái að fjúka náist ekki viðunandi úrslit í næstu tveim leikjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fótboltalandsliðið tilkynnt fyrir leikina gegn Ungverjum og Möltu:

# Tryggvi kemur inn og Rúnar er hættur

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarnir í knattspyrnu kynntu í gær landsliðshópinn sem mætir Ungverjum 4. júní og Möltu fjórum dögum síðar á Laugardalsvellinum. Þeir völdu 20 manna hóp þar sem Heiðar Helguson verður í banni í fyrri leiknum.

„Við eigum góðan möguleika gegn þessum liðum og ætlum okkur sex stig úr leikjunum. Það verður erfitt að fylla skarð Hermanns, sem er meiddur, og Heiðars en við stefnum engu að síður á sigur," sagði Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari.

Liðinu hefur gengið afleitlega í þeim fimm leikjum sem lokið er í undankeppninni fyrir HM 2006 og aðeins uppskorið eitt jafntefli.

Fyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen var ekki með í síðasta leik, gegn Króötum, en Ásgeir býst við honum sterkum inn nú.

„Hann er fyrirliði og býst ég við að hann mæti tvíefldur í þessa leiki. Hann gerði slíkt hið sama í samskonar júníleikjum fyrir tveimur árum og ég er viss um að hann gerir hið sama nú."

Aðspurður um stöðu Rúnars Kristinssonar staðfestir Ásgeir að hann sé endanlega hættur í landsliðinu. „Hann treystir sér ekki í þetta lengur. Hann á fullt í fangi með að klára tímabilið í Belgíu." Um félaga hans hjá Lokeren, Arnar Grétarsson, sagði Ásgeir einfaldlega: „Hann hefur fengið mörg tækifæri hjá okkur og okkur finnst rétt að gefa yngri leikmönnum tækifæri til að sanna sig."

Einn þeirra „ungu" er hinn 29 ára gamli Jóhannes Harðarson sem var nú valinn í landsliðshópinn í fyrsta sinn. „Valið á honum er ekkert einkennilegt. Ég hef alltaf haldið mikið upp á Jóhannes og af hverju á hann ekki að fá sitt tækifæri eins og hver annar?"

Hinn nýliðinn í hópnum er Haraldur Freyr Guðmundsson sem hefur staðið sig vel í norska boltanum í vor. Það vekur einnig athygli að enginn sona Guðjóns Þórðarsonar er í hópnum en Bjarni og Þórður hafa lítið fengið að spila með sínum liðum undanfarið og Jóhannes Karl gefur ekki kost á sér.

eirikurst@frettabladid.is

**LANDSLIÐSHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| Árni Gautur Arason | Valerenga |
| Kristján Finnbogason | KR |
| Brynjar Björn Gunnarsson | Watford |
| Arnar Þór Viðarsson | Lokeren |
| Eiður Smári Guðjohnsen | Chelsea |
| Heiðar Helguson | Watford |
| Pétur H. Marteinsson | Hammarby |
| Tryggvi Guðmundsson | FH |
| Indriði Sigurðsson | Genk |
| Ólafur Örn Bjarnason | Brann |
| Gylfi Einarsson | Leeds |
| Kristján Örn Sigurðsson | Brann |
| Hjálmar Jónsson | IFK Gautaborg |
| Veigar Páll Gunnarsson | Stabæk |
| Stefán Gíslason | Lyn |
| Grétar Rafn Steinsson | Young Boys |
| Gunnar Heiðar Þorvaldsson | Halmstad |
| Kári Árnason | Djurgarden |
| Haraldur F. Guðmundsson | Aalesund |
| Jóhannes Þór Harðarson | Start |



**GORDON STRACHAN** Kominn í slaginn á nýjan leik.

Breytingar hjá Celtic:

## Strachan tekur við af O´Neill

**FÓTBOLTI** Martin O'Neill tilkynnti á blaðamannafundi í gær að hann hygðist stjórna Glasgow Celtic í síðasta sinn um helgina er liðið mætir Dundee United í úrslitum skosku bikarkeppninnar.

„Ég yfirgef Celtic af persónulegum ástæðum eingöngu og er mjög dapur yfir að þurfa að hverfa frá félaginu undir þeim kringumstæðum," sagði O'Neill. Kona hans, Geraldine, hefur gengist undir meðferð við krabbameini undanfarið „Hún hefur staðið mér við hlið í langan tíma og því er þetta hið rétta í stöðunni," sagði O'Neill.

Af honum tekur Gordon Strachan við starfinu en hann hefur stýrt Coventry og Southampton í ensku úrvalsdeildnni. Hefur hann samið til Celtic til eins árs og að þeim tíma liðnum verður tekin ákvörðun um framhaldið. Er það sams konar fyrirkomulag og O'Neill hafði hjá Celtic. **- esá**

Parker á förum:

## Líklega á leið til Everton

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hefur samþykkt að selja miðjumanninn Scott Parker frá félaginu. Líklegt er talið að Everton kaupi hann á 6 milljónir punda en Chelsea keypti hann á 10 milljónir punda frá Charlton fyrir 16 mánuðum síðan.

Tækifæri Parkers hjá Chelsea hafa verið af skornum skammti og Mourinho vildi ekki standa í vegi fyrir því að Parker fengi að spila meir hjá öðru félagi. Ef Everton nær ekki samningum við strákinn bíða Newcastle, Birmingham, Aston Villa og Tottenham á kantinum.




989 BYLGJAN

Hún opnar fyrir míkrafóninn næsta sunnudagsmorgun kl. 9

# STUÐ MILLI STRÍÐA | Óskastundin til að vakna

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR SVEFNMÁLUM


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég skaust til San Francisco í vikunni. Bara svona rétt aðeins til að kíkja. Ja, það væri að minnsta kosti gaman að geta sagt það, en þetta reyndist reyndar vinnutengd ferð og því lítið um frítíma þar sem ég gat skoðað borgina að vild. Þess í stað voru skoðunarferðir, vínsmökkunarferð, sigling, kvöldverðir… þrælskipulögð dagskrá. Og þegar var hlé á dagskrá var gert ráð fyrir að við, sem voru í ferðinni, vildum versla. Því er eflaust mikið sem ég á eftir að upplifa af borginni, enda lítið sem hægt er að gera í fjögurra daga ferð.

Nú er vika liðin frá því ég lagði af stað. Hálf vika síðan ég kom til baka. Samt er ég ekki alveg búin að átta mig á því hvenær ég á að sofa og hvenær ég á að vaka. Ég er orðin þreytt um kvöldmatarleytið, því ég svaf ekkert nóttina áður, en vaki samt langt fram eftir nóttu þegar svefngalsinn hefur tekið völdin.

Á milli Íslands og vesturstandar Bandaríkjanna er sjö klukkustunda tímamunur. Þegar ég var úti gat ég því notið þess að byrja daginn snemma. Aldrei þessu vant var ég vöknuð upp úr fimm. Þetta þótti mér ansi merkilegt og naut þess að vera morgunhress, svona til að prófa eitthvað nýtt. Yfirleitt er ég þannig að ég vil sofa til hádegis og það þykir ekki góðs viti að yrða á mig alveg strax eftir að ég vakna. Það þykir öruggara að gefa mér smá tíma til að komast til sjálfrar mín.

Af þessari uppgötvun minni hef ég lært ýmislegt. Nú tel ég til dæmis fullvíst að ég er ekki svona óhress á morgnana að eðlisfari. Mun líklegri skýring á þessu er að klukkan hér á Íslandi er bara kolröng. Við þyrftum að færa hana að minnsta kosti klukkutíma aftur. Ég hef líka komist að þeirri niðurstöðu að ef ég hefði verið að ferðast í hina áttina, lent til dæmis í Síberíu í stað Kaliforníu, þá hefði ég verið í vondum málum. Ég bara hefði aldrei vaknað fyrr en eftir kvöldmat og því misst af öllu nema næturlífinu sem ég entist lítið í hið vestra. ■

Þjálfarar í Landsbankadeildinni eru búnir að vinna heimavinnuna sína.

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMA LIÐIÐ
SUMARLEIKUR VISIR.IS 2005

ERTU BÚINN AÐ STILLA UPP DRAUMALIÐINU ÞÍNU Á VISIR.IS?

**Stigahæstu liðin eftir 6, 12 og 18 umferðir fá veglega vinninga:**

Ferð fyrir tvo á leik á Englandi.

PSP, nýja leikjatölvan frá Playstation.

Gjafabréf frá Landsbankanum.

Áskrift að Sýn.

Ný þjónusta fyrir Draumaliðsþjálfara:

BOLTAVAKTIN - allt beint af vellinum á visir.is

vísir

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS PRE 28285 5/2005

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



FÓLK

# Trúarkreddu Cruise

Tom Cruise hefur opinberlega gagnrýnt leikkonuna Brooke Shields fyrir að taka þunglyndislyfið Paxil við fæðingarþunglyndi. Í nýútkominni bók, „Down Came the Rain,“ lýsir Shields baráttu sinni við þunglyndi sem kom í kjölfar fæðingu sonarins Rowan árið 2003. Saga Shields er átakanleg en hún skrifaði bókina til þess að vekja fólk til meðvitundar um þennan sjúkdóm. Þunglyndislyf komu henni yfir mesta svartnættið en á tímabili vildi Shields ekki lifa lengur. Cruise gefur lítið fyrir lyfjameðferð af þessu tagi því hann er meðlimur í Vísindakirkjunni, sem er andvíg henni. „Svona þunglyndislyf eru hættuleg. Ég hef reyndar hjálpað fólki að hætta á þeim,“ segir Cruise. Og hvað vill hann að konur með fæðingarþunglyndi geri? Taki vítamín. Cruise er greinilega ekki vel að sér í líffræði. „Það er eitthvað hormónatengt í gangi, það er hægt að sanna það vísindalega. En þegar þú ert að tala um sálfræðilegt og efnafræðilegt ójafnvægi í fólki, þá eru engin vísindi á bak við það. Það er hægt að nota vítamín til að hjálpa konum í gegnum svona.“ Nú verður Cruise bara að vona að konur séu ekki í markhópi nýjustu myndarinnar hans, War of the Worlds, því þessi heimskulegu orð gætu haft áhrif á miðasöluna. ■



**TOM CRUISE** Myndi hann brosa svona breitt ef hann kynntist þunglyndi af eigin raun?

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Eva Longoria**, leikkonan vinsæla úr Desperate Housewives þáttunum, segir að stór galli fylgi frægðinni: karlmenn eru orðnir hræddir við hana. Hún heldur að hlutverkið í þáttunum geri það að verkum að hinu kyninu finnist hún of ógnandi. „Það er miklu minna reynt við mig eftir að þátturinn byrjaði. Ég held að kannski haldi þeir að ég sé alveg eins og Gabrielle svo þeir verða hræddir. En það er mjög auðvelt að umgangast mig, ég er tiltölulega vingjarnleg,“ segir þokkadísin. Þetta virðist þó ekki valda henni miklum vandræðum því hún hefur verið orðuð við nokkra karlmenn upp á síðkastið, meðal annars Hayden Christensen.



En **Hayden Christensen** lætur ástamálin ekki trufla sig, né vinsældirnar sem fylgja nýju Star Wars myndinni þar sem hann leikur Anakin Skywalker. Christensen hefur nefnilega hug á því að gerast arkitekt. „Kannski verður nýja Star Wars myndin mín síðasta,“ tilkynnti leikarinn, aðdáendum sínum til mikilla vonbrigða. The Sun segir að Christensen haldi að hönnun bygginga verði skemmtilegri en að leika í bíómyndum. „Mér finnst Hollywood ekki áhugavert, svo ég er að hugsa um að læra arkitektúr í staðinn. Bíómyndir eru bara vörur og sem leikari geturðu bara selt þær ef þú selur sjálfan þig,“ sagði þessi metnaðarfulli maður sem vill ekki selja sálu sína bíómyndabransanum.



Götubörn í Mexíkóborg ollu **Penelope Cruz** miklu hugarangri þegar hún var við tökur á nýju myndinni sinni Bandidas á dögunum. Cruz varð svo um að sjá aðbúnaðinn á börnunum að hún tók nokkra heimilislausa krakka með sér í hádegismat og fór svo í verslunarleiðangur með fimm önnur götubörn til að kaupa handa þeim ný föt og skó. „Einn strákanna vildi ekki máta skóna af því að sokkarnir hans voru með götum og lyktuðu hræðilega og hann skammaðist sín. Maður sér svona hluti og það er svo sárt,“ sagði spænska fegurðardísin.



**Jay Leno** hefur verið kallaður sem vitni af verjendum Michael Jackson í réttarhöldunum sem nú standa yfir gegn Jackson vegna ásakana um kynferðislegt ofbeldi. Leno á að hafa fengið símtal frá einum af drengjunum sem hafa kært Jackson en verjendur eru að reyna að sýna fram á að hann hafi spunnið upp misnotkunarsöguna til að kúga pening út úr poppstjörnunni. Leno fjallaði um hugsanlegan þátt sinn í réttarhöldunum á mánudagskvöld í þætti sínum „The Tonight Show“. „Ég var kallaður fyrir af verjendum Jackson. Þeir hafa greinilega aldrei séð þáttinn,“ sagði Leno enda hefur hann óspart gert grín að poppstjörnunni.




SKRÁNING Á HAUSTÖNN ER HAFIN!

„FÆRRI KOMUST AÐ EN VILDU Á VORÖNN!„



Elva Benediktsdóttir
- Markaðsfulltrúi hjá Atlantsolíu

MARKVISST STARFSNÁM
& námsbrautir NTV

*Elva fór út á vinnumarkaðinn strax eftir grunnskólann. Hún hafði í níu ár unnið við ýmis láglaunastörf þegar hún fór í Sölu- og markaðsfræði sl. haust. Hún fékk góða vinnu á meðan náminu stóð sem markaðsfulltrúi hjá Atlantsolíu.*

### SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM
258 STUNDIR

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar öllum sem annað hvort eru á leið út á vinnumarkaðinn, oft eftir nokkrra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í starfi.

Þetta nám er markvisst og einstakt fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, TÖK-tölvuökuskírteini* streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* **TÖK** er alþjóðleg viðurkenning á tölvuþekkingu einstaklings.
**TÖK**-prófin eru í Upplýsingatækni, Windows,Word, Excel, Power Point, Access og Internetinu.

**- Allar upplýsingar er að finna á ntv.is**

### SÖLU- OG MARKAÐSNÁM
264 STUNDIR

Við bjóðum upp á líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, stofna eigið fyrirtæki eða vilja einfaldlega styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu- og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.s.frv. en náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

**- Allar upplýsingar er að finna á ntv.is**

### FJÁRMÁLA- OG REKSTRARNÁM
132 STUNDIR

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræðum, fjármálastjórnun og áætlanagerðum en áhersla er lögð á verkefnavinnu tengt efninu.

Námskeiðið er ætlað nemendum sem þegar hafa reynslu af fjármálum og rekstri eða hafa lokið sambærilegu starfsnámi hjá NTV.

**- Allar upplýsingar er að finna á ntv.is**

## Tveggja anna nám með vinnu

Kostir tveggja anna náms með vinnu eru margvíslegir. Það er bæði hagkvæmara og afborganir skólagjalda þurfa ekki að hefjast fyrr en að námi loknu. Auk þess veitir það aukið forskot á krefjandi vinnumarkaði.

### SKRIFSTOFUNÁM OG HÖNNUN
414 STUNDIR

Þetta nám þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að útbúa hvers konar kynningarefni og vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Tekin eru saman tvö stór námskeið sem styðja mjög vel hvort annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám og Auglýsingatækni.

**- Sjá nánari lýsingar á ntv.is**

### SÖLUNÁM OG HÖNNUN
420 STUNDIR

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að hanna og útbúa hvers konar kynningarefni auk þess að vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Með þessu opnast nýir möguleikar hjá fyrirtækjum og stofnunum sem útbúa sitt eigið kynningarefni og styrkja þar með söluferilinn.

Tekin eru saman tvö stór námskeið sem styðja mjög vel hvort annað, þ.e. Sölu- og markaðsnám og Auglýsingatækni.

**- Sjá nánari lýsingar á ntv.is**

### SKRIFSTOFU- OG REKSTRARNÁM
462 STUNDIR

Nám sem eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera þá færari í bókhaldsstörfum og afla sér sérþekkingu, og færast með henni nær sjálfum rekstrinum.

Tekin eru saman þrjú stór námskeið sem öll styðja með margvíslegum hætti hvort annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

**- Sjá nánari lýsingar á ntv.is**

### SÖLU- , MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM
396 STUNDIR

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta námsins er farið í rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Þetta er frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eigin rekstur.

Tekin eru saman tvö stór námskeið sem styðja hvort annað margvíslega, þ.e. Sölu- og markaðsnám og Fjármál og rekstur.

**- Sjá nánari lýsingar á ntv.is**

ntv.is

Nýi tölvu- & viðskiptaskólinn | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is

**Kl. 21.00**
*Djasstónleikar verða á Pravda bar í kvöld. Tríó **Andrésar Þórs Gunnlaugssonar** gítarleikara spilar, en með Andrési leika þeir **Jóhann Ásmundsson** á bassa og **Erik Quick** á trommur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sinfónían hefur hátt*

Í kvöld er röðin komin að því að Sinfóníuhljómsveit Íslands flytji sjöundu sinfóníu Sjostakovitsj undir stjórn Rumons Gamba, aðalhjómsveitarstjóra sveitarinnar.
Rumon Gamba hefur einsett sér að flytja allar sinfóníur Sjostakovitsj á tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni, og hafa sex þær fyrstu nú þegar verið fluttar á tónleikum hennar.
Sinfóníuhljómsveitin verður mun stærri en venjulega í kvöld, því að flutningur verksins krefst bæði óvenju margra málmblásara og auk þess hvorki meira né minna en sjö slagverksleikara.
Hljómsveitin sparar hvergi við sig styrkinn þannig að eyrun í áheyrendum fá fylli sína og gott betur, enda var sjöunda sinfónían samin að hluta til í Leníngrad meðan umsátur Þjóðverja um borgina stóð yfir árið 1941.
Auk sjöundu sinfóníunnar er hið ægifagra Adagio fyrir strengi eftir Samuel Barber á efnisskránni, verk sem hefur hlotið þann sess að



verða einhverskonar opinber sorgartónlist Bandaríkjamanna.

## EKKI MISSA AF…

… sýningu leiklistarnema Listaháskólans á **Draumleik** eftir August Strindberg á Stóra sviði Borgarleikhússins, þar sem reyndir leikarar Borgarleikhússins leika með nemunum. Síðasta sýning er annað kvöld.

… sýningum þeirra **Wilhelm Sasnal, Bojan Sarcevic, On Kawara** og **Elke Krystufek** á Listahátíð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

… sýningu á Íslandsmyndum enska ljósmyndarans Frederick W.W. Howell, sem teknar voru á árunum 1890 til 1901. Myndirnar eru sýndar í Bókasafni Mosfellsbæjar. Sýningunni lýkur um helgina.

# Ljósmyndasýning á Austurvelli

Á Jónsmessu, 24. júní, verður opnuð á Austurvelli útiljósmyndasýning líkt og verið hefur þar undanfarin tvö ár. Að þessu sinni verða sýndar þar ljósmyndir Ragnars Axelssonar úr bókinni Andlit norðursins sem kom út fyrir síðustu jól.

Myndirnar eru teknar víðsvegar um Ísland og Færeyjar og á Grænlandi. Þær eru túlkun Ragnars á lífi fólks í þessum þremur löndum þar sem miklar þjóðfélagsbreytingar hafa leitt til þess að hefðbundnir lífshættir og atvinnuvegir eiga í vök að verjast.

Bókin hefur verið endurprentuð þrisvar sinnum og er nú komin út á þremur tungumálum auk íslensku. Hún kom út í síðustu viku á ensku, frönsku og þýsku.

Í vor auglýsti Höfuðborgarstofa eftir umsóknum um not af ljósmyndastöndum í eigu Reykjavíkurborgar sem notaðir hafa verið tvisvar sinnum áður. Í fyrra skiptið þegar sýning Yanns Bertrand-Arthus, Jörðin séð frá himni, var sett upp og í fyrra þegar sýningin Íslendingar með myndum Sigurgeirs Sigurjónssonar og texta Unnar Jökulsdóttur var sett upp. ■



**VIÐ STYTTU JÓNS SIGURÐSSONAR** Edda-útgáfa kynnti í vikunni ljósmyndasýningu Ragnars Axelssonar á Austurvelli.

Útskriftargjafir

Myndir - skartgripir - styttur - vasar stjakar og margt fleira

Líf & List SMÁRALIND

Smáralind / s: 544-2140

HJÚKRUNAR- OG VASAÚR
*vinsæl útskriftargjöf*

Áletrum



20 mismunandi gerðir af úrum.

Jón & Óskar
Laugavegi 61 • Sími 552 4930
www.jonogoskar.is

ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA

hausverk / SIA



**SUBFRAU** Konurnar í norræna leikhópnum Subfrau verða með tvær sýningar á nýja sviði Borgarleikhússins..

# Þær eru komnar aftur

**Hvað gerist þegar konur hætta að vera kvenlegar og karlar hætta að vera karlmannlegir? Norræni leikhópurinn Subfrau lagðist í rannsóknir og sýnir afraksturinn í Borgarleikhúsinu.**

Norræni leikhópurinn Subfrau er kominn aftur til landsins og verður með tvær sýningar á Nýja sviði Borgarleikhússins nú í vikunni. Leikhópurinn sýndi hér í fyrra dragsýninguna „This is not my body“ þar sem leikkonurnar fóru allar með karlhlutverk og fékk sýningin lofsamlega dóma hérlendis ekki síður en erlendis. Að þessu sinni mæta þær hingað með splunkunýja sýningu, „The Subfrau Acts“.

Átta norrænar leikkonur stofnuðu Subfrau árið 2001 eftir að hafa tekið þátt í dragnámskeiði í leiklistarskólanum í Helsinki. The Subfrau Acts er fjórða sýning hópsins og jafnframt sú fyrsta þar sem þær leika ekki eingöngu karlmenn. En þær sleppa þeim þó ekki alveg.

Þær höfðu samband við tvo danshöfunda, finnska konu og rússneskan karlmann, og fengu þeim sama verkefnið í hendur.

„Við vildum gera sýningu sem fjallaði um það hvað það væri að vera kona og hvað það væri að vera karlmaður, og síðan hvað gerist þegar konur hætta að hegða sér kvenlega og þegar karlar hætta að hegða sér karlmannlega.“

Útkoman er sýning í tveimur hlutum, tveir sjálfstæðir leikþættir sem fátt eiga sameiginlegt nema verkefnið sem upphaflega var lagt af stað með.

Fyrri leikþátturinn, sem er eftir hina finnsku Arja Tiili, heitir „Stay with me“ og er hálfgerður kabarett að sögn Sonju.

„Hún skildi þetta verkefni sem svo að við vildum fjalla um sjálfskennd fólks. Hún telur að sjálfsmyndin mótist þegar fólk verður kynþroska, því eftir kynþroskann fer maður að haga sér eins og kona eða karl, reyna að vera eldri en maður er og haga sér í samræmi við kynhlutverkin.“

Þær byrja þennan hluta í draghlutverkum en síðan fellur skeggið og buxur breytast í pils.

Seinni leikþátturinn, sem er eftir Rússann Sasha Pepelyaev, heitir „The Papier Maché“ og er gjörólíkur þeim fyrri.

„Það var afskaplega fróðlegt að vinna með honum. Hann sagðist ekki skilja neitt hvað við vorum að meina þegar við sögðumst vilja fjalla um kynhlutverk, en svo fórum við að tala við hann og þá skildi hann þetta á sinn hátt.“

Pepelyaev er einn af fremstu danshöfundum Rússa og hefur jafnframt mikið unnið með leikurum.

„Hann lætur okkur allar klæðast fötum frá 19. öld, alls ekki karlmannsfötum. Hann skildi þetta sem svo að kvenleiki snúist um það að hafa stjórn á sér og sýna á sér góða framhlið. Honum fannst áhugavert að skoða hvað gerðist þegar þessi ásýnd hrynur og fólk missir stjórn á sér. Hann notar líka mikið svartan húmor, sem honum finnst mjög karlmannlegur.“

Ein íslensk leikkona, María Pálsdóttir, hefur starfað með leikhópnum en er ekki með í þessari sýningu vegna anna við önnur verkefni.

Þær hafa ferðast með þessa tvo leikþætti um öll Norðurlöndin og munu fara með verkið á ýmsar leiklistarhátíðir í Evrópu nú í sumar.

„Í haust fer hver í sitt leikhús og þar munum við halda áfram vinnu okkar.“ ■

# Brúðarbandið og Curver hita upp

Hljómsveitin Brúðarbandið og tónlistarmaðurinn Curver munu hita upp fyrir bandarísku rokksveitina Sonic Youth á tónleikum hennar á Nasa, 16. og 17. ágúst. Var það sérleg ósk liðsmanna Sonic Youth að fá þessa listamenn til að hita upp.

Miðasala á tónleikana hefst kl. 10 á morgun í verslun 12 Tóna og á midi.is. Takmarkaður fjöldi miða er í boði á þessa tvenna tónleika. Þeir sem hafa keypt sér miða á tónleika Antony and The Johnsons geta keypt sér miða á Sonic Youth í forsölu og hafa margir nýtt sér það tækifæri.

Sonic Youth hefur starfað í rúmlega tuttugu ár og hefur allan þann tíma verið ein áhrifamesta hljómsveit rokksins og þó víðar væri leitað. Meðal hljómsveita og listamanna sem sótt hafa í brunn Sonic Youth eru Nirvana, Pearl Jam, Pavement, My Bloody Valentine, Pixies og Blonde Redhead svo nokkrar séu nefndar. Ótal íslenskir tónlistarmenn hafa lýst yfir aðdáun sinni á sveitinni og þar í flokki má



finna Úlpu, Slowblow, Fidel, Rosebud og Curver.

Síðustu plötu Sonic Youth, Sonic Nurse sem kom út árið 2004, hefur verið gríðarlega vel tekið. ■

# Kominn í góðan félagsskap

Íslensk/kanadíska djasstríóið Cold Front heldur útgáfutónleika á Hótel Borg á föstudaginn í tilefni af útkomu sinnar fyrstu plötu. Cold Front er skipað þeim Birni Thoroddsen gítarleikara, Steve Kirby bassaleikara og Richard Gillis trompetleikara.

„Ég hef verið að spila mikið undanfarin fjögur ár í Kanada og þetta samstarf kom út úr því,“ segir Björn. „Þetta eru þungavigtarmenn sem eru með mér og ég tel mig vera kominn í góðan félagsskap. Þessir menn eru eiginlega í meistaraflokki og það er æðislegt að fá að vera með þeim. Þetta er það lengsta sem ég hef komist á mínum ferli.“

Björn Thoroddsen hefur á undanförnum árum verið með annan fótinn vestan hafs og nýtur mikillar virðingar þar. Hann er nú af mörgum talinn vera einn af betri djassgítarleikurum Evrópu og hefur vegur hans farið vaxandi. Steve Kirby er bandarískur kontrabassaleikari sem hefur leikið með mörgum af fremstu djasstónlistarmönnum heimsins, m.a. Elvin Jones og Wynton Marsalis.

Richard Gillis trompetleikari er Kanadamaður sem stjórnar stórsveit Winnipeg-borgar.

Platan Cold Front inniheldur þekkta standarda í bland við vandað frumsamið efni. Hún er þegar komin út í Kanada og hefur fengið mjög góðar viðtökur. Var hún m.a. valin á spilunarlista kanadíska ríkisútvarpsins CBC, bæði hjá ensku- og frönskumælandi stöðvunum í Toronto og Montreal. Í kjölfarið fylgdi jákvæð umsögn í fréttablaði CBC sem er dreift til allra útvarpsstöðva ríkisins í Kanada. Yfirmaður tónlistardeildar kanadíska ríkisútvarpsins hreifst mjög af Birni og kallaði hann: „the amazing guitar player from Iceland“.

Björn segir markaðinn í Kanada spennandi. „Þetta er stór markaður og margfaldur á við Ísland. Ég er búinn að vera að vinna í þessu í fimm ár og þetta er afrakstur af því,“ segir hann.


**COLD FRONT** Hljómsveitin er skipuð þeim Birni Thoroddsen, Steve Kirby og Richard Gillis.

Tónleikarnir á Hótel Borg hefjast klukkan 21.00. ■

# Edith Piaf fer austur

Dagana 1. og 2. júní næstkomandi gefst íbúum Austurlands tækifæri til að upplifa ógleymanlega túlkun Brynhildar Guðjónsdóttur á Edith Piaf, einni frægustu söngkonu heims.


**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR** Syngur lög úr sýningunni Edith Piaf á Austurlandi.

Söngdagskrá úr samnefndri sýningu Þjóðleikhússins verður sýnd í Valaskjálf á Egilsstöðum. Flytjendur ásamt Brynhildi verða leikarinn Baldur Trausti Hreinsson og tónlistarmennirnir Jóhann G. Jóhannsson, sem leikur á píanó, Birgir Bragason á kontrabassa, Hjörleifur Valsson á fiðlu, Jóel Pálsson á tenórsaxófón og klarinett, og Tatu Kantomaa á harmoniku.

Brynhildur „Piaf“ Guðjónsdóttir hefur heillað landann með túlkun sinni á Edith Piaf, einhverri ógleymanlegustu söngkonu síðustu aldar, en Brynhildur hlaut Grímuna – Íslensku leiklistarverðlaunin, fyrir túlkun sína á Edith Piaf.

Sýning Þjóðleikhússins á Edith Piaf eftir Sigurð Pálsson hefur gengið fyrir fullu húsi í liðlega 75 skipti og virðist ekkert lát á vinsældunum. ■


**ÚR HÍBÝLUM VINDANNA** Sýningum lýkur í kvöld.

# Híbýlin kveðja

Í kvöld verður síðasta sýning á Híbýlum vindanna í Borgarleikhúsinu. Leikgerð Bjarna Jónssonar er eftir rómaðri skáldsögu Böðvars Guðmundssonar sem er hin fyrri af tveimur er segja frá Íslendingum sem yfirgáfu ættjörðina á síðari hluta nítjándu aldar og leituðu að nýrri framtíð fyrir sig og sína vestanhafs.

Ólafur Jensson Fiólín er fátækur bóndi og heimilið er barnmargt. Hann og Sæunn kona hans neyðast til sundra fjölskyldunni þegar þau ákveða að freista gæfunnar í nýja landinu. Híbýli vindanna er leikrit um drauma, brostnar vonir og söknuð, en fjallar síðast en ekki síst um þrautseigju og fórnir fólks í leit að nýjum samastað í tilverunni.

Það er tuttugu manna leikhópur sem fer með fjölmörg hlutverk í sýningunni, en aðalhlutverkin eru í höndum Björns Inga Hilmarssonar og Kötlu Margrétar Þorgeirsdóttur. Þórhildur Þorleifsdóttir er leikstjóri sýningarinnar. ■











GEIMSTOFAN.IS / FREMRI




LYKILL AÐ LÍFSGÆÐUM!

**Í Sandgerðisbæ finnurðu lykil að lífsgæðum!**

Fjölbreytt atvinnuframboð, fjölskylduvænt umhverfi, hátt þjónustustig, lægstu þjónustugjöld á landinu, mikið lóðaframboð, frábærar samgöngur á landi, í lofti og á legi, frístundabyggð, gjöful fiskimið, stuttar vegalengdir – og umfram allt: Vinalegt umhverfi og ljúft viðmót nágrannanna. Er hægt að biðja um það betra?

**Vertu velkomin(n)!**

www.sandgerdi.is

SANDGERÐISBÆR INNAN SEILINGAR

Classik Ármúla 5



Fimmtudaginn 26. maí kl. 21:00
Rollan og Hljómsveitin
Truck load of Steel
Leika á færi hljóða - Frítt inn
Classic Sportbar Ármúla 5
Við hliðina á gamla Hollywood
Jóladartmót laugardag kl. 12 • Frítt inn • Stór á krana 500 kr.


# Unga fólkið og leikhússtörfin

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Rambó 7**

Þjóðleikhúsið / Smíðaverkstæði

**Höfundur:** Jón Atli Jónasson / **Leikstjóri:** Egill Heiðar Anton Pálsson / **Leikmynd:** Ólafur Jónsson / **Búningar:** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir / **Tónlist:** Gísli Galdur Þorgeirsson og Viðar Hákon Gíslason / **Vídeó:** Árni Sveinsson / **Lýsing:** Hörður Ágústsson / **Leikarar:** Ólafur Egill Egilsson, Nína Dögg Filipusdóttir, Gísli Örn Garðarsson, Ólafur Darri Ólafsson o.fl.



**RAMBÓ 7** Leikrit Jóns Atla Jónassonar er sýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Fréttablaðið/Niðurstaða: „Leikararnir standa sig með stakri prýði í því að níðast á eigin menntun og færni til að þóknast leikstjóranum sem virðist vera mest í mun að svala eigin egói með engri listrænni sýn á verkið."

Það er engin nýlunda að Vesturportsgengið sé kraftmikið, frjótt og hugmyndaríkt enda er nóg af öllu í sýningunni Rambó 7 á Smíðaverkstæðinu. Ég get þó ekki varist þeirri tilfinningu að unga leikhúslistafólkið vaði pínulítið í þeirri villu að það sé að finna upp hjólið.

Það sem ég sá, heyrði og upplifði er mjög kunnuglegt. Þessi tegund leikhúss sem margir voru að gera tilraunir með fyrir 30 árum er byggð á nálgunaraðferðum leiklistargúrúa frá sjöunda áratug síðustu aldar sem nýttust vel í menntun og þjálfun leikara þegar fram liðu stundir og eru sumar notaðar enn í dag í leiklistarskólum víða um heim.

Leikstjórinn hefur valið verki Jóns Atla þetta lausa, óhefðbundna form þar sem leikarar fá að leika lausum hala í hamslausri leit í gegnum líkamlegar athafnir að kjarna verksins. Inn í rýmið er hent fullt af alls konar drasli úr leikmunageymslu hússins sem hægt er að nota á ýmsan máta og með mikilli hugmyndaauðgi má láta hvern einasta leikmun lifa sjálfstæðu lífi á sviðinu eða fá ólíkar hlutbundnar eða óhlutbundnar vísanir, merkingar eða láta hann lýsa tilfinningum, sálarástandi eða félagslegri ringulreið hins firrta samtíma okkar.

Aðstandendum sýningarinnar hefur verið tíðrætt um samtímann og hvernig þeir nálgist það viðfangsefni sitt. Leikhús hefur á öllum tímum kallast á við samtímann á einhvern hátt og má í því sambandi nefna verk Shakespeares sem stöðugt kallast á við samtímann í ólíkri framsetningu leikhússins og ganga sífellt í endurnýjun lífdaga. Samtímaleikritun er auðvitað mjög mikilvæg og Jón Atli hefur byrjað vel sem „samtíma höfundur" en því miður fatast honum flugið hér.

Rétturinn sem kokkarnir í þessari sýningu bjóða áhorfendum upp á er pottréttur þar sem kjötið á beinunum er fremur rýrt og þess vegna öllu saman hent í pott ásamt því sem fyrirfinnst í skápum og kryddhillum eldhússins og hrært í. Síðan er rétturinn tekinn og honum skvett yfir gestina sem mættu í boðið svo þeir bragði á einhverju sem á að heita framandi. Að minnsta kosti hefur verið látið í veðri vaka að um einhvers lags tímamótaverk sé að ræða.

Leikararnir standa sig með stakri prýði í því að níðast á eigin menntun og færni til að þóknast leikstjóranum sem virðist vera mest í mun að svala eigin egói og hefur enga listræna sýn á verkið. Honum virðist meira í mun að sýna hvað hann getur troðið mörgum hugmyndum inn í hverja sitúasjón en að finna verkinu einhverja heildstæða hugsun og færa hana í einhvern brennipunkt svo áhorfendur geti almennilega skilið hvað hann er að fara.

Fyrir mér var þetta eins og að horfa á alltof langan spuna með leikurum sem höfðu fyrst og síðast ánægju af því að æða um sviðið með hávaða og látum og sullast í draslinu sem lá eins og hráviði um allt gólfið, hrækja, æla, prumpa eins og þykir orðið svo fínt og eðlilegt á opinberum vettvangi; yrkisefnið klassískt: kynlíf, ofbeldi, peningar.

Oft er gaman að grótesku leikhúsi þar sem áhorfandinn kemst í snertingu við eitthvað hrátt, óheflað, af því lífið er þannig, einkum hjá slíkum persónum sem koma við sögu í leikritinu en fyrir mér var þetta bara einhver hrærigrautur úr engu gerður. Svo ég leyfi mér nú að vitna í konung leikbókmenntanna þegar Hamlet segir við leikarana sína: „Ó mig svíður í sálina að sjá fílefldan hárkollu-rum rífa tilfinningarnar í tötra, alveg í tætlur, til þess að sprengja hlustirnar á lághýsingum sem fæstir skilja neitt annað en ráðlaust handapat og hávaða; ..."

*(þýð. Helgi Hálfdanarson).*


KODDAMAÐURINN
SÍÐASTA SÝNING Í VOR!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

■ **Stóra sviðið**

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
8. sýn. í kvöld fim. 26/5 **örfá sæti laus,** 9. sýn. fös. 3/6, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur*
Fös. 27/5 **nokkur sæti laus,** lau. 28/5, lau. 4/6 **örfá sæti laus,** fim. 9/6, fös. 10/6.
**Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *H.C. Andersen*
Lau. 28/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 5/6 kl. 14:00 **nokkur sæti laus.**
**Síðustu sýningar í vor.**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Sun. 29/5. **Allra síðasta sýning**

**ÞÚ VEIST HVERNIG ÞETTA ER**
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. **Stúdentaleikhúsið.** Þri. 31/5.

■ **Litla sviðið kl. 20:00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Fim. 26/5 **örfá sæti laus. Síðasta sýning í vor.**
**Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**RAMBÓ 7** - *Jón Atli Jónasson*
Fös. 27/5 **örfá sæti laus – umræður eftir sýningu,** lau. 28/5 **örfá sæti laus,** fös. 3/6.

■ **Valaskjálf Egilsstöðum**

**EDITH PIAF Á AUSTURLANDI** - *Söngdagskrá*
Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00.
**Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.**
**Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546**

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is.** Miðasalan er opin kl. **12:30-18:00** mán. og þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00.** símapantanir frá kl. **10:00** virka daga
Þjóðleikhúsið sími 551 1200



BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 *Aðeins þessar sýningar*

**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.* Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-
*Einstakur viðburður*

**ÞUMALÍNA**
*Frá Sólheimaleikhúsinu*
Fi 2/6 kl 20 - 1.000,-

**TRANS DANSE EUROPE**
*Tanec Praha, Tékklandi*
Su 29/5 kl 20 - 2.500,- *Miðasala hjá Listahátíð*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 27/5 kl 20 *Síðasta sýning*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20
*Síðasta sýning*

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 28/5 kl 20
*Síðasta sýning*

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**, Su 5/6 kl 14 **- UPPS.**, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.,** Fö 27/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20, Su 29/5 kl 20, Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20

**THE SUBFRAU ACTS - GESTALEIKSÝNING**
*The paper Mache og Stay with me*
Í kvöld kl 20, Fö 27/5 kl 20

**TRANS DANSE EUROPE**
*Nomadi Productions - Finnland*
Su 29/5 kl 17
*Miðasala hjá Listahátíð*

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga



KRINGLUKRÁIN



- Sérréttamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill
Borðapantanir í síma 568 0878
Rokksveit Rúnars Júlíussonar um helgina
www.kringlukrain.is



Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ



Birgitta
Gedda Gulrót
...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...
SPARISJÓÐURINN
IsMedia
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is
Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30
Laugardagur 4. Júní kl: 13:30
www.midi.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

24 25 26 **27** 28 29 30

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.00 Dönsku hljómsveitirnar **Maiden Aalborg** og **Mercenary** hita upp í Hellinum úti á Granda fyrir Iron Maiden tónleikana ásamt **Brothers Majere** og **Severed Crotch**.

☐ 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur Adagio fyrir strengi eftir Samuel Barber og sjöundu sinfóníu Sjostakovitsj í Háskólabíói. Stjórnandi er **Rumon Gamba**.

☐ 21.00 **Tríó Andrésar Þórs Gunnlaugssonar**, gítar- og barítóngítarleikara, spilar á Pravda Bar. Með honum spila **Jóhann Ásmundsson** á bassa og **Erik Quick** á trommur.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Númer núll, Viðurstyggð, Æla** og **Líkn** spila á Grand Rokk.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Byltan, Jan Mayen** og **Jeff Who** koma fram á tónleikum á Gauki á Stöng.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


LANDSBANKADEILDIN
DRAUMALIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

MÁLÞING

# List fyrir lýðinn

Á sunnudaginn koma saman nokkrir listamenn og sýningarstjórar í Norræna húsinu til þess að ræða svonefndar lýðhyggjutilhneigingar eða populisma í menningarmálum og stjórnmálum og skoða hvernig þær tengjast samtímalist.

Þátttakendurnir í umræðunum tengjast allir sýningunni Populism 2005 sem nú stendur yfir í fjórum borgum í Evrópu, það er Vilnius, Frankfurt, Ósló og Amsterdam.

Á sýningunni er skoðað hvernig lýðhyggjuhreyfingar, hvort sem þær eru á vinstri eða hægri væng stjórnmála, framsæknar eða afturhaldssamar, ná til fjöldans með því að höfða til fegurðarskyns fólks.

Þátttakendur í umræðunum í Norræna húsinu eru Jakob Boeskov, Jakob Fenger og Jani Leinonen sem taka þátt í Populism sýningunni, einn sýningarstjóranna, Christina Ricupero og sýningarstjórinn Vanessa Muller, sem átti sæti í ritstjórn fræðirits sem var gefið út samhliða sýningunni. ■



**FRÁ SÝNINGUNNI POPULISM 2005**
Verk eftir fréttaljósmyndarann Otto Snoek.

# Sirkus á leiðinni

Einn þekktasti nýsirkus heims, Cirkus Cirkör frá Svíþjóð, kemur til Íslands í júní og verður með fjórar sýningar í Borgarleikhúsinu á nýjustu uppfærslunni sinni „99% unknown“. Hingað kemur Cirkör beint úr sýningarferðalagi um Asíu, en sýning þeirra á 99% unknown var framlag Svía á þjóðardeginum á heimssýningunni í Japan fyrir stuttu.

Cirkus Cirkör er nútímasirkushópur sem var stofnaður í Stokkhólmi fyrir tíu árum. Leiðarljós hópsins og innblástur hefur frá upphafi verið að breyta heiminum með list, leik og menntun.

Cirkus Cirkör gerir nokkrar sýningar á hverju ári, sem eru sýndar jafnt í Konunglega leikhúsinu í Stokkhólmi sem á götuleikhúshátíðum. Að hverri sýningu hópsins kemur fjöldinn allur af listamönnum og blandar saman leikhúsi, söngleikjaformi, óperu, dansi og sirkusbrögðum. ■

## NÝJAR BÆKUR




JPV útgáfa hefur sent frá sér nýja kiljuútgáfu af *Alkemistanum* eftir Paulo Coelho í þýðingu Thors Vilhjálmssonar. Alkemistinn er ein þeirra bóka sem nú þegar hefur hlotið verðugan sess sem sígilt meistaraverk og hefur selst í yfir 30 milljónum eintaka.




Nýlega komu út sex nýjar bækur frá Lafleur-útgáfunni. Þeirra á meðal er ljóðasafnið *Orð milli vina* eftir Gunnar Dal, úrval ljóða sem ber sama nafn og ein ljóðabóka Gunnars. Mörg þessara ljóða hafa verið ófáanleg um árabil. Hinar bækurnar eru *Örfok*, skáldsaga eftir Eyvind P. Eiríksson, smásagnasafnið *Ugla sat á kvisti* eftir Þorstein Antonsson, ljóðabókin *Rökrétt framhaldslíf* eftir Kristján Hreinsson, ljóðabókin *Með mér er regn* eftir Hörð Gunnarsson og *Sólris í hringhendingum*, sem er spunasafn smásagna, ljóða og hugleiðinga eftir Benedikt S. Lafleur.

söngleikurinn stórkostlegi
MÚLAN RÚS
allt sem þú þarft er ást
STÓRKOSTLEGUR SÖNGLEIKUR FRUMSÝNDUR 27. MAÍ
Aðeins nokkrar sýningar - Tryggðu þér miða strax!
• Fimmtudag 26/5 kl 20 UPPSELT
• Föstudag 27/5 kl 20 UPPSELT
• Laugardag 28/5 kl 20 NOKKUR SÆTI LAUS
• Föstudag 3/6 kl 20 LAUS SÆTI
Loft KASTALINN
☎ 552 3000
loftkastalinn.is

NASA
FÖSTUD. 27. MAÍ '05
Listahátíð í Reykjavík 2005
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
RIALTO FABRIK
NOMADE
MIÐAVERÐ 2.500 KR. HÚSIÐ OPNAR KL.19.30
LAUGARD 28. MAÍ '05
Í SVÖRTUM FÖTUM
...KLIKKA EKKI!!!
500 KALL INN
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA
PRIMUS MOTOR CO

Undraverðir hæfileikar, kraftur og metnaður
Pacifica er einn fremsti kvartett Bandaríkjanna
Íslenska óperan 28. maí og Hömrum, Ísafirði 4. júní
Efnisskrá:
Mendelsohn strengjakvartett op.13,
Ruth Crawford Seeger strengjakvartett,
Þorkell Sigurbjörnsson strengjakvartett
og Beethoven op. 131
Íslenska óperan 29. maí
Efnisskrá:
Liget strengjakvartett nr.1,
Black Angels eftir George Crumb
Miðaverð 3200 kr.

Endurkoma glæsileikans
Fyrir unnendur "heitrar tónlistar"
Fado-söngkonan Mariza ásamt hljómsveit
Broadway 27. og 28. maí
Miðaverð: 3200 kr. / 3500 kr.
Uppselt föstudagskvöld
SJÓVÁ

Lady and Bird
Barði og ein skærasta poppstjarna Frakka
Íslenska óperan 28. maí
Miðaverð: 2500 kr.
Örfá sæti
RÁS 2

Danshátíð á Listahátíð
Nasa 27. maí kl. 20:00
Rialto Nomade Fabrik frá Frakklandi
Borgarleikhúsið 29. maí kl. 17:00
Nomadi Productions frá Finnlandi
Kl. 20:00
Tanec Praha frá Tékklandi
Culture 2000
Miðaverð 2500 kr.
Á allar sýningarnar 5500 kr.

Listahátíð í Reykjavík 2005 14. maí – 5. júní
Miðasalan opin kl. 12-18 og um helgar kl. 12-16
Bankastræti 2, sími: 552 8588 og á www.listahatid.is
Ítarleg dagskrá liggur frammi
www.listahatid.is

VEITINGASTAÐURINN
SJÁVARKJALLARINN
AÐALSTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK



# Hressir upp á hversdaginn

**Hvernig er stemningin?** Sjávarkjallarinn er einn af mest trendí veitingastöðunum í Reykjavík. Hann er smekklega innréttaður með náttúrusteini, flottri lýsingu og austurlenskum áhrifum. Kúnnahópur Sjávarkjallarans er afar fjölbreyttur, allt frá ástföngnum pörum upp í harða viðskiptamenn. Það ríkir yfirleitt góð stemning á staðnum og er tilvalið að heimsækja Sjávarkjallarann áður en farið er á djammið. Hann er líka góður í miðri viku til að hressa upp á hversdaginn.

**Matseðillinn:** Eins og nafnið gefur til kynna eru aðallega fiskréttir á matseðlinum í hinum ýmsu myndum. Fyrir hörðustu kjötætur er að finna lambahryggvöðva og andabringur. Eftirréttaseðillinn er sérlega gómsætur og ekki erfitt að freistast til að fá sér fleiri en tvo eftirrétti.

**Vinsælast?** Exótik menu Sjávarkjallarans sem Lárus Gunnar Jónasson, matreislumaður ársins 2004, mælir með.

**Réttur dagsins:** Í hádeginu á virkum dögum er boðið uppá forrétt og aðalrétt eða aðalrétt og desert fyrir 1900 krónur. Forréttur, aðalréttur og eftirréttur á 2300 krónur.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**SKÁLDIÐ Í SKERJAFIRÐINUM** Kristján Hreinsson kann að matbúa heimsins bestu kjötsúpu sem er ættuð frá Noregi.

# Norsk skáldakjötsúpa

Kristján Hreinsson skáld nefnir norska kjötsúpu þegar hann er inntur eftir uppáhaldsmatnum sínum. Kjötsúpuna lærði hann að útbúa í Noregi þegar hann bjó þar en súpan er einn af þjóðarréttum Norðmanna. „Þetta er eldgömul uppskrift sem er mikið elduð í Noregi. Mér finnst þessi réttur æðislegur,“ segir Kristján. Hann segist hafa neyðst til að læra réttu handtökin í eldhúsinu því hann hafi búið með konum sem kunnu ekki að sjóða vatn. „Þegar ég lenti í vandræðum í eldhúsinu hringdi ég í mömmu og fékk upplýsingar þegar ég vissi ekki hver var næsti leikur í stöðunni eða allt var að brenna við. Það gafst alltaf vel.“ Í dag er þetta öðruvísi á heimili Kristjáns. Hann og eiginkona hans skipta eldamennskunni bróðurlega á milli sín.

„Þegar mikið er að gera hjá mér eldar hún og þegar hún er önnum kafin elda ég. Það versnar hinsvegar í því þegar það að brjálað að gera hjá okkur báðum.“

Um jólin og á öðrum stórhátíðum sér Kristján um eldamennskuna. „Mér finnst viss upphefð í því að fá að elda um jólin. Þetta eru einu skiptin sem ég fíla mig frekar sem kokk en skáld,“ segir hann og brosir. Kristján segist ekki gera miklar kröfur um flókna matargerð heldur kunni hann betur að meta einfalda rétti. „Ég er mjög hrifinn af karrý, hvítlauk og kóríander. Ég get galdrað ýmislegt fram ef ég hef þessa þrennu við höndina.“ Kristján elskar plokkfisk, saltfisk og þverskorna ýsu. „Og svo þess á milli er bara skyr og skætingur,“ segir hann og bætir við að hann sé ekkert feiminn við smjör og tólg. „Fiskur með hamsatólg er kóngafæði,“ segir hann hlæjandi. Kristján segist ekki elda öðruvísi fæði á sumrin en veturna. Það spili helst inn í hvort mikið sé að gera hjá honum.

„Núna er matur algert aukaatriði því ég hef mjög mikið að gera, en ég er að skrifa bók um Pétur Kristjánsson og svo er ég að búa til texta við lög og ýmislegt fleira. Ég reyni þó að muna eftir því að borða.“

Kristján byrjar alltaf á því að skera kjötið í bita og snyrta það. Ef hann er með súpukjöt hefur hann beinið og allt með. Hann byrjar á því að leggja kjötið í pottinn og stráir hveiti yfir og hvítkáli yfir það.

Þetta endurtekur hann tvisvar í viðbót eða þangað til kjötið og hvítkálið klárast. Piparnum og saltinu er stráð yfir efsta lagið og vatninu hellt yfir allt. Þetta er látið malla á eldahellu í tvo klukkutíma á lágum hita. Inn á milli er froðunni fleytt af.

**NORSK KJÖTSÚPA FYRIR FJÓRA**

1-1/2 kíló af lambakjöti (súpukjöti)
1-1/2 kíló af hvítkáli
2 tsk af salti
1-1/2 tsk af heilum pipar.
2 msk af hveiti.
4-6 dl af vatni

## FINLANDIA MOJITO: Ferskur sumardrykkur

Barþjónarnir á Thorvaldsen eru lunknir í gerð kokkteila. Einn vinsælasti drykkurinn er Finlandia Vodka Mojito. Drykkurinn hefur verið áberandi á Thorvaldsen að undanförnu. Hann er ferskur og tær og kemur límónan og myntan mjög hreint í gegn. Uppskriftin fyrir þá sem vilja prófa er:

**FINLANDIA MOJITO**

3 cl Finlandia vodka
mynta
3 límónubátar
hrásykur
hrist með klaka og síað
mulinn ís
Soda/Sprite







MATGÆÐINGURINN JÓNÍNA BJARTMARZ ALÞINGISMAÐUR

# Mjólkin gefur hraustlegt útlit

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Það sem er sérstakt við minn matseðil er að ég verð að fá eitt mjólkurglas á dag og helst tvö. Það má segja að ég sé haldin hálfgerðri mjólkurfíkn.

**Fyrsta minningin um mat?** Mér er sagt að ég hafi bara viljað heitan mat sem barn og kallað það að það væri enginn matur ef hann var ekki heitur. Fyrsta minningin er því um fisk og kartöflur. Þegar ég var barn tíðkaðist ekki annað en soðinn eða steiktur fiskur.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Þegar ég var nýbúin að eiga yngri son minn var mér boðið í mat til vinafólks okkar, Hönnu Kristínar Guðmundsdóttur og Sveins Grétars Jónssonar. Ég var búin að vera mikið ein heima með nýfædda barnið og lítið farið út meðal fólks og var því ákaflega glöð með boðið. Á boðstólum var indverskt tandoori lamb með rosalega góðri sósu sem ég gleymi aldrei. Eftir matinn var ég sannfærð um að þetta hefði verið besta máltíð sem ég hefði fengið en ég held að félagsskapurinn hafi líka spilað stórt hlutverk.



**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Já, ég borða ekki siginn fisk eða kæsta skötu og er mjög vandlát á þorramatinn. Ég vil ferskan mat, ekki skemmdan og gamlan.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Þegar ég elda réttinn hennar Hönnu Kristínar vinkonu minnar finnst mér ómissandi að setja saffran út á hrísgrjónin. Þetta er einn af leyndardómunum sem ég hef lært af henni. Síðasta saffranskammtinn keypti ég í Palestínu þegar ég var þar á ferð.



**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Mér líður yfirleitt alltaf vel. Ég er lítið fyrir drasl eins og kex og kökur. Ég legg mikið upp úr því að fá mat og hef hollan smekk. Ég á mjög bágt með að borða sætindi því mig verkjar í kinnarnar af þeim. Mér líður því best þegar ég borða ferskan og góðan mat. Margir öfunda mig af þessu en þetta er þó alls ekkert megrunartengt, ég hef bara alltaf verið svona.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Mjólk, brauð, ost, smjör og skyr. Síðustu mánuðina hefur skyr.is verið ómissandi hjá vissu heimilisfólki.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ég myndi leggja mest upp úr því að hafa nóg af vatni. Annars myndi hafa með mér nýjan fisk og kartöflur og örlítið af bræddu smjöri.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Skrítnasti réttur sem ég hef séð var í Kína á dögunum. Það voru marglyttur og strimlar af nýfæddum grísum saman á fati. Ég smakkaði þetta reyndar ekki en þetta var skrýtið í sjón. Á námsárunum fórum við hjónin til Grikklands. Við vorum svo blönk og mikið að spara að við borðuðum bara þriðja hvern dag. Í Grikklandi fengum við okkur kolkrabba sem við tuggðum fram á nótt og urðum fyrir þó nokkrum vonbrigðum. Seinna hef ég smakkað hann og fundist hann ekki slæmur.



# DEAKIN ESTATE: Ný ólgandi áströlsk vín!



Áströlsku vínin Deakin Estate komu fyrst á markaðinn 1994 í takmörkuðu upplagi. Allar götur síðan hefur Deakin Estate jafnt og þétt aukið framleiðsluna og hlotið fjölmörg verðlaun, sem hefur leitt til þess að núna fást vínin um allan heim og nýlega bættist Ísland í hópinn.

Nafnið Deakin er til heiðurs Alfred Deakin, fyrrum forsætisráðherra Ástralíu, en hann hvatti hina kalifornísku Chaffey-bræður til að færa þekkingu sína á framleiðslu landbúnaðarafurða til hins óbyggða lands við Murray-ána í Victoria. Í dag er þetta svæði eitt frjósamasta og gjöfulasta svæði í Ástralíu, með framleiðslu á sítrónum, ólífum, möndlum og síðast en ekki síst vínþrúgum. Víngarðar Deakin Estate eru 350 hektarar í Red Cliffs nærri Mildura í Murray-dalnum í norðvesturhluta Victoria. Þar er loftslag hlýtt og Murray-áin gefur svæðinu líf. Deakin Estate leggur mikið upp úr að rækta gæðaþrúgur og framleiða úr þeim vín með ólgandi bragði og afgerandi karakter. Deakin Estate leggur mikið upp úr þróun og þekkingu á landbúnaði og er framarlega í nýjungum, ekki síst í umhverfisvernd og sjálfbærri þróun.

Hér á landi fást fimm tegundir vína frá Deakin Estate í öllum helstu Vínbúðum.

# Vínþjónar kynna riesling-þrúguna

Vínþjónasamtök Íslands nefnist félagsskapur vínþjóna og annarra áhugamanna um vínmenningu. Samtökin eru öllum opin og standa reglulega fyrir fundum þar sem fjallað er um vín og nokkrar tegundir eðalvína smakkaðar. Á mánudagskvöldið kl. 20.00 verður haldin vínsmökkun á Hótel Holti þar sem að fjallað verður um hvítvínsþrúguna riesling og nokkur vín sem gerð eru úr henni. Allir vínáhugamenn eru boðnir velkomnir og kostar smakkið aðeins 1000 kr. „Riesling er afar fjölbreytt þrúga, vín frá Nýjaheiminum eru sólríkari og ávaxtaríkari á meðan vín frá Evrópu eru jarðbundnari og flóknari. Við munum smakka nokkur vín úr þrúgunni og fjalla um þau auk þess sem við verðum með eitt vín sem við smökkum „blint“ og leikum okkur að finna út hvaða vín er á ferðinni,“ segir Sævar Már Sveinsson, vínþjónn ársins, sem verður annar tveggja sem leiða þátttakendur í gegnum smökkunina. Þetta er mjög athyglisverð smökkun og greinilegt að líf er að færast í Vínþjónasamtökin sem munu standa fyrir fjölmörgum uppákomum fyrir almenning á næstu misserum. Fyrir þá sem vilja undirbúa sig fyrir smökkunina birtum við hér kafla um riesling-þrúguna úr bókinni „Léttvín“ eftir Steinarr Lár Steinarsson, vínþjón og stjórnarmann í Vínþjónasamtökunum.

**Fersk og sýrurík**

Riesling-vín eru venjulega flokkuð sem ávaxtarík vín sem á sama tíma eru fíngerð og flókin. Þá má í raun segja að riesling sé andstæða chardonnay. Chardonnay vín eru yfirleitt geymd á eik á meðan riesling-vín eru sjaldan eikuð. Chardonnay eru oft líflaus og flöt á meðan riesling eru yfirleitt fersk og sýrurík. Riesling-vín eru framleidd í ýmsum stílum allt frá léttum, þurrum, ferskum vínum að þungum „late-harvest“ sætvínum. Alls staðar í heiminum er þessi þrúga ræktuð og með kannski bestum árangri í Eden Valley í Ástralíu. Ég mæli með að þú prófir það ef þú á annað borð „fílar“ Riesling. En ef þú kaupir Riesling frá nýja-heims löndum vertu þá viss um að þú sért með rétta þrúgu. Riesling á sér mörg skyldmenni sem tengjast vínviðnum en er samt ekki sama þrúgan. Hin eina sanna riesling þrúga kallast í Kaliforníu Johannisberg Riesling, í Ástralíu Rhine Riesling og í Suður-Afríku Weisser Riesling. Frægasta blanda úr þessari þrúgu er án efa Muller Thurgau. Hún er skýrð eftir Dr. Hermann Muller Thurgau sem blandaði Riesling við Sylvaner þrúguna. Muller Thurgau vín eru frekar einföld, bragðlítil, meðalsæt vín en þrúgan er í dag sú mest framleidda í Þýskalandi.






> Lokbrá > Hot Damn!

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Lokbrá:** Army of Soundwaves, **Hot Damn!:** The Big'n Nasty Groove O'Mutha, **System of a Down:** Mezmerize, **Gorillaz:** Demon Days, **Antony and the Johnsons:** I am a bird Now, **Queens of the Stone Age:** Lullabies to Paralyze, **Oasis:** Don't Believe the Truth og **Eels:** Blinking Lights and Other Revelations.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Byltan rokkar á ný*

**Hljómsveitin** Byltan heldur tónleika í kvöld ásamt hljómsveitunum Jeff Who og Jan Mayen. Byltan hét áður Blúsbyltan og spilaði aðallega blúsað rokk. „Við tókum blúsinn og færðum hann í rokk en smám saman fór blúsinn úr tónlistinni og nú spilum við melódískt rokk. Þetta eru fyrstu tónleikarnir okkar í langan tíma, við höfum verið að æfa nýtt efni og erum því að frumflytja fullt af nýjum lögum þarna á fimmtudaginn og ákváðum að fá með okkur tvö massív bönd," segir Birgir Ísleifur Gunnarsson en hann syngur og spilar á píanó með Byltunni. Ásamt honum spila þeir Nonni Kjuði á trommur, Gismo á bassa, Tobbi á hljómborð og Smári Blumenstein á gítar. „Við höfum spilað saman í um tvö ár núna í sumar og spilum einungis frumsamið efni. Ég sem lögin og textana og við vinnum svo lögin í sameiningu. Þetta byrjaði eiginlega allt þegar ég, Nonni og Smári unnum saman að tónlist sem ég samdi fyrir leikrit í MH. Við ákváðum svo að stofna bandið en nokkrar mannabreytingar hafa orðið síðan þá."

Þeir hafa fengið eitt lag í spilun í útvarpinu og er það lagið Enginn lúxus. „Það er annað lag á leiðinni í útvarpið, vonandi í næstu viku. Við erum svo að vinna í upptökum og ætlum að reyna að gera eitthvað úr þeim, við skulum vona að það sé ekki of langt í fyrstu plötuna okkar því við erum löngu komnir með nóg efni."

Tónleikarnir á fimmtudaginn eru haldnir á Gauk á Stöng, hefjast upp úr tíu og kostar einungis 500 krónur inn.


**BYLTAN** Strákarnir í Byltunni spila á Gauk á Stöng í kvöld ásamt hljómsveitunum Jeff Who og Jan Mayen.

### > Plata vikunnar ...


**GORILLAZ: Demon Days**

*„Damon Albarn reynir að gera hina fullkomnu poppplötu. Niðurstaðan er persónulegt meistarastykki, það besta sem hann hefur skilað af sér á löngum og blómlegum ferli."* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„Everybody's going to the party, have a real good time. Dancing in the desert blowing up the sunshine."*


Liðsmenn System of a Down láta andúð sína á Íraksstríðinu í ljós á kaldhæðinn hátt í laginu B.Y.O.B af plötunni Mezmerize.


**SNOOP DOGG** Rapparinn heimsfrægi heldur tónleika í Egilshöll 17. júlí.

# Baráttunni um Snoop að ljúka

Tónleikar bandaríska rapparans Snoop Dogg verða haldnir í Egilshöll þann 17. júlí, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir rúmum tveimur mánuðum. Sögusagnir hafa verið um að ekkert myndi verða af tónleikunum.

Töluverð óvissa hefur verið um hverjir muni standa að tónleikunum og nú virðast allar líkur vera á að Þorsteinn Stephensen og félagar hjá Hr. Örlygi verði ekki með í dæminu. Aftur á móti er öruggt að tónleikarnir verða haldnir og aðeins á eftir að ganga frá nokkrum lausum endum, m.a. hvort einhverjir fleiri listamenn komi með Snoop til Íslands, en fyrr verður opinber tilkynning um tónleikana ekki gefin út.

Tónleikar Snoop á Íslandi eru liður í tónleikaferð hans um Evrópu til að fylgja eftir nýjustu plötu hans, R&G: The Masterpiece, sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur. Snoop hefur gert garðinn frægan með lögum á borð við Gin & Juice, What's name, Drop it like its hot, Beautiful og Murder Was The Case. Íslenskir tónlistaráhugamenn eiga vafalítið eftir að flykkjast á tónleika hans í Egilshöllinni í sumar. ■




# Andfélagslegur kraftur

**System of a Down er ein merkasta rokksveit heimsins í dag. Nýlega kom út platan Mezmerize, sú fyrri í tvíleik sveitarinnar. Freyr Bjarnason rifjaði upp feril harðjaxlanna í System of a Down.**


**SYSTEM OF A DOWN** Platan Mezmerize kom nýverið út og hefur hlotið góðar viðtökur.

Rokkrarnir í System of a Down ætla að taka tónlistarárið 2005 með trompi. Nýlega kom út þriðja hljóðversplata sveitarinnar, Mezmerize, og undir lok ársins er síðan væntanleg seinni platan í tvíleik þeirra, Hypnotize, en báðar plöturnar voru teknar upp á sama tíma á síðasta ári.

**Neðanjarðarfylgi í L.A.**

System of a Down var stofnuð í suðurhluta Kaliforníu um miðjan tíunda áratuginn. Stofnmeðlimirnir, sem eru af armenskum uppruna, voru söngvarinn Serj Tankina, gítarleikarinn Daron Malakian, bassaleikarinn Shavo Odadjian og John Dolmayen sem lemur húðir. Hljómsveitin fékk fljótt umfangsmikið fylgi í neðanjarðarsenunni í Los Angeles og allir virtust hafa nafn sveitarinnar á vörum sér. Sveitir á borð við Korn og Deftones minntust á System of a Down í viðtölum og eftir að þriggja laga demó-plata með sveitinni var tekin upp fóru vinsældir hennar smám saman að aukast víða í Bandaríkjunum, Evrópu og á Nýja-Sjálandi.

**Eitthvað nýtt**

Sumarið 1998 kom út fyrsta plata System of a Down, samnefnd henni, sem hlaut mjög góðar viðtökur. Strax var ljóst að þarna var eitthvað nýtt á ferðinni og lögin Sugar og Spiders voru góður vitnisburður um það. Þremur árum síðar var komið að næstu plötu, Toxicity, sem átti heldur betur eftir að slá í gegn. Með lög á borð við titillagið Aerials og að sjálfsögðu Chop Suey! að vopni varð Toxicity að metsöluplötu um allan heim og hefur hún nú selst í tæplega sex milljónum eintaka.

Í nóvember 2002 gaf System of a Down síðan út plötuna Steal This Album sem hafði að geyma óútgefin og sjaldheyrð lög með sveitinni. Þótti hún ekki síður kröftug en fyrri plöturnar.

**Þrjátíu lög í sarpinum**

Á síðasta ári fór System of a Down í hljóðver á nýjan leik með sama upptökustjóra og áður, hinn þekkta Rick Rubin. Honum til aðstoðar var gítarleikarinn Malakian. Upptökurnar gengu svo vel fyrir sig að þeir félagar höfðu úr þrjátíu lögum að velja. Í stað þess að gefa út tvöfalda plötu var ákveðið að skipta útkomunni í tvennt og gefa út tvær plötur með um það bil hálfs árs millibili undir nöfnunum Mezmerize og Hypnotize.

**Pólitískir textar**

Með Mezmerize er ljóst að System of a Down hefur fest sig rækilega í sessi sem ein fremsta og jafnframt framsæknasta rokksveit heimsins í dag. Eins og áður er þar í aðalhlutverki hratt en kaflaskipt rokkið, sem hægist á með jöfnu millibili svo hlustendur fái tíma til að andai. Einnig býr sveitin enn yfir þeim hæfileika að geta komið á óvart, sem er eitthvað sem fáar rokksveitir geta státað af.

Textarnir eru pólitískir og fjalla m.a. um misrétti gagnvart minnihlutahópum í Bandaríkjunum og stríðsrekstur. Í B.Y.O.B. (Bring Your Own Bombs) spyrja þeir til að mynda hvers vegna þeir fátæku séu ávallt sendir í stríð og í Lost in Hollywood gagnrýna þeir kvikmyndaborgina harðlega fyrir að svíkja fólk hvað eftir annað og gera lítið úr því.

Tónleikaferð System of a Down um Evrópu hefst annað kvöld í Lissabon í Portúgal og í byrjun ágúst fer sveitin síðan í tónleikaferð um Norður-Ameríku, þar sem liðsmenn The Mars Volta verða sérstakir gestir hljómsveitarinnar. ■

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Weezer: Make Believe

„Weezer reynir að gera hina fullkomnu poppplötu. Niðurstaðan er versta plata sveitarinnar frá upphafi. Nördarnir eru því miður að eldast illa." *BÖS*

### Nine Inch Nails: With Teeth

„Trent Reznor snýr aftur með þriðja meistarastykki sitt í farteskinu. Skotheld plata sem ætti að festa hann í sessi sem einn merkasta tónlistarmann okkar tíma." *BÖS*

### Garbage: Bleed Like Me

„Garbage skilar af sér sinni verstu plötu frá upphafi. Hér er ekkert spennandi á ferð, sándið nákvæmlega eins og áður og lögin alveg fáránlega pirrandi. Hvað gerðist eiginlega?" *BÖS*

### Hildur Vala: Hildur Vala

„Það á greinilega vel við Hildi Völu að syngja róleg lög þar sem gullfalleg rödd hennar nýtur sín svo vel. Þó að lögin á plötunni séu ekki öll jafngóð hífir Hildur Vala þau flest upp til skýjanna með söng sínum." *FB*

### Death From Above 1979: You're a Woman, I'm a Machine

„Það var frábær rokkdúett frá Kanada sem bjó til þessa bráðskemmtilegu plötu, aðeins með trommum, bassa, smá hljóðgervlum og söng. Virkilega orkumikil og spennandi frumraun." *BÖS*

### Hot Hot Heat: Elevator

„Önnur eiginleg breiðskífa Hot Hot Heat inniheldur svipað magn af glaðlegum tónum, en ekki sama magn af ferskleika og frumraun þeirra. Sæmilegasta plata samt, sem vex við hverja hlustun." *BÖS*

### Fischerspooner: Odyssey

„Týndu prinsarnir í bandarísku raftónlistarsenunni snúa aftur eftir þriggja ára útgáfuþögn. Biðin var þess virði, og platan það besta sem þeir hafa gert." *BÖS*

### Athlete: Tourist

„Breska sveitin Athlete tekur við kyndlinum þar sem Snow Patrol lagði hann frá sér. Sæmilegasta hljómsveitarpopp eftir bresku hefðinni, sem virkar svo auðvitað sérstaklega leiðingjarnt við ítrekaða hlustun." *BÖS*

## [ TOPP 20 ]

*X-IÐ 977 - VIKA 30*

1. **TRABANT** Nasty Boy
2. **THE CORAL** In the Morning
3. **BECK** Girl
4. **U2** City of Blinding Lights
5. **COLDPLAY** Speed of Sound


**TRABANT** Hljómsveitin Trabant heldur efsta sæti X-listans með lag sitt Nasty Boy.



25 ÁRA
STARFSAFMÆLI
BUBBA
MORTHENS
TÓNLEIKAR Í
ÞJÓÐLEIKHÚSINU
06. JÚNÍ
KOSSAR ÁN VARA
ÞAÐ ER GOTT AÐ ELSKA
FALLEGUR DAGUR
MYRKUR SJÓR OG SANDUR
STAÐIÐ VIÐ GLUGGANN
TRÚIR ÞÚ Á ENGLA
ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
VIÐ GRÓTTU
FJÖLLIN HAFA VAKAÐ
SEGULSTÖÐVARBLÚS
ÍSBJARNARBLÚS
SUMAR KONUR
MEÐ VINDINUM KEMUR KVÍÐINN
SÁ SEM GAF ÞÉR LJÓSIÐ
JAKKALAKKAR
BLINDSKER
KVEÐJA
STÚLKAN SEM STARIR Á HAFIÐ
LÖG OG REGLA
SKYTTAN
HROGNIN ERU AÐ KOMA
SERBINN
STRÁKARNIR Á BORGINNI
AGNES OG FRIÐRIK
KONA
Miðasala í Þjóðleikhúsinu
Takmarkað magn miða
Símapantanir alla virka daga
frá kl 10:00 í síma 551-1200
Bubbi ást...
bubbi
paradís
6. júní gefur Bubbi út tvo geisladiska með nýju efni, Ást og í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís.
Nánari upplýsingar á www.prime.is og www.bubbi.is
ÍSLANDSBANKI



HUGO WEAVING Í EVERYTHING GOES

**DAGSKRÁ REYKJAVIK SHORTS & DOCS Í KVÖLD**

**TJARNARBÍÓ**

**Kl. 18.00**
*Stuttmyndasería 3:*
Everything in This Country Must
Alice et moi
Never Even
Everything Goes
The Quiet One

**Kl. 20.00**
Liberace of Baghdad (Píanóleikari í Bagdad)

**Kl. 22.00**
Matthew Barney
Site Specific
Red Death

**HELLUSUND 6A / THE RED ROCK CINEMA**
kl. 17.00
*Stuttmyndasería 2:*
Með mann á bakinu
Carlo
Fashion Statement
Löglegir krimmar
Motion Report

Kl. 22.00
The Swenkas (Tískugengið)

REYKJAVÍK SHORTS & DOCS: SLAVEK THE SHIT FRUMSÝND

# Ástarsaga klósettvarða

Stuttmyndin Slavek the Shit er ástarsaga um klósettvörðinn Slavek, sem verður ástfanginn af kvenkyns klósettverði og þarf að beita ýmsum brögðum til þess að fanga athygli hennar. Hún verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni Reykjavík Shorts & Docs á föstudaginn en myndin var sýnd á Cannes-hátíðinni nýverið. Slavek the Shit var lokaverkefni Gríms Hákonarsonar í kvikmyndaskólanum í Prag en þar dvaldi hann um tveggja ára skeið til að nema kvikmyndagerð. Honum fannst því við hæfi að gera mynd um erkitýpu hins gamla Tékklands, mann sem er trúr yfir sínu þótt lítið sé. „Ég er afar montinn með að hafa verið boðið til Cannes og það er frábært tækifæri fyrir mig að fá tækifæri til að koma hingað og spóka mig um meðal þeirra sem öllu ráða í þessum geira,“ sagði Grímur þegar blaðamaður Fréttablaðsins settist niður með honum í garðinum fyrir framan skrifstofu kvikmyndamiðstöðva Norðurlandanna í Cannes í síðustu viku. „Þetta eykur möguleikana fyrir myndina að komast á fleiri hátíðir, Cannes-stimpillinn er sterkur í þessum geira. Ég er afskaplega ánægður með viðtökurnar sem myndin hefur fengið og vonandi leiðir þetta til þess að ég fæ tækifæri til að gera fleiri myndir. Til þess er leikurinn jú gerður.“ Mikla athygli vekja fagmannleg og þroskuð tök Gríms á þessu þrönga og erfiða formi sem stuttmyndin er og leikurinn var afar góður hjá hinum reyndu tékknesku leikurum. „Þetta er svona meðalfrægur tékkneskur leikari sem leikur aðalhlutverkið, mér var sagt að hann væri erfiður viðureignar og það væri ástæðan fyrir því að hann væri ekki frægari en hann var afar ljúfur í samskiptum við mig.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR LOGI

**GRÍMUR HÁKONARSON Á CANNES** Fannst við hæfi að gera mynd um erkitýpu hins gamla Tékklands, mann sem er trúr sínu þótt lítið sé.



**SLAVEK THE SHIT** Fjallar um klósettvörðinn Slavek sem verður ástfanginn af kvenkyns klósettverði og þarf að beita ýmsum brögðum til að fanga athygli hennar.

# Svarthöfði í Heimsmetabók Guinness

Það er ekki nóg með að nýja Stjörnustríðsmyndin Episode III: Revenge of the Sith slái aðsóknarmet út um allan heim heldur fellir hún líka hvert heimsmetið á fætur öðru í hinni kostulegu Heimsmetabók Guinness. Glæsileg heimsfrumsýning á myndinni um síðustu helgi hefur orðið til þess að Episode III er komin á blað hjá Heimsmetabók Guinness í þremur keppnisgreinum. Engin mynd hefur halað inn fleiri dollara á frumsýningardegi en Revenge of the Sith sem nær þar með metinu af The Matrix Revolutions.

Þá setti Stjörnustríðsmyndin einnig nýtt heimsmet yfir glæsilegustu heimsfrumsýningu allra tíma en myndin var frumsýnd samtímis í 115 löndum þann 19. maí. Þá sló myndin, síðast en ekki síst, útbreiðslumet The Matrix Reloaded í Bandaríkjunum en á sínum tíma var 8.517 eintökum af The Matrix Reloaded dreift í kvikmyndahús í Bandaríkjunum en þegar að Revenge of the Sith kom dugði ekkert minna en 9.000 eintök af þessari eftirsóttu ævintýramynd. ■



**SVARTHÖFÐI** Máttur hans er mikill og nú slær hann hvert heimsmetið á fætur öðru.




# Vaxtalaus verðsprengja

## í Hagkaupum Smáralind og Akureyri

### *Hágæða örþunn sjónvarpstæki*

**United 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp**

- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 1000:1
- Birta: 640 cd/m2
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **9.999**kr* á mán. í 20 mánuði
Verð nú 199.980,-
Verð áður 249.990,-

**United 30" LCD Breiðtjaldssjónvarp**

- 30" 16:9 LCD skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA)
- 600:1 skerpa og comb filter
- Sjónsvið: 170°
- 10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 6 breiðtjaldsstillingar: 4:3, zoom 14:9, zoom 16:9, zoom texti, super zoom og widescreen
- 2 scart, SVHS og heyrnartólstengi
- 124 síðna textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 87,5x50x10,5




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **7.499**kr* á mán. í 20 mánuði
Verð nú 149.980,-
Verð áður 199.990,-

**Dantax 20" LCD Sjónvarp**

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 16ms
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, AV og SVHS og heyrnartólstengi
- PC-Inngangur
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,7x45x7,8




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **4.999**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 59.988,-
Verð áður 79.990,-




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **9.999**kr* á mán. í 20 mánuði
Verð 199.980,-




**Vaxtalaus verðsprengja!** aðeins **8.332**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-

**Philips 32" LCD Breiðtjaldssjónvarp**

• 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus • Ljósskynjari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 400:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 450 cd/m2 • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround • 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereo inn og út • Heyrnartóls, SVHS og AV tengi • Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg

**United 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp**

• 27" LCD skjár • Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan • Skerpa:600:1 • Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 170° • 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi • Tölvutengi • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál (bxhxd): 81x44,5x11

Gildir á meðan birgðir endast.

***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*




**RENÉE ZELLWEGER** Leikkonan er komin í hóp þeirra fjölmörgu stjarna sem eiga sína eigin stjörnu á Walk of Fame-götunni í Hollywood. Athöfnin fór fram nýlega og var leikkonan að vonum í skýjunum.

# Renée á frægðargöngunni

Renée Zellweger hefur hlotnast sá heiður að fá stjörnu á Walk of Fame í Hollywood. Við athöfnina hélt Renée stutta tölu þar sem hún minntist meðal annars þess þegar hún var ferðamaður í Hollywood. „Ég tók svo mikið af myndum og ég kláraði tvær heilar filmur þegar ég tók myndir af þessum stjörnum hérna. Ég var svo spennt að vera hérna og ég krosslagði fingurna og vonaði að einhvern daginn myndi ég taka þátt í þessum iðnaði þótt ekki væri nema að litlu leyti,“ en nú hefur Renée, eins og allir vita, gert garðinn frægan í myndum eins og Bridget Jones og Jerry Maguire.

„Ég verð að segja ykkur að ég hefði aldrei nokkurn tíma getað ímyndað mér það dagur eins og þessi myndi renna upp. Hvað þá að mér yrði boðin stjarna hér á Walk of Fame,“ sagði Renée yfir sig ánægð og snortin. Nýbakaður eiginmaður hennar, Kenny Chesney sá sér ekki fært að vera viðstaddur athöfnina því hann var á tónleikaferðalagi. ■

SIGIN GRÁSLEPPA OG KÆST SKATA

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga frá 10-14.30

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Skólaslit

Fjölbrautaskólans í Breiðholti verða í íþróttahúsi F.B. við Austurberg föstudaginn 27. maí kl 14:00.
Allir nemendur dag- og kvöldskóla, er lokið hafa eftirtöldum prófum, eiga að koma og taka á móti prófskírteinum.

Handíðabraut
Verslunarprófi
Sjúkraliðanámi
Snyrtifræðinganámi
Burtfararprófi af húsasmíðabraut
Burtfararprófi af rafvirkjabraut
Starfsbraut
Stúdentsprófi

Skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
www.fb.is

# Michael Bolton til Íslands

Hjartaknúsarinn, rómantíkerinn og maðurinn með stóru röddina, Michael Bolton, mun halda tónleika í Laugardalshöll miðvikudaginn 21. september.

Tónleikarnir eru liður í tónleikaferð hans til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Vintage, þar sem hann syngur gamla slagara eftir aðra listamenn. Bolton mun taka öll sín bestu og þekktustu lög á tónleikunum og með honum verður tuttugu manna hljómsveit. Söngvarinn kemur hingað til lands frá Bandaríkjunum þar sem hann heldur tónleika 18. september og eftir tónleikana í Laugardalshöll flýgur hann til Noregs þar sem hann mun halda tvenna tónleika.

Bolton, sem hefur tvisvar unnið Grammy-verðlaunin sem besti söngvari ársins, hefur selt yfir 52 milljónir platna á ferli sínum og komið fjölmörgum lögum á vinsældalista um allan heim. Á meðal vinsælustu laga hans eru How Am I Supposed To Live Without You, When I'm Back on My Feet Again, How Can We Be Lovers, Georgia on My Mind, I Said I Loved You But I Lied og When a Man Loves a Woman.

Michael Bolton hefur sungið með ekki ómerkari mönnum en Luciano Pavarotti, Placido Domingo, Ray Charles, og BB King og samið lög fyrir listamenn á borð við Cher, KISS, Barbra Streisand og Kenny Rogers. ■



**HJARTAKNÚSARI** Michael Bolton telst vera mikill hjartaknúsari. Hann heldur tónleika í Laugardalshöll 21. september.

# Snúður með miklu súkkulaði

Valdís Gunnarsdóttir er gamall aðdáandi Michaels Bolton. Hún spilaði lög hans ótt og títt í útvarpsþætti sínum Rólegt og rómantískt á Bylgjunni á sínum tíma, auk þess sem hún fór fyrir mörgum árum á tónleika sem hann hélt í Kaupmannahöfn ásamt saxófónleikaranum Kenny G.

„Þetta var snúður með miklu súkkulaði en það var voða skemmtilegt að sjá hann á tónleikum og hann var með gott band með sér,“ segir Valdís, sem er ekki eins mikill aðdáandi Boltons í dag. „Það var gaman þegar hann var að byrja og ég keypti mér nokkrar plötur með honum en hann er búinn að ofgera væmninni dálítið núna.“

Valdís býst ekki við að sjá Bolton í annað sinn hér á landi í haust en á frekar von á að fara á tónleikana með Duran Duran í Egilshöll þann 30. júní. Einnig langar hana að sjá norsku söngkonuna Sissel Kyrkjebjö í Háskólabíói 1. október. „Síðan langar mig til útlanda að sjá U2 og Eagles, þá er þetta eiginlega allt komið. Mig langar reyndar líka að sjá Andrea Bocelli. Hann er brjálæðislega góður söngvari.“

Valdís snýr aftur í útvarpið eftir nokkurt hlé næstkomandi sunnudag þegar hún byrjar með morgunþátt á Bylgjunni. Mun hún vekja hlustendur stöðvarinnar næstu þrjá mánuðina á sínum gamla vinnustað. Hlustendur mega þó ekki búast við því að heyra lög frá Bolton hljóma í þetta skiptið heldur munu listamenn á borð við Kyrkjebö og Bocelli væntanlega skipa þar hærri sess. ■



**VALDÍS GUNNARSDÓTTIR** Valdís er ekki eins mikill aðdáandi Michaels Bolton og hún var í gamla daga.



**DUMBLEDORE** Flestir hafa veðjað á lát Dumbledores í næstu bók um Harry Potter. Veðbönkum var lokað vegna gruns um að hið sanna hefði spurst út en eru nú opnir á ný.

# Veðjað á lát Dumbledores

Veðbankar hafa opnað aftur fyrir veðmál um hvaða lykilpersóna muni láta lífið í næstu Harry Potter bók, Harry Potter and the Half-Blood Prince.

Síðustu átta mánuði hafa menn veðjað um hver af lykilpersónunum í sögunni deyr í sjöttu bókinni eða allt frá því höfundurinn J.K. Rowling staðfesti að sagan hefði þróast þannig. Veðbankar stöðvuðu hins vegar veðmálin á þriðjudag þegar grunsamlega margir höfðu veðjað á að Dumbledore myndi farast og þótti það benda til þess að hið sanna hefði lekið út.

Fjöldinn allur af fólki sem veðjaði á lát Dumbledores er frá bænum Bungay í Suffolk en í þeim bæ er bókin prentuð.

Sjötta bókin í seríunni mun verða kynnt í Edinborgarkastala þann 16. júlí og hefur höfundurinn gætt þess vel að gefa ekkert upp um söguþráðinn. „Sjötta bókin fer á þann veg sem ég vildi og þó svo að sumum muni sennilega ekki líka hún, er hún ein af mínum uppáhaldssögum,“ skrifaði J.K. Rowling á vefsíðu sína. ■




# Vandaðu valið!



Parisot hornsófi
Verð aðeins kr. 98.900.-

**Slökunarstólar í miklu úrvali**
Tilboðsverð aðeins kr.
**49.900.-**
Vandaður slökunarstóll
**með leðuráklæði og skemli**
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt




**Slökunarstólar í miklu úrvali**
Tilboðsverð aðeins kr.
**34.900.-**
Vandaður slökunarstóll
**með áklæði og skemli**
Verð með leðri kr. 54.900.-




*2ja ára ábyrgð*














Vandað leðursófasett 3+1+1
Verð aðeins kr. 188.000.-

**Úrval af sænsku KWA garðhúsgögnum úr gagnvarinni furu. Sterk, þægileg og vönduð húsgögn- 20 reynsla á Íslandi**



**Italsofa**
**Vandað sófasett með áklæði frá Italsofa verð aðeins kr. 159.000.-**



**Bogart**
Vandað leðursófasett 3+2+1 Verð kr. 229.000.-
Leðursófasett 3+1+1 Verð kr. 198.000.-



**Italsofa**
**Hornsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa.**
**Verð kr. 149.000.-**
**m/leðri kr. 189.000.-**

Sjáið úrvalið á
www.italsofa.com
**Nýkomið mikið úrval af hornsófum**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16**





## TÓNLIST

# Miðar á A-svæði seldir í dag

Vegna tvíbókunar á miðasölu fyrir tónleika Iron Maiden í Egilshöll þann 7 júní verða örfáir miðar á A-svæði seldir á www. Farfuglinn.is í dag.

Sala hefst kl 10.00 og er miðaverð 7.500 krónur. Ennþá eru til miðar á B-svæði og kosta þeir 6.500 krónur. Iron Maiden hefur tónleikaferð sína um Evrópu í Tékklandi þann 28. maí og hefur undirbúningur sveitarinnar fyrir ferðina gengið mjög vel. Sveitin mun koma hingað til lands með fulla flutningavél og þrjá gáma með búnaði fyrir tónleikana og má því búast við miklu sjónarspili. ■



**IRON MAIDEN** Hljómsveitin Iron Maiden spilar hér á landi 7. júní í Egilshöll.






## FÓLK



**PARIS HILTON** Paris hefur greinilega ekki borðað hamborgarana þegar hún lék í auglýsingunni.

# Paris Hilton auglýsir hamborgara

Bandaríska skyndibitakeðjan Carl's Jr. hefur fengið hótelerfingjann og vandræðagemsann **Paris Hilton** til að auglýsa hamborgara í umdeildri sjónvarpsauglýsingu vestanhafs. Hilton sést í afar litlum sundbol þar sem hún þvær Bentley-bíl og bítur svo í hamborgarann og sleikir út um. Margar kvartanir hafa borist fyrirtækinu vegna auglýsinganna, meðal annars frá samtökunum Parents Television Council sem segja auglýsinguna vera „vægt klám“. Amast er við því að auglýsingarnar eru sýndar á milli sýninga á íþróttaviðburðum og þáttum sem vinsælir eru meðal táninga svo sem OC. „Það er verið að kynda undir kynlífi hjá áhorfendum sem margir hverjir eru ekki orðnir nógu þroskaðir,“ segir talsmaður foreldrasamtakanna. Hamborgarakeðjan sér hins vegar enga ástæðu til afsökunarbeiðni og fagnar þeim gífurlegu vinsældum sem auglýsingin hefur náð, en komið hefur verið upp vefsíðunni SpicyParis.com þar sem hægt er að horfa á auglýsinguna. Síðasta föstudag hrundi síðan vegna of margra heimsókna en hún er komin í lag á ný svo nú geta íslenskir aðdáendur Paris Hilton barið stúlkuna augum á SpicyParis.com. ■







| ÁLFABAKKI | | |
|---|---|---|
| CRASH | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| CRASH VIP | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE WEDDING DATE | KL. 4-6-8-10.10 | |
| THE JACKET | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| SAHARA | KL. 5.30-8-10.30 | |
| THE PACIFIER | KL. 6-8 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 | |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 8-10.45 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 10 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| THE ICE PRINCESS | KL. 8 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8-10 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 10 |

| KRINGLAN | |
|---|---|
| THE WEDDING DATE | KL. 6-8.15-10.15 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 5.50-8-10.10 |
| SAHARA | KL. 10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 6-8 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| CRASH | KL. 5.40-8-10.20 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.45-8-10.15 | |
| THE JACKET | KL. 8-10.10 | B.I. 16 ára |
| VERA DRAKE | KL. 5.40 | |
| MARIA FULL OF GRACE | KL. 6 | B.I. 14 ára |
| THE MOTORCYCLE DIARIES | KL. 8-10.20 | |

Háskólabíó




# Stone Roses saman aftur?

John Squire, fyrrum gítarleikari bresku hljómsveitarinnar The Stone Roses, hefur lýst því yfir að hann vilji endurreisa sveitina. Í viðtali við tímaritið Time Out sagðist Squire ætla að gera sólóplötu og síðan einbeita sér að því að safna meðlimum Stone Roses saman á nýjan leik eftir nær áratugs pásu.

Fyrrverandi söngvari sveitarinnar, Ian Brown, hefur átt í deilum við Squire og eiga þeir víst enn eftir að grafa stríðsöxina. Takist það má búst við því að þessi fornfræga sveit stígi á stokk á ný. ■



**IAN BROWN** Hljómsveitin Stone Roses sló í gegn í lok níunda áratugarins með samnefndri plötu. Ian Brown var söngvari sveitarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ný vaxmyndastytta af söngvaranum **Robbie Williams** er komin í breska vaxmyndasafnið Madame Tussauds. Gamla styttan af Robbie var orðin máð vegna mikils ágangs kvenkyns aðdáenda stjörnunnar sem komu á safnið. Nýja styttan hefur verið betrumbætt, því þegar kossi er smellt á kinnina á henni, blikkar hún augunum og lagið She's The One hljómar. Safngestir mega einnig snerta styttuna víðar og hægt er að klæða Robbie úr skyrtunni til að skoða ekta mannshár sem fest hafa verið á bringuna. Starfsmenn safnsins spá því að endalok nýju vaxmyndarinnar af poppstjörnunni verði svipuð og hjá þeirri fyrri enda er hún vís til að draga marga að sér.


Kynning á drauma fasteignum á suður Spáni

...upplifðu drauminn með sumarhúsi í Miðjarðarhafs sólinni!



Fasteignamiðlunin Andalucian Dream Homes verður á Íslandi laugardaginn og sunnudaginn 28. og 29. maí til að kynna nýjar fasteignir á besta stað á suður Spáni.

Á suður Spáni skín sólin 320 daga á ári og meðal hitinn er 20ºC. Suður Spánn er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn og besti fjárfestingarkosturinn í Evrópu.

Verið velkomin á kynningu þar sem fasteignasérfræðingar Andalucian Dream Homes verða á staðnum. Einnig verður hægt að fá ókeypis aðstoð lögmanna og upplýsingar um fjármögnunarleiðir.

- Kynning verður á Hótel Loftleiðum kl. 11.00 til kl. 21.00
- Einnig verða stuttir kynningarfundir haldnir kl. 12.00 og kl. 17.00 báða dagana

Vinsamlega staðfestið þátttöku á kynningafundina í tölupósti gudbjorg_maria@yahoo.com eða síma 844 1001

Komdu og kynntu þér hversu auðvelt það er að eignast drauma fasteign á suður Spáni

ANDALUCIAN dreamhomes

www.adhspain.com

OPNUM EFTIR

2

DAGA!

VIÐ MUNUM SKEMMTA ÞÉR!



## VIÐ TÆKIÐ | Fullkomlega eðlilega fullkomin

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** KANN VEL VIÐ SNYRTIKVENDIÐ BREE

Af þeim fríða flokki aðþrengdra eiginkvenna sem birtast í Sjónvarpinu á hverjum fimmtudegi verð ég að segja að Bree er í algeru uppáhaldi hjá mér. Snyrtikvendið með kattaraugun virðist láta fátt koma sér úr jafnvægi. Þó hún sé bullandi reið út í eiginmann sinn fyrir að sækja um skilnað, og ekki bætti úr skák þegar hún komst að því að hann hélt framhjá henni, þá er hún alltaf jafn óaðfinnanleg. Hún bregst ekki við hlutunum með uppgjöf og maður á aldrei eftir að sjá hana vorkenna sér eða halla sér að flöskunni til huggunar. Viðbrögð hennar eru oft hrein snilld og toppar hún sig í hverjum þætti með nýjum uppákomum, mér fannst alveg frábært þegar hún fór og sótti son sinn á strippbarinn og fékk sér bara sæti hjá honum og fylgdist með dansmeyjunum þegar hann neitaði að koma með henni heim. Hún refsaði honum svo með því að taka hurðina af herberginu hans, og það er eitthvað sem foreldrar vandræðaunglinga ættu að taka sér til fyrirmyndar því hvað er verra fyrir ungling en að missa prívatið? Auðvitað er hún gjörsamlega óþolandi þessi kona í allri sinni fullkomnun en samt svo dásamlega skemmtileg því hún er algerlega hún sjálf.

Ég bíð spennt eftir að sjá hvað þessi óaðfinnanlega persóna gerir í næstu þáttum og þó að maðurinn hennar hafi komið illa fram við hana og hún lætur hann örugglega finna til tevatnsins, á hún örugglega eftir að taka honum aftur, því þannig var hún búin að ákveða að lífið yrði.



**Á BARMI TAUGAÁFALLS**
Bree er gjörsamlega óþolandi í allri sinni fullkomnun.



▶ **22.20** *Drama*

**AÐÞRENGDAR EIGINKONUR. Systir Frú Huber kemur og leitar að henni. Bree vill ekki leyfa Rex að koma heim af spítalanum og Gabrielle er að verða peningalaus.**



▶ **22.30** *Gaman*

**MILE HIGH. Áhafnarmeðlimir flugfélagsins Fresh eru ansi kostulegir eins og sést í þættinum.**



▶ **22.00** *Raunveruleiki*

**THE BACHELOR. Jesse á í miklum vandræðum með að finna draumakonuna.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (13:26)** (Totally Spies I)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Hálandahöfðinginn (1:10)** (Monarch of the Glen) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína.
**20.50** **Hope og Faith (19:25)** (Hope & Faith) Bandarísk gamanþáttaröð.
**21.15** **Sporlaust (12:24)**
**22.00** **Tíufréttir**
▶**22.20** **Aðþrengdar eiginkonur (12:23)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05** Fótboltakvöld **23.25** Soprano-fjölskyldan (6:13) **0.20** Kastljósið **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (64:150) **13.25** Jag (17:24) (e) **14.20** Fear Factor (6:31) **15.05** The Block 2 (24:26) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons**
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **American Idol 4 (40:42)** Leitin að næstu poppstjörnu Bandaríkjanna er hafin. Paula Abdul, Randy Jackson og hinn kjaftfori Simon Cowell sitja áfram í dómnefndinni og kynnir er Ryan Seacrest.
**21.10** **American Idol 4 (41:42)**
▶ **22.30** **Mile High (7:26)** (Háloftaklúbburinn 2) Velkomin aftur um borð hjá lággjaldaflugfélaginu Fresh. Áhafnarmeðlimirnir eru enn við sama heygarðshornið. Þeir kvarta ótt og títt yfir lélegum aðbúnaði og hörmulegum launum en eru samt alsælir með starfið! Áfengi og aðrir vímugjafar koma mikið við sögu og kynlíf sömuleiðis. Bönnuð börnum.

**23.15** Third Watch (7:22) (Bönnuð börnum) **0.00** Operation Delta Force III: Cl (Stranglega bönnuð börnum) **1.35** Medium (11:16) (Bönnuð börnum) **2.20** Fréttir og Ísland í dag **3.40** Ísland í bítið **5.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens (e) **7.30** Djúpa laugin (e) **8.15** Providence – ný þáttaöð (e) **9.00** Þak yfir höfuðið (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist

**17.50** Cheers

**18.20** Fólk – með Sirrý (e)
**19.15** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **According to Jim (e)** Andy fær auðugan viðskiptavin sem honum líst ekkert á en ákveður síðan að fara á stefnumót með.
**20.00** **Malcolm In the Middle – lokaþáttur**
**20.30** **Still Standing** Bill og Judy ákveða að þau þurfi á meiri trú að halda eftir að þau hitta hina trúuðu foreldra kærasta Lauren.
**21.00** **Boston Legal – lokaþáttur**
▶ **22.00** **The Bachelor** Nú er það ruðningskappinn Jesse sem velur sér draumadísina.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Providence – ný þáttaröð (e) **0.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Western **10.00** Hey Arnold! The Movie **12.00** Vatel 14.00 Angel Eyes **16.00** Western **18.00** Hey Arnold! The Movie **20.00** Eight Legged Freaks (Bönnuð börnum. **22.00** Queen of the Damned (Bönnuð börnum. **0.00** Identity (Bönnuð börnum) **2.00** Thirteen Ghosts (Bönnuð börnum) **4.00** Queen of the Damned (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**8.00** Billy Graham **9.00** Robert Schuller **10.00** Blandað efni **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Maríusystur **13.00** Blandað efni **14.00** Um trúna og tilveruna **14.30** Gunnar Þorst. (e) **15.00** Ron Phillips **15.30** Mack Lyon **16.00** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Freddie Filmore **18.30** Dr. David Cho **19.00** Believers **20.00** Fíladelfía **21.00** Samverustund (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Filadelfia **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.15** Cycling: Tour of Italy **15.15** Tennis: Grand Slam Tournament French Open **19.00** Boxing **21.00** Tennis: Grand Slam Tournament French Open **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: UEFA Champions League the Game

**BBC PRIME**
**12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** Cash in the Attic **15.30** Changing Rooms **16.00** Safe as Houses **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Keeping up Appearances **18.30** My Hero **19.00** The Cazalets **20.00** Life on Air **21.00** Mastermind **21.30** Celeb **22.00** Mersey Beat **23.00** Great Railway Journeys of the World **0.00** Ice Age Death Trap **1.00** The Face of Tutankhamun

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**13.00** Egypt – King Tut Uncovered **14.00** Egypt's Napoleon **15.00** Mosquito Hell **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Mosquito Hell **20.00** When Animals Attract **21.00** Amazing Moments **22.00** Battle of the Hood and the Bismarck **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** When Animals Attract

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Fate of the Panda **13.00** Growing Up... **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's My Baby **16.30** That's My Baby **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Tusks and Tattoos **19.00** Growing Up... **20.00** Miami Animal Police **21.00** Talking with Animals **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Cell Dogs **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY**
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Flying Heavy Metal **13.30** Al Murray's Road to Berlin **14.00** Junkyard Mega-Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Fishing on the Edge **16.00** Mega-Excavators **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **21.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Killer Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** Making the Video **15.30** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** All Access **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Africa on a Plate **12.40** The Race **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Spicy Sex Files **20.45** Ex-Rated **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.00** Insights **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital **1.25** Fashion House

**E! ENTERTAINMENT**
**12.30** Jackie Collins Presents **13.30** Behind the Scenes **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** Dr. 90210 **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Style Star **20.30** Fashion Police **21.00** Jackie Collins Presents **22.00** Dr. 90210 **23.00** E! News **23.30** Jackie Collins Presents **0.30** Behind the Scenes **1.00** The E! True Hollywood Story

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies **4.00** Inspector Gadget **4.25** Dennis

**MGM**
**12.00** That Splendid November **13.30** Bayou **14.55** Texasville **17.00** Real Men **18.25** Lady in the Corner **20.05** Slow Dancing in the Big City **21.55** Shadows on the Wall **23.30** Sketch Artist **1.05** Sunburst

**TCM**
**19.00** Slither **20.35** The Last Run **22.10** The Perfect Specimen **23.45** Today we Live **1.40** The Good Earth

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## AMERICAN IDOL
*Stöð 2* **kl. 20.30**

### Úrslitastundin

Loksins er komið að úrslitastund í bandaríska Idolinu sem hefur gengið vikum saman. Mörg þúsund manns þreyttu áheyrnarprófin en aðeins tólf komust áfram í sjónvarpskeppnina sem hefur verið sýnd í sjónvarpinu síðustu tíu vikur. Sex strákar og sex stelpur komust í tólf manna úrslit til að hafa keppnina jafna og það virðist hafa virkað því í kvöld keppa tveir keppendur til úrslita – ein stelpa og einn strákur. Carrie Underwood og Bo Bice keppa um titilinn American Idol 2005 og til margs að vinna eins og hefur sannað sig því að fyrri sigurvegarar keppninnar hafa yfirleitt náð langt vestan hafs.

***Fantasia Barrino sigraði í American Idol í fyrra.***



Bo Bice og Carrie Underwood.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„All these weddings, all these years, all that blasted salmon and champagne and here I am on my own wedding day, and I'm... eh... em... eh... still thinking."**

**Svar:** Charles úr kvikmyndinni Four weddings and a funeral frá árinu 1994.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Ásdísi Olsen.

**12.15** Hádegisútvarpið Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing. **4.03** Birta – Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr ævintýrum H. C. Andersens **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Vordagar í Reykjavík **14.03** Útvarpssagan **14.30** Illgresi og ilmandi gróður **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Heilnæm eftirdæmi

**23.10** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir. **19.30** Fótboltarásin **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**▶21.30** *Íþróttir.*

**GRUNNSKÓLAMÓTIÐ Í FITNESS.** Glæsilegur hópur keppenda spreytti sig á Grunnskólamótinu í fitness sem fram fór að Varmá í Mosfellsbæ.

## SÝN

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **US Champions Tour 2005** (Liberty Mutual Legends Of Golf)
**20.00** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**20.30** **Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni.
▶**21.30** **Grunnskólamótið í fitness** (Liðakeppni) Glæsilegur hópur keppenda spreytti sig á Grunnskólamótinu í fitness sem fram fór að Varmá í Mosfellsbæ.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.15** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Kenny vs. Spenny **21.30** Sjáðu (e) **21.50** Meiri músík

**HALLMARK**

**12.30** Love's Enduring Promise **14.15** Not Just Another Affair **16.00** Early Edition **16.45** Apollo 11 **18.15** Jessica **20.00** Law & Order Vii **20.45** Lifepod **22.15** Jessica **0.00** Law & Order Vii **0.45** Lifepod

**BBC FOOD**

**12.00** Coconut Coast **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** Chefs at Sea **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Street Cafe **15.00** Street Cafe **15.30** Ready Steady Cook **16.00** A Cook On the Wild Side **16.30** The Best **17.00** United States of Reza **17.30** Ever Wondered About Food **18.00** Ever Wondered About Food **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.00** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.25** Portræt i blåt **12.55** Livet er en dans **13.25** Koreograf i verden **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Rabatten **14.30** H¢je forventninger **15.00** Konrad og Bernhard **15.10** Tintin **15.30** Kim Possible **16.00** Fandango – med Jeppe **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Lægens bord **18.00** Hokus Krokus **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Krop og sjæl **20.30** Ekstremer **21.20** Drabsafdelingen **22.10** Musikprogrammet

**SV1**

**13.00** Wild Kids **14.00** Rapport **14.05** Astrid Lindgrens litteraturpris **15.05** Anslagstavlan **15.10** Perspektiv **15.40** Karamelli **16.00** BoliBompa **16.01** Karlsson på taket **16.25** Simskola **16.30** Guppy **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Hundarna på Kreta **17.30** Rapport **18.00** Mat/Niklas **18.30** Helt historiskt **19.00** Dokument utifrån: Heysel – Requiem för en cupfinal **20.00** Sommardebatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Minnenas television special: Gilberto Gil **22.05** Drömmarnas tid **22.50** Uppdrag Granskning **23.50** Sändning från SVT24


# LAGERSALA

Ný og vönduð húsgögn eða útlitsgölluð á frábæru lagerverði í nokkra daga þar sem Art húsgögn var, Bæjarlind 4 (við hliðina á Players)

Það sem hægt er að versla er:
Amerísk rúm, sófar, borðstofuborð, skápar, mexikósk húsgögn og margt fleira.

ALGJÖRT VERÐHRUN
komdu og gerðu frábær kaup!

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16







LAGERSALA!

mira
art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300

KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Ari Alexander Ergis fyrir mynd sína Gargandi snilld. Myndin hefur vakið mikla athygli hér á landi og er nú farin að vekja athygli úti í hinum stóra heimi.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**BRYNJAR GUÐNASON, ÚTVARPSMAÐUR Í ÚTVARPI SAMFÉS Á RÁS 2**

# *Bítlarnir, Bleiki pardusinn og Leifur Müller*

**TÓNLISTIN** *Bítlarnir* munu alltaf eiga sérstakan stað í mínum huga og fjórmenningarnir frá Liverpool munu alltaf standa upp úr þegar rætt er um tónlist við mig. Spanish Flea með *Herb Alpert* klikkar heldur aldrei ef maður þarf að hressa sig við.

**BÓKIN** Ég las nýlega bókina *Býr Íslendingur hér?* eftir Garðar Sverrisson, sem kom út árið 1988. Bókin geymir minningar hins norskættaða Íslendings Leifs Müller, sem haldið var nauðugum í fangabúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Ansi góð lesning.

**BÍÓMYNDIN** Peter Sellers í hlutverki Inspectors Clouseau í myndunum um *Bleika pardusinn* stendur alltaf fyrir sínu. *The Shawshank Redemption* er einnig mjög góð og svo klikkar aldrei að setja eitt af meistaraverkum Monty Python-hópsins í tækið.

**BORGIN** Tjahhh, af þeim borgum sem ég hef heimsótt hingað til hefur engin skarað fram úr. En ég stefni á að koma mér til Liverpool bráðlega og held að fæðingarstaður Bítlanna verði borgin sem standa muni upp úr.

**BÚÐIN** Sú búð sem selur það sem ég þarfnast mest í það og það skiptið og verður fyrir valinu. Ég er annars ekki mikið fyrir búðarráp, nema að það sé tilgangur með því.

**VERKEFNIÐ** Ég er að skrifa kvikmyndahandrit og held að það verði mitt helsta, einstaka verkefni í sumar. Ef einhver hefur brennandi áhuga á að framleiða mynd, sem á eftir að verða gullmoli íslenskrar kvikmyndasögu, þá auglýsi ég hér með eftir þeim framleiðanda.





**Lárétt:**
**1** vala, **6** nautgripir, **7** sérhljóðar, **8** píla, **9** fæða, **10** lengst frá, **12** ferð, **14** ílát, **15** kyrrð, **16** ekki, **17** skinn, **18** lítil alda.

**Lóðrétt:**
**1** kantur, **2** goð, **3** sem, **4** eðlisfar, **5** askur, **9** óróleg, **11** vot, **13** lofa, **14** norðlenskt félag, **17** hvað?

**Lausn:**
**Lárétt: 1** steinn, **6** kýr, **7** áð, **8** ör, **9** æti, **10** yst, **12** túr, **14** ker, **15** ró, **16** ei, **17** ham, **18** agga.
**Lóðrétt: 1** skör, **2** týr, **3** er, **4** náttúra, **5** nói, **9** æst, **11** deig, **13** róma, **14** kea, **17** ha.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Gunnar Einarsson.
2. Hermannaveiki.
3. Sjors Röttger.




ÞEKKTIR FJÖLMIÐLAMENN Í KR-ÚTVARPINU: 153. ÚTSENDINGIN Í KVÖLD

# Gísli Marteinn og Freyr bætast í hópinn

Fjöldi þekktra fjölmiðlamanna mun taka þátt í beinum útsendingum KR-útvarpsins frá leikjum liðsins í Landsbankadeildinni í fótbolta í sumar.

Forsvarsmenn útvarpsins ræddu á dögunum við Gísla Martein Baldursson og Frey Eyjólfsson hjá Rás 2, sem báðir eru gegnheilir KR-ingar, um að stíga sín fyrstu skref í útvarpinu í sumar og hafa þeir báðir þekkst boðið. Bætast þeir í hóp „gamalla“ refa hjá KR-útvarpinu; þeirra Hauks Hólm, fréttamanns á Stöð 2, Boga Ágústsonar, fréttastjóra Sjónvarps, Jóhanns Hlíðar Harðarsonar, fréttamanns á Stöð 2, Þrastar Emilssonar hjá Vísi.is og Sigurðar Péturs Harðarsonar útvarpsmanns.

Gísli mun láta ljós sitt skína í fyrsta sinn á leik KR og FH á sunnudag ásamt Boga og Þresti en Freyr mun heyja frumraun sína í kvöld þegar KR-ingar sækja Keflvíkinga heim í þriðju umferð deildarinnar.

Freyr segist hafa samþykkt fúslega að taka þátt í útsendingunum enda uppalinn KR-ingur, þó svo að flestir af hans bestu vinum séu Köttarar og styðji Þrótt. Kom það til að mynda mörgum Þrótturum í opna skjöldu þegar fréttist af aðild hans af KR-útvarpinu. Frey til halds og trausts í kvöld verður Haukur Hólm og hefst útsendingin klukkan 18.00 á tíðninni 98,3. Leikurinn sjálfur hefst síðan klukkan 19.15.

KR-útvarpið hóf göngu sína árið 1999, sama ár og liðið vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í áratugi. Að sögn Höskulds Höskuldssonar útvarpsstjóra hefur útvarpið gengið framar vonum. „Með alla þessa landsliðsmenn er ekki hægt annað en að það gangi upp. Útvarpið hefur slegið í gegn hjá stuðningsmönnum líka. Þetta er alveg nauðsynlegt fyrir alla leiki. Við höfum verið með alla leiki KR frá '99 í deild, bikar og Evrópukeppni, alls staðar hvort sem er í Færeyjum eða á Möltu. Við tölum við þjálfara beggja liða fyrir leiki og stuðningsmenn og strax eftir leik tölum við við þjálfara KR og leikmenn.“

Höskuldur bætir því við að fleiri þekktir einstaklingar hafi komið við sögu í KR-útvarpinu í gegnum tíðina. Egill Helgason lét að sér kveða fyrstu tvö árin, auk þess sem Heimir Guðjónsson, fyrirliði FH, Kristinn Kjærnested og Guðmundur Benediktsson, leikmaður Vals, hófu feril sinn sem fótboltalýsendur í útvarpinu. Höskuldur segir að sumarið leggist vel í liðsmenn KR-útvarpsins. „Það eru sex punktar komnir í höfn og ekki hægt að byrja betur. Það eru þrír í boði gegn Keflavík og það þarf bara að ná í þá.“

freyr@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**FREYR EYJÓLFSSON** Útvarpsmaðurinn knái stígur sín fyrstu spor í KR-útvarpinu í kvöld.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Einar Snorri Einarsson**, annar helmingurinn af ljósmynda- og leikstjóraparinu Snorra Bros., hefur verið ráðinn í Sirkus **Árna Þórs Vigfússonar**. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu leiðir sirkusstjórinn Árni Þór nýja miðla ætlaða ungu fólki á vegum fjölmiðlafyrirtækisins 365. Í bígerð er að gefa út vikublað, sem **Sigtryggur Magnason** og **Anna Margrét Björnsdóttir** munu ritstýra, og opna nýja sjónvarpsstöð – allt undir heitinu Sirkus. Hlutverk Einars Snorra verður að vinna á báðum miðlum enda hefur hann þó nokkra reynslu af því. Sennilega er Einar Snorri þó frægastur fyrir að hafa búið til myndband fyrir bandarísku hljómsveitina R.E.M. ásamt kollega sínum **Eiði Snorra**.





Veitingastaðurinn Hard Rock Café, sem hefur verið í Kringlunni frá árinu 1987 þegar **Tómas Tómasson** veitingamaður opnaði staðinn með stæl, lokar endanlega um næstu mánaðamót. Hard Rock á Íslandi var fyrsti Hard Rock-staðurinn sem var opnaður fyrir utan London og New York. Hard Rock-staðirnir eru öðrum þræði rokkminjasöfn og það hefur verið tryggt að munir úr eigu íslenskra poppara, sem þeir hafa falið staðnum til varðveislu, verði komið fyrir á stað þar sem þeim verður sýndur fullur sómi og rætt hefur verið við Poppminjasafn Íslands um viðtöku þeirra, en engin ákvörðun hefur þó verið tekin í þeim efnum. Staðurinn verður kvaddur með tónleikum á sunnudaginn klukkan 20 en þar munu hljómsveitirnar **Í svörtum fötum**, **Skítamórall** og **Á móti sól** troða upp. Þá hafa **Stefán Hilmarsson** og **Eyjólfur Kristjánsson** tilkynnt þátttöku sína sem og **Helgi Björnsson**, **Jón Ólafsson**, **Jakob Frímann Magnússon** auk feðganna **Björgvins Halldórssonar** og **Krumma** í **Mínus**. Þá ætlar sjálfur meistari **Rúnar Júlíusson** að heiðra samkomuna með nærveru sinni.








# Sjálfvirkir sláttarróbótar til sölu

Sláttarróbótar verða komnir í sölu á Íslandi um næstu mánaðamót en vélarnar eru þeim kostum búnar að þær slá garðinn án hjálpar mannfólksins.

„Ég var að vafra um á netinu í leit að einhverju sniðugu þegar ég datt inn á sláttuvélina. Ég var búinn að velta henni lengi fyrir mér og ákvað svo að flytja hana inn enda er þetta sniðugt tæki,“ segir Jón Hjörleifsson sem flytur sláttarróbótana inn.

Jón fékk tvær prufuvélar fyrir tveimur mánuðum síðan en hann gat þó lítið notað í fyrstu vegna veðurs. „Ég er bara nýbyrjaður að prófa sláttuvélina en þetta er magnað apparat því hún klárar allt sem hún á að gera. Það að auki er hún ekki mjög lengi að slá miðað við þann tíma sem fer venjulega í slátt og hirðingu á grasi,“ segir Jón en sláttuvélin slær grasið svo smátt að það þarf ekki að raka því saman.

Fjórar gerðir eru til af sláttarróbótunum og kosta þær frá hundrað þúsund krónum og upp í tvö hundruð þúsund. „Það er hægt að forrita vélina á ýmsa vegu og þegar það er búið er auðvelt að koma henni í gagnið,“ segir Jón. Dýrasta vélin er þeim kostum búin að þegar rafhlaðan er við það að tæmast keyrir vélin heim í móðurstöðina og hleður sig á ný. ■

**JÓN OG RÓBOTINN** Jón Hjörleifsson hefur verið að prufukeyra sláttarróbót. „Mig vantar fólk til að selja skemmtilega og virka vöru þegar við opnum,“ segir Jón í léttum tón en hann hyggst opna verslun fyrir sláttaróbótinn um næstu mánaðamót að Engjateigi 2.



# Eitt líf
## – njótum þess

Betra BAK



TEMPUR



SPACE CERTIFIED TECHNOLOGY

## Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

SPRING AIR

The NeverTurn™ Mattress



## Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með tvíherta stálgormakerfinu „Torsion II".
806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).
Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%.
Val um 100% náttúruleg gæðaefni.
Val um Tallalay Latex eða Laserskorna ConformaFoam yfirdýnu.
Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig!

HOLLANDIA INTERNATIONAL
THE SLEEP ENGINEERING CENTER



## Settu þig í stellingar fyrir betri svefn

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarksslökun og þannig dýpri og betri svefni.

TRECA De Paris





## Handunnið listaverk í svefnherbergið þitt

Þú velur gafl hannaðan af okkar færustu arkitektum,
efnis og útlitsmöguleikar eru óendanlegir.
Velur svo stífleikann í dýnunni sem hentar þér.
Við handgerum rúmið að þínum óskum og útkoman er
rúm sniðið fyrir þig og þínar þarfir.
Kveðja, starfsfólk Treca De Paris

www.design.is @ 2005

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Golfsumar 2005 á Hótel Örk
- Þriggja rétta kvöldverður hússins
- Golf á tveimur golfvöllum
- Gisting í tvíbýli
Verð 7.450 krónur HÓTEL ÖRK
Upplýsingar og pantanir í síma 483 4700




**BAKÞANKAR**

JÓNS GNARR


## VONIN

Oft heyri ég um fólk sem hefur fengið dóma af sérfræðingum. Og mér finnst þetta alltaf jafn sorglegt að heyra. Ég á vin sem var sagt að hann ætti bara visst langan tíma eftir ólifaðan með enga von um bata. Síðan eru liðin mörg ár. Tíminn er löngu liðinn. Honum hefur ekki versnað heldur skánað mikið. Sá sem sagði honum þetta hafði einfaldlega rangt fyrir sér.

**OFT ER** vonin það eina sem maður á. Kannski ekki nema einn möguleiki á móti milljón. Og hver dagur er mikilvægur. Hvert einasta andartak er allur heimsins tími sem við þurfum til að elska. Einn dagur getur verið mikilvægari en heilt ár.

**Í VONINNI** leynist kraftur. Hún er jákvæð löngun í erfiðum aðstæðum. Hún felur í sér afl sem er fært um að skapa líf. Jafnvel þegar allt virðist vonlaust heldur vonin manni á floti. Hún gefur fólki orku til að byggja sig upp og takast á við mótlæti. Hetjur sem bjóða örlögunum byrginn þrátt fyrir bölsýnisspár og úrtölur og ná markmiðum sínum lifa oft eingöngu á voninni. Og hetjur verða öðrum fyrirmynd og hvatning til að gera enn betur.

**VONIN GEFUR LÍF.** Hún er næring. Þegar vonin hefur verið tekin frá fólki er ekkert eftir. Nema vonleysi. Og vonleysi er dauði. Enginn hefur rétt til að taka burtu vonina okkar, ekki í nafni neins, ekki í krafti embættis, menntunar, reynslu eða vísinda. Sá sem á von á mikið. Sá sem gefur von gefur meira en sá sem tekur hana. Því sá sem tekur hana tekur allt.

**ÞEGAR VIÐ** gefum upp vonina þá slökknar eitthvað innra með okkur en ef við höldum í hana þá sköpum við vettvang fyrir aðra hluti til að vaxa. Það er eins og að halda loga á einu kerti. Við getum alltaf kveikt á nýjum og nýjum kertum og gert birtuna meiri. En ef kertið slokknar er bara myrkur.

**MANNESKJAN ER** meira en bara skrokkurinn. Enginn veit fyrir víst hvað á eftir að gerast. Það er alltaf von. Vonin er jákvæð hugsun. Og ég trúi því að kraftur jákvæðrar hugsunar geti læknað með vegum sem við fáum ekki skilið. Einu sinni var staðreynd í mínu lífi sem ég vonaði samt, heitt og innilega, að mundi breytast. Og einn daginn breyttist hún og þá var allt í einu eins og hún hefði aldrei verið til. Vonin mín sigraði raunveruleikann.

**KRAFTAVERK** gerast á hverjum degi. Á hverju augnabliki.








AEG ÞVOTTADAGAR
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
HIN FULLKOMNA ÞRENNA
Þessar frábæru AEG þvottavélar á einstöku tilboðsverði á ÞVOTTADÖGUM.
Íslenskt stjórnborð · Íslensk notendahandbók · 3ja ára ábyrgð
ORMSSON
LÁGMÚLA · SMÁRALIND
RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT